ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 7

25. árgangur

1.2.2018

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2018/EES/7/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/893 frá 24. maí 2017 um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar ákvæði um unnið dýraprótín 1

2018/EES/7/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/873 frá 22. maí 2017 um leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 26

2018/EES/7/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/895 frá 24. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og varphænur (leyfishafi er Fertinagro Nutrientes S.L.) 30

2018/EES/7/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/896 frá 24. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), sem fóðuraukefni í föstu formi fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) 33

2018/EES/7/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/912 frá 29. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 36

2018/EES/7/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/913 frá 29. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir 39

2018/EES/7/07 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/930 frá 31. maí 2017 um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1016/2013 42

2018/EES/7/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/940 frá 1. júní 2017 um leyfi fyrir maurasýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 46

2018/EES/7/09 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/950 frá 2. júní 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1068/2011 að því er varðar lágmarks-innihald blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og allar fuglategundir til varps (leyfishafi er BASF SE) 49

2018/EES/7/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/961 frá 7. júní 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóðuraukefni fyrir frá-færugrísi og um nýja notkun í drykkjarvatn fyrir fráfærugrísi og eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2036/2005 og reglugerð (ESB) nr. 887/2011 (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) 53

2018/EES/7/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/962 frá 7. júní 2017 um að fella tímabundið úr gildi leyfi fyrir etoxýkíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og flokka dýra 59

2018/EES/7/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/963 frá 7. júní 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúk-anasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842) og basillólýsíni, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og fráfærugrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 358/2005 og (ESB) nr. 1270/2009 (leyfishafi er Kemin Europa NV) 64

2018/EES/7/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1007 frá 15. júní 2017 um leyfi fyrir blöndu með lesitínum sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 72

2018/EES/7/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1008 frá 15. júní 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er JHJ Ltd) 75

2018/EES/7/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1086 frá 19. júní 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 634/2007 að því er varðar lýsingu á eiginleikum selenmeþíóníns sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397 80

2018/EES/7/16 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 373/2011, (ESB) nr. 374/2013 og (ESB) nr. 1108/2014 að því er varðar nafn fulltrúa leyfishafans í ESB fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) 82

2018/EES/7/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1017 frá 15. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 68/2013 um skrána yfir fóðurefni 85

2018/EES/7/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1006 frá 15. júní 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2012 að því er varðar breytingu á framleiðslustofninum í blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sem fóðuraukefni fyrir alifugla sem eru aldir til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) 157

2018/EES/7/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1490 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir manganklóríðtetrahýdrati, mangan(II)oxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati, manganklósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósambandi af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 161

2018/EES/7/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1492 frá 21. ágúst 2017 um leyfi fyrir kólekalsíferóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 175

2018/EES/7/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/978 frá 9. júní 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúópýram, hexaklórsýklóhexan (HCH), alfa-hverfur, hexaklórsýklóhexan (HCH), beta-hverfur, hexaklórsýklóhexan (HCH), summa hverfna, að undanskildum gamma-hverfum, lindan (hexaklórsýklóhexan (HCH), gamma-hverfur), nikótín og prófenófos í eða á tilteknum afurðum 179

2018/EES/7/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/983 frá 9. júní 2017 um breytingu á III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir trísýklasól í eða á tilteknum afurðum 216

2018/EES/7/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1016 frá 14. júní 2017 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensóvindíflúpýr, klórantranilípról, deltametrín, etófúmesat, haloxýfóp, vægt pepínómósaíkveirueinangur VC1, vægt pepínómósaík-veirueinangur VX1, oxaþíapíprólín, penþíópýrað, pýraklóstróbín, spírótetramat, sólblómaolíu, tólklófosmetýl og trínexapak í eða á tilteknum afurðum 227

2018/EES/7/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1135 frá 23. júní 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetóat og ómetóat í eða á tilteknum vörum 274

2018/EES/7/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1164 frá 22. júní 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir akrínatrín, metalaxýl og þíabendasól í eða á tilteknum afurðum 298

2018/EES/7/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1399 frá 28. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar kalíumfjölaspartat 326

2018/EES/7/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660 frá 6. apríl 2017 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2018, 2019 og 2020 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu 330

2018/EES/7/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/12 frá 6. janúar 2017 um snið og inntak umsókna og beiðna um ákvörðun á hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 343

2018/EES/7/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/612 frá 30. mars 2017 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2017 350

2018/EES/7/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1510 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á viðbætunum við XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 354

2018/EES/7/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1273 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr natríumhýpóklóríti, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5 359

2018/EES/7/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1274 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 363

2018/EES/7/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1275 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr klór, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 5 367

2018/EES/7/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1276 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja perediksýru, sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríum-perkarbónati, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 370

2018/EES/7/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1277 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 373

2018/EES/7/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1278 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 376

2018/EES/7/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1376 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir varfaríni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 379

2018/EES/7/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1377 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir klórfasínóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 385

2018/EES/7/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1378 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir kúmatetralýli sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 391

2018/EES/7/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1379 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir dífenakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 397

2018/EES/7/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1380 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir brómadíólóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 403

2018/EES/7/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1381 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir bródífakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 409

2018/EES/7/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1382 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir dífeþíalóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 415

2018/EES/7/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1383 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir flókúmafeni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 421

2018/EES/7/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1113 frá 22. júní 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bensósýru, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 427

2018/EES/7/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1114 frá 22. júní 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pendímetalíni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 432

2018/EES/7/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1115 frá 22. júní 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu própoxýkarbasóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 438

2018/EES/7/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1125 frá 22. júní 2017 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 443

2018/EES/7/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1186 frá 3. júlí 2017 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 446

2018/EES/7/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1410 frá 2. ágúst 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 449

2018/EES/7/51 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1413 frá 3. ágúst 2017 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 452

2018/EES/7/52 Tilskipun ráðsins (ESB) 2015/652 frá 20. apríl 2015 um reikniaðferðir og skýrslugjafarkröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis 455

2018/EES/7/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/959 frá 24. febrúar 2017 um flokkun á nothæfi að því er varðar lárétta botnfellingu og skammtímavatnsdrægni varmaeinangrunarvara sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI) samkvæmt EN-staðli 15101-1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 497

2018/EES/7/54 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1475 frá 26. janúar 2017 um flokkun leirskífa eftir nothæfi með tilliti til frostþols þeirra, samkvæmt EN 1304, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 500

2018/EES/7/55 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1227 frá 20. mars 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á vörum úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vörum úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, og um breytingu á ákvörðun 2005/610/EB 502

2018/EES/7/56 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1228 frá 20. mars 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á utan- og innanhússmúrhúðunarefnum með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndum fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna 505

2018/EES/7/57 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/983 frá 24. júní 2015 um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins og beitingu viðvörunarkerfisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB 507

2018/EES/7/58 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1013 frá 30. mars 2017 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 523

2018/EES/7/59 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1239 frá 6. júlí 2017 um viðurkenningu á Eþíópíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna 531

2018/EES/7/60 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) 533

2018/EES/7/61 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1223 frá 25. júlí 2016 um breytingu á ákvörðun 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum 553

2018/EES/7/62 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1353 frá 19. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 að því er varðar vínþrúguyrki og samheiti þeirra sem mega koma fram á merkimiðum á vínum 556

2018/EES/7/63 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1032 frá 13. júní 2016 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópu-þingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna iðnaðar með járnlausan málm 558

2018/EES/7/64 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/872 frá 22. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 633

2018/EES/7/65 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1503 frá 25. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir ökumannskort 641

2018/EES/7/66 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1499 frá 2. júní 2017 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum 653

2018/EES/7/67 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1502 frá 2. júní 2017 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum 657

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/893 **2018/EES/7/01**

frá 24. maí 2017

um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar ákvæði um unnið dýraprótín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([2]), einkum 31. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.), 41. gr. (þriðja undirgrein 3. mgr.) og 42. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [var áður „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Með 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er bannað að jórturdýr séu fóðruð á prótíni úr dýrum. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar er bannið rýmkað til að það nái til annarra dýra en jórturdýra og þrengt að því, að því er varðar fóðrun þessara dýra með afurðum úr dýraríkinu, í samræmi við IV. viðauka við þá reglugerð.

3) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., rýmkað til að það nái til fóðrunar alidýra sem ekki eru jórturdýr, að undanskilinni fóðrun loðdýra sem eru kjötætur, m.a. með unnu dýraprótíni. Með c-lið II. kafla IV. viðauka er þó leyft, með undanþágu og við sérstök skilyrði, að fóðra einungis lagareldisdýr með unnu dýraprótíni úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, að því tilskildu að unna dýraprótínið og fóðurblöndur sem innihalda slíkt prótín hafi verið framleidd í samræmi við D-þátt IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Sem stendur er gerð sú krafa í þessum þætti að aukaafurðir úr dýrum, sem eru notaðar til framleiðslu á slíku unnu dýraprótíni, komi frá sláturhúsum eða stykkjunarstöðvum. Að teknu tilliti til framleiðsluferlis í tengslum við unnin dýraprótín úr skordýrum er ekki unnt að uppfylla þessa kröfu að því er varðar skordýr. Af þessum sökum er notkun á unnu dýraprótíni úr skordýrum í fóður fyrir lagareldisdýr sem stendur ekki leyfð.

4) Í nokkrum aðildarríkjum er byrjað að rækta skordýr til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr þeim og öðrum afleiðum skordýra sem eru ætluð í gæludýrafóður. Þessi framleiðsla fer fram innan ramma landsbundinna varnaráætlana lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Rannsóknir hafa sýnt að alin skordýr gætu verið annars konar og sjálfbær lausn í stað hefðbundinna dýraprótíngjafa sem eru ætlaðir í fóður fyrir alin dýr sem ekki eru jórturdýr.

5) Hinn 8. október 2015 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit varðandi áhættulýsingu í tengslum við framleiðslu og neyslu á skordýrum sem matvæli og fóður ([3]). Að því er varðar áhættur í tengslum við tilvist príona komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að í samanburði við hættur

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 92. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([3]) „Scientific Opinion on a Risk profile related to production and consumption of insects as food and feed“, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2015) 13(10), 4257.

sem skapast af prótíngjöfum úr dýraríkinu, sem eru sem stendur leyfðir, sé búist við því að hættur skapist jafnoft eða sjaldnar af óunnum skordýrum, svo fremi að skordýrin séu fóðruð á æti sem inniheldur ekki efni úr jórturdýrum eða mönnum (saur). Þar eð vinnsla á skordýrum getur dregið enn frekar úr því að líffræðilegar hættur komi upp gildir þessi yfirlýsing einnig þegar um er að ræða unnið dýraprótín úr skordýrum.

6) Samkvæmt skilgreiningunni á „alidýrum“, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal líta á skordýr, sem eru ræktuð til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr skordýrum, sem alidýr og falla þau því undir reglur um fóðurbann, sem mælt er fyrir um í 7. gr. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem og undir reglur um fóðrun dýra sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Þar af leiðandi er bannað að nota prótín úr jórturdýrum, eldhússúrgang, kjöt- og beinamjöl og húsdýraáburð sem fóður fyrir skordýr. Enn fremur er notkun á saur í fóður bönnuð, í samræmi við III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ([1]).

7) Því ætti að leyfa unnið dýraprótín úr skordýrum og fóðurblöndur, sem innihalda slík unnin dýraprótín, til að fóðra lagareldisdýr. Því ætti að breyta c-lið II. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það og bæta ætti við þætti í IV. kafla í IV. viðauka við þá reglugerð þar sem mælt er fyrir um skilyrði í tengslum við smitandi svampheilakvilla vegna framleiðslu á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum sem innihalda slík prótín.

8) Með samsvörun við það sem þegar gildir um unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndur, sem innihalda slík prótín og er ætluð til að fóðra lagareldisdýr, ætti að mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr skordýrum í því skyni að koma í veg fyrir áhættu á víxlmengun við önnur prótín sem gætu valdið áhættu á smitandi svampheilakvilla hjá jórturdýrum. Einkum ætti, með samsvörun við skilyrðin sem mælt er fyrir um í A-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að framleiða unnið dýraprótín úr skordýrum í stöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr öldum skordýrum.

9) Í þágu réttarvissu þykir að auki rétt að setja inn skilgreiningu á öldum skordýrum í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

10) Því ætti að breyta I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

11) Í X. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. vinnslubreytur varðandi framleiðslu á öruggu fóðri úr dýraríkinu sem ætlað er til fóðrunar á alidýrum. Aðeins má fóðra alin dýr, önnur en loðdýr, á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem uppfylla kröfurnar í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Ákvæðin, sem sett eru fram í X. viðauka við þá reglugerð, ná ekki yfir lifandi skordýr og þurrkuð skordýr í fóður fyrir alidýr en notkun á þurrkuðum skordýrum í gæludýrafóður eða sem gæludýrafóður fellur undir ákvæðin sem sett eru fram í XIII. viðauka við fyrrgreinda reglugerð.

12) Breytingin á reglugerð (EB) nr. 999/2001, með það í huga að leyfa unnið dýraprótín úr skordýrum til að fóðra lagareldisdýr, er líkleg til að opna fyrir tækifæri til meiri framleiðslu á unnu dýraprótíni úr skordýrum í Sambandinu. Hægt er að taka á núverandi, minni háttar ræktun á skordýrum í gæludýrafóður á fullnægjandi hátt með gildandi landsbundnum varnaráætlunum en rétt þykir að fastsetja Sambandákvæði, sem taka á dýraheilbrigði, lýðheilsu, plöntuheilbrigði eða umhverfisáhættum, til að tryggja að umfangsmeiri ræktun á skordýrum í Sambandinu sé örugg. Að því er varðar skordýrategundir sem eru ræktaðar í Sambandinu ættu þær ekki að vera sjúkdómsvaldandi eða hafa önnur skaðleg áhrif á plöntur, dýr eða heilbrigði manna; þær ættu ekki að vera þekktar sem smitferjur fyrir sýkla sem leggjast á menn, dýr eða plöntur og þær ættu ekki að vera verndaðar eða skilgreindar sem ágengar tegundir. Að teknu tilliti til þessara landsbundnu áhættumata, sem og til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 8. október 2015, má tilgreina eftirfarandi skordýrategundir sem þær skordýrategundir, sem eru sem stendur ræktaðar í Sambandinu, sem uppfylla framangreind öryggisskilyrði fyrir framleiðslu á skordýrum til notkunar í fóður: svartdátaflugan *(Hermetia illucens)*, húsflugan (*Musca domestica*), mjölbjallan *(Tenebrio molitor)*, dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*), húskrybban *(Acheta domesticus)*, beltakrybban *(Gryllodes sigillatus)* og akurkrybban *(Gryllus assimilis)*.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

13) Því ætti að breyta X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að bæta við skrá í 1. þætti í II. kafla viðaukans yfir skordýrategundir sem má nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum. Framangreindar skordýrategundir ættu að vera í þessari skrá og má breyta henni í framtíðinni á grundvelli mats á áhættu af völdum viðkomandi skordýrategunda fyrir heilbrigði dýra, lýðheilsu, plöntuheilbrigði eða umhverfið.

14) Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur um innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá þriðju löndum. Öryggiskröfur, sem gilda um ræktun skordýra sem ætlunin er að nota í fóður fyrir lagardýr og um setningu á unnu dýraprótíni úr þessum skordýrum á markað, einkum að því er varðar skordýrategundir sem má nota og fóðrið sem má gefa skordýrunum, ættu einnig að gilda þegar um er að ræða innflutning frá þriðju löndum. Því ætti að breyta 1. og 2. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að mæla fyrir um þessar kröfur varðandi innflutning til Sambandsins.

15) Í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir innflutning á aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins. Fyrirmyndin að heilbrigðisvottorðinu, sem sett er fram í 1. kafla XV. viðauka við þá reglugerð, gildir um innflutning á unnu dýraprótíni til Sambandsins. Að því er varðar innflutning á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum ætti að mæla fyrir um nýja fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem ætti að innihalda sértækar kröfur um ræktun alinna skordýra til framleiðslu á unnu dýraprótíni, sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem og aðrar viðkomandi kröfur um innflutning á unnu dýraprótíni. Því ætti að setja nýju fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði fyrir innflutning á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum inn í 1. kafla XV. viðauka.

16) Enn fremur ætti nýja fyrirmyndin að heilbrigðisvottorði, sem sett er inn í 1. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, einnig að taka mið af breytingunni sem gerð var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1396 ([1]) á kröfum í tengslum við smitandi svampheilakvilla, sem gilda um innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddar afurðir úr nautgripum, sauðfé eða geitum, eins og sett er fram í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

17) Því ætti að breyta X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

18) Í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um kröfur til að koma í veg fyrir vixlmengun við flutning í lausu, annars vegar milli fiskimjöls, tvíkalsíumfosfats og þríkalsíumfosfats úr dýraríkinu, blóðafurða úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem og fóðurblandna sem innihalda þessar afurðir, sem eru ætlaðar til að fóðra alin dýr sem ekki eru jórturdýr, og hins vegar fóðurs sem er ætlað fyrir jórturdýr. Að teknu tilliti til þess að svipuð áhætta á vixlmengun er fyrir hendi þegar þessi efni eru geymd í lausu ætti að rýmka kröfurnar í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að þær nái yfir geymslu í lausu á fiskimjöli, tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu, blóðafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndum sem innihalda þessi efni.

19) Í B-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um kröfur til að koma í veg fyrir vixlmengun við flutning, annars vegar milli fóðurefna í lausu og fóðurblandna í lausu sem innihalda afurðir úr jórturdýrum, aðrar en mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, díkalsíumfosfórs og þríkalsíumforsfórs úr dýraríkinu og vatnsrofinna prótína úr jórturdýrahúðum og -skinnum og hins vegar fóðurs sem er ætlað fyrir alidýr, önnur en loðdýr. Að teknu tilliti til þess að svipuð áhætta á vixlmengun er fyrir hendi þegar þessi efni eru geymd í lausu ætti að rýmka kröfurnar í B-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að þær nái yfir geymslu í lausu á fóðurefnum og fóðurblöndum sem innihalda afurðir úr jórturdýrum, aðrar en mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu og vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum.

20) Í a-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að aukaafurðir úr dýrum sem eru notaðar til framleiðslu á unnu dýraprótíni, öðru en fiskimjöli, úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og sem er ætlað til notkunar í fóður fyrir lagareldisdýr komi úr sláturhúsum, þar sem jórturdýrum er ekki slátrað, og úr stykkjunarstöðvum sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum. Í a-lið er kveðið á um undanþágu frá þeirri kröfu fyrir sláturhús þar sem gerðar eru árangursríkar ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir vixlmengun milli aukaafurða úr jórturdýrum og aukaafurða úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og sem hafa verið skoðuð og fengið leyfi lögbærs yfirvalds á þeim grundvelli.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1396 frá 18. ágúst 2016 um breytingu á tilteknum viðaukum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. ESB L 225, 19.8.2016, bls. 76).

21) Í því skyni að leyfa fleiri möguleika þegar kemur að tegund hráefna sem eru notuð til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem ætlað er til notkunar í fóður fyrir lagareldisdýr eða til útflutnings, er rétt að breyta a-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að leyfa notkun aukaafurða úr dýrum frá öðrum starfsstöðvum en sláturhúsum eða stykkjunarstöðvum, að því tilskildu að þessar aðrar starfsstöðvar séu eingöngu ætlaðar til meðhöndlunar á efnum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, eða að þær hafi hlotið leyfi lögbærs yfirvalds í kjölfar vettvangsskoðunar, á grundvelli sömu krafna um aðskilda farvegi og kveðið er á um í núgildandi undanþágu fyrir sláturhús, að því tilskildu að þessar kröfur um aðskilda farvegi veiti nauðsynlegar tryggingar fyrir því að komið sé í veg fyrir víxlmengun og höfð stjórn á henni. Einnig er rétt að rýmka undanþáguna fyrir sláturhús þannig að hún nái líka yfir stykkjunarstöðvar, að því tilskildu að sömu kröfum um aðskilda farvegi sé beitt. Því ætti að breyta D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

22) Í b-lið A-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem fylgir með, og allar umbúðir fyrir fiskimjöl og fóðurblöndur, sem innihalda fiskimjöl, skulu merkt með orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jórturdýrum“. Hins vegar er ekki krafist viðskiptaskjals eða heilbrigðisvottorðs, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, fyrir fóðurblöndur. Því er rétt að breyta b-lið A-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að skýra nánar að að því er varðar fóðurblöndur sem innihalda fiskimjöl ætti aðeins að bæta orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jórturdýrum“ við á merkimiðann á fóðurblöndunni. Í þessu samhengi ætti einnig að breyta B-þætti, d-lið í C-þætti og e-lið í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

23) Með C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað að framleiða fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr, í starfsstöðvum þar sem framleitt er gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr sem inniheldur afurðir úr jórturdýrum sem bannað er að nota í fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr. Mæla ætti fyrir um svipað bann að því er varðar starfsstöðvar þar sem framleitt er gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr sem inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, annað en fiskimjöl, í því skyni að koma í veg fyrir víxlmengun fóðurs fyrir alidýr, önnur en loðdýr, eða lagareldisdýr og afurða sem bannaðar eru í slíkt fóður. Því ætti að breyta C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

24) Með 1. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað að flytja út unnið dýraprótín úr jórturdýrum. Þeirri kröfu var upphaflega ætlað að hamla útbreiðslu kúariðu þegar kúariða geisaði í Sambandinu og þegar Evrópa var sá heimshluti sem varð fyrir mestum áhrifum af farsóttinni. Ástandið í Sambandinu, að því er varðar kúariðu, hefur þó batnað umtalsvert. Á árinu 2015 var tilkynnt um fimm tilvik kúariðu í Sambandinu samanborið við 2 166 tilkynnt tilvik á árinu 2001. Þessi framför í Sambandinu að því er varðar kúariðuástandið endurspeglast í þeirri staðreynd að nú eru 23 aðildarríki Sambandsins viðurkennd sem ríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ([1]), á grundvelli viðurkenningar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar á stöðu áhættu í tengslum við kúariðu á alþjóðavettvangi.

25) Því ætti að afnema bannið við útflutningi á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum og þess í stað koma sérstök skilyrði sem skal fara að í því skyni að draga úr byrði fyrir viðskipti og gera skilyrðin sanngjarnari miðað við núverandi faraldsfræðilegt ástand í tengslum við kúariðu. Markmiðið með þessum skilyrðum ætti einkum að vera að tryggja að útfluttar afurðir innihaldi ekki kjöt- og beinamjöl en útflutningur á því er ekki leyfður skv. 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Þar eð kjöt- og beinamjöl getur innihaldið sérstök áhættuefni eða getur verið úr dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til manneldis skapar kjöt- og beinamjöl aukna áhættu í tengslum við kúariðu og ætti því ekki að flytja það út.

26) Í því skyni að tryggja að útflutt, unnið dýraprótín úr jórturdýrum innihaldi ekki kjöt- og beinamjöl og sé ekki notað í öðrum tilgangi en heimilt er samkvæmt löggjöf Sambandsins ætti að flytja unnið dýraprótín úr jórturdýrum í lokuðum umbúðum beint frá vinnslustöð til brottfararstaðar í Sambandinu, sem ætti að vera skoðunarstöð á landamærum sem tilgreind er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([2]), svo unnt sé að inna opinbert eftirlit af hendi. Slíkt opinbert eftirlit ætti að fara fram í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru í gildi varðandi opinbert eftirlit, einkum viðskiptaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem komið var á í 6. lið III. kafla VIII. viðauka við reglugerð

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

(ESB) nr. 142/2011 og samskipti milli lögbærra yfirvalda gegnum samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfið um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB ([1]).

27) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 verður vinnslustöðin að vera samþykkt fyrir vinnslu á efni í 3. flokki og í samræmi við 45. gr. þeirrar reglugerðar, verður hún að vera undir reglulegu opinberu eftirliti, þ.m.t. að því er varðar varanlega merkingu á efni í 1. og 2. flokki, sem krafist er með þeirri reglugerð, ef vinnslustöðin er einnig samþykkt fyrir vinnslu á efni í 1. og/eða 2. flokki.

28) Í 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og eru ætlaðar til útflutnings, séu framleiddar í samræmi við tilteknar kröfur, einkum með tilvísun í e-lið A-þáttar V. kafla IV. viðauka við þá reglugerð, sem vísar svo til D-þáttar IV. kafla þess viðauka. Þar eð þessar millivísanir hafa leitt til ólíkra túlkana er rétt að endursemja 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að skýra nánar þær kröfur sem gilda um framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, eða á fóðurblöndum, sem innihalda slík prótín, sem ætlaðar eru til útflutnings frá Sambandinu.

29) Vísunin í b-lið 2. liðar E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem varðar útflutning á fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, til d-liðar D-þáttar IV. kafla í þeim viðauka, sem varðar framleiðslu á fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, til fóðrunar á lagareldisdýrum, hefur m.a. ekki verið aðlöguð að öllum tilvikum. Í d-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur séu eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir lagareldisdýr eða leyfðar á grundvelli ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir víxlmengun milli fóðurs, sem er ætlað fyrir lagareldisdýr, og fóðurs, sem er ætlað fyrir önnur alidýr, en samkvæmt IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, ef um er að ræða útflutning, er ekki sett takmörkun á hvaða dýrategundir má fóðra á útfluttum fóðurblöndum í þriðja landi. Víxlmengunin, sem um ræðir í þessu tilviki, er því á milli útfluttra fóðurblandna sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurs sem er ætlað öðrum alidýrum en lagareldisdýrum sem á að setja á markað í Sambandinu. Því ætti að breyta 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

30) Breytingarnar, sem lýst er í fyrri forsendum varðandi 1) geymslu á tilteknum fóðurefnum og fóðurblöndum, 2) framleiðslu á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og á fóðurblöndum sem innihalda slík prótín, 3) útflutning á fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og 4) notkun á hráefnum frá öðrum starfsstöðvum en sláturhúsum og stykkjunarstöðvum til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, fela í sér kröfur til lögbærs yfirvalds í aðildarríkjunum um að skrá eða leyfa tilteknar starfsstöðvar á grundvelli þess að fyrrgreindar kröfur séu uppfylltar. Því ætti að breyta A-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að hann nái yfir þá skyldu aðildarríkjanna að halda skrám yfir þessar starfsstöðvar uppfærðum og gera þær aðgengilegar öllum.

31) Til að takmarka byrði fyrir lögbær yfirvöld ætti að takmarka birtingu á skrám rekstraraðila eingöngu við þau tilvik þar sem slík birting er nauðsynleg fyrir rekstraraðila til að sanngreina hvaða hugsanlegir birgjar uppfylla kröfurnar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og fyrir lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með að þessar kröfur séu uppfylltar í öllu framleiðsluferlinu. Því ætti að breyta A-þætti V. kafla IV. viðauka til að undanskilja skrár yfir þá sem blanda fóður heima hjá sér frá þeirri skyldu að vera gerðar opinberar.

32) Þar eð aðildarríkin og rekstraraðilar þurfa nægan tíma til að laga sig að breytingunum sem gerðar eru með þessari reglugerð á A-þætti III. kafla, að því er varðar geymslu á tilteknum fóðurefnum og fóðurblöndum í lausu, og á A-, B- og C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að því er varðar skrár yfir starfsstöðvar þar sem framleiðsla fer fram í samræmi við tilteknar kröfur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að því er varðar geymslu á fóðri sem inniheldur afurðir úr jórturdýrum og að því er varðar framleiðslu á gæludýrafóðri, sem inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, ættu þessar breytingar að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum X. XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Hins vegar skulu eftirfarandi breytingar, sem gerðar eru á IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með þessari reglugerð, koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018:

a) breytingarnar sem gerðar eru á A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með i. lið b-liðar í 2. lið I. viðauka við þessa reglugerð og

b) breytingarnar sem gerðar eru á A-, B- og C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með i. lið d-liðar í 2. lið I. viðauka við þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi iv. liður bætist við í d-lið 1. liðar:

„iv. „merkimiði“ í t-lið 2. mgr. 3. gr.

b) Eftirfarandi liðir bætist við 2. lið:

„m) „alin skordýr“: alidýr, eins og þau eru skilgreind í a-lið 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, af þeim skordýrategundum sem eru leyfðar til framleiðslu á unnu dýraprótíni í samræmi við 2. lið A-hluta 1. þáttar II. kafla í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

n) „þeir sem blanda fóður heima hjá sér“: búfjárræktendur sem blanda fóðurblöndur eingöngu til nota á eigin búi.“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar í II. kafla komi eftirfarandi:

„c) lagareldisdýra á eftirfarandi fóðurefnum og fóðurblöndum:

i. unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðru en fiskimjöli og öðru en unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í D-þætti IV. kafla,

ii. unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í F-þætti IV. kafla“.

b) Ákvæðum III. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað A-þáttar komi eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

Flutningur og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum sem ætlunin er að nota til fóðrunar alidýra sem ekki eru jórturdýr

1. Eftirfarandi afurðir, sem ætlunin er að nota til fóðrunar alidýra sem ekki eru jórturdýr, skulu fluttar með ökutækjum og í ílátum og geymdar í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er jórturdýrum:

a) unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat í lausu úr dýraríkinu,

c) blóðafurðir í lausu úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

d) fóðurblöndur í lausu sem innihalda fóðurefnin sem talin eru upp í a-, b- og c-lið.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar eða geymdar í geymslustöð, í a.m.k. tvö ár.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á afurðunum sem eru taldar upp í þeim lið, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er jórturdýrum að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

3. Geymslustöðvar þar sem fóðurefni og fóðurblöndur, sem tilgreind eru í 1. lið, eru geymd í samræmi við 2. lið skulu hafa heimild lögbærs yfirvalds á grundvelli sanngreiningar á því að þær uppfylli kröfurnar í 2. lið.

4. Unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. unnið dýraprótín úr öldum skordýrum en að undanskildu fiskimjöli, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á afurðunum sem um getur í þeim lið, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

   Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.“

ii. Í stað 3. liðar í B-þætti komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda afurðirnar sem eru taldar upp í þeim lið, með fyrirvara um að þeir fari að eftirfarandi skilyrðum:

a) lögbært yfirvald skal skrá þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda afurðirnar sem tilgreindar eru í 1. lið,

b) þeir skulu einungis halda dýr sem ekki eru jórturdýr,

c) allar fóðurblöndur, sem innihalda fiskimjöl, sem eru notaðar við framleiðslu á fóðurblöndum skulu innihalda minna en 50% af hráprótíni,

d) allar fóðurblöndur, sem innihalda tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfóðrinu skulu innihalda minna en 10% heildarfosfór,

e) allar fóðurblöndur, sem innihalda blóðafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfóðri skulu innihalda minna en 50% hráprótín.“

iii. Í stað a-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„a) unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,“.

iv. Í stað a-liðar 1. liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„a) unnu dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,“.

c) Ákvæðum IV. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar í A-þætti komi eftirfarandi:

„b) Orðin „inniheldur fiskimjöl – má ekki nota í fóður handa jórturdýrum nema jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á fiskimjöli.

   Orðin „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jórturdýrum“ skulu koma skýrt fram á merkimiða á fóðurblöndu sem inniheldur fiskimjöl sem er ætlað fyrir alidýr sem ekki eru jórturdýr, önnur en loðdýr.“

ii. Í stað B-þáttar komi eftirfarandi:

„B-ÞÁTTUR

Sérstök skilyrði sem gilda um notkun á tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu og fóðurblöndum, sem innihalda slík fosföt, sem ætlunin er að nota til fóðrunar alidýra, sem ekki eru jórturdýr, annarra en loðdýra

a) Orðin „tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu — má ekki nota í fóður handa jórturdýrum“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu.

b) Orðin „inniheldur tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu — má ekki gefa jórturdýrum“ skulu komu skýrt fram á merkimiða á fóðurblöndu sem inniheldur tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu.“

iii. Í stað fyrstu málsgreinar c-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„c) Blóðafurðirnar skulu framleiddar í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á blóði úr dýrum sem ekki eru jórturdýr og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem vinnslustöð þar sem eingöngu er unnið blóð úr dýrum sem ekki eru jórturdýr.“

iv. Í stað d-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„d) Orðin „blóðafurðir sem koma ekki úr jórturdýrum – má ekki nota í fóður handa jórturdýrum“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á blóðafurðum úr dýrum sem ekki eru jórturdýr.

Orðin „inniheldur blóðafurðir sem koma ekki úr jórturdýrum— má ekki gefa jórturdýrum“ skulu koma skýrt fram á merkimiða á fóðurblöndu sem inniheldur blóðafurðir sem koma ekki úr jórturdýrum.“

v. Í stað fyrirsagnar, inngangsorða fyrsta liðar og a-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„D-ÞÁTTUR

Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að undanskildu fiskimjöli og að undanskildu unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að undanskildu fiskimjöli og að undanskildu unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra:

a) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti, skulu koma frá:

i. sláturhúsum þar sem jórturdýrum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum er ekki slátrað eða

ii. stykkjunarstöðvum sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum eða

iii. aðrar starfsstöðvar en þær sem um getur í i. eða ii. lið sem meðhöndla ekki afurðir úr jórturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jórturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað að jórturdýrum sé slátrað í sláturhúsum þar sem framleiddar eru aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem eru ætlaðar til framleiðslu á unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti svo og meðhöndlun afurða úr jórturdýrum í stykkjunarstöð eða annarri starfsstöð þar sem framleiddar eru aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem ætlaðar eru til framleiðslu á unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar vettvangsskoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jórturdýrum og dýrum sem ekki eru jórturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

i. slátrun dýra, sem ekki eru jórturdýr, skal fara fram á línum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línum sem eru notaðar við slátrun jórturdýra,

ii. afurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skulu meðhöndlaðar á framleiðslulínum sem eru algerlega aðskildar frá þeim framleiðslulínum sem notaðar eru til að meðhöndla afurðir úr jórturdýrum,

iii. aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og pökkun á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jórturdýrum,

iv. reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skulu fara fram til að greina hvort prótín úr jórturdýrum eru til staðar. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.“

vi. Í stað fyrsta liðar c-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„c) Unna dýraprótínið sem um getur í þessum þætti skal framleitt í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem koma úr sláturhúsum, stykkjunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum sem um getur í a-lið. Lögbært yfirvald skal skrá þessar vinnslustöðvar sem stöðvar sem eingöngu vinna aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr.“

vii. Í stað inngangsorða i. liðar í öðrum lið d-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„i. getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín sem um getur í þessum þætti, fyrir lagareldisdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fóðurblöndur sem eru ætlaðar fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

viii. Í stað ii. liðar í d-lið og e-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„ii. skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda unna dýraprótínið sem um getur í þessum þætti, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

— lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að undanskildu fiskimjöli og unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum,

— þeir halda einungis lagareldisdýr og

— fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótín sem um getur í þessum þætti og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótín.

e) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem fylgir unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti, og merkimiðinn skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr — má ekki nota í fóður handa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

Eftirfarandi orð skulu koma skýrt fram á merkimiða fóðurblandna sem innihalda unna dýraprótínið sem um getur í þessum þætti:

„inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr — má ekki gefa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.“

ix. Í stað b- til g-liðar í E-þætti komi eftirfarandi:

„b) Orðin „fiskimjöl – má ekki nota í fóður handa jórturdýrum nema jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á fiskimjöli sem ætlunin er að nota í staðgöngumjólk.

c) Notkun á fiskimjöli fyrir alin jórturdýr, sem ekki er búið að venja undan, skal einungis leyfð til framleiðslu á staðgöngumjólk, sem dreift er í duftformi og gefin eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva, til þess að fóðra jórturdýr, sem ekki er búið að venja undan, sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólkina eftir brodd áður en dýrið hefur að fullu verið vanið undan.

d) Staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, skal framleidd í starfsstöðvum þar sem ekki eru framleiddar aðrar fóðurblöndur fyrir jórturdýr og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á annarri fóðurblöndu fyrir jórturdýr í starfsstöðvum sem einnig framleiða staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, og er ætluð öldum jórturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. aðrar fóðurblöndur, sem eru ætlaðar jórturdýrum, skulu geymdar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu sem er ætluð fyrir fiskimjöl í lausu og staðgöngumjólk í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, meðan á geymslu, flutningum og pökkun stendur,

ii. aðrar fóðurblöndur, sem eru ætlaðar jórturdýrum, skulu framleiddar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, er framleidd,

iii. lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á fiskimjöli og sölu á staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, í a.m.k. fimm ár,

iv. reglubundin sýnataka og greining á öðrum fóðurblöndum, sem ætlaðar eru jórturdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

e) Áður en sendingar af innfluttri staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu skulu innflytjendur tryggja að sýni úr hverri sendingu séu greind í samræmi við greiningaraðferðirnar til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi.

f) Merkimiði á staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, skal greinilega merktur með orðunum „inniheldur fiskimjöl – má ekki gefa jórturdýrum nema jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“.

g) Staðgöngumjólk í lausu, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, skal flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til að flytja eða geyma annað fóður sem ætlað er jórturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem síðar verða notuð til flutninga eða geymslu á öðru fóðri í lausu sem ætlað er jórturdýrum, til flutninga eða geymslu á staðgöngumjólk í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, sem ætluð er öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

h) Á býlum þar sem jórturdýr eru haldin skulu ráðstafanir vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir að staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, sé gefin öðrum jórturdýrum en þeim sem ekki er búið að venja undan. Lögbært yfirvald skal taka saman skrá yfir býli þar sem notuð er staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, með kerfi þar sem býlin tilkynna um notkunina fyrirfram eða með öðru kerfi sem tryggir að farið sé að þessum sérstöku skilyrðum.“

x. Eftirfarandi F-þáttur bætist við:

„F-ÞÁTTUR

Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt unnið dýraprótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra:

a) Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum skal:

i. framleitt í vinnslustöðvum sem eru samþykktar í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr öldum skordýrum og

ii. framleitt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

b) Fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum skulu framleiddar í starfsstöðvum sem hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi og sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir lagareldisdýr.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði:

i. getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, fyrir lagareldisdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fóðurblöndur sem eru ætlaðar fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar jórturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar lagareldisdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á unna dýraprótíninu úr öldum skordýrum og sölu á fóðurblöndum, sem innihalda slíkt prótín, í a.m.k. fimm ár,

— reglubundin sýnataka og greining á fóðurblöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en lagareldisdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár,

ii. skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda unna dýraprótínið úr öldum skordýrum, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

— lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

— þeir halda einungis lagareldisdýr og

— fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótín úr öldum skordýrum og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótín.

c) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem fylgir unna dýraprótíninu úr öldum skordýrum, og merkimiðinn skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „unnið skordýraprótín — má ekki nota í fóður handa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

Eftirfarandi orð skulu komu skýrt fram á merkimiðanum fóðurblandna sem innihalda unnið dýraprótín úr skordýrum:

„inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr — má ekki gefa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.“

d) Ákvæðum V. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað A-, B- og C-þáttar komi eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

Skráningar

1. Aðildarríkin skulu halda skrár, sem eru uppfærðar og aðgengilegar öllum, um:

a) sláturhús, sem eru skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum er ekki slátrað, í samræmi við fyrsta lið a-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús þar sem hægt er að fá blóð sem er framleitt í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar C-þáttar IV. kafla,

b) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem eingöngu er framleitt blóð sem kemur ekki úr jórturdýrum, í samræmi við fyrsta lið c-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleiddar eru blóðafurðir í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar C-þáttar IV. kafla,

c) sláturhús, sem eru skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum er ekki slátrað, stykkjunarstöðvar sem eru skráðar sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum og aðrar stöðvar, sem eru skráðar sem stöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jórturdýrum, þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, í samræmi við fyrsta lið a-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús, stykkjunarstöðvar og aðrar stöðvar þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar D-þáttar IV. kafla,

d) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem ekki eru unnar aukaafurðir úr jórturdýrum í samræmi við fyrsta lið c-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem starfa í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar D-þáttar IV. kafla,

e) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við B-þátt III. kafla, fóðurblöndur sem innihalda fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, eða blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

f) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem og leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem eingöngu eru framleiddar, í samræmi við ii. lið b-liðar 3. liðar E-þáttar V. kafla, fóðurblöndur til útflutnings frá Sambandinu eða fóðurblöndur til útflutnings frá Sambandinu og fóðurblöndur fyrir lagareldisdýr sem setja skal á markað,

g) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleidd er, í samræmi við d-lið E-þáttar IV. kafla, staðgöngumjólk sem inniheldur fiskimjöl sem ætluð er öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan,

h) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við b-lið F-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

i) geymslustöðvar sem eru leyfðar í samræmi við 3. lið A-þáttar III. kafla eða í samræmi við þriðja lið d-liðar í 3. lið E-þáttar V. kafla.

2. Aðildarríkin skulu halda uppfærðar skrár yfir þá sem blanda fóður heima hjá sér sem skráðir eru í samræmi við 3. lið B-þáttar III. kafla, ii. lið d-liðar D-þáttar IV. kafla og ii. lið b-liðar F-þáttar IV. kafla.

B-ÞÁTTUR

Flutningur og geymsla á fóðurefni og fóðurblöndum sem innihalda afurðir úr jórturdýrum

1. Fóðurefni í lausu og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda aðrar afurðir úr jórturdýrum en þær sem taldar eru upp í eftirtöldum a- til d-lið, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er öðrum alidýrum en loðdýrum:

   a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,

   b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,

   c) vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum,

   d) brædd fita úr jórturdýrum með hámarksmagn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem áður hafa verið notuð til flutninga eða geymslu á fóðurefni í lausu og fóðurblöndum í lausu sem eru talin upp í þeim lið, til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, öðrum en loðdýrum, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

   Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir þessa notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

C-ÞÁTTUR

Framleiðsla á fóðurblöndum, sem innihalda afurðir úr jórturdýrum eða dýrum sem ekki eru jórturdýr, sem ætlaðar eru loðdýrum eða gæludýrum

1. Fóðurblöndur, sem ætlaðar eru loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda aðrar afurðir úr jórturdýrum en þær sem taldar eru upp í eftirfarandi a- til d-lið, skal ekki framleiða í starfsstöðvum þar sem framleitt er fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr:

   a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,

   b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,

   c) vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum,

   d) brædd fita úr jórturdýrum með hámarksmagn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.

2. Fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að undanskildu fiskimjöli, skulu ekki framleiddar í starfsstöðvum sem framleiða fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr eða lagareldisdýr.“

ii. Í stað D-þáttar komi eftirfarandi:

„D-ÞÁTTUR

Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum fyrir alidýr, sem innihalda afurðir úr jórturdýrum, á býlum

Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum fyrir alidýr, sem innihalda aðrar afurðir úr jórturdýrum en þær sem taldar eru upp í a- til d-lið, skal bönnuð á býlum þar sem alidýr, önnur en loðdýr, eru haldin:

a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,

b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,

c) vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum,

d) brædd fita úr jórturdýrum með hámarksmagn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.“

iii. Í stað E-þáttar komi eftirfarandi:

„E-ÞÁTTUR

Útflutningur á unnu dýraprótíni og afurðum sem innihalda slík prótín

1. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum eða á unnu dýraprótíni úr bæði jórturdýrum og dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) Unna dýraprótínið skal flutt í lokuðum umbúðum beint frá vinnslustöðinni þar sem framleiðslan fór fram til brottfararstaðar á yfirráðasvæði Sambandsins, sem skal vera skoðunarstöð á landamærum sem tilgreind er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB (*). Fyrir brottför frá yfirráðasvæði Sambandsins skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á tilhögun flutningsins á unna dýraprótíninu, upplýsa lögbært yfirvald á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum um komu vörusendingarinnar á brottfararstað.

b) Vörusendingunni skal fylgja tilhlýðilega útfyllt viðskiptaskjal sem er gert í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 6. lið III. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og gefið út í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB (**). Á viðskiptaskjalinu verður að tilgreina skoðunarstöð á landamærum, þaðan sem vörusendingin er send, sem brottfararstað í reit I.28.

c) Þegar vörusendingin kemur á brottfararstað skal lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum sannprófa innsiglið á hverju íláti sem framvísað er á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

Þrátt fyrir þetta er lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum heimilt að ákveða að sannprófa innsigli íláts af handahófi, á grundvelli greiningar á áhættunni.

Ef sannprófun á innsigli er ekki fullnægjandi verður annaðhvort að farga vörusendingunni eða endursenda hana á upprunastarfsstöð.

Lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum skal, gegnum Traces-kerfið, upplýsa lögbært yfirvald, sem er ábyrgt fyrir upprunastarfsstöðinni, um komu vörusendingarinnar á brottfararstað og, eftir atvikum, um niðurstöðu sannprófunar á innsigli og hugsanlega aðgerð sem gerð er til úrbóta.

d) Lögbært yfirvald, sem er ábyrgt fyrir upprunastarfsstöðinni, skal sinna reglulegu opinberu eftirliti til að sannreyna rétta framkvæmd á a- og b-lið og til að sannreyna, að því er varðar hverja sendingu á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum sem er ætluð til útflutnings, að staðfesting um eftirlit, sem fram fer á brottfararstað, hafi borist frá lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum gegnum Traces-kerfið.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal banna útflutning á vörum sem innihalda unnið dýraprótín úr jórturdýrum.

   Þrátt fyrir þetta skal bannið ekki gilda um unnið gæludýrafóður, sem inniheldur unnið dýraprótín úr jórturdýrum, sem:

   a) hefur verið unnið í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

   b) er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

3. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, eða fóðurblöndu, sem inniheldur slíkt prótín, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   a) Unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skal framleitt í vinnslustöðvum sem uppfylla kröfurnar í c-lið D-þáttar IV. kafla.

   b) Fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skulu framleiddar í starfsstöðvum fyrir fóðurblöndur sem:

      i. framleiða afurðir sínar í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla eða

      ii. fá unna dýraprótínið, sem notað er í fóðurblöndur sem eru ætlaðar til útflutnings, frá vinnslustöðvum sem uppfylla a-lið og eru annaðhvort:

         — eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi eða

         — eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og framleiðslu á fóðurblöndum fyrir lagareldisdýr, sem setja skal á markað í Sambandinu, og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.

   c) Fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skal pakkað og þær merktar í samræmi við löggjöf Sambandsins eða lagaskilyrði innflutningslandsins. Ef fóðurblanda, sem inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, er ekki merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins skulu eftirfarandi orð koma fram á merkingunni: „inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr“.

   d) Unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótín og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til að flytja eða geyma fóður sem setja skal á markað og ætlað er til fóðrunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar eða geymdar, í a.m.k. tvö ár.

      Þrátt fyrir ákvæði fyrsta liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýraprótíni í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndum í lausu, sem innihalda slík prótín, og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem setja skal á markað og sem ætlað er til fóðrunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

      Geymslustöðvar sem geyma unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótín, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í öðrum lið d-liðar skulu fá leyfi hjá lögbæru yfirvaldi á grundvelli sannprófunar á því hvort þær uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í fyrrgreindum lið.

4. Þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. lið. skulu, þrátt fyrir ákvæði þess liðar, ekki gilda um:

   a) gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr og sem hefur verið unnið í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,

b) fiskimjöl, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,

c) unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,

d) fóðurblöndur sem innihalda ekkert annað unnið dýraprótín en fiskimjöl og unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,

e) unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem er ætlað til framleiðslu á gæludýrafóðri eða lífrænum áburði og jarðvegsbæti í þriðja landi sem er viðtökuland, að því tilskildu að útflytjandi tryggi fyrir útflutning að hver sending af unnu dýraprótíni sé greind í samræmi við greiningaraðferðina sem sett er fram í lið 2.2 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 í því skyni að ganga úr skugga um að ekki séu til staðar efnisþættir úr jórturdýrum.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

(**) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað A-hluta 1. þáttar II. kafla X. viðauka komi eftirfarandi:

„A. Hráefni

1. Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á unnu dýraprótíni.

2. Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, sem ætlað er til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, önnur en loðdýr, má eingöngu koma úr eftirfarandi skordýrategundum:

i. svartdátaflugan (*Hermetia illucens*) og húsflugan (*Musca domestica*),

ii. mjölbjallan (*Tenebrio molitor*) og dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),

iii. húskrybban (*Acheta domesticus*), beltakrybban (*Gryllodes sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*).“

2) Ákvæðum I. kafla XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu línu í töflu 1 í 1. þætti komi eftirfarandi:

„1	Unnið dýraprótín, þ.m.t. blöndur og afurðir aðrar en gæludýrafóður, sem innihalda slík prótín, og fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem innihalda slík prótín.	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, h-, i-, j-, k-, l- og m-lið 10. mgr.	a) Unna dýraprótínið skal hafa verið framleitt í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka og b) unna dýraprótínið skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða unnið dýraprótín, að undanskildu fiskimjöli: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010. b) Ef um er að ræða fiskimjöl: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða unnið dýraprótín, annað en prótín úr öldum skordýrum: 1. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið dýraprótín úr öldum skordýrum: 1. kafli a í XV. viðauka.“

b) Í 2. þætti bætist eftirfarandi 5. liður við:

„5. Flytja má unnið dýraprótín úr öldum skordýrum inn til Sambandsins að því tilskildu að það hafi verið framleitt í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) skordýrin tilheyra einni af eftirtöldum tegundum:

— svartdátaflugan (*Hermetia illucens*) og húsflugan (*Musca domestica*),

— mjölbjallan (*Tenebrio molitor*) og dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),

— húskrybban (*Acheta domesticus*), beltakrybban (*Gryllodes sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*),

b) æti til að fóðra skordýr má eingöngu innihalda afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu eða eftirfarandi afurðir úr dýraríkinu úr efni í 3. flokki:

— fiskimjöl,

— blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,

— vatnsrofin prótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— vatnsrofin prótín úr húðum og skinnum jórturdýra,

— gelatín og kollagen úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— egg og eggjaafurðir,

— mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk og broddur,

— hunang,

— brædd fita,

c) æti til að fóðra skordýr og skordýr eða lirfur þeirra hafa ekki komist í snertingu við önnur efni úr dýraríkinu en þau sem tilgreind eru í b-lið og ætið innihélt ekki húsdýraáburð, eldhússúrgang eða annan úrgang.“

3) Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar fyrirmyndar af heilbrigðisvottorði í 1. kafla komi eftirfarandi:

„Heilbrigðisvottorð

Fyrir unnið dýraprótín, annað en prótín úr öldum skordýrum, sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið“

b) Eftirfarandi 1. kafli a bætist við:

„1. KAFLI a

Heilbrigðisvottorð

Fyrir unnið dýraprótín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4 Lögbært staðaryfirvald	
I.5 Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6 Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7 Upprunaland	ISO-kóði I.8 Upprunasvæði Kóði	I.9 Viðtökuland	ISO-kóði I.10 Viðtökusvæði Kóði
I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12 Viðtökustaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Samþykkisnúmer
I.13 Fermingarstaður		I.14 Brottfarardagur	
I.15 Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16 Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
		I.17	

I.18 Lýsing á vöru	I.19 Vörunúmer (ST-númer)
	I.20 Magn
I.21 Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kæld ☐ Fryst ☐	I.22 Fjöldi pakkninga
I.23 Nr. innsiglis/gáms	I.24 Tegund umbúða
I.25 Vörur sem eru vottaðar: Til notkunar í fóður ☐ Til tæknilegra nota ☐ Framleiðsla á gæludýrafóðri ☐	
I.26 Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði	I.27 Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28. Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti) Tegund vöru Framleiðslustöð Eigin þyngd Númer framleiðslulotu	

LAND

Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (1a), einkum 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (1b), einkum 1. þátt II. kafla X. viðauka og I. kafla XIV. viðauka við hana, og votta að:

II.1. unna dýraprótínið úr öldum skordýrum eða afurðin, sem er lýst hér að framan, inniheldur eingöngu unnið dýraprótín sem er ekki ætlað til manneldis og sem:

a) hefur verið framleitt og geymt hjá fyrirtæki eða í stöð, sem hefur verið samþykkt og fullgilt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

b) hefur verið framleitt eingöngu úr öldum skordýrum af eftirtöldum tegundum:

([2]) *annaðhvort* [— svartdátaflugan (*Hermetia illucens*),]

([2]) *og/eða* [— húsflugan (*Musca domestica*),]

([2]) *og/eða* [— mjölbjallan (*Tenebrio molitor*),]

([2]) *og/eða* [— dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),]

([2]) *og/eða* [— húskrybban (*Acheta domesticus*),]

([2]) *og/eða* [— beltakrybban (*Gryllodes sigillatus*),]

([2]) *og/eða* [— akurkrybban (*Gryllus assimilis*).]

og

c) hefur verið unnið með aðferð [1]-[2]-[3]-[4]-[5]-[7] (2) eins og sett er fram í III. Kafla IV. Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

og

d) æti til að fóðra alin skordýr má eingöngu innihalda afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu eða eftirfarandi afurðir úr dýraríkinu úr efni í 3. flokki:

— fiskimjöl,

— blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,

— vatnsrofin prótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— vatnsrofin prótín úr húðum og skinnum jórturdýra,

— gelatín og kollagen úr dýrum sem ekki eru jórturdýr,

— egg og eggjaafurðir,

— mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk og broddur,

— hunang,

— brædd fita,

og

e) æti til að fóðra skordýr og skordýr eða lirfur þeirra hafa ekki komist í snertingu við önnur efni úr dýraríkinu en þau sem tilgreind eru í d-lið og ætið innihélt ekki húsdýraáburð, eldhússúrgang eða annan úrgang.

LAND **Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.2 lögbært yfirvald rannsakaði slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreyndi að það uppfyllir eftirfarandi staðla ([3]):

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

II.3 allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

II.4 fullunna afurðin:

([2]) *annað-hvort* [var sett í nýja eða dauðhreinsaða sekki,]

([2]) *eða* [var flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem hafði fyrir notkun verið vandlega hreinsað og sótthreinsað,]

með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS/UNNIÐ SKORDÝRAPRÓTÍN — MÁ EKKI NOTA Í FÓÐUR FYRIR ALIDÝR ÖNNUR EN LAGARELDISDÝR OG LOÐDÝR“,

II.5 fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.6 unna dýraprótínið úr öldum skordýrum, eða afurðirnar sem lýst er hér að ofan, inniheldur ekki og er ekki úr

([2]) *annað-hvort*

[a) sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (4),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin, sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru fengnar úr, voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (5), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr dýrum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

([2]) *eða* [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæðis sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

II.7 Unna dýraprótínið eða afurðin sem lýst er hér að ofan:

([2]) *annað-hvort* [inniheldur ekki mjólk eða mjólkurvörur úr sauðfé eða geitum.]

([2]) *eða* [inniheldur mjólk eða mjólkurvörur úr sauðfé eða geitum sem:

a) kemur úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin samfellt frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,

ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,

iii. opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,

iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,

v. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili.

LAND **Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

b) kemur frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,

c) kemur frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:

([2]) annaðhvort [allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,]

([2]) eða öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:

— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og

— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.]]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.05, 05.06, 05.07, 05.11 eða 23.01.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Tegund: tilgreinið vísindaheiti skordýrs.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

LAND **Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/873 **2018/EES/7/02**

frá 22. maí 2017

um leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE ([2]).

2) L-trýptófan var leyft án tímamarka samkvæmt tilskipun 82/471/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE ([3]). Fóðuraukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á L-trýptófani sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Einnig voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir L-trýptófani fyrir allar dýrategundir, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 11132P, *Escherichia coli* DSM 25084, *Escherichia coli* FERM BP-11200, *Escherichia coli* FERM BP-11354, *Escherichia coli* CGMCC 7.59 eða *Escherichia coli* CGMCC 3667, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 11. september 2013 ([4]), 10. apríl 2014 ([5]), 9. september 2014 ([6]), 29. janúar 2015 ([7]), 10. september 2015 ([8]), 1. desember 2015 ([9]), 25. janúar 2017 ([10]) og 25. janúar 2017 ([11]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* KCCM 11132P, *Escherichia coli* DSM 25084, *Escherichia coli* FERM BP-11200, *Escherichia coli* FERM BP-11354, *Escherichia coli* CGMCC 7.59 og *Escherichia coli* CGMCC 3667 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það teljist vera áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar trýptófans í fóðri; umsækjandinn um leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* DSM 25084, lagði fram gögn um að eftir að framleiðsluferlinu var breytt hafi dregið úr innihaldi inneiturs í aukefninu þannig að það sé ekki meira en svo að við megi una; til að viðbætt L-trýptófan hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.
([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.
([2]) Tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8).
([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE frá 26. júlí 1988 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (Stjtíð. EB L 239, 30.8.1988, bls. 36).
([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3368.
([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3673.
([6]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(10), 3826.
([7]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4015.
([8]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(9), 4238.
([9]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(1), 4343.
([10]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(2), 4712.
([11]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(3), 4705.

6) Mat á L-trýptófani sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir L-trýptófani af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Setja má efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem var leyft samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE, og forblöndur sem innihalda það á markað fram til 12. desember 2017, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. júní 2017, og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnið, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 12. júní 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. júní 2017, má setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 12. júní 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 12. júní 2017, má setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c440	—	L-trýptófan	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98% af L-trýptófani (miðað við þurrt efni). Hámarksinnihald 10 mg/kg 1,1′-etýlíden-bis-L-trýptófan (EBT) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-trýptófan sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 11132P eða *Escherichia coli* DSM 25084 eða *Escherichia coli* FERM BP-11200 eða *Escherichia coli* FERM BP-11354 eða *Escherichia coli* CGMCC 7.59 eða *Escherichia coli* CGMCC 3667. Efnaformúla: $C_{11}H_{12}N_2O_2$ CAS-nr.: 73-22-3	Allar tegundir	—	—	—	1. Setja má L-trýptófan á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar-vörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts ([2]).	12. júní 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að sanngreina L-trýptófan í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-tryptophan monograph“. Til að ákvarða trýptófan í fóðuraukefninu og forblöndum: — Háþrýstivökvaskiljun með flúrskins-greiningu (HPLC-FD) — EN ISO 13904-2016 Til að ákvarða trýptófan í fóðuraukefni, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — Háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með flúrskinsgreiningu, reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1) (III. viðauki, G)					4. Að því er varðar jórturdýr skal L-trýptófan vera varið gegn niðurbroti í vömb. 5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiða fyrir aukefnið: Rakainnihald.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4705), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/895 **2018/EES/7/03**

frá 24. maí 2017

um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og varphænur (leyfishafi er Fertinagro Nutrientes S.L.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094). Umsóknin fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir notkun blöndu með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og varphænur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 19. október 2016 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi 3-fýtasi, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt til að bæta aðgengi að fýtatfosfóri í fæðu marktegundanna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 3-fýtasa sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu fyrir 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4622.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a25	Fertinagro Nutrientes S.L.	3-fýtasi EC 3.1.3.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094), með virkni að lágmarki: 1 000 FTU ([1])/ml Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-fýtasi (EC 3.1.3.8), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (CECT 13094) *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða virkni 3-fýtasa í fóðuraukefninu: — litmæling sem byggist á ensímefnahvarfi 6-fýtasa við fýtat Til að magnákvarða 3-fýtasavirkni í fóðri: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat — EN ISO 30024	Eldiskjúklingar Varphænur	—	500 FTU 1000 FTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagður hámarksskammtur fyrir eldiskjúklinga og varphænur: 1 000 FTU/kg heilfóðurs. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	14. júní 2027

([1]) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtathvarfefni við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/896 **2018/EES/7/04**

frá 24. maí 2017

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), sem fóðuraukefni í föstu formi fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), í vökvaformi var leyfð í 10 ár fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/899 ([2]).

3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), í föstu formi. Umsóknin fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), í föstu formi, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir alifugla og svín.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. október 2016 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), í föstu formi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún bæti aðgengi að fýtasafosfóri hjá marktegundunum Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 123. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/899 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir 6-fýtasa, sem er framleiddur með Trichoderma reesei (ATCC SD-6528), sem fóðuraukefni fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) (Stjtíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 15).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4625.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a24	Danisco (UK) Ltd	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), með virkni að lágmarki 20 000 FTU ([1])/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528) *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða virkni 6-fýtasa í fóðuraukefninu og forblöndunum: — litmæling sem byggist á ensím-efnahvarfi 6-fýtasa við fýtat. Til að magnákvarða 6-fýtasavirkni í fóðri: — litmæling sem byggist á ensím-efnahvarfi fýtasa við fýtat EN ISO 30024.	Allar tegundir alifugla Allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísir)	—	250 FTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: 2 000 FTU/kg heilfóðurs. 3. Að því er varðar notendur aukefna og forblandna í fóðurfyrirtæki skal koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við hættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr váhrifum gegnum húð, við innöndun eða á augu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að þau verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessum aukefnum og for-blöndum.	14. júní 2027

([1]) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtathvarfefni við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/912 **2018/EES/7/05**

frá 29. maí 2017

um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. desember 2016 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blanda geti hugsanlega bætt framleiðslu votfóðurs, sem er tilreitt úr efni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka, með því að varðveita næringarefni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 30.5.2017, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(1), 4675.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Tæknileg aukefni: aukefni í votfóður								
1k20753	Lactobacillus plantarum DSM 29024	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus plantarum* DSM 29024 sem inniheldur að lágmarki 8×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur Lactobacillus plantarum DSM 29024. *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð á MRS-agar (de Man, Rogosa og Sharpe) (EN 15787). Sanngreining á fóðuraukefninu: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka ([2]). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	19. júní 2027

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/913 **2018/EES/7/06**

frá 29. maí 2017

um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir.

4) Þetta aukefni hefur þegar verið leyft til 10 ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1115/2014 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir svín.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. október 2016 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að hún geti brotið niður fúmónísín í menguðu fóðri fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og varphænur. Framreikna má þessar niðurstöður yfir á allar fuglategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 30.5.2017, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1115/2014 frá 21. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, framleiddur með Komagataella pastoris (DSM 26643), sem fóðuraukefni fyrir svín (Stjtíð. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 51).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4617.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs: fúmónísín									
1m03	—	Fúmónísín-esterasi EC 3.1.1.87	*Samsetning aukefnis* Blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sem inniheldur að lágmarki 3 000 U ([1])/g. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643). *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða virkni fúmónísínesterasa: Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassa-greiningu. Háþrýstivökvaskiljun í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini (HPLC-MS/MS) byggð á magnákvörðun á tríkarballýlsýru, sem ensímið leysir úr fúmónísíni B1 við pH-gildið 8,0 og 30 °C.	Allar fuglategundir	—	15 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: 300 U/kg heilfóðurs. 3. Notkun aukefnisins er leyfð í fóður sem er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um óæskileg efni í fóðri ([3]). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblönd-unum, þ.m.t. öndunarvörn.	19. júní 2027

([1]) 1 U eru virknieiginleikar ensíms sem leysir 1 µmol af tríkarballýlsýru á mínútu úr 100 µM af fúmónísín B1 í 20 nM Tris-Cl-jafnalausn með pH-gildið 8,0, með 0,1 mg/ml nautgripasermisalbúmíni við 30 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/930 **2018/EES/7/07**

frá 31. maí 2017

um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1016/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* og um breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir svín sem veitt var með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2013 ([2]). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings beiðninni um breytingu.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og um breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir svín til að rýmka notkunina þannig að hún nái yfir öll tríkóþekensveppaeitur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. desember 2016 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin viðurkenndi að blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* geti dregið úr deoxýnílvalenóli (DON) í menguðu fóðri. Hún komst að þeirri niðurstöðu að blandan geti dregið úr 12,13-epoxíðhópnum í nokkrum dæmigerðum tríkóþekenum og í öðrum sveppaeitrum af sömu byggingalegu gerð, óháð dýrategund eða flokki dýra sem fær mengað fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Til að unnt sé að nota aukefnið með öðrum tríkóþekenum þykir rétt að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1016/2013.

6) Mat á blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 1.6.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2013 frá 23. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með örverustofni DSM 11798 af ættinni Coriobacteriaceae sem fóðuraukefni fyrir svín (Stjtíð. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 36).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(1), 4676.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1016/2013

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1016/2013 komi II. viðauki við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs: tríkóþeken									
1m01	—	Örverustofn DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*	*Samsetning aukefnis* Blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*: áhellingaraðferð þar sem notaður er VM-agar að viðbættum oxýrasa. Sanngreining örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae:* Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar fuglategundir	—	$1{,}7 \times 10^8$	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Notkun aukefnisins er leyfð í fóður sem er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um óæskileg efni í fóðri. 3. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hnískalyf: narasín/níkarbasín, natríumsalínómýsín, mónensínnatríum, róbenidínhýdróklóríð, díklasúríl, narasín eða níkarbasín. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	21. júní 2027

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs: tríkóþeken									
1m01	—	Örverustofn DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*	*Samsetning aukefnis* Blanda með örverustofni DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae* *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae*: áhellingaraðferð þar sem notaður er VM-agar að viðbættum oxýrasa. Sanngreining örverustofns DSM 11798 af ættinni *Coriobacteriaceae:* Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Svín	—	$1{,}7 \times 10^8$	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Notkun aukefnisins er leyfð í fóður sem er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um óæskileg efni í fóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	13. nóvember 2023

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/940 **2018/EES/7/08**

frá 1. júní 2017

um leyfi fyrir maurasýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir maurasýru. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir maurasýru, í flokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 30. apríl 2015 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með maurasýru ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan sé áhrifarík við að hamla eða draga úr fjölda sjúkdómsvaldandi baktería í fóðurefni og fóðurblöndum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með maurasýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „efni sem bæta hollustusamlegt ástand“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 2.6.2017, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(5), 4113.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg maurasýru/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Tæknileg aukefni: efni sem bæta hollustusamlegt ástand								
1k236	Maurasýra	*Samsetning aukefnis* Maurasýra (≥ 84,5%) Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Maurasýra ≥ 84,5% H_2CO_2 CAS-nr.: 64-18-6 *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða maurasýru: jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-ECD).	Allar dýrategundir	—	—	10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Blanda ólíkra maurasýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	21.6.2027

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/950 **2018/EES/7/09**

frá 2. júní 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1068/2011 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og allar fuglategundir til varps (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), var leyfð til tíu ára fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aðrar aukafuglategundir (aðrar en eldisendur) og skrautfugla með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blönduna sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald hennar úr 560 TXU/kg í 280 TXU/kg og úr 250 TGU/kg í 125 TGU/kg heilfóðurs, að því er varðar notkun fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og allar fuglategundir til varps. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. október 2016 ([3]) að við ný, tillögð notkunarskilyrði geti blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), verið áhrifarík í þeim lágmarksskammti sem óskað er eftir, sem er 280 TXU/kg og 125 TGU/kg heilfóðurs, fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og allar fuglategundir til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1068/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1068/2011 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2011 frá 21. október 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem framleiddur er með Aspergillus niger (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem framleiddur er með Aspergillus niger (DSM 18404), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aðrar aukafuglategundir (aðrar en eldisendur) og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (Stjtíð. ESB L 277, 22.10.2011, bls. 11).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4626.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a7	BASF SE	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 600 TXU ([1]) og 2 500 TGU ([2])/g Vökvaform: 5 600 TXU og 2 500 TGU/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og endó-1,4-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404)	Aukategundir alifugla til eldis (aðrar en aliendur) og skrautfuglar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur og allar aukafuglategundir til varps Kalkúnar til undaneldis og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	—	280 TXU 125 TGU 280 TXU 125 TGU 560 TXU 250 TGU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagðir skammtar á hvert kíló heilfóðurs: — Aukategundir alifugla til eldis (aðrar en endur) og skrautfuglar: 280-840 TXU/125- 375 TGU, — Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur og allar aukafuglategundir til varps: 280-840 TXU/125- 375 TGU, — Kalkúnar til undaneldis og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis: 560-840 TXU/250-375 TGU.	11.11.2021.

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferð ([3]) Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55 °C. Til að magnákvarða virkni endó-1,4 betaglúkanasa: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaglúkanasa á hvarfefni sem í er glúkan (betaglúkan úr byggi) við pH-gildið 3,5 og 40 °C.					3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	

([1]) 1 TXU er það magn ensíms sem leysir 5 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.
([2]) 1 TGU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr ß -glúkani úr byggi við pH-gildið 3,5 og 40 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/961 **2018/EES/7/10**

frá 7. júní 2017

um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og um nýja notkun í drykkjarvatn fyrir fráfærugrísi og eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2036/2005 og reglugerð (ESB) nr. 887/2011 (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með *Enterococcus faecium* CECT 4515 var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 ([3]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Blandan var einnig leyfð fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 887/2011 ([4]).

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fóðuraukefni í fóður fyrir fráfærugrísi og um nýja notkun í drykkjarvatn fyrir fráfærugrísi og eldiskjúklinga. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 9. apríl 2014 ([5]), 29. apríl 2015 ([6]) og 8. september 2015 ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* CECT 4515 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Í áliti sínu frá 29. apríl 2015 komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt kynbótalegt gildi hjá fráfærugrísum þegar það er notað í fóður. Í áliti sínu frá 8. september 2015 komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að notkun blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 í drykkjarvatn fyrir fráfærugrísi og eldiskjúklinga hafi sömu verkun og þegar hún er notuð í fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 8.6.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 frá 14. desember 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 887/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir blöndu með Enterococcus faecium CECT 4515 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) (Stjtíð. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 7).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3672.

([6]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(5), 4111.

([7]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(9), 4232.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að breyta ætti reglugerð (EB) nr. 2036/2005 til samræmis við það. Enn fremur ætti að bæta við núverandi leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 fyrir eldiskjúklinga í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 887/2011 nýrri notkun í drykkjarvatn með breytingu á þeirri framkvæmdarreglugerð.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2036/2005

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2036/2005 falli færsla E 1713 um *Enterococcus faecium* CECT 4515 brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 887/2011

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 887/2011 komi II. viðauki við þessa reglugerð.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. desember 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar											
4b1713	Evonik Nutrition & Care GmbH	*Enterococcus faecium* CECT 4515	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis í föstu formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* CECT 4515 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Fráfærugrísir		1×10^9	—	5×10^8	—	1. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina stöðugleika í drykkjarvatni. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 4. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins. 5. Til notkunar fyrir fráfærugrísi allt að 35 kg að þyngd.	28. júní 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
										6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1713	Evonik Nutrition & Care GmbH	*Enterococcus faecium* CECT 4515	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* CECT 4515 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788). Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Eldiskjúklingar	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Má nota í fóður sem inniheldur eitt af eftirfarandi leyfðum hnísalyfjum: mónenssínnatríum, díklasúríl, níkarbasín, dekókínat, róbenidínhýdróklóríð, semdúramýsínnatríum, narasín, salínómísínnatríum, lasalósíð-A-natríum, narasín/níkarbasín eða madúramýsínammóníum. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	26. september 2021

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1713	Evonik Nutrition & Care GmbH	*Enterococcus faecium* CECT 4515	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* CECT 4515 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788). Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Eldiskjúklingar	—	5×10^8	—	1. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina stöðugleika í drykkjarvatni. 3. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins. 4. Má nota í fóður sem inniheldur eitt af eftirfarandi leyfðum hnísalyfjum: mónensínnatríum, díklasúríl, níkarbasín, dekókínat, róbenidín-hýdróklóríð, semdúramýsínnatríum, narasín, salínómísínnatríum, lasalósíð-A-natríum, narasín/níkarbasín eða madúramýsínammóníum. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	28. júní 2027

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/962 **2018/EES/7/11**

frá 7. júní 2017

um að fella tímabundið úr gildi leyfi fyrir etoxýkíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og flokka dýra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við veitingu, synjun eða tímabundna niðurfellingu á slíku leyfi. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Aukefnið etoxýkín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og flokka dýra. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn 21. september 2010 um leyfi fyrir etoxýkíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lýsti því yfir í áliti sínu frá 21. október 2015 ([3]) að mat á upplýsingum og skjölum, sem umsækjandi lagði fram, geri það ekki kleift að komast að niðurstöðu um öryggi aukefnisins etoxýkíns fyrir nein markdýr, fyrir neytendur eða fyrir umhverfið. Þetta stafar af því að í heildina eru framlögð gögn ekki nægileg til að meta váhrif og öryggi etoxýkíns fyrir dýr, neytendur og umhverfið. Einkum er ekki hægt að komast að niðurstöðu um að eitt af umbrotsefnum aukefnisins etoxýkíns, etoxýkínkínónimín, valdi ekki erfðaeiturhrifum. Að auki er viðurkennt að *p*-fenetídín, óhreinindi aukefnisins etoxýkíns, sé hugsanlegur stökkbreytivaldur. Matvælaöryggisstofnunin telur að aukefnið etoxýkín sé öflugt þráavarnarefni í fóðri en ekki var hægt, með framlögðum gögnum, að staðfesta verkun við tillagt notkunarmagn sem hefur verið minnkað í samanburði við það hámarksinnihald sem er sem stendur leyft í fóður. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að aukefnið hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða umhverfið þegar það er notað við tillögð skilyrði.

6) Því uppfyllir núgildandi leyfi fyrir aukefninu etoxýkíni ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

7) Það er mögulegt að í viðbótargögnum, sem varða öryggi við notkun og verkun aukefnisins etoxýkíns, finnist ný atriði sem gætu leitt til þess að matið sem var framkvæmt fyrir það aukefni verði endurskoðað. Að því er þetta varðar heldur umsækjandinn um leyfið fyrir aukefninu etoxýkíni því fram að hægt sé að gera viðbótarrannsóknir til að sýna fram á öryggi og verkun aukefnisins. Í þessu skyni hefur umsækjandinn skuldbundið sig til að leggja fram viðbótargögn

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 8.6.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(11), 4272.

samkvæmt tímaramma þar sem rannsóknir, sem á að framkvæma, eru taldar upp samkvæmt forgangsröð og áætlað að útkoman úr þeirri síðustu verði til reiðu í júlí 2018. Forgangsröðun í ferlinu um framleiðslu áætlaðra gagna byggist á mikilvægisstigi þeirra þátta sem voru tilgreindir í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar. Þessar rannsóknir samanstanda mestmegnis af uppfærðri lýsingu á eiginleikum aukefnisins, einkum að því er varðar óhreinindi sem skipta máli og niðurbrotsefni, eiturefnafræðilegum rannsóknum, einkum sem tengjast erfðaeiturhrifum etoxýkínkínónimíns, efnaskiptum og rannsóknum á leifum í dýrategundum í markhóp (þ.m.t. magn leifa í vefjum og dýraafurðum), rannsóknum á öryggi markdýra og mati á umhverfisáhættu.

8) Þar eð tilvist óhreinindanna *p*-fenetídíns í aukefninu etoxýkíni stafar af framleiðsluferli aukefnisins skuldbatt umsækjandinn sig þar að auki til þess að gera ráðstafanir til að minnka smám saman magn þessara óhreininda í aukefninu niður í gildi sem nemur 2,5 milljónarhlutum af *p*-fenetídíni í etoxýkíni, eigi síðar en í júní 2017. Í því skyni ætti umsækjandinn að leggja fram viðeigandi greiningaraðferð til að greina *p*-fenetídín í aukefninu etoxýkíni og í fóðri sem inniheldur aukefnið og Matvælaöryggisstofnunin að samþykkja hana á grundvelli skýrslu tilvísunarrannsóknarstofunnar sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

9) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ætti því að fella leyfið fyrir aukefninu etoxýkíni tímabundið úr gildi meðan beðið er framlagningar og mats á viðbótargögnum. Endurskoða skal ráðstöfunina til tímabundinnar niðurfellingar eftir að Matvælaöryggisstofnunin hefur lagt tilhlýðilegt mat á þau gögn. Í öllum tilvikum ætti að samþykkja endurskoðun á ráðstöfuninni til tímabundinnar niðurfellingar ef Matvælaöryggisstofnunin samþykkir neikvætt álit um öryggi eða verkun aukefnisins etoxýkíns meðan á framlagningar- og matsferli viðbótargagnanna stendur.

10) Þar eð frekari notkun á aukefninu etoxýkíni gæti valdið áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra og umhverfið ætti að taka aukefnið og fóður sem inniheldur það af markaði eins fljótt og mögulegt er. Til hagræðingar ætti að gera ráð fyrir takmörkuðu umbreytingartímabili til að taka viðkomandi vörur af markaði til að gera rekstraraðilum kleift að uppfylla skilyrðin varðandi innköllunina á tilhlýðilegan hátt.

11) Fóðurefni, sem eru upprunnin úr sjó, sem innihalda mikið magn af fitusýrum eru mjög viðkvæm fyrir oxun og háu hitastigi og það þarf að stöðga þau með þráavarnarefni, einkum ef fóðurefnin eru flutt sjóleiðis eða geymd í langan tíma. Vegna þessarar miklu áhættu á oxun er etoxýkín víða notað til að vernda viðkomandi fóðurefni á skilvirkan hátt. Þessi fóðurefni, einkum fiskimjöl og fisklýsi, hafa hátt næringargildi og innihalda mikinn styrk auðmeltanlegra prótína sem eru nauðsynleg í fóður fyrir lagareldisdýr og fyrir ung dýr en eru einnig notuð fyrir aðrar dýrategundir, einkum svín og alifugla. Að auki er viðurkennt að hátt hlutfall fjölómettaðra fitusýra í þessum fóðurefnum, sem yfirfærast í dýraafurðir, hafi í för með sér ávinning fyrir heilbrigði búfjár og fyrir þá sem neyta dýraafurða. Þess vegna gæti tafarlaust brotthvarf etoxýkíns af markaði leitt til neikvæðra afleiðinga fyrir heilbrigði dýra og velferð og til vangetu til að uppfylla sérstakar næringarkröfur dýranna þangað til hentugir staðgöngukostir verða fyrir hendi.

12) Etoxýkín er einnig notað víða sem innihaldsefni í tilteknum fóðuraukefnablöndum sem innihalda virkt efni sem er sérstaklega viðkvæmt fyrir oxun og hitameðhöndlun og sem þarf að stöðga með þráavarnarefni til að viðhalda eiginleikum þess. Þessi fóðuraukefni samanstanda af blöndum með tilteknum nauðsynlegum vítamínum, karótenóíðum og litgjöfum, sem eru fituleysanleg og þarf að vernda í framleiðsluferlinu, við geymslu og flutning blandnanna og fóðurs sem inniheldur þær, þangað til dýrin fá þær. Vegna víðtækrar notkunar á etoxýkíni í þessar fóðuraukefnablöndur myndi tafarlaust brotthvarf etoxýkíns af markaði hafa neikvæðar afleiðingar fyrir heilbrigði dýra og velferð vegna skorts á nauðsynlegum snefilefnum í fóðri fyrir fjölmargar tegundir dýra, bæði dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og dýra sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis. Að auki gæti skortur á viðkomandi fóðuraukefnablöndum í Sambandinu leitt til minni fóðurnýtingar og minni afurðasemi hjá búfé og einnig til vangetu til að uppfylla forskriftir markaðarins fyrir tilteknar dýraafurðir.

13) Svo virðist sem ekki sé unnt að skipta etoxýkíni tafarlaust út fyrir hentugt staðgönguþráavarnarefni þar eð staðgönguþráavarnarefni, sem eru leyfð sem stendur, þar af eru fjölmörg ennþá í endurmatsferli í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, búa ekki yfir sömu eiginleikum og etoxýkín, einkum að því er varðar skilvirkni og styrk virks efnis sem þörf er á, lengd verkunartíma og hegðun við vinnslu en einnig m.t.t. framleiðslukostnaðar. Af þessum sökum er þörf á tilteknum tíma til að gera rekstraraðilum kleift að meta og prófa virkni staðgönguþráavarnarefna með nýjum samsetningum og til að laga framleiðsluferlið að því að bæta þessum hugsanlegu staðgönguþráavarnarefnum við. Því ætti að kveða á um sérstakt, skýrt skilgreint umbreytingartímabil til að taka vörurnar, sem um getur í 11. og 12. forsendu, af markaði til þess að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að nýju ástandi og uppfylla þar með skilyrðin varðandi innköllunina á tilhlýðilegan hátt. Vegna sérstakrar aðferðar við framleiðslu og geymslu

fóðuraukefnablandnanna, sem getið er í 12. forsendu, gætu staðgönguþráavarnarefni fyrir þessar blöndur orðið til reiðu á styttri tíma en fyrir fóðurefnin, sem um getur í 11. forsendu, sem gerir það kleift að kveða á um styttra umbreytingartímabil.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi fellt tímabundið úr gildi

Leyfið, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE og framlengt með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, sem varðar aukefnið etoxýkín sem er tilgreint í færslu E 324 í skránni yfir fóðuraukefni sem um getur í 17. gr. þeirrar reglugerðar (aukefnið etoxýkín), er fellt tímabundið úr gildi.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af aukefninu etoxýkíni og af forblöndum sem innihalda efnið má áfram setja á markað til 28. september 2017 og nota til 28. desember 2017, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem voru framleidd með aukefninu etoxýkíni eða með forblöndum sem innihalda efnið, má áfram setja á markað til 28. desember 2017 og nota til 28. mars 2018, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017.

3. gr.

Sérstakar umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna fóðurefna og tengdra vara

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr.:

a) má áfram setja aukefnið etoxýkín og forblöndur sem innihalda efnið, sem ætlunin er að blanda í fóðurefnin sem eru skráð í færslu 7.1.2 og í 10. kafla í skránni yfir fóðurefni sem komið var á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([1]), á markað til 30. september 2019, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, að því tilskildu að á merkimiða aukefnisins etoxýkíns eða forblandna sem innihalda efnið sé þess getið að ætlunin sé að blanda þeim í þessi fóðurefni,

b) má áfram setja fóðurefni sem um getur í a-lið, sem voru framleidd með aukefninu etoxýkíni eða með forblöndum sem innihalda efnið, á markað til 31. desember 2019, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017,

c) má áfram setja fóðurblöndur, sem voru framleiddar með fóðurefnunum sem um getur í b-lið, á markað til 31. mars 2020, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls 1).

2. Nota má vörurnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, þangað til þremur mánuðum eftir dagsetningarnar sem eru tilgreindar í þessum liðum, eftir því sem við á.

4. gr.

Sérstakar umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna aukefnablandna og tengdra vara

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr.:

a) má áfram setja aukefnið etoxýkín, sem ætlunin er að blanda í eftirtaldar aukefnablöndur sem hafa verið leyfðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, á markað til 31. mars 2018, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, að því tilskildu að á merkimiða aukefnisins etoxýkíns sé þess getið að ætlunin sé að blanda því í þessar aukefnablöndur:

— blöndur með A-vítamíni,

— blöndur með D-vítamíni,

— blöndur með E-vítamíni,

— blöndur með K-vítamíni,

— blöndur með lútíni,

— blöndur með seaxantíni,

— blöndur með beta-apó-8′-karótenóíðsýruetýlester,

— blöndur með sítranaxantíni,

— blöndur með kapsantíni,

— blöndur með astaxantíni,

— blöndur með astaxantíndímetýldísúksínati,

— blöndur með kantaxantíni,

— blöndur með betakarótíni,

b) má áfram setja aukefnablöndurnar sem um getur í a-lið sem innihalda aukefnið etoxýkín og forblöndur sem innihalda þessar aukefnablöndur á markað til 30. júní 2018, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017,

c) má áfram setja fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda vörurnar sem um getur í b-lið, á markað til 30. september 2018, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017.

2. Nota má vörurnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, þangað til þremur mánuðum eftir dagsetningarnar sem eru tilgreindar í þessum liðum, eftir því sem við á.

5. gr.

Endurskoðun

Þessi reglugerð skal endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2020 og í öllum tilvikum eftir að Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt neikvætt álit um öryggi eða verkun aukefnisins etoxýkíns.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/963 **2018/EES/7/12**

frá 7. júní 2017

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842) og basillólýsíni, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og fráfærugrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 358/2005 og (ESB) nr. 1270/2009 (leyfishafi er Kemin Europa NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842) og basillólýsíni, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 ([3]) og fyrir eldiskalkúna og fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 ([4]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842) og basillólýsíni, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og fráfærugrísi og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýtt leyfi fyrir blöndunni sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. september 2015 ([5]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi það ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti verið áhrifarík fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og varphænur ([6]). Talið er að þessar niðurstöður geti átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin taldi enn fremur að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 8.6.2017, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 frá 2. mars 2005 um ótímabundið leyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 frá 21. desember 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 28).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(9), 4234.

([6]) Vegna skorts á fullnægjandi gögnum um endurheimt ensíma var ekki hægt að fá niðurstöður í verkunarrannsóknum að því er varðar verkun við ráðlagðan skammt en í stað þess byggðust þær á útreikningum og eiga eingöngu við um nafnskammt.

verkunarháttur ensíma, sem eru fyrir hendi í aukefninu, geti talist svipaður hjá öllum fuglategundum og því megi yfirfæra niðurstöður um verkun í helstu tegundum alifugla á aukategundir alifugla og skrautfugla.

5) Að því er varðar notkun aukefnisins fyrir fráfærugrísi gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um verkun aukefnisins hjá fráfærugrísum vegna skorts á gögnum. Í einni rannsókn var hins vegar marktækt meiri þyngdaraukning og betri fóðurstuðull miðað við samanburðarhópinn og í annarri rannsókn sýndu niðurstöður að dagleg meðalþyngdaraukning hjá kvendýrum var meiri en það átti þó ekki við um karldýrin. Þessar vísbendingar hafa verið metnar sem haldgóðar vísbendingar um framfarir, að því er varðar dýraræktartengda þætti sem varða þyngdaraukningu, til viðbótar við sögu um langa notkun. Af þessum sökum var talið að framlögð gögn uppfylltu skilyrðin til að sýna fram á verkun aukefnisins fyrir fráfærugrísi.

6) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842) og basillólýsíni, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 358/2005 og (ESB) nr. 1270/2009 til samræmis við það.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 358/2005

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 358/2005 falli færsla E1620 um endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, endó-1,4-betaglúkanasa EC 3.2.1.4, alfaamýlasa EC 3.2.1.1, basillólýsín EC 3.4.24.28 og endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1270/2009

Reglugerð (EB) nr. 1270/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falli brott.

2) Ákvæði II. viðauka falli brott.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 28. desember 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. júní 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1620i	Kemin Europa NV	Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4 Alfaamýlasi EC 3.2.1.1 Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Basillólýsín EC 3.4.24.28	*Samsetning aukefnis* Blanda með: — endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), — endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), — alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), — endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842), — basillólýsíni sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554), með virkni að lágmarki: — Endó-1,3(4)-betaglúkanasi: 2 350 U ([1])/g,	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukafuglategundir til varps Aukafuglategundir sem aldar eru til varps Skrautfuglar Fráfærugrísir	—	Endó-1,3(4)-betaglúkanasi 1 175 U Endó-1,4-betaglúkanasi 9 000 U Alfaamýlasi 200 U Endó-1,4-betaxýlanasi 17 500 U Basillólýsín 850 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Til notkunar fyrir fráfærugrísi allt að 35 kg að þyngd. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn. 4. Ráðlagt notkunarmagn fyrir varphænur: endó-1,3(4)-betaglúkanasi: 1 175 U, endó-1,4-betaglúkanasi: 9 000 U, alfaamýlasi: 200 U, endó-1,4-betaxýlanasi: 17 500 U, basillólýsín: 850 U/kg heilfóðurs.	28. júní 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Endó-1,4-betaglúkanasi: 18 000 U ([2])/g, — alfaamýlasi: 400 U ([3])/g, — Endó-1,4-betaxýlanasi: 35 000 U ([4])/g, — basillólýsín 1 700 U ([5])/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* — endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (CBS 589.94), — endó-1,4-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 592.94), — alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), — endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842), — basillólýsín, sem er framleitt með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9554).						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferð ([6]) Til að ákvarða efnið í fóðuraukefninu: — endó-1,3(4)-betaglúkanasi í fóðuraukefnunum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi glúkanasa á hvarfefni betaglúkans úr byggi við pH-gildið 7,5 og 30 °C, — endó-1,3(-1,4)-betaglúkanasi í fóðuraukefnunum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi sellulasa á karboxýmetýl-sellulósa við pH-gildið 4,8 og 50 °C, — alfaamýlasi í fóðuraukefnunum: litmæling byggð á myndun vatnsleysanlegra, litaðra brota sem koma fram við verkun amýlasa á asúrín-víxltengd sterkjufjölliðuhvarfefni við pH-gildið 7,5 og 37 °C. — endó-1,4-betaxýlanasi í fóður-aukefnunum: litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi xýlanasa á hvarfefnið xýlan úr birkiviði við pH-gildið 5,3 og 50 °C.	Allir kalkúnar Varphænur Aukafuglategundir til eldis		Endó-1,3(4)betaglúkanasi 588 U Endó-1,4-betaglúkanasi 4 500 U Alfaamýlasi 100 U Endó-1,4-betaxýlanasi 8 750 U Basillólýsín 425 U			

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— basillólýsín: litmæling byggð á losun asólits vegna verkunar próteasa á asókaseinhvarfefni við pH 7,5 og 37 °C. Til að ákvarða efnið í forblöndum og fóðri: — endó-1,3(4)-betaglúkanasi: plötuprófunaraðferð (e. *plate test method*) byggð á flæði glúkanasa og síðan aflitun rauða agarætisins vegna vatnsrofs betaglúkans, — endó-1,4-betaglúkanasi: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun sellulasa á asúrín-víxltengt vatnsóleysanlegt HE-sellulósahvarfefni, — alfaamýlasi: litmæling byggð á myndun vatnsleysanlegra, blárra brota sem koma fram við verkun amýlasa á asúrín-víxltengd óleysanleg blálituð sterkjufjölliðuhvarfefni,						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— endó-1,4-betaxýlanasi: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun xýlanasa á asúrín-víxltengt arabínoxýlan úr hveiti, — basillólýsín: plötuprófunaraðferð byggð á flæði próetasa í asókaseinæti og síðan vatnsrof kaseins.					

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 0,0056 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani úr byggi við pH-gildið 7,5 og 30 °C.
([2]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 0,0056 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr karboxýmetýlsellulósa við pH-gildið 4,8 og 50 °C.
([3]) 1 U er það magn ensíms sem klýfur 1 míkrómól glýkósíðtenginga á mínútu með vatnsrofi úr vatnsóleysanlegum, víxltengdum sterkjufjölliðum við pH-gildið 7,5 og 37 °C.
([4]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 0,0067 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH-gildið 5,3 og 50 °C.
([5]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrógramm af asókaseínhvarfefni á mínútu við pH-gildið 7,5 og 37 °C.
([6]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1007 **2018/EES/7/13**

frá 15. júní 2017

um leyfi fyrir blöndu með lesitínum sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Lesitín voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með lesitínum sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „ýruefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. júlí 2016 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með lesitínum ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan teljist áhrifarík til notkunar sem ýruefni í fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á lesitínum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(8), 4560.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Aukefnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „ýruefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. janúar 2018 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 6. júlí 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. júlí 2018 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 6. júlí 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. júlí 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 6. júlí 2017 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg lesitína/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: ýruefni									
1c322	—	Lesitín	*Samsetning aukefnis* Blanda með lesitínum sem inniheldur að lágmarki: — fosfatíð ≥ 18%, — lýsófosfatíð ≥ 11%, — önnur fosfatíð ≤ 6%. Raki ≤ 1% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lesitín (CAS-nr. 8002-43-5) dregin út úr sojabaunum *Greiningaraðferð* ([1]) Lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([2]) og samsvarandi prófanir í greinargerð Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, „Lecithin“([3]) ([4]).	Allar dýrategundir	—	—	—	Notkunarmagn í heilfóðri: 100–500 mg af aukefni/kg heilfóðurs	6. júlí 2027

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([3]) Sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum, „Lecithin“, greinargerð nr. 4 (2007), http://www.fao.org/food/food-safety-quality/scientific-advice/jecfa/jecfa-additives/detail/en/c/260/.

([4]) Sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – „Analytical methods, test procedures and laboratory solutions used by and referenced in the food additive specifications“, 4. bindi, http://www.fao.org/docrep/009/a0691e/a0691e00.htm.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1008 **2018/EES/7/14**

frá 15. júní 2017

um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er JHJ Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. júlí 2016 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti aukið kynbótalegt gildi eldiskjúklinga. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(9), 4555.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1892	JHJ Ltd	*Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p sem inniheldur að lágmarki $1{,}2 \times 10^9$ CFU/g samtals af mjólkursýrugerli (LAB) og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p 1×10^7 CFU/g sem inniheldur að lágmarki: *Lactococcus lactis* PCM B/00039 $\geq 5 \times 10^8$ CFU/g *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p $\geq 3 \times 10^8$ CFU/g *Lactobacillus casei* PCM B/00080 $\geq 1 \times 10^8$ CFU/g *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 $\geq 3 \times 10^8$ CFU/g *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p $\geq 1 \times 10^7$ CFU/g	Eldiskjúk-lingar	—	5×10^8 (LAB) 5×10^6 (*Saccharo-myces cerevisiae* PCM KKP 2059p)	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefni og forblöndum skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: narasín/níkarbasín, natríumsalínómýsín, díklasúríl, dekókínat eða madúramísínammóníum. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	6. júlí 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur *Lactococcus lactis* PCM B/00039, *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p, *Lactobacillus casei* PCM B/00080, *Lactobacillus plantarum* PCM B/00081 og *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða heildarfjölda *Lactococcus lactis* PCM B/00039 og *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p í fóðuraukefni og fóðri: — Áhellingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (de Man, Rogosa og Sharpe) ISO 15214 Til að ákvarða heildarfjölda *Lactobacilli* í fóðuraukefni og fóðri: — Áhellingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar EN 15787 Til að ákvarða heildarfjölda *Saccharomyces cerevisiae PCM KKP 2059p* í fóðuraukefni og fóðri: — Áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri (CGYE) EN 15789					

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að sanngreina *Lactobacilli*, *Lactococcus lactis* PCM B/00039 og *Carnobacterium divergens* PCM KKP 2012p: — Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Til að sanngreina *Saccharomyces cerevisiae* PCM KKP 2059p: — Kjarnsýrumögnun (PCR)						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1086 **2018/EES/7/15**

frá 19. júní 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 634/2007 að því er varðar lýsingu á eiginleikum selenmeþíóníns sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Selenmeþíónín, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, var leyft sem fóðuraukefni með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 ([2]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2013 ([3]).

2) Framkvæmdastjórninni barst umsókn með beiðni um breytingu á skilmálum leyfisins að því er varðar lýsingu á eiginleikum fóðuraukefnisins. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Umsækjandinn fór þess upphaflega á leit að innihald selensysteíns yrði haft með í lýsingunni á eiginleikum aukefnisins en dró að lokum þá breytingu til baka; því varðar umsóknin einungis aukningu á hámarksinnihaldi selens í núgildandi leyfi fyrir aukefninu.

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. október 2016 ([4]) að umbeðin breyting myndi ekki hafa áhrif á öryggi og verkun vörunnar og minnti á áhættu, að því er varðar öryggi notenda, í tengslum við vöruna. Gerðin um núgildandi leyfi inniheldur ákvæði þar sem tekið er á þessari áhættu á fullnægjandi hátt.

4) Mat á breyttu efnablöndunni sýnir að hún uppfyllir skilyrðin fyrir leyfinu sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 634/2007 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 634/2007

Í stað textans milli fyrirsagnarinnar „Lýsing á eiginleikum aukefnisins“ og fyrirsagnarinnar „Greiningaraðferð“ í fjórða dálki viðaukans við reglugerð (EB) nr. 634/2007 komi eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetíónín, framleitt með *Saccharomyces* cerevisiae NCYC R397, sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2013 frá 8. maí 2013 um leyfi fyrir selenmeþíóníni, framleiddu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R646, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1750/2006, (EB) nr. 634/2007 og (EB) nr. 900/2009 að því er varðar hámarksviðbót selenauðgaðs gers (Stjtíð. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 20).

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(11), 4624.

„Lífrænt selen, aðallega selenmeþíónín (63%) sem inniheldur 2 000–3 500 mg Se/kg (97–99% af lífrænu seleni)“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1126 **2018/EES/7/16**

frá 23. júní 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 373/2011, (ESB) nr. 374/2013 og (ESB) nr. 1108/2014 að því er varðar nafn fulltrúa leyfishafans í ESB fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni fulltrúa leyfishafa þess í ESB sem tilgreindur er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009 ([2]) og framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011 ([3]), (ESB) nr. 374/2013 ([4]) og (ESB) nr. 1108/2014 ([5]).

2) Umsækjandinn fullyrðir að frá og með 12. janúar 2017 sé Huvepharma NV Belgium nýr fulltrúi Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789 sem fóðuraukefni 4b1830. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.

3) Fyrirhuguð breyting á fulltrúa leyfishafans er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, sem Huvepharma NV Belgium er fulltrúi fyrir, kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfa. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 373/2011, (ESB) nr. 374/2013 og (ESB) nr. 1108/2014 til samræmis við það.

5) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 373/2011, (ESB) nr. 374/2013 og (ESB) nr. 1108/2014 af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa blöndu með Clostridium butyricum MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, umboðsaðili er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U) (Stjtíð ESB L 256, 29.9.2009, bls. 26).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir blöndu með Clostridium butyricum FERM-BP 2789 sem fóðuraukefni fyrir aukafuglategundir, að undanskildum varpfuglum, fráfærugrísum og aukategundum svína (eftir fráfærur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013 frá 23. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með Clostridium butyricum (FERM-BP 2789) sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2013, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1108/2014 frá 20. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með Clostridium butyricum (FERM-BP 2789) sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtíð. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 16).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 903/2009

Reglugerð (EB) nr. 903/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum koma orðin „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

2) Í öðrum dálki viðaukans við reglugerð (EB) nr. 903/2009, „Nafn leyfishafa“, koma orðin „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum koma orðin „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

2) Í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011 koma orðin „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 374/2013

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 374/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum koma orðin „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

2) Í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 374/2013 koma orðin „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

4. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1108/2014

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1108/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum koma orðin „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

2) Í öðrum dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1108/2014 koma orðin „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Huvepharma NV Belgium“ í stað orðanna „Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“.

5. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Fyrirliggjandi birgðir aukefnis, forblandna og fóðurblöndu sem innihalda aukefnið, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1017 **2018/EES/7/17**

frá 15. júní 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 68/2013 um skrána yfir fóðurefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB([1]), einkum 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðeigandi fulltrúar evrópska fóðurgeirans hafa, í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila, í samstarfi við lögbær landsyfirvöld og að teknu tilliti til viðeigandi reynslu samkvæmt álitum frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og til vísinda- eða tækniþróunar, unnið að breytingum á skránni yfir fóðurefni samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([2]). Þessar breytingar varða nánari skýringar á almennum ákvæðum, nýjar færslur að því er varðar aðferðir við meðhöndlun og fóðurefni og endurbætur á þeim færslum sem fyrir eru. Í þeim er ennfremur að finna ákvörðun á hámarksinnihaldi efnafræðilegra óhreininda, grasafræðilegu hreinleikastigi eða rakainnihaldi ásamt því að þar eru ákvarðaðar lögboðnar upplýsingar um fóðurefnin.

2) Skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 eru uppfyllt.

3) Þar sem um er að ræða margar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 68/2013 þykir rétt, með skírskotun til samræmis, skýrleika og einföldunar, að skipta út viðaukanum við þá reglugerð.

4) Rétt þykir að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig til að forðast óþarfa röskun á viðskiptaháttum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 68/2013 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Fóðurefni sem hafa verið merkt fyrir 11. janúar 2018 í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 68/2013, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 21.6.2017, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls 1).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR FÓÐUREFNI

A-HLUTI

Almenn ákvæði

1) Stjórnendum fóðurfyrirtækja skal í sjálfsvald sett hvort þeir nota skrána. Hins vegar má einungis nota heiti fóðurefnisins, sem skráð er í C-hluta, fyrir fóðurefni sem eru í samræmi við kröfurnar í viðkomandi færslu.

2) Allar færslur í skránni yfir fóðurefni í C-hluta skulu vera í samræmi við takmarkanir á notkun fóðurefna í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins; huga skal sérstaklega að samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 ([1]) að því er varðar fóðurefni sem eru erfðabreyttar lífverur eða framleidd úr erfðabreyttum lífverum eða verða til í gerjunarferli með erfðabreyttum örverum. Fóðurefni sem samanstanda af eða innihalda aukaafurðir úr dýrum skulu uppfylla kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([2]) og reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([3]) og notkun þeirra getur sætt takmörkunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([4]). Stjórnendur fóðurfyrirtækja, sem nota fóðurefni sem er fært inn í skrána, skulu tryggja að það sé í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

3) Með „matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu“ er átt við matvæli, önnur en þau sem tilheyra endurnýtingu eldhúss- og matarúrgangs, sem framleidd eru til manneldis í samræmi við lög ESB um matvæli en eru ekki lengur ætluð til manneldis af ástæðum sem varða hagræðingu eða birgðastjórnun eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla og sem ekki stafar nein heilbrigðisáhætta af þegar þau eru notuð sem fóður. Fastsetning hámarksinnihalds, eins og um getur í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009, gildir ekki um matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu og endurnýtingu eldhúss- og matarúrgangs. Hámarksinnihaldið gildir þegar þau eru unnin frekar sem fóður.

4) Í samræmi við góðar starfsvenjur, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005([5]), skulu fóðurefni vera laus við efnafræðileg óhreinindi úr framleiðsluferlinu og hjálparefnum við vinnslu nema sérstakt hámarksinnihald hafi verið fastsett í skránni. Efni sem bannað er að nota í fóður skulu ekki vera fyrir hendi og ekki skal fastsetja hámarksinnihald fyrir slík efni. Til að tryggja gagnsæi skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja, í tengslum við hefðbundin viðskipti, leggja fram viðkomandi upplýsingar með fóðurefni með leyfilegum leifum.

5) Í samræmi við góðar starfsvenjur eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, beitingu ALARA-meginreglunnar ([6]) og með fyrirvara um beitingu reglugerðar (EB) nr. 183/2005, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ([7]), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([8]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([9]), þykir viðeigandi að tilgreina hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda sem verða til við framleiðsluferlið eða úr hjálparefnum við vinnslu, sem er 0,1% eða meira, í skránni yfir fóðurefni. Einnig er heimilt að fastsetja í skránni hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda og hjálparefna við vinnslu, sem er undir 0,1%, teljist það

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

([6]) Sem raunhæft er að ætlast til að megi ná.

([7]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([8]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

samræmast góðum venjum í viðskiptum. Sé ekki annað tekið fram í B- eða C-hluta þessa viðauka skal hámarksinnihald gefið upp sem þyngdarhlutfall ([1]).

Sérstakt hámarksinnihald fyrir efnafræðileg óhreinindi og hjálparefni við vinnslu er annaðhvort fastsett í lýsingunni á aðferðinni í B-hluta, í lýsingunni á fóðurefninu í C-hluta eða í lok flokka í C-hluta. Sé ekki sett fram sérstakt hámarksinnihald í C-hluta skal það hámarksinnihald gilda, sem fastsett er í B-hluta fyrir tiltekna aðferð, fyrir öll fóðurefni sem skráð eru í C-hluta, svo fremi að í lýsingunni á fóðurefninu sé vísað til þeirrar aðferðar og að aðferðin sem um ræðir samræmist lýsingunni í B-hluta.

6) Fóðurefni, sem ekki eru tilgreind í 12. kafla C-hluta, sem hafa verið framleidd með gerjun og/eða sem innihalda örverur frá náttúrunnar hendi, má setja á markað með lifandi örverum svo fremi að fyrirhuguð notkun fóðurefnanna og fóðurblandna sem innihalda þau sé

a) ekki fjölgun örveranna og

b) tengist ekki virkni af hálfu örveru eða örvera samkvæmt I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

Tilvist örvera, sem og hver sú virkni sem af því leiðir, skal ekki koma fram á merkingum fóðurefna og fóðurblandna sem innihalda þær.

7) Grasafræðilegur hreinleiki fóðurefnis skal ekki vera undir 95%. Þó skal innihald grasafræðilegra óhreininda á borð við leifar annarra olíufræja eða olíuríkra aldina úr fyrra framleiðsluferli ekki vera umfram 0,5% fyrir hverja tegund olíufræs eða aldins. Ef vikið er frá þessum almennu reglum skal fastsetja sértækt gildi í skránni yfir fóðurefni í C-hluta.

8) Bæta skal almenna heitinu eða lýsingu á einni eða fleiri aðferðum, sem skráðar eru í síðasta dálki orðalistans með aðferðunum í B-hluta, við heiti fóðurefnisins til að sýna að það hefur farið í gegnum eitt eða fleiri viðkomandi vinnsluferli ([2]). Fóðurefni, sem ber heiti sem er samsett úr heiti sem skráð er í C-hluta og almenna heitinu eða lýsingu á einni eða fleiri aðferðum sem skráðar eru í B-hluta, skal teljast skráð í skrána og á merkimiðanum skulu vera viðeigandi lögboðnar upplýsingar um þetta fóðurefni eins og sett er fram í síðustu dálkunum í B- og C-hluta, eftir því sem við á. Þegar það er sett fram í síðasta dálki í B-hluta skal sérstaka aðferðin sem notuð er við vinnsluna vera tilgreind í heiti fóðurefnisins.

9) Ef framleiðsluaðferð fyrir fóðurefni er öðruvísi en lýsingin á viðkomandi aðferð gefur til kynna, eins og sett er fram í orðalistanum með aðferðunum í B-hluta, skal framleiðsluaðferðin sett fram í lýsingunni á viðkomandi fóðurefni.

10) Heimilt er að nota samheiti fyrir fjölda fóðurefna. Slík samheiti eru í hornklofum í dálkinum „heiti“ í færslunni fyrir viðkomandi fóðurefni í skránni yfir fóðurefni í C-hluta.

11) Í lýsingu á fóðurefnunum í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er orðið „afurð“ notað í stað orðsins „aukaafurð“ til að endurspegla markaðsaðstæðurnar og málnotkun stjórnenda fóðurfyrirtækja til að leggja áherslu á söluverðmæti fóðurefna.

12) Grasafræðiheiti plöntu er einungis gefið í lýsingunni í fyrstu færslunni í skránni yfir fóðurefni í C-hluta sem varðar viðkomandi plöntu.

13) Sú meginregla sem liggur til grundvallar lögboðinni merkingu á greiningarþáttum tiltekinna fóðurefna í skránni er hvort tiltekin afurð innihaldi tiltekinn þátt í miklum styrk eða hvort framleiðsluferlið hafi breytt næringarfræðilegum eiginleikum afurðarinnar.

14) Í g-lið 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, í tengslum við 6. lið I. viðauka við þá reglugerð, er mælt fyrir um kröfur varðandi merkingar að því er varðar rakainnihald. Í b-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar, í tengslum við V. viðauka hennar, er mælt fyrir um kröfur varðandi merkingar að því er varðar aðra greiningarþætti. Auk þess er gerð sú krafa í 5. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að innihald ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, skuli gefið upp sé það almennt

([1]) Ákvæðin sem varða efnafræðileg óhreinindi og hjálparefni við vinnslu, sem sett eru fram í þessari málsgrein, gilda ekki um fóðurefni sem eru tilgreind í skránni yfir fóðurefni eins og um getur í 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

([2]) Þrátt fyrir þessa skyldu er heimilt að bæta almennu heiti/lýsingu við aðferðina „þurrkun“.

umfram 2,2% eða fyrir tiltekin fóðurefni ef innihaldið er umfram það magn sem sett er fram í viðeigandi hluta V. viðauka við þá reglugerð. Í sumum færslum í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er þó vikið frá þessum reglum sem hér segir:

a) lögboðnar upplýsingar varðandi greiningarþætti í skránni yfir fóðurefni í C-hluta koma í stað lögboðinna upplýsinga sem settar eru fram í viðeigandi hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009,

b) ef dálkurinn sem varðar lögboðnar upplýsingar í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er óútfylltur að því er varðar greiningarþættina, sem hefði þurft að tilgreina í samræmi við viðeigandi hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009, er ekki þörf á að gefa upp nein innihaldsefni. Að því er varðar ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, skal innihaldið þó tilgreint ef það er umfram 2,2% ef ekkert innihald er fastsett í skránni yfir fóðurefnin í C-hluta,

c) ef eitt eða fleiri sértæk gildi fyrir rakainnihald eru fastsett í dálkinum „lögboðnar upplýsingar“ í skránni yfir fóðurefni í C-hluta skal styðjast við þessi gildi í stað gildanna í 6. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009. Ef rakainnihald er undir 14% er þó ekki skylda að upplýsa um það. Ef ekkert sértækt gildi fyrir rakainnihald er fastsett í þeim dálki skal 6. liður I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 gilda.

15) Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem heldur því fram að fóðurefni búi yfir fleiri eiginleikum en þeim sem tilgreindir eru í dálkinum „lýsing“ í skránni yfir fóðurefni í C-hluta, eða vísar til aðferðar sem er skráð í B-hluta sem leggja má að jöfnu við það (t.d. vörn gegn niðurbroti í vömb), skal fara að 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009. Ennfremur geta fóðurefni samræmst sérstöku næringarmarkmiði í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

B-HLUTI

Orðalisti með aðferðum

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
1	Loftaðgreining	Aðskilnaður agna með loftstreymi	Aðgreint með lofti
2	Útsog	Aðferð við að fjarlægja ryk, fíngerðar agnir og svifagnir úr korni með loftstreymi	Útsogið
3	Snöggsuða	Aðferð sem felst í hitameðhöndlun á lífrænu efni með suðu eða gufu til að menga náttúruleg ensím, mýkja vef og fjarlægja hrá bragðefni og síðan ídýfingu í kalt vatn til að stöðva eldunina	Snöggsoðið
4	Bleiking	Litarefni úr náttúrulegu umhverfi fjarlægt með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum eða með notkun bleikileirs	Bleikt
5	Kæling	Hitastig lækkað niður fyrir umhverfishita en er yfir frostmarki til að auka geymsluþol	Kælt
6	Söxun	Smækkun bitastærða með einum eða fleiri hnífum	Saxað
7	Hreinsun	Fjarlæging hluta (aðskotaefna, t.d. steina) eða plöntuhluta t.d. laus strá og hýði eða illgresi	Hreinsað/flokkað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
8	Þykking ([1])	Fjarlæging vatns og/eða annarra efnisþátta	Þykkni
9	Þétting	Umbreyting efnis úr loftkenndum fasa yfir í fljótandi fasa	Þétt
10	Eldun	Beiting hita til að breyta eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum fóðurefnis	Eldað
11	Mölun	Smækkun kornastærðar með mölunarvél	Malað
12	Kristöllun	Hreinsun með myndun fastra kristalla úr fljótandi lausn. Óhreinindin í vökvanum bindast yfirleitt ekki grindarbyggingu kristalsins.	Kristallað
13	Afhýðing/Barkfletting ([2])	Fjarlæging ytri laga af korni, fræi, aldinum, hnetum og fleiru, að hluta eða í heild	Afhýtt, að hluta afhýtt
14	Afhýðing	Fjarlæging ytra hýðis af baunum, korni og fræi, oftast með eðlisfræðilegum aðferðum	Afhýtt ([3])
15	Pektínhreinsun	Útdráttur pektíns úr fóðurefni	Pektínhreinsað
16	Þurrkun	Aðferð við að draga út raka	Þurrkað
17	Slímhreinsun	Aðferð notuð til að fjarlægja slímlag á yfirborði	Slímhreinsað
18	Sykurskerðing/-sneyðing	Fjarlæging ein- og tvísykra úr melassa og öðrum sykurauðugum efnum með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum, að hluta eða í heild	Sykursneytt, sykurskert
19	Afeitrun	Aðferð þar sem eitruðum aðskotaefnum er eytt eða dregið úr styrk þeirra	Afeitrað
20	Eiming	Þætting vökva með suðu og söfnun gufunnar, sem þéttist, í aðskilinn geymi	Eimað
21	Þurrkun	Náttúrleg þurrkun eða þurrkun með öðrum aðferðum	Náttúrulega þurrkað eða þurrkað með öðrum aðferðum, eins og við á
22	Votverkun (votheysverkun)	Geymsla fóðurefna, með eða án viðbættra rotvarnarefna, eða við loftfirrt skilyrði, með eða án votfóðursaukefna	Votverkað, votheysverkað
23	Uppgufun	Dregið úr vatnsinnihaldi	Uppgufað
24	Þensla	Varmaferli þar sem kröftug gufumeðhöndlun vatnsinnihaldsins í afurðinni leiðir til niðurbrots afurðarinnar	Þanið eða blásið
25	Pressun	Olía/fituefni fjarlægð með pressun	Kaka og olía/fituefni

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
26	Útdráttur	Útdráttur á annaðhvort fitu/olíu úr tilteknum efnum með lífrænum leysi eða með vatnskenndum leysi á sykri eða öðrum vatnsleysanlegum efnisþætti	Útdráttur/mjöl og fita/olía, melassi/mauk og sykur eða aðrir vatnsleysanlegir efnisþættir
27	Útpressun	Varmaferli þar sem hröð uppgufun vatnsinnihaldsins í afurðinni leiðir til niðurbrots afurðarinnar auk þess að afurðin mótast við að fara í gegnum tiltekið op	Útpressað
28	Gerjun	Vinnsluferli þar sem örverur á borð við bakteríur, sveppi eða gersveppi eru annaðhvort framleiddir eða notaðir á efni til að breyta efnasamsetningu eða eiginleikum þeirra	Gerjað
29	Síun	Aðferð þar sem vökvi er látinn renna í gegnum gropið efni eða himnusíu til að fjarlægja fastar agnir	Síað
30	Flöguframleiðsla	Völsun á raka- og hitameðhöndluðu efni til að mynda þunn efnisstykki	Flögur
31	Mjölframleiðsla	Smækkun kornastærðar þurrs korns og til að auðvelda aðskilnað innihaldsefna þess (einkum mjöl, klíð og fóðurmjöl)	Mjöl, klíð, fóðurmjöl ([4]) eða fóður, eins og við á
32	Kaldhreinsun	Kæling olíu aðskilur mettaðri hluta olíunnar og ómettaðri hluta hennar. Mettaðri hlutar olíunnar storkna við kælingu en ómettaðri hlutar olíunnar eru í vökvaformi og er t.d. hægt að hella henni. Kalkhreinsaða afurðin er storknaða olían.	Kaldhreinsað
33	Sundrun	Aðferð við að brjóta fóðurefni niður í hluta	Sundrað
34	Steiking	Steiking fóðurefnis í olíu eða feiti	Steikt
35	Hleyping	Aðferð til að mynda hlaup, fast hlaupkennt efni sem getur verið allt frá því að vera mjúkt og þunnt til þess að vera hart og seigt, yfirleitt með aðstoð hleypiefna	Hleypt
36	Kyrning	Meðhöndlun fóðurefna til að ná tiltekinni kornastærð og þéttleika	Kornað
37	Mölun	Smækkun kornastærðar fastra fóðurefna með þurr- eða votvinnslu	Malað
38	Hitun	Hitameðhöndlun framkvæmd við sértæk skilyrði, s.s. þrýsting og raka	Hitað/hitameðhöndlað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
39	Herðing/vetnun	Hvataferli sem miðast að því að metta tvítengi í olíu, fitu eða fitusýrum, sem framkvæmt er við hátt hitastig við vetnisþrýsting til að framleiða þríglýseríð/fitusýrur, sem eru mettuð til fulls eða að hluta til, eða fjölalkóhól með afoxun karbónýlhópa kolvetna í hýdroxýlhópa	Hert/vetnað að fullu eða að hluta til
40	Vatnsrof	Smækkun sameindastærða með viðeigandi meðferð með vatni og hvort heldur með hita/þrýstingi, ensímum eða sýru/basa	Vatnsrofið
41	Þétting í vökva	Breyting úr föstum eða gaskenndum fasa í fljótandi	Fljótandi
42	Bleyting	Minnkun á stærð fóðurefnis með vélrænni vinnslu, oft með vatni eða öðrum vökva	Bleytt upp
43	Möltun	Korn látið hefja spírun til að virkja ensím úr náttúrulegu umhverfi sem geta brotið sterkju niður í gerjanleg kolvetni og prótín í amínósýrur og peptíð	Maltað
44	Bræðing	Umbreyting úr föstum fasa yfir í fljótandi með notkun hita	Brætt
45	Míkrómölun	Minnkun á meðalþvermáli fastra efnishluta í míkronstærð	Míkrómalað
46	Forsuða	Gegnbleyting í vatni og hitameðhöndlun svo að sterkjan breytist að fullu í hlaup, fylgt eftir með þurrkun	Forsoðið
47	Gerilsneyðing	Hitun upp í markhita í tiltekinn tíma til að útiloka skaðlegar örverur, fylgt eftir með snöggri kælingu	Gerilsneytt
48	Afhýðing (barkfletting)	Fjarlæging hýðis af aldinum og grænmeti	Afhýtt/barkflett
49	Kögglun	Efni pressað í gegnum mót	Kögglar, kögglað
50	Slípun hrísgrjóna	Næstum allt eða hluti af klíðinu og kíminu af afhýddum hrísgrjónum er fjarlægt	Slípað
51	Forhleyping	Umbreyting sterkju til að auka fyrirferð hennar umtalsvert í köldu vatni	Forhleypt ([5])
52	Pressun ([6])	Fjarlæging vökva s.s. fitu, olíu, vatns eða safa úr föstum efnum	Kaka (ef um er að ræða efni sem inniheldur olíu) Mauk, hrat (ef um er að ræða aldin o.s.frv.) Pressað mauk (ef um sykurrófur er að ræða)
53	Hreinsun	Fjarlæging óhreininda eða óæskilegra efnisþátta, að fullu eða að hluta til, með efna- eða eðlisfræðilegi meðhöndlun	Hreinsað, að hluta hreinsað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
54	Ristun	Hitun fóðurefnis í þurru formi til að bæta meltanleika, auka lit og/eða draga úr hamlandi næringarþáttum úr náttúrulegu umhverfi	Ristað
55	Völsun	Smækkun kornastærðar með því að láta efni, t.d. grjón, renna á milli valsa	Valsað
56	Vörn gegn niðurbroti í vömb	Aðferð sem miðar að því að vernda næringarefni gegn niðurbroti í vömb, annaðhvort með eðlisfræðilegri meðhöndlun með hita, þrýstingi, gufu eða samblandi slíkra þátta og/eða með notkun t.d. aldehýða, lignósúlfónata, natríumhýdroxíðs eða lífrænna sýra (s.s. própíón- eða tannínsýru) Fóðurefni, sem varin eru gegn niðurbroti í vömb með aldehýðum, geta innihaldið allt að 0,12% af óbundnum aldehýðum	Varið gegn niðurbroti í vömb með [setjið inn eftir því sem við á]
57	Sigtun/sáldun	Aðskilnaður agna í mismunandi stærðum með því að láta fóðurefni renna í gegnum eitt eða fleiri sáld á meðan það er hrist eða hellt yfir sáldið	Sigtað, síað, sáldað
58	Fleyting	Efsta fljótandi lag vökva er fjarlægt með vélrænum hætti, t.d. mjólkurfita	Fleytt
59	Sneiðing	Fóðurefni skorið í flöt stykki	Sneitt
60	Gegnbleyting	Fóðurefni, yfirleitt fræ, bleytt og mýkt, til að stytta eldunartíma, auðvelda fjarlægingu hýðis og greiða fyrir vatnsupptöku til að koma spírunarferlinu af stað eða til að draga úr styrk hamlandi næringarþátta úr náttúrulegu umhverfi	Gegnbleytt
61	Úðaþurrkun	Dregið úr rakainnihaldi fljótandi fóðurefnis með því að úða því til að auka yfirborðsflötinn í hlutfalli við þyngd og nota heitan loftblástur	Úðaþurrkað
62	Gufumeðhöndlun	Aðferð þar sem gufa undir þrýstingi er notuð til að hita og elda til að auka meltanleika	Gufumeðhöndlað
63	Þurrhitun	Hitun með þurrum hita, yfirleitt notað á olíufræ, t.d. til að draga úr eða fjarlægja hamlandi næringarþætti úr náttúrulegu umhverfi	Þurrhitað
64	Örsíun	Síun á vökvum gegnum fíngerða himnu sem hleypir eingöngu í gegn smáum sameindum	Örsíað
65	Fjarlæging kíms	Fjarlæging kíms að fullu eða að hluta úr möluðu korni	Án kíms

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
66	Innrauð míkrómölun	Varmaferli þar sem notaður er innrauður varmi til eldunar og ristunar á korni, rótum, fræi eða hnýðum eða auka-afurðum þeirra, venjulega fylgt eftir með flöguframleiðslu	Míkrómalað með innrauðum geislum
67	Sundrun olíu/fitu og hertrar olíu/fitu	Efnavinnsla með vatnsrofi á fitu/olíu. Efnahvarf fitu/olíu við vatn við hátt hitastig og mikinn þrýsting gerir kleift að fá hráar fitusýrur í vatnsfælna fasanum og glýserólvatn (hrátt glýseról) í vatnssækna fasanum.	Sundrað
68	Hátíðnihljóðsundrun með úthljóði	Leysanleg efnasambönd eru leyst með vélrænum aðferðum með úthljóði í miklum styrkleika og varma í vatni.	Hátíðnihljóðsundrað
69	Vélræn fjarlæging matvælaumbúða	Vélræn fjarlæging umbúðaefnis	Vélrænt fjarlægðar umbúðir

([1]) Í þýska textanum má setja „Eindicken“ í stað „Konzentrieren“ þar sem við á, og almennt heiti/lýsing verður þá „eingedickt“.
([2]) Í enska textanum má setja „dehulling“ eða „dehusking “ í stað„decortication“ þar sem við á, og almennt heiti/lýsing verður þá „dehulled“ eða „dehusked“.
([3]) Ef um er að ræða hrísgrjón er þessi aðferð nefnd „afhýðing“ og almenna lýsingin „afhýtt“.
([4]) Í franska textanum er heimilt að nota heitið „issues“.
([5]) Í þýska textanum er heimilt að nota lýsinguna „aufgeschlossen“ og heitið „Quellwasser“ (sem vísar til sterkju). Í danska textanum er heimilt að nota lýsinguna „Kvældning“ og heitið „Kvældet“ (sem vísar til sterkju).
([6]) Í franska textanum má setja „Extraction mécanique“ í stað „Pressage“ þar sem við á.

C-HLUTI

Skrá yfir fóðurefni

1. *Korn og afurðir þess*

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.1.1	Bygg	Korn af tegundinni *Hordeum vulgare* L. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	
1.1.2	Bygg, blásið	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðu eða brotnu byggi við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.1.3	Bygg, ristað	Afurð sem fæst við ristun á byggi þar sem afurðin er ristuð að hluta og er ljós að lit	Sterkja, ef > 10% Hráprótín, ef > 15%
1.1.4	Byggflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýtt bygg. Í henni getur verið dálítið af bygghýði. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Sterkja
1.1.5	Byggtrefjar	Afurð sem fæst við sterkjuframleiðslu úr byggi. Afurðin er úr ögnum af frævítu og aðallega af trefjum.	Hrátrefjar Hráprótín, ef > 10%
1.1.6	Bygghýði	Afurð sem fæst við etanólsterkjuframleiðslu eftir þurrmölun, sáldun og afhýðingu á byggi	Hrátrefjar Hráprótín, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.1.7	Byggfóðurmjöl	Afurð sem fæst við framleiðslu perlubyggs, símiljugrjóna eða mjöls úr sálduðu, afhýddu byggi. Afurðin er aðallega úr ögnum af frævítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja
1.1.8	Byggprótín	Afurð úr byggi sem fæst við aðskilnað sterkju og klíðis. Aðaluppistaða afurðarinnar er prótín.	Hráprótín
1.1.9	Prótínfóður úr byggi	Afurð úr byggi sem fæst við aðskilnað sterkju. Aðaluppistaða afurðarinnar er prótín og agnir af frævítu.	Raki, ef < 45% eða > 60% Ef raki < 45%: — Hráprótín — Sterkja
1.1.10	Leysanleg efni úr byggi	Afurð úr byggi sem fæst eftir útdrátt prótíns og sterkju	Hráprótín
1.1.11	Byggklíð	Afurð sem fæst úr sálduðu, afhýddu byggi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta frævítunnar.	Hrátrefjar
1.1.12	Fljótandi byggsterkja	Hluti af aukasterkju úr framleiðslu byggsterkju	Ef raki < 50%: — Sterkja
1.1.13	Maltað byggsáld	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr undirmálsbyggkornum og brotum byggkorns sem skilin eru frá áður en möltunarferlið er hafið	Hrátrefjar Hráaska, ef > 2,2%
1.1.14	Maltað bygg og maltaðar, smáar efnisagnir	Afurð úr brotum byggkorns og malti sem skilin eru frá meðan á framleiðslu malts stendur	Hrátrefjar
1.1.15	Hýði af möltuðu byggi	Afurð úr hýðisbrotum og smáum efnisögnum sem falla til við hreinsun á möltuðu byggi	Hrátrefjar
1.1.16	Fastar byggdreggjar úr eimingu, votar	Afurð sem fæst úr etanólframleiðslu úr byggi. Afurðin inniheldur fasta fóðurefnisþætti eftir eimingu.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.1.17	Leysanlegar byggdreggjar úr eimingu, votar	Afurð sem fæst úr etanólframleiðslu úr byggi. Afurðin inniheldur leysanlega fóðurefnisþætti eftir eimingu.	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.1.18	Malt ([1])	Afurð úr spíruðu korni, þurrkuðu, möluðu og/eða útdregnu	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.1.19	Maltkímrætur ([1])	Afurð sem fæst með spírun maltaðs korns og hreinsun á malti; samanstendur af kímrótum, smáum efnisögnum úr korni, hýði og smáu og brotnu, möltuðu korni. Afurðin getur verið möluð.	
1.2.1	Maís ([2])	Korn af tegundinni *Zea mays* L. ssp. *mays*. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
1.2.2	Maísflögur ([2])	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddan maís. Hún getur innihaldið dálítið af maíshýði.	Sterkja
1.2.3	Maísfóðurmjöl ([2])	Afurð sem fæst þegar mjöl eða símiljugrjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í maísklíði. Hún getur innihaldið nokkuð af maískímögnum.	Hrátrefjar Sterkja Hráfita ef > 5%
1.2.4	Maísklíð ([2])	Afurð sem fæst þegar mjöl eða símiljugrjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega hýðisbrot og maískímagnir ásamt ögnum af fræhvítu.	Hrátrefjar
1.2.5	Maískólfar ([2])	Innsti hluti maískólfsins. Afurðin getur innihaldið örlítið af maís og háblaðsslíðrum sem hafa e.t.v. ekki verið fjarlægð við vélræna uppskeru.	Hrátrefjar Sterkja
1.2.6	Maíssáld ([2])	Maískjarnabrot sem skilin eru frá með sáldun þegar afurðin er tekin inn	
1.2.7	Maístrefjar ([2])	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Aðaluppistaða afurðarinnar eru trefjar.	Raki, ef < 50% eða > 70% Ef raki < 50%: — Hrátrefjar
1.2.8	Maísglúten ([2])	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Afurðin er aðallega glúten sem fæst við aðskilnað sterkju.	Raki, ef < 70% eða > 90% Ef raki < 70%: — Hráprótín
1.2.9	Maísglútenfóður ([2])	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Hún er úr trefjum og leysanlegum efnum úr maís. Afurðin getur einnig innihaldið brotinn maís og leifar sem falla til við útdrátt olíu úr maískími. Öðrum sterkjuafurðum og afurðum hreinsunar eða gerjunar sterkju getur verið bætt við.	Raki, ef < 40% eða > 65% Ef raki < 40%: — Hráprótín — Hrátrefjar — Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.2.10	Maískím ([2])	Afurð sem fæst þegar símiljugrjón, mjöl eða sterkja eru unnin úr maís. Hún er einkum úr maískími, hýði og hlutum fræhvítunnar.	Raki, ef < 40% eða > 60% Ef raki, < 40%: — Hráprótín — Hráfita
1.2.11	Maískímskaka ([2])	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst með því að pressa unnið maískím sem hlutar af fræhvítu og fræskurn loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita
1.2.12	Maískímsmjöl ([2])	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á unnu maískími.	Hráprótín
1.2.13	Óunnin maískímsolía ([2])	Olía sem fæst úr maískími	Raki, ef > 1%
1.2.14	Maís, blásinn ([2])	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðum eða brotnum maís við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.2.15	Bleytivatn af maís ([2])	Fljótandi, þykktur efnisþáttur sem fellur til við bleytimeðferð maíssins	Raki, ef < 45% eða > 65% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.2.16	Votfóður úr sykurmaís ([2])	Aukaafurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu sykurmaíss, samsett úr innsta hluta maískólfanna, hýðinu og fræsætunum og er söxuð og þurrkuð eða pressuð. Verður til við söxun á kólfum, hýði og blöðum ásamt kjarna sykurmaískólfanna.	Hrátrefjar
1.2.17	Malaður maís án kíms ([2])	Afurð sem fæst við fjarlægingu kíms úr möluðum maís. Afurðin er aðallega brot af fræhvítu og getur innihaldið nokkuð af maískími og ögnum af hýðisbrotum.	Hrátrefjar Sterkja
1.2.18	Maísmulningur ([2])	Harðir bitar af möluðum maís sem inniheldur lítið eða ekkert af klíði eða kími.	Hrátrefjar Sterkja
1.3.1	Hirsi	Korn af tegundinni *Panicum miliaceum* L.	
1.4.1	Hafrar	Korn af tegundinni *Avena sativa* L. og öðrum ræktunarafbrigðum hafra	
1.4.2	Afhýddir hafrar	Afhýdd hafrakorn. Afurðin getur verið gufumeðhöndluð.	
1.4.3	Hafraflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýdda hafra. Afurðin getur innihaldið dálítið magn af hafrahýði.	Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.4.4	Haframjöl, gróft	Afurð sem fæst við framleiðslu hafragrjóna og mjöls úr sálduðum, afhýddum höfrum. Afurðin er aðallega hafraklíð og nokkuð af fræhvítu.	Hrátrefjar Sterkja
1.4.5	Hafraklíð	Afurð sem fæst úr sálduðum, afhýddum höfrum við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta fræhvítunnar.	Hrátrefjar
1.4.6	Hafrahýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á hafrakorni	Hrátrefjar
1.4.7	Hafrar, blásnir	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðum eða brotnum höfrum við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.4.8	Klíðislaust hafrakorn	Hreinsaðir og afhýddir hafrar	Hrátrefjar Sterkja
1.4.9	Haframjöl	Afurð sem fæst við mölun hafragrjóna	Hrátrefjar Sterkja
1.4.10	Fóðurmjöl úr höfrum	Afurð úr höfrum sem innihalda mikið af sterkju eftir afhýðingu	Hrátrefjar
1.4.11	Hafrafóður	Afurð sem fæst við framleiðslu hafragrjóna og mjöls úr sálduðum, afhýddum höfrum. Afurðin er aðallega hafraklíð og nokkuð af fræhvítu.	Hrátrefjar
1.5.1	Frumbyggjanjóla-fræmjöl	Hreinsuð heil fræ frumbyggjanjólaplöntunnar (*Chenopodioum quinoa* Willd.) þar sem sapónínin í ytri lögum fræjanna hafa verið fjarlægð	
1.6.1	Brotin hrísgrjón	Hlutar af hrísgrjónum af *Oryza Sativa* L. sem eru ekki lengri en þrír fjórðu hlutar af heilu grjóni. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.2	Slípuð hrísgrjón	Afhýdd hrísgrjón þar sem næstum allt klíðið og kímið hefur verið fjarlægt meðan á slípun stendur. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.3	Forhleypt hrísgrjón	Afurð sem fæst úr möluðum og brotnum hrísgrjónum með forhleypingu	Sterkja
1.6.4	Útpressuð hrísgrjón	Afurð sem fæst við útpressun á hrísmjöli	Sterkja
1.6.5	Hrísflögur	Afurð sem fæst við vinnslu á forhleyptum hrísgrjónum eða brotnum grjónum í flögur.	Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.6.6	Afhýdd hrísgrjón	Hýðishrísgrjón (*Oryza sativa* L.) þar sem einungis hýðið hefur verið fjarlægt. Þau geta verið forsoðin. Með afhýðingu og meðhöndlun getur nokkuð af klíðinu tapast.	Sterkja Hrátrefjar
1.6.7	Malaður fóðurrís	Afurð sem fæst með mölun á fóðurrís, sem er ýmist græn, kalkhvít eða óþroskuð korn, sigtuð frá við mölun á afhýddum rís, eða eðlilegum grjónum með hýði sem eru gul eða blettótt	Sterkja
1.6.8	Rísmjöl	Afurð sem fæst með mölun á slípuðum hrísgrjónum. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.9	Mjöl úr afhýddum hrísgrjónum	Afurð sem fæst með mölun á afhýddum hrísgrjónum. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja Hrátrefjar
1.6.10	Rísklíð	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega samsett úr ytri lögum grjónsins (aldinvegg, hýði, kjarna, fræhvítu) ásamt hluta kímsins. Hrísgrjónin geta verið forsoðin eða útpressuð.	Hrátrefjar
1.6.11	Rísklíð með kalsíumkarbónati	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega samsett úr ytri lögum grjónsins (aldinvegg, hýði, kjarna, fræhvítu) ásamt hluta kímsins. Afurðin getur innihaldið allt að 23% af kalsíumkarbónati sem notað er sem hjálparefni við vinnslu. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Hrátrefjar Kalsíumkarbónat
1.6.12	Fitusneytt rísklíð	Rísklíð úr olíuvinnslu. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	Hrátrefjar
1.6.13	Olía úr rísklíði	Olía unnin úr stöðguðu rísklíði	
1.6.14	Fóðurmjöl úr hrísgrjónum	Afurð úr hrísmjöls- og sterkjuframleiðslu sem fæst með þurr- eða votmölun og sigtun. Aðaluppistaða afurðarinnar er sterkja, prótín, fita og trefjar. Hrísgrjónin geta verið forsoðin. Getur innihaldið allt að 0,25% af natríumi og allt að 0,25% af súlfati.	Sterkja, ef > 20% Hráprótín, ef > 10% Hráfita, ef > 5% Hrátrefjar
1.6.15	Fóðurmjöl úr hrísgrjónum með kalsíumkarbónati	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr ögnum af fræhvítuhjúp og fræhvítu. Afurðin getur innihaldið allt að 23% af kalsíumkarbónati sem notað er sem hjálparefni við vinnslu. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja Hráprótín Hráfita Hrátrefjar Kalsíumkarbónat

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.6.16	Hrísgrjón	Korn af tegundinni *Oryza sativa* L. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	
1.6.17	Rískím	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr kíminu	Hráfita Hráprótín
1.6.18	Rískímskaka	Afurð sem eftir er þegar rískím hefur verið malað til að fjarlægja olíuna með pressun	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
1.6.20	Hrísgrjónaprótín	Afurð úr rissterkjuframleiðslu sem fæst með votmölun, sigtun, skiljun, þykkingu og þurrkun	Hráprótín
1.6.21	Fljótandi fóður úr hrísgrjónum	Þykkt og fljótandi afurð úr votunnum og sigtuðum hrísgrjónum	Sterkja
1.6.22	Hrísgrjón, blásin	Afurð sem fæst með þenslu hrísgrjóna eða brotinna grjóna	Sterkja
1.6.23	Hrísgrjón, gerjuð	Afurð sem fæst með gerjun hrísgrjóna.	Sterkja
1.6.24	Aflöguð hrísgrjón, slípuð/kalkhvít hrísgrjón, slípuð	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr aflöguðum grjónum og/eða kalkhvítum og/eða skemmdum grjónum og/eða náttúrulega lituðum grjónum (grænum, rauðum, gulum) og/eða eðlilegum grjónum með hýði, heilum eða brotnum. Þau geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.25	Óþroskuð hrísgrjón, slípuð	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr óþroskuðum og/eða kalkhvítum grjónum	Sterkja
1.7.1	Rúgur	Korn af tegundinni *Secale cereale* L.	
1.7.2	Rúgfóðurmjöl	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af ýmsum hlutum kornsins.	Sterkja Hrátrefjar
1.7.3	Rúgfóður	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í rúgklíði.	Sterkja Hrátrefjar
1.7.4	Rúgklíð	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir sem eru að mestu lausar við fræhvítu	Sterkja Hrátrefjar
1.8.1	Dúrra	Korn/fræ af tegundinni *Sorghum bicolor* (L.) Moench	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.8.2	Hvít dúrra	Korn af sérstökum ræktunarafbrigðum dúrru með hvítu hýði.	
1.8.3	Fóður úr dúrru	Þurrkuð afurð sem fæst við aðskilnað sterkju úr dúrru. Aðaluppistaða afurðarinnar er klíð. Afurðin getur einnig innihaldið þurrkaðar leifar bleytivatns og e.t.v. er kími bætt við	Hráprótín
1.9.1	Spelt	Korn af spelttegundunum *Triticum spelta* L., *Triticum dicoccum* Schrank, *Triticum monococcum*	
1.9.2	Speltklíð	Afurð sem fæst við framleiðslu speltmjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og speltkímagnir ásamt ögnum af fræhvítu.	Hrátrefjar
1.9.3	Spelthýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á speltkorni	Hrátrefjar
1.9.4	Fóðurmjöl úr spelti	Afurð sem fæst við framleiðslu speltmjöls úr sálduðu, afhýddu spelti. Afurðin er aðallega úr ögnum af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja
1.10.1	Rúghveiti	Korn af blendingnum *Triticum* × *Secale cereale* L.	
1.11.1	Hveiti	Korn af tegundunum *Triticum aestivum* L., *Triticum durum* Desf. og öðrum ræktunarafbrigðum hveitis. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
1.11.2	Hveitikímsrætur	Afurð sem fæst með spírun maltaðs hveitis og hreinsun á malti; samanstendur af kímrótum, smáum efnisögnum úr korni, hýði og smáu, brotnu og möltuðu hveitikorni	
1.11.3	Hveiti, forhleypt	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðu eða brotnu hveiti við rök, heit skilyrði og við þrýsting	Sterkja
1.11.4	Hveitifóðurmjöl	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega úr ögnum af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja
1.11.5	Hveitiflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýtt hveiti. Afurðin getur innihaldið dálítið af hveitihýði. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hrátrefjar Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.11.6	Hveitifóður	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls eða við maltgerð. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í hveitiklíði.	Hrátrefjar
1.11.7	Hveitiklíð ([3])	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls eða við maltgerð. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta fræhvítunnar.	Hrátrefjar
1.11.8	Maltaðar og gerjaðar hveitiagnir	Afurð sem fæst með samþættum aðferðum sem fela í sér möltun og gerjun hveitis og hveitiklíðs. Afurðin er síðan þurrkuð og möluð.	Sterkja Hrátrefjar
1.11.10	Hveititrefjar	Trefjar sem fást með vinnslu á hveiti. Aðaluppistaða afurðarinnar eru trefjar.	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hrátrefjar
1.11.11	Hveitikím	Afurð sem fæst úr mjölframleiðslu, sem er aðallega hveitikím, valsað eða í öðru formi, sem hlutar af fræhvítu og hýði loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita
1.11.12	Hveitikím, gerjað	Afurð úr gerjun hveitikíms	Hráprótín Hráfita
1.11.13	Hveitikímskaka	Afurð sem fæst með því að pressa hveitikím (*Triticum aestivum* L., *Triticum durum* Desf. og önnur ræktunarafbrigði hveitis og afhýtt spelt (*Triticum spelta* L., *Triticum dicoccum* Schrank, *Triticum monococcum* L.)) við olíuvinnslu, þar sem hlutar af fræhvítu og fræskurn loða ef til vill enn við	Hráprótín
1.11.15	Hveitiprótín	Hveitiprótín sem fengið er með sterkju- eða etanólframleiðslu og getur verið að hluta til vatnsrofið.	Hráprótín
1.11.16	Hveitiglútenfóður	Afurð sem fæst við framleiðslu hveitisterkju og -glútens. Afurðin er úr klíði sem kímið kann að hafa verið fjarlægt úr að hluta til. Leysanlegu efni úr hveiti, brotnu hveiti og öðrum afurðum, sem unnar eru úr sterkju og úr hreinsun eða gerjun sterkjuafurða, getur verið bætt við.	Raki, ef < 45% eða > 60% Ef raki < 45%: — Hráprótín — Sterkja
1.11.18	Hveitiglútenmjöl	Hveitiprótein sem einkennist af miklum teygjanleika þegar það er blandað vatni, með lágmark 80% prótín (N × 6,25) og hámark 2% ösku í þurrefnum	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.11.19	Fljótandi hveitisterkja	Afurð sem fæst með framleiðslu á sterkju/glúkósa og glúteni úr hveiti	Raki, ef < 65% eða > 85% Ef raki < 65%: — Sterkja
1.11.20	Sykurskert hveitisterkja sem inniheldur prótín	Afurð sem fæst við framleiðslu á hveitisterkju og inniheldur aðallega sykurskerta sterkju, uppleysanleg prótín og aðra uppleysanlega hluta fræhvítunnar	Hráprótín Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
1.11.21	Leysanleg efni úr hveiti	Afurð úr hveiti sem fæst eftir útdrátt prótíns og sterkju. Getur verið vatnsrofin	Raki, ef < 55% eða > 85% Ef raki < 55%: — Hráprótín
1.11.22	Hveitigerþykkni	Vot aukaafurð sem skilst frá við gerjun hveitisterkju til framleiðslu á alkóhóli	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hráprótín
1.11.23	Sáld af möltuðu hveiti	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr undirmálshveitikornum og brotum hveitikorns sem skilin eru frá áður en möltunarferlið er hafið	Hrátrefjar
1.11.24	Maltað hveiti og maltagnir	Afurð úr brotum hveitikorns og malti sem skilin eru frá meðan á framleiðslu malts stendur	Hrátrefjar
1.11.25	Hýði af möltuðu hveiti	Afurð úr hýðisbrotum og ögnum sem fást með hreinsun á möltuðu hveiti	Hrátrefjar
1.12.2	Mjöl úr korni ([1])	Mjöl sem fæst með mölun á korni	Sterkja Hrátrefjar
1.12.3	Prótínþykkni úr korni ([1])	Þykkt og þurrkuð afurð sem fæst úr korni eftir að sterkjan er fjarlægð með því að nota gerjun með geri	Hráprótín
1.12.4	Sáld úr korni ([1])	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr smáu korni og brotum korns, sem getur verið spírað, sem skilið er frá áður en kornið er unnið frekar. Afurðin inniheldur meiri hrátrefjar (t.d. hýði) en óaðgreindar kornvörur.	Hrátrefjar
1.12.5	Kím úr korni ([1])	Afurð sem fæst úr mjölframleiðslu og framleiðslu á sterkju, sem er aðallega kím úr korni, valsað eða í öðru formi, sem hlutar af frævítu og hýði loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.12.6	Kornsíróp úr eimingardreggjum ([1])	Afurð úr korni sem fæst með uppgufun úr þykkninu úr eimingardreggjum gerjunarinnar og eimingu á korni sem notað er í framleiðslu kornbrennivíns	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.12.7	Rakar eimingardreggjar ([1])	Raka afurðin í fasta hlutanum sem fæst með skiljun eimingardreggjanna í skilvindu og/eða með síun þeirra úr gerjaða og eimaða korninu sem notað er í framleiðslu kornbrennivíns	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.8	Þykkt, leysanleg efni úr eimingu ([1])	Rök afurð sem fæst úr framleiðslu á alkóhóli með gerjun og eimingu á meski úr hveiti og sykursírópi eftir skiljun klíðs og glútens Hún getur innihaldið dauðar frumur og/eða hluta úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín, ef > 10%
1.12.9	Dreggjar og leysanleg efni úr eimingu ([1])	Afurð sem fæst þegar alkóhól er framleitt með gerjun og eimingu á kornmeski og/eða öðrum afurðum sem innihalda sterkju og sykur. Þau geta innihaldið dauðar frumur og/eða hluta úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina. Geta innihaldið 2% af súlfati. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hráprótín
1.12.10	Þurrkaðar eimingardreggjar	Afurð úr eimingu alkóhóls sem fæst með því að þurrka fastar leifar af gerjuðu korni. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
1.12.11	Dökkar eimingardreggjar ([1]); [þurrkaðar dreggjar og leysanleg efni úr eimingu] ([1])	Afurð úr eimingu alkóhóls sem fæst með því að þurrka fastar leifar af gerjuðu korni að viðbættum sírópsdreggjum eða uppsoðnum eimingardreggjunum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
1.12.12	Dreggjar úr ölgerð ([1])	Afurð úr ölgerð sem er samsett úr leifum af möltuðu og ómöltuðu korni og öðrum sterkjuafurðum sem kunna að innihalda efni úr humlum. Yfirleitt sett á markað í röku formi en einnig er heimilt að selja hana í þurrkuðu formi. Getur innihaldið allt að 0,3% af dímetýlpólýsíloxani, getur innihaldið allt að 1,5% af ensími, getur innihaldið allt að 1,8% af bentóníti	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.13	Maltdreggjar ([1])	Afurð úr föstu efni sem fæst við framleiðslu á kornviskíi. Afurðin er úr leifunum eftir útdrátt á möltuðu korni með heitu vatni. Yfirleitt sett á markað í röku formi eftir að útdrátturinn hefur verið fjarlægður með hjálp þyngdaraflsins	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.12.14	Síað meski	Afurð úr föstu efni sem fæst við framleiðslu á bjór, maltkjarna og viskíi. Afurðin er úr leifunum eftir útdrátt á möluðu malti með heitu vatni og hugsanlega öðrum sykrum eða sterkjuríkum viðbótum. Yfirleitt sett á markað í röku formi eftir að útdrátturinn hefur verið fjarlægður með pressun.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.15	Dreggjar fyrstu eimingar (e. *Pot ale*)	Afurðin sem eftir er í eimingartækinu eftir fyrstu eimingu í malteimingarstöð	Hráprótín, ef > 10%
1.12.16	Sírópsdreggjar	Afurð úr fyrstu eimingu í malteimingarstöð sem fæst með uppgufun úr dreggjunum í eimingartækinu	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: Hráprótín

([1]) Bæta má heiti viðkomandi korntegundar við heitið.
([2]) Vakin er athygli á því að maís heitir á ensku einnig „corn“ (auk „maize“)
([3]) Hafi þessi afurð verið fínmöluð má bæta orðinu „fínt“ við heitið eða skipta því út fyrir tilsvarandi heiti.

2. *Olíufræ, olírík aldin og afurðir úr þeim*

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.1.1	Babassúkaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hnetum babassúpálmans og annarra tegunda af ættkvíslinni *Orbignya*	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.2.1	Akurdoðrufræ	Fræ af *Camelina sativa* L. Crantz.	
2.2.2	Akurdoðrukaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á akurdoðrufræi	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.2.3	Akurdoðrumjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á akurdoðrufræköku	Hráprótín
2.3.1	Kakóbaunahýði	Þurrkað og brennt hýði kakóbauna (*Theobroma cacao* L.)	Hrátrefjar
2.3.2	Kakóhýði	Afurð sem fæst úr vinnslu kakóbauna (*Theobroma cacao* L.)	Hrátrefjar Hráprótín
2.3.3	Kakómjöl úr baunum sem eru afhýddar að hluta	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á þurrkuðum og brenndum kakóbaunum (*Theobroma cacao* L.), þar sem hluti hýðisins hefur verið fjarlægður	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.4.1	Kókoskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans *Cocos nucifera* L.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.4.2	Kókoskaka, vatnsrofin	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun og ensímhvataðr vatnsrof á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans *Cocos nucifera* L.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.4.3	Kókosmjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans *Cocos nucifera* L.	Hráprótín
2.5.1	Baðmullarfræ	Afhærð fræ af *Gossypium* spp. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.5.2	Mjöl úr baðmullarfræi sem er afhýtt að hluta	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á baðmullarfræjum, þar sem hluti hýðisins og fræhár hafa verið fjarlægð. (Hámarksmagn hrátrefja 22,5% í þurrefni). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.5.3	Baðmullarfræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á afhærðum baðmullarfræjum	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.6.1	Jarðhnetukaka, úr hnetum sem eru afhýddar að hluta	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við pressun á jarðhnetum (*Arachis hypogaea* L.), sem eru afhýddar að hluta, og öðrum tegundum af ættkvíslinni *Arachis*. (Hámarksmagn hrátrefja 16% í þurrefni)	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.6.2	Jarðhnetumjöl, úr hnetum sem eru afhýddar að hluta	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á köku úr jarðhnetum sem eru afhýddar að hluta (Hámarksmagn hrátrefja 16% í þurrefni)	Hráprótín Hrátrefjar
2.6.3	Jarðhnetukaka, úr afhýddum hnetum	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á afhýddum jarðhnetum	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.6.4	Jarðhnetumjöl, úr afhýddum hnetum	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á köku úr afhýddum jarðhnetum	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.7.1	Dúnviðaraldinkaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á dúnviðarfræi (*Ceiba pentadra* L. Gaertn.)	Hráprótín Hrátrefjar
2.8.1	Hörfræ	Heil, útflött eða möluð hörfræ (*Linum usitatissimum* L.) (grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.8.2	Hörfræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hörfræjum.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.8.3	Hörfræsmjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á hörfræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.8.4	Fóður úr hörfræsköku	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hörfræjum. Því aðeins að afurðin sé framleidd í samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.8.5	Fóður úr hörfræsmjöli	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á hörfræsköku. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	Hráprótín
2.9.1	Mustarðsklíð	Afurð úr framleiðslu á mustarði (*Brassica juncea* L.). Afurðin er úr smáum hýðisbrotum og kornögnum.	Hrátrefjar
2.9.2	Mjöl úr mustarðsfræi	Afurð sem fæst við útdrátt rokgjarnrar mustarðsolíu úr mustarðsfræi.	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.10.1	Nígerurtarfræ	Fræ nígerurtarinnar, *Guizotia abyssinica* (L. F.) Cass	
2.10.2	Kaka úr nígerurtarfræjum	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á fræjum nígerurtarinnar (aska óleysanleg í HCl: hámark 3,4%)	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.11.1	Ólífualdinmauk	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á ólífum, *Olea europaea* L., sem eru að svo miklu leyti sem hægt er lausar við hluta úr kjörnunum	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.11.2	Fóður úr fitusneyddu ólífumjöli	Afurð úr ólífuolíuframleiðslu sem fæst við útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun á köku úr ólífualdinmauki, sem er að svo miklu leyti sem hægt er laus við hluta úr kjörnunum. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni. — 2% af sápufæti.	Hráprótín Hrátrefjar
2.11.3	Fitusneytt ólífumjöl	Afurð úr ólífuolíuframleiðslu sem fæst við útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun á köku úr ólífualdinmauki, sem er að svo miklu leyti sem hægt er laus við hluta úr kjörnunum.	Hráprótín Hrátrefjar
2.12.1	Pálmakjarnakaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á pálmakjörnum af tegundunum *Elaeis guineensis* Jacq. og *Corozo oleifera* (HBK) L. H. Bailey (*Elaeis melanococca auct.*), þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skurninni	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.12.2	Pálmakjarnamjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á pálmakjarna, þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skurninni	Hráprótín Hrátrefjar
2.13.1	Graskersfræ	Fræ af *Cucurbita pepo* L. og annarra plantna af ættkvíslinni Cucurbita	
2.13.2	Graskersfræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á fræi af *Cucurbita pepo* og annarra plantna af ættkvíslinni Cucurbita	Hráprótín Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.14.1	Repjufræ ([1])	Fræ af repju, *Brassica napus* L. ssp. *oleifera* (Metzg.) Sinsk., fræ af indverskri repju, *Brassica napus* L. var. *glauca* (Roxb.) O. E. Schulz. og akurfrækáli, *Brassica rapa* ssp. *oleifera* (Metzg.) Sinsk. Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 94%. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.14.2	Repjufræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á repjufræi. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.14.3	Repjufræsmjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitahöndlun á repjufræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.14.4	Repjufræ, útpressað	Afurð sem fæst við meðhöndlun á heilli repju við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi sem eykur hleypingu sterkju. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita
2.14.5	Repjufræsprótínþykkni	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við aðskilnað prótínþáttar repjufræsköku eða repjufræs	Hráprótín
2.14.6	Fóður úr repjufræsköku	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á repjufræi. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.14.7	Fóður úr repjufræsmjöli	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitahöndlun á repjufræsköku. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.15.1	Litunarþistilsfræ	Fræ litunarþistils, *Carthamus tinctorius* L.	
2.15.2	Litunarþistilsmjöl, úr fræjum sem eru afhýdd að hluta	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á litunarþistilsfræjum sem eru afhýdd að hluta.	Hráprótín Hrátrefjar
2.15.3	Litunarþistilshýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á litunarþistilsfræi	Hrátrefjar
2.16.1	Sesamfræ	Fræ af *Sesamum indicum* L.	
2.17.1	Sesamfræ, að hluta til afhýdd	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst þegar hluti hýðisins er fjarlægður	Hráprótín Hrátrefjar
2.17.2	Sesamhýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á sesamfræi	Hrátrefjar
2.17.3	Sesamfræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst þegar fræ sesamjurtarinnar eru pressuð (aska óleysanleg í HCl: hámark 5%)	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.18.1	Soja(baunir), þurrhitaðar	Sojabaunir (*Glycine max*. L. Merr.) sem fengið hafa viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.18.2	Soja(bauna)kaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á sojabaunum	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.18.3	Soja(bauna)mjöl	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar ef > 8% í þurrefni
2.18.4	Soja(bauna)mjöl, úr afhýddum baunum	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr afhýddum sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,5 mg N/g × mín.). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.18.5	Soja(bauna)hýði	Afurð sem fæst við afhýðingu sojabauna	Hrátrefjar
2.18.6	Sojabaunir, útpressaðar	Afurð sem fæst við meðhöndlun á sojabaunum við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi sem eykur hleypingu sterkju. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.18.7	Soja(bauna)prótín-þykkni	Afurð sem fæst úr afhýddum, fituútdregnum sojabaunum, eftir að þær hafa verið fituútdregnar öðru sinni eða í kjölfar meðhöndlunar með ensímum til að minnka innihaldið af köfnunarefnisfríum útdrætti. Getur innihaldið óvirkjuð ensím.	Hráprótín
2.18.8	Sojabaunamauk	Afurð sem fæst við útdrátt á sojabaunum við tilreiðslu matvæla	Hráprótín
2.18.9	Soja(bauna)melassi	Afurð sem fæst við vinnslu á sojabaunum	Hráprótín Hráfita
2.18.10	Aukaafurð sem fellur til við tilreiðslu á sojabaunum	Afurð sem fæst við vinnslu á sojabaunum fyrir tilreidd matvæli sem innihalda sojabaunir	Hráprótín
2.18.11	Sojabaunir	Sojabaunir (*Glycine max* L. Merr.)	Úreasavirkni ef > 0,4 mg N/g × mín.
2.18.12	Sojabaunaflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar sojabaunir (hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.)	Hráprótín
2.18.13	Fóður úr soja(bauna)mjöli	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.). Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 1,5% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar ef > 8% í þurrefni
2.18.14	Fóður úr soja(bauna)mjöli, úr afhýddum baunum	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr afhýddum sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,5 mg N/g × mín.). Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar)	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
		— 1,3% af óunnu lesitíni — 1,5% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.18.15	Gerjað soja(bauna)prótín (þykkni)	Afurð sem fæst úr afhýddum, fituútdregnum sojabaunum, að lokinni örverugerjun til að minnka innihaldið af köfnunarefnisfríum útdrætti. Í henni geta einnig verið dauðar frumur og/eða hlutar þeirra úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina.	Hráprótín
2.19.1	Sólblómafræ	Fræ sólblóms, *Helianthus annuus* L. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.19.2	Sólblómafræskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á sólblómafræi	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.19.3	Sólblómafræsmjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.19.4	Sólblómafræsmjöl úr afhýddu fræi	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á sólblómafræi og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku, þar sem hýðið hefur verið fjarlægt að hluta eða að fullu. Hámarksmagn hrátrefja 27,5% í þurrefni	Hráprótín Hrátrefjar
2.19.5	Sólblómafræshýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á sólblómafræi	Hrátrefjar
2.19.6	Fóður úr sólblómafræsmjöli	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.19.7	Fóður úr sólblómafræsmjöli, úr afhýddu fræi	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á sólblómafræi og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblóma-fræsköku, þar sem hýðið hefur verið fjarlægt að hluta eða að fullu. Því aðeins að afurðin sé framleidd á samþættri mölunar- og hreinsunarstöð getur hún innihaldið allt að: — 1% af summunni af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) — 1,3% af óunnu lesitíni — 2% af sápufæti. Hámarksmagn hrátrefja: 27,5% í þurrefni. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.19.8	Þáttur úr sólblómamjöli með mikið prótíninnihald og lítið sellulósainnihald	Afurð úr vinnslu sólblómamjöls sem fæst með mölun og þættingu (sigtun og loftaðgreiningu) á sólblóma-fræsmjöli, úr afhýddu fræi. Lágmarksinnihald hráprótíns: 45% á grundvelli 8% vatnsinnihalds Hámarksmagn hrátrefja: 8% á grundvelli 8% vatnsinnihalds Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.19.9	Þáttur úr sólblómamjöli með mikið sellulósainnihald	Afurð úr vinnslu sólblómamjöls sem fæst með mölun og þættingu (sigtun og loftaðgreiningu) á sólblóma-fræsmjöli, úr afhýddu fræi. Lágmarksmagn hrátrefja: 38% á grundvelli 8% vatnsinnihalds Lágmarksinnihald hráprótíns: 17% á grundvelli 8% vatnsinnihalds Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.20.1	Jurtaolía og feiti ([2])	Olía og feiti sem fást úr olíufræjum eða olíuríkum aldinum (að undanskilinni olíu úr kristpálma); afurðin getur verið afkvoðuð (e. *degummed*), hreinsuð og/eða hert.	Raki, ef > 1%
2.20.2	Notuð jurtaolía frá matvælaiðnaði	Jurtaolíur sem stjórnendur matvælafyrirtækja hafa notað, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004, til eldunar og sem hefur ekki komist í snertingu við kjöt, dýrafitu, fisk eða lagardýr.	Raki, ef > 1%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.21.1	Óunnið lesitín	Afurð sem fæst með afkvoðun óunninnar olíu úr olíufræjum og olíuríkum aldinum með vatni. Sítrónusýru, fosfórsýru, natríumhýdroxíði eða ensímum getur verið bætt við meðan á afkvoðun óunnu olíunnar stendur	
2.22.1	Hampfræ	Gæðavottað fræ af yrkjum *Cannabis sativa* L., með hámarksinnihald af tetrahýdrókannabínóli samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1782/2003.	
2.22.2	Hampkaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hampfræi	Hráprótín Hrátrefjar
2.22.3	Hampolía	Olía sem fæst við pressun á hampjurtum og -fræi	Raki, ef > 1%
2.23.1	Valmúafræ	Fræ af *Papaver somniferum* L.	
2.23.2	Valmúamjöl	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á valmúafræsköku.	Hráprótín

([1]) Heimilt er tilgreina „inniheldur lítið glúkósínólat“ við heitið, eftir því sem við á, eins og skilgreint er í löggjöf Sambandsins. Þetta gildir um allar afurðir úr repjufræi.

([2]) Heitið „jurtaolía“ eða „jurtafeiti“ getur komið í stað heitisins “jurtaolía og -feiti”, eftir því sem við á. Bæta skal plöntutegundinni við heitið og, eins og við á, plöntuhluta. Tilgreina skal hvort olían/olíurnar og/eða feitin sé óunnin eða hreinsuð.

3. *Belgjurtafræ og afurðir úr þeim*

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.1.1	Baunir, þurrhitaðar	Fræ af *Phaseolus* spp. eða *Vigna* spp. sem fengið hafa viðeigandi hitameðhöndlun. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
3.1.2	Baunaprótínþykkni	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá baununum við framleiðslu á sterkju	Hráprótín
3.2.1	Jóhannesarbrauð	Þurrkuð aldin karóbtrésins, *Ceratonia siliqua* L., sem innihalda karóbfræin	Hrátrefjar
3.2.3	Kurlað karób	Afurð sem fæst við mölun á þurrkuðum aldinum (fræbelgjum) karóbtrésins sem karóbfræin hafa verið fjarlægð úr	Hrátrefjar
3.2.4	Karóbduft [karóbmjöl]	Afurð sem fæst við míkrómölun á þurrkuðum aldinum (fræbelgjum) karóbtrésins sem karóbfræin hafa verið fjarlægð úr	Hrátrefjar Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
3.2.5	Karóbkím	Kím karóbfræsins af karóbtrénu	Hráprótín
3.2.6	Karóbkímskaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á karóbkími	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.2.7	Karóbfræ	Fræ (kjarni) sem fæst úr karóbfræbelg og samanstendur af fræhvítu, hýði og kími	Hrátrefjar
3.2.8	Karóbfræhýði	Hýði karóbfræsins, fæst með afhýðingu fræja af karóbtrénu	Hrátrefjar
3.3.1	Kjúklingabaunir	Fræ af *Cicer arietinum* L.	
3.4.1	Linsuflækja	Fræ af *Ervum ervilia* L.	
3.5.1	Grikkjasmárafræ	Fræ af grikkjasmára (*Trigonella foenum-graecum*)	
3.6.1	Gúarmjöl	Afurð sem fæst við útdrátt á jurtaslími úr fræjum þyrpibaunar, *Cyamopsis tetragonoloba* (L.) Taub	Hráprótín
3.6.2	Gúarkímsmjöl	Afurð sem fæst við útdrátt á jurtaslími úr fræki mi þyrpibaunar.	Hráprótín
3.7.1	Hestabaunir	Fræ af *Vicia faba* L. ssp. *faba* var. *equina* Pers. og var. *minuta* (Alef.) Mansf.	
3.7.2	Hestabaunaflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar hestabaunir.	Sterkja Hráprótín
3.7.3	Hestabaunahýði	Afurð, sem fæst við afhýðingu hestabauna, sem er aðallega úr ytri himnum.	Hrátrefjar Hráprótín
3.7.4	Hestabaunir, afhýddar	Afurð, sem fæst við afhýðingu hestabauna, sem er aðallega úr kjarna hestabauna.	Hráprótín Hrátrefjar
3.7.5	Hestabaunaprótín	Afurð sem fæst við mölun og loftaðgreiningu hestabauna.	Hráprótín
3.8.1	Linsubaunir	Fræ af *Lens culinaris* a.o. Medik.	
3.8.2	Linsubaunahýði	Afurð sem fæst við afhýðingu á linsubaunum.	Hrátrefjar
3.9.1	Sætar úlfabaunir	Fræ af *Lupinus* spp., lágt hlutfall af beiskum baunum.	
3.9.2	Sætar úlfabaunir, afhýddar	Afhýddar úlfabaunir.	Hráprótín
3.9.3	Úlfabaunahýði	Afurð, sem fæst við afhýðingu úlfabauna, sem er aðallega úr ytri himnum.	Hráprótín Hrátrefjar
3.9.4	Úlfabaunamauk	Afurð sem fæst eftir útdrátt á efnisþáttum úlfabauna.	Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.9.5	Fóðurmjöl úr úlfabaunum	Afurð sem fæst við framleiðslu á úlfabaunamjöli úr úlfabaunum. Afurðin er aðallega hlutar af kímblöðum og í minna mæli hlutar af hýði.	Hráprótín Hrátrefjar
3.9.6	Úlfabaunaprótín	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá úlfabaununum, eða eftir mölun og loftaðgreiningu.	Hráprótín
3.9.7	Prótínmjöl úr úlfabaunum	Afurð sem fæst við vinnslu á úlfabaunum til framleiðslu á prótínríku mjöli.	Hráprótín
3.10.1	Mungbaunir	Baunir af *Vigna radiata* L.	
3.11.1	Ertur	Fræ af *Pisum* spp. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
3.11.2	Ertuklíð	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli. Afurðin er aðallega hlutar af hýði sem er fjarlægt við afhýðingu og hreinsun bauna.	Hrátrefjar
3.11.3	Ertuflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar ertur.	Sterkja
3.11.4	Ertumjöl	Afurð sem fæst við mölun á ertum.	Hráprótín
3.11.5	Ertuhýði	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli úr ertum. Afurðin er aðallega hlutar af hýði sem er fjarlægt við afhýðingu og hreinsun og í minna mæli frævítu.	Hrátrefjar
3.11.6	Ertur, afhýddar	Afhýddar ertur.	Hráprótín Hrátrefjar
3.11.7	Ertufóðurmjöl	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli. Afurðin er aðallega hlutar af kímblöðum og í minna mæli hlutar af hýði.	Hráprótín Hrátrefjar
3.11.8	Baunasáld	Afurð sem fæst úr vélrænni sáldun, úr baunabrotum sem skilin eru frá áður en frekari vinnsla fer fram.	Hrátrefjar
3.11.9	Ertuprótín	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá ertunum við framleiðslu á sterkju, eða eftir mölun og loftaðgreiningu, getur verið vatnsrofin að hluta til.	Hráprótín
3.11.10	Ertumauk	Afurð sem fæst við votútdrátt prótíns og sterkju úr ertum. Afurðin er aðallega innri trefjar og sterkja.	Raki, ef < 70% eða > 85% Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.11.11	Leysanleg efni úr ertum	Afurð sem fæst við votútdrátt prótíns og sterkju úr ertum. Afurðin er aðallega leysanleg prótín og fásykrur.	Raki, ef < 60% eða > 85% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráprótín
3.11.12	Ertutrefjar	Afurð sem fæst við útdrátt eftir mölun og sigtun á afhýddum ertum.	Hrátrefjar
3.12.1	Flækjur	Fræ af *Vicia sativa* L. var. sativa og öðrum afbrigðum.	
3.13.1	Varpabaunir	Fræ af *Lathyrus sativus* L., eftir viðeigandi hitameðhöndlun.	Aðferð við hitameðhöndlun
3.14.1	Mónöntuflækja	Fræ af *Vicia monanthos* Desf.	

4. *Hnýði, rótarávextir og afurðir úr þeim*

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.1.1	Sykurrófa	Rót af *Beta vulgaris* L. ssp. *vulgaris* var. *altissima* Doell.	
4.1.2	Sykurrófa, toppar og rætur	Fersk afurð, sem fæst við sykurframleiðslu, aðallega úr hreinsuðum hlutum sykurrófu með hlutum af rófublöðum eða án þeirra.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 50%
4.1.3	(Rófu)sykur [súkrósi]	Sykur dreginn út úr sykurrófum með vatni.	
4.1.4	(Sykur)rófumelassi	Sírópskennd afurð sem fæst við framleiðslu eða hreinsun á sykri úr sykurrófum. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði, 0,5% af hrúðurvarnarefnum, 2% af súlfati og 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 28%
4.1.5	(Sykur)rófumelassi, að hluta afsykraður og/eða betaínskertur	Afurð sem fæst við frekari útdrátt á súkrósa og/eða betaíni úr sykurrófumelassa með vatni. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati og 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 28%
4.1.6	Ísómaltúlósamelassi	Ókristallaður efnisþáttur sem fellur til við framleiðslu á ísómaltúlósa með ensímummyndun súkrósa úr sykurrófum.	Raki, ef > 40%
4.1.7	(Sykur)rófumauk, vott	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni. Lágmarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald er lítið og minnkar í átt að núlli vegna (mjólkursýru)gerjunar.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 82% eða > 92%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.1.8	Pressað (sykur)rófumauk	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni og þær vélpressaðar. Hámarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald er lítið og minnkar í átt að núlli vegna (mjólkursýru)gerjunar. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%
4.1.9	Pressað (sykur)rófumauk, með viðbættum melassa	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og bætt við melassa. Hámarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald minnkar vegna (mjólkursýru)gerjunar. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%
4.1.10	Þurrkað (sykur)rófumauk	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og þurrkaðar. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10,5%
4.1.11	Þurrkað (sykur)rófumauk, með viðbættum melassa	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og þurrkaðar og bætt við melassa. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði og 2% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
4.1.12	Sykursíróp	Afurð sem fæst með vinnslu á sykri og/eða melassa. Getur innihaldið allt að 0,5% af súlfati og 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 35%
4.1.13	(Sykur)rófubitar, soðnir	Afurð sem fæst við framleiðslu á ætu sírópi úr sykurrófum sem getur verið pressuð eða þurrkuð.	Ef þurrkuð: Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Ef pressuð: Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef > 50%
4.1.14	Frúktófásykrur	Afurð sem fæst úr sykri úr sykurrófum með ensímvinnslu.	Raki, ef > 28%
4.1.15	(Sykur)rófumelassi, auðugur af betaíni, fljótandi/þurrkaður ([1])	Afurð sem fæst við útdrátt á sykri með vatni og frekari síun sykurrófumelassa. Afurðin sem myndast inniheldur efnisþætti melassa og meira magn af náttúrulegu betaíni en venjulegur melassi. Afurðin getur verið þurrkuð. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði, 0,5% af hrúðurvarnarefnum, 2% af súlfati og 0,25% af súlfíti.	Betaíninnihald Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 14%
4.1.16	Ísómaltúlósi	Ísómaltúlósi sem kristallað einvatnað efni. Afurðin fæst með ensímumbreytingu súkrósa úr sykurrófum.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.2.1	Rauðrófusafi	Safi sem fenginn er með pressun rauðrófu (*Beta vulgaris* convar. crassa var. conditiva), með síðari þykkingu og gerilsneyðingu, þar sem einkennandi bragð og ilmur grænmetisins heldur sér.	Raki, ef < 50% eða > 60% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.3.1	Gulrætur	Rætur gulra eða rauðra gulróta, *Daucus carota* L.	
4.3.2	Gulrótarhýði, gufumeðhöndlað	Rök afurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu gulróta, úr hýðinu sem fjarlægt er af gulrótinni með gufumeðhöndlun og e.t.v. með viðbættri gelkenndri gulrótarsterkju. Hámarksrakainnihald: 97%.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef > 97%
4.3.3	Gulrótarafgangar	Rök afurð sem fæst með vélrænum aðskilnaði við vinnslu á gulrótum og gulrótarafgöngum. Afurðin kann að hafa verið hitameðhöndluð. Hámarksrakainnihald: 97%.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef > 97%
4.3.4	Gulrótarflögur	Afurð sem fæst með vinnslu á gulum eða rauðum gulrótum í flögur sem síðan eru þurrkaðar.	
4.3.5	Gulrætur, þurrkaðar	Rætur gulra og rauðra gulróta, án tillits til þess hvert vinnslustigið er, sem síðan eru þurrkaðar.	Hrátrefjar
4.3.6	Gulrótarfóður, þurrkað	Afurð úr innra efni og ytri lögum sem eru þurrkuð.	Hrátrefjar
4.4.1	Kaffiífilsrætur	Rætur af *Cichorium intybus* L.	
4.4.2	Kaffiífill, toppar og rætur	Fersk afurð úr kaffiífilsvinnslu. Afurðin er aðallega úr hreinsuðum hlutum kaffiífils og hlutum af blöðunum.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef < 50%
4.4.3	Kaffiífilsfræ	Fræ af *Cichorium intybus* L.	
4.4.4	Pressað kaffiífilsmauk	Afurð sem fæst við framleiðslu á inúlíni úr rótum *Cichorium intybus* L. úr sneiðum af kaffiífli sem dregnar eru út og vélpressaðar. Kolvetnin (uppleysanlegu) úr kaffiíflinum og vatn hafa verið fjarlægð að hluta. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati og 0,2% af súlfíti.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%
4.4.5	Þurrkað kaffiífilsmauk	Afurð sem fæst við framleiðslu á inúlíni úr rótum *Cichorium intybus* L. úr sneiðum kaffiífils sem dregnar eru út og vélpressaðar, með síðari þurrkun. Kolvetnin (uppleysanlegu) úr kaffiíflinum hafa verið dregin út að hluta. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati og 0,5% af súlfíti.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.4.6	Kaffifífilsrótaduft	Afurð sem fæst með söxun, þurrkun og mölun kaffifífilsróta. Getur innihaldið allt að 1% af kekkjavarnarefni.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.4.7	Kaffifífilsmelassi	Afurð kaffifífilsvinnslu sem fæst við framleiðslu á inúlíni og ólígófrúktósa. Kaffifífilsmelassi er úr lífrænu plöntuefni og steinefnum. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði.	Hráprótín Hráaska Raki, ef < 20% eða > 30%
4.4.8	Eimingardreggjar kaffifífils	Aukaafurð úr kaffifífilsvinnslu sem fæst eftir aðskilnað á inúlíni og ólígófrúktósa og skolun með jónaskiptum Eimingardreggjar kaffifífils eru úr lífrænu plöntuefni og steinefnum. Getur innihaldið allt að 1% af froðueyði.	Hráprótín Hráaska Raki, ef < 30% eða > 40%
4.4.9	Inúlín ([2])	Inúlín er frúktan sem er dregið út úr t.d. rótum *Cichorium intybus* L., *Inula helenium* eða *Helianthus tuberosus*; óunnið inúlín getur innihaldið allt að 1% af súlfati og 0,5% af súlfíti.	
4.4.10	Ólígófrúktósasíróp	Afurð sem fæst með vatnsrofi að hluta til á inúlíni úr *Cichorium intybus* L.; óunnið ólígófrúktósasíróp getur innihaldið allt að 1% af súlfati og 0,5% af súlfíti.	Raki, ef < 20% eða > 30%
4.4.11	Ólígófrúktósi, þurrkaður	Afurð sem fæst með vatnsrofi, að hluta, inúlíns úr *Cichorium intybus* L. og síðari þurrkun.	
4.5.1	Hvítlaukur, þurrkaður	Hvítt yfir í gult duft úr hreinum, möluðum hvítlauk, *Allium sativum* L.	
4.6.1	Kassavarót [tapíókamjöl]; [kassava]	Rætur af *Manihot esculenta* Crantz, án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 60% eða > 70%
4.6.2	Kassavarót, þurrkuð [tapíókamjöl, þurrkað]	Rætur kassavarótar, án tillits til þess hvert formið er, sem síðan eru þurrkaðar.	Sterkja Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.7.1	Laukmauk	Rök afurð sem fæst við vinnslu á lauk (ættkvíslin *Allium*) og er bæði úr hýði og heilum laukum. Fáist afurðin við framleiðslu á laukolíu er hún að mestu úr elduðum laukafgöngum.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.7.2	Steiktur laukur	Afhýddir laukbitar sem velt er upp úr raspi og síðan steiktir.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.7.3	Leysanleg efni úr laukum, þurrkuð	Þurr afurð sem fæst úr vinnslu á ferskum lauk. Afurðin fæst með útdrætti með vatni og/eða alkóhóli þar sem vatns- eða alkóhólhlutinn er aðskilinn og úðaþurrkaður. Aðaluppistaða afurðarinnar er kolvetni.	Hrátrefjar
4.8.1	Kartöflur	Hnýði af *Solanum tuberosum* L.	Raki, ef < 72% eða > 88%
4.8.2	Flysjaðar kartöflur	Kartöflur þar sem hýðið (flusið) er fjarlægt með gufumeðhöndlun.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.3	Kartöfluhýði, gufumeðhöndlað	Rök afurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu kartaflna, úr hýðinu sem er fjarlægt af hnýði kartöflunnar með gufumeðhöndlun og gelkenndri kartöflusterkju hefur e.t.v. verið bætt við. Afurðin getur verið stöppuð.	Raki, ef > 93% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.4	Kartöfluafskurður, hrár	Afurð sem fengin er úr kartöflum, sem kunna að hafa verið flysjaðar, við tilreiðslu kartöfluafurða til manneldis.	Raki, ef > 88% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.5	Kartöfluafgangar	Afurð sem fæst með vélrænum aðskilnaði við vinnslu á kartöflum og kartöfluafgöngum. Afurðin kann að hafa verið hitameðhöndluð.	Raki, ef > 93% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.6	Kartöflur, stappaðar	Afurð úr kartöflum, snöggsoðnum eða soðnum, sem síðan eru stappaðar.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.7	Kartöfluflögur	Afurð sem fæst við hverfiþurrkun á þvegnum, flysjuðum eða óflysjuðum, gufumeðhöndluðum kartöflum.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.8	Kartöflumauk	Afurð sem fæst úr framleiðslu á kartöflusterkju úr útdregnum, möluðum kartöflum.	Raki, ef < 77% eða > 88%
4.8.9	Kartöflumauk, þurrkað	Þurrkuð afurð sem fæst úr framleiðslu á kartöflusterkju úr útdregnum, möluðum kartöflum.	
4.8.10	Kartöfluprótín	Afurð sem fæst við sterkjuframleiðslu og er aðallega úr prótínefnum sem fást eftir aðskilnað sterkjunnar.	Hráprótín
4.8.11	Kartöfluprótín, vatnsrofin	Prótín sem fæst með stýrðu, ensímhvötuðu vatnsrofi á kartöfluprótínum.	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.8.12	Kartöfluprótín, gerjað	Afurð sem fæst við gerjun kartöfluprótíns og síðari úðaþurrkun.	Hráprótín
4.8.13	Kartöfluprótín, gerjað, fljótandi	Fljótandi afurð sem fæst við gerjun kartöfluprótíns.	Hráprótín
4.8.14	Kartöflusafi, þykktur	Þykkt afurð, sem fæst við framleiðslu kartöflusterkju, úr efnum sem eftir eru þegar trefjar, prótín og sterkja hafa verið fjarlægð að hluta úr kartöflumaukinu og uppgufun á hluta vatnsins.	Raki, ef < 50% eða > 60% Ef raki < 50%: — Hráprótín — Hráaska
4.8.15	Kartöflukorn	Kartöflur eftir skolun, afhýðingu, minnkun (í stykki, flögur o.s.frv.) og þurrkun.	
4.9.1	Sætar kartöflur	Hnýði af *Ipomoea batatas* L., án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 57% eða > 78%
4.10.1	Ætisólblóm [ætihnúður]	Rótarhnýði *Helianthus tuberosus* L., án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 75% eða > 80%

([1]) Munur á heitum liggur aðallega í rakainnihaldi og skal nota viðkomandi heiti eftir því sem við á.
([2]) Bæta skal heiti viðkomandi plöntutegundar við heitið.

5. *Önnur fræ og aldin og afurðir úr þeim*

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.1.1	Akarn	Heil aldin af eik, *Quercus robur* L., steineik, *Quercus petraea* (Matt.) Liebl., korkeik, *Quercus suber* L., og öðrum eikartegundum.	
5.1.2	Akarn, afhýtt	Afurð sem fæst við afhýðingu á akarni.	Hráprótín Hrátrefjar
5.2.1	Möndlur	Heil eða brotin aldin af *Prunus dulcis*, með eða án hýðis.	
5.2.2	Möndluhýði	Malað möndluhýði sem fæst úr afhýddum möndlufræjum eftir vélrænan aðskilnað frá kjarnanum.	Hrátrefjar
5.2.3	Möndlukjarnakaka	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á möndlum.	Hráprótín Hrátrefjar
5.3.1	Anísfræ	Fræ af *Pimpinella anisum*.	
5.4.1	Eplamauk, þurrkað (eplahrat, þurrkað)	Afurð sem fæst við framleiðslu á safa úr *Malus domestica* eða framleiðslu á eplasítra. Afurðin er aðallega úr aldinkjöti og hýði sem er þurrkað. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.4.2	Eplamauk, pressað (eplahrat, pressað)	Rök afurð sem fæst við framleiðslu á eplasafa eða eplasítra. Afurðin er aðallega úr aldinkjöti og hýði sem er pressað. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.4.3	Eplamelassi	Afurð sem fæst eftir framleiðslu pektíns úr eplamauki. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hráprótín Hrátrefjar Jarðolía og fita, ef > 10%
5.5.1	Sykurrófufræ	Fræ sykurrófa.	
5.6.1	Bókhveiti	Fræ af *Fagopyrum esculentum*.	
12.1.2	Afurð úr *Methylococcus capsulatus* (Bath), *Alca ligenes acidovorans*, *Bacillus brevis* og *Bacillus firmus*, prótínrík ([1]) ([2])	Gerjunarafurð sem fæst með ræktun *Methylococcus capsulatus* (Bath) (NCIMB stofn 11132), *Alcaligenes acidovorans* (NCIMB stofn 13287), *Bacillus brevis* (NCIMB stofn 13288) og *Bacillus firmus* (NCIMB stofn 13289) á náttúrulegu gasi (u.þ.b. 91% metan, 5% etan, 2% própan, 0,5% ísóbútan, 0,5% n-bútan), ammoníaki og ólífrænum söltum, innihald hráprótíns er minnst 65%.	Hráprótín Hráaska Hráfita Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.3	Afurð úr *Escherichia coli*, prótínrík ([1]) ([2])	Gerjuð aukaafurð úr framleiðslu á amínósýru með ræktun *Escherichia coli* K12 á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum; afurðin getur verið vatnsrofin.	Hráprótín Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.4	Afurð úr *Corynebacterium glutamicum*, prótínrík ([1]) ([2])	Gerjuð aukaafurð úr framleiðslu á amínósýru með ræktun *Corynebacterium glutamicum* á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum; afurðin getur verið vatnsrofin.	Hráprótín Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.5	Ger [ölger] ([1]) ([2])	Allt ger sem fæst úr ([4]) *Saccharomyces cerevisiae*, *Saccharomyces carlsbergensis*, *Kluyveromyces lactis*, *Kluyveromyces fragilis*, *Torulaspora delbrueckii*, *Cyberlindnera jadinii* ([3]), *Saccharomyces uvarum*, *Saccharomyces ludwigii* eða *Brettanomyces* ssp. á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassa, sykursírópi, alkóhóli, eimingarleifum, korni og afurðum sem innihalda sterkju, aldinsafa, mysu, mjólkursýru, sykri, vatnsrofnum plöntutrefjum og næringarefnum gerjunar, s.s. ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Raki, ef < 75% eða > 97% Ef raki < 75%: Hráprótín Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.6	Vot mygluafurð úr framleiðslu á penisillíni ([1]) ([2])	Mygli (e. *mycelium*) (köfnunarefnisrík efnasambönd), vot aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á penisillíni með *Penicillium chrysogenum* (ATCC 48271) á mismunandi gjöfum kolvetna og vatnsrofsefna þeirra, hitameðhöndluð og votverkuð með *Lactobacillus brevis*, L. *plantarum*, L. *sake*, L. *collinoides* og *Streptococcus lactis* til að gera penisillínið óvirkt; köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín, er að lágmarki 7%.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín. Hráaska Própíónsýra ef > 0,5%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
12.1.7	Ger úr vinnslu á lífdísilolíu (1) (2)	Allt ger og hlutar (6) þess sem fást úr (4) *Yarrowia lipolytica*, sem er ræktaður, á jurtaolíu, og þættir frá afkvoðun og glýserólþættir sem myndast við framleiðslu á lífeldsneyti.	Raki, ef < 75% eða > 97% Ef raki < 75%: Hráprótín Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.8	Afurð úr tegundum af *Lactobacillus*, prótínrík (1) (2)	Gerjunarafurð sem fæst úr ræktun *Lactobacillus* á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt. Afurðin getur verið þurrkuð.	Hráprótín Hráaska Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.9	Afurð úr *Trichoderma viride*, prótínrík (1) (2)	Gerjunarafurð sem fæst úr ræktun *Trichoderma viride* á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt. Afurðin getur verið þurrkuð.	Hráprótín Hráaska Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.10	Afurð úr *Bacillus subtilis*, prótínrík (1) (2)	Gerjunarafurð sem fæst úr ræktun *Bacillus subtilis* á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt. Afurðin getur verið þurrkuð.	Hráprótín Hráaska Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.11	Afurð úr *Aspergillus oryzae*, prótínrík (1) (2)	Gerjunarafurð sem fæst úr ræktun *Aspergillus oryzae* á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt. Afurðin getur verið þurrkuð.	Hráprótín Hráaska Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.12	Gerafurðir (1) (2)	Allir hlutar gers (6)sem fást úr (4) *Saccharomyces cerevisiae*, *Saccharomyces carlsbergensis*, *Kluyveromyces lactis*, *Kluyveromyces fragilis*, *Torulaspora delbrueckii*, *Cyberlindnera jadinii* (3), *Saccharomyces uvarum*, *Saccharomyces ludwigii* eða *Brettanomyces* ssp. á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassa, sykursírópi, alkóhóli, eimingarleifum, korni og afurðum sem innihalda sterkju, aldinsafa, mysu, mjólkursýru, sykri, vatnsrofnum plöntutrefjum og næringarefnum gerjunar, s.s. ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Raki, ef < 75% eða > 97% Ef raki < 75%: Hráprótín Própíónsýra ef > 0,5%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
12.2.1	Eimingardreggjar [niðurseydd, vatnsleysanleg melassaleif] ([2]) ([5])	Aukaafurð fengin úr iðnaðarvinnslu musts/maltvökva í örverugerjunarferlum, s.s. framleiðslu á alkóhóli, lífrænum sýrum eða geri. Afurðin er úr fljótandi/maukkenndum efnisþáttum sem fást við skiljun gerjunarmustsins/-maltvökvans. Í henni geta einnig verið dauðar frumur og/eða hlutar ([6]) þeirra úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina. Ætið er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt.	Hráprótín Æti og upplýsingar um framleiðsluferli eftir því sem við á
12.2.2	Aukaafurðir úr framleiðslu á L-glútamínsýru ([2]) ([5])	Aukaafurðir úr framleiðslu á L-glútamínsýru með gerjun með *Corynebacterium melassecola* á æti úr súkrósa, melassa, sterkjuafurðum og vatnsrofsefnum þeirra, ammóníumsöltum og öðrum köfnunarefnisríkum efnasamböndum.	Hráprótín
12.2.3	Aukaafurðir úr framleiðslu á L-lýsínmónóhýdróklóríði með *Brevibacterium lactofermentum* ([2]) ([5])	Aukaafurðir úr framleiðslu á L-lýsínmónóhýdróklóríði með gerjun með *Brevibacterium lactofermentum* á æti úr súkrósa, melassa, sterkjuafurðum og vatnsrofsefnum þeirra, ammóníumsöltum og öðrum köfnunarefnisríkum efnasamböndum.	Hráprótín
12.2.4	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með *Corynebacterium glutamicum* ([2]) ([5])	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Hráprótín Hráaska
12.2.5	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með *Escherichia coli* K12 ([2]) ([5])	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með gerjun með *Escherichia coli* K12, á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Hráprótín Hráaska
12.2.6	Aukaafurð sem fellur til við ensímframleiðslu með *Aspergillus niger* ([2]) ([5])	Aukaafurð sem fellur til við gerjun hveitis og malts með *Aspergillus niger* til ensímframleiðslu.	Hráprótín
12.2.7	Pólýhýdroxýbútýrat frá gerjun með *Ralstonia eutropha* ([2])	Afurð sem inniheldur 3-hýdroxýbútýrat og 3-hýdroxývalerat, framleidd með gerjun með *Ralstonia eutropha*, og ólífvænlegt bakteríuprótínmjöl sem verður eftir frá bakteríum, sem eru notaðar í framleiðsluferlinu, ásamt gerjunarlausn.	

([1]) Afurðir sem fást úr lífmassa sérstakra örvera sem ræktaðar eru á tilteknu æti. Geta innihaldið allt að 0,3% af froðueyði, 1,5% af síunar-/fellingarefni og 2,9% af própansýru.
([2]) Örverur, sem eru notaðar við gerjunina, hafa verið gerðar óvirkar þannig að engar slíkar örverur eru lífvænlegar í fóðurefnunum.
([3]) Ræktun á n-alkönum er bönnuð (reglugerð (ESB) nr. 568/2010).
([4]) Heiti gerstofnanna geta verið önnur en þau í vísindalegu flokkunarfræðinni. Því er einnig hægt að nota samheiti gerstofnanna sem tilgreindir eru.
([5]) Aðrar gerjaðar aukaafurðir. Getur innihaldið allt að 0,6% af froðueyði, 0,5% af hrúðurvarnarefnum og 0,2% af súlfíti.
([6]) Með hlutum er átt við alla leysanlega og óleysanlega þætti gersins, þ.m.t. úr frumuhimnu eða innri hlutum frumunnar.

13. *Ýmislegt*

Fóðurefni í þessum kafla, sem innihalda dýraafurðir, skulu uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og þau geta sætt takmörkunum á notkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 999/2001.

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.1.1	Afurðir úr bökunar- og pastaiðnaðinum	Afurðir sem fást við framleiðslu á brauði, kexi, kexþynnum eða pasta. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita, ef > 5%
13.1.2	Afurðir úr sæta-brauðsiðnaðinum	Afurðir sem fást við framleiðslu á sætabrauði og kökum. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita, ef > 5%
13.1.3	Afurðir sem falla til við framleiðslu morgun-korns	Efni eða afurðir sem ætlaðar eru til neyslu eða sem með réttu má ætla að megi neyta í unnu formi, í formi sem er unnið að hluta eða óunnu formi. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10% Sterkja, ef > 30% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10%
13.1.4	Afurðir úr sælgætisiðn-aðinum	Afurðir sem fást við framleiðslu á sætindum, þ.m.t. súkkulaðivörur. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Hráfita, ef > 5% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.1.5	Afurðir úr ísiðnaðinum	Afurðir sem fást við framleiðslu á ís. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita
13.1.6	Afurðir og aukaafurðir úr framleiðslu á ferskum aldinum og grænmeti ([1])	Afurðir sem fást við vinnslu á ferskum aldinum og grænmeti (þ.m.t. hýði, heil stykki af aldinum/grænmeti og blöndur þeirra). Afurðirnar kunna að hafa verið þurrkaðar eða frystar.	Sterkja Hrátrefjar Hráfita, ef > 5% Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5%
13.1.7	Afurðir úr vinnslu plantna ([1])	Afurðir sem fást við frystingu eða þurrkun heilla plantna eða hluta þeirra.	Hrátrefjar
13.1.8	Afurðir úr vinnslu á kryddi og krydd-blöndum ([1])	Afurðir sem fást við frystingu eða þurrkun krydds og kryddblandna eða hluta þeirra.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10% Sterkja, ef > 30% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.1.9	Afurðir úr vinnslu kryddjurta ([1])	Afurðir sem fást við mulning, mölun, frystingu eða þurrkun kryddjurta eða hluta þeirra.	Hrátrefjar
13.1.10	Afurðir úr kartöflu-vinnsluiðnaðinum	Afurðir sem fást við vinnslu á kartöflum. Afurðirnar kunna að hafa verið þurrkaðar eða frystar.	Sterkja Hrátrefjar Hráfita, ef > 5% Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5%
13.1.11	Afurðir og aukaafurðir úr sósuframleiðslu	Efni úr sósuframleiðslu, sem ætluð eru til neyslu eða sem með réttu má ætla að megi neyta í unnu formi, í formi sem er unnið að hluta eða óunnu formi. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráfita
13.1.12	Afurðir og aukaafurðir úr snarlvöruiðnaðinum	Afurðir og aukaafurðir, sem fást við iðnaðarvinnslu bragðmikilla snarlvara, sem fengnar eru við og úr framleiðslu bragðmikilla snarlvara – kartöfluflögum, snarlvörum úr kartöflum og/eða korni (útpressaðar, úr deigi og kögglaðar) og hnetum.	Hráfita
13.1.13	Afurðir sem fást úr iðnaði á sviði tilbúinna matvæla	Afurðir sem fást við framleiðslu á tilbúnum matvælum. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráfita, ef > 5%
13.1.14	Aukaafurðir úr jurtum úr framleiðslu á brenndum drykkjum	Afurðir úr föstu efni úr plöntum (þ.m.t. berjum og fræjum, s.s. anís) sem fást þegar jurtirnar eru lagðar í bleyti í alkóhóllausn eða eftir uppgufun/eimingu alkóhóls, eða hvort tveggja, við mótun bragðefna fyrir framleiðslu á brenndum drykkjum. Þessar afurðir verður að eima til að uppræta leif alkóhólsins.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10%
13.1.15	Fóðuröl	Afurð sem fellur til við ölgerð og er ekki nothæf sem drykkjarvara fyrir menn.	Innihald alkóhóls Raki, ef < 75%
13.1.16	Sætar, bragðbættar drykkjarvörur	Afurðir frá gosdrykkjaiðnaðinum sem fást við framleiðslu á sætum, bragðbættum gosdrykkjum eða eru ópakkaðir og ómarkaðshæfir sætir, bragðbættir gosdrykkir. Afurðirnar geta verið þykktar eða þurrkaðar.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi. Raki, ef > 30%
13.1.17	Ávaxtasíróp	Afurðir frá ávaxtasírópsiðnaðinum sem fást við framleiðslu á ávaxtasírópi til manneldis	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 30%
13.1.18	Sætt, bragðbætt síróp	Afurðir frá iðnaði með sætu, bragðbættu sírópi sem fást við framleiðslu á sírópi eða eru ópakkað og ómarkaðshæft síróp. Afurðirnar geta verið þykktar eða þurrkaðar.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi. Raki, ef > 30%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.2.1	Brenndur sykur	Afurð sem fæst með stýrðri hitun sykurs af hvaða tagi sem er.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.2.2	Þrúgusykur	Þrúgusykur fæst með vatnsrofi sterkju og er úr hreinsuðum, kristölluðum glúkósa, með eða án kristallaðs vatns.	
13.2.3	Frúktósi	Frúktósi sem hreinsað, kristallað duft. Hann fæst úr glúkósa í glúkósasírópi með glúkósaísómerasa og súkrósaumhverfingu.	
13.2.4	Glúkósasíróp	Glúkósasíróp er hreinsuð og þykkt vatnslausn næringarríkra sykra sem fást með vatnsrofi úr sterkju. Afurðin getur verið þurrkuð.	Raki, ef > 30%
13.2.5	Glúkósamelassi	Afurð úr hreinsunarferli glúkósasíróps.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.2.6	Xýlósi	Sykra, útdregin úr viði.	
13.2.7	Laktúlósi	Hálftilbúin tvísykra (4-O-D-galaktópýranósýl-D-frúktósi), unnin úr laktósa með hverfingu glúkósa í frúktósa. Er í hitameðhöndlaðri mjólk og mjólkurvörum.	
13.2.8	Glúkósamín (kítósamín) ([6])	Amínsykra (einsykra) sem er hluti fjölsykranna kítósan og kítín. Framleidd með vatnsrofi ytri stoðgrindar krabbadýra eða annarra liðdýra eða með gerjun korns á borð við maís eða hveiti.	Natríum eða kalíum, eftir því sem við á
13.2.9	Xýló-fásykra	Keðjur xýlósasameinda með β1–4-tengjum með fjölliðun á bilinu frá 2 til 10 og framleiddar með ensímhvötuðu vatnsrofi á mismunandi hráefni sem er auðugt af hálfsellulósa.	Raki, ef > 5%
13.2.10	Glúkó-fásykra	Afurð sem fæst annaðhvort með gerjun eða vatnsrofi og/eða eðlisfræðilegri hitameðhöndlun á glúkósafjölliðum, glúkósa, súkrósa og maltósa.	Raki, ef > 28%
13.3.1	Sterkja ([2])	Sterkja.	Sterkja
13.3.2	Forhleypt sterkja ([2])	Afurð úr sterkju sem er þanin með hitameðhöndlun.	Sterkja
13.3.3	Sterkjublanda ([2])	Afurð úr náttúrulegri og/eða umbreyttri matarsterkju sem unnin er úr ýmsum grasafræðilegum uppsprettum.	Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.3.4	Vatnsrofin sterkja ([2]) kaka	Afurð sem fæst með síun á vökva úr vatnsrofi á sterkju og sem inniheldur: prótín, sterkju, fjölsykrur, fitu, olíu og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, viðartrefjar).	Raki, ef < 25% eða > 45% Ef raki < 25%: — Hráfita — Hráprótín
13.3.5	Dextrín	Dextrín er að hluta til sýruvatnsrofin sterkja.	
13.3.6	Maltódextrín	Maltódextrín er sterkja sem er að hluta til vatnsrofin	
13.4.1	Pólýdextrósi	Glúkósafjölliður, bundnar saman af handahófi, sem falla til við varmafjölliðun á D-glúkósa.	
13.5.1	Fjölalkóhól	Afurð sem fæst með vetnun eða gerjun og er úr afoxuðum ein-, tví- eða fásykrum eða fjölsykrum.	
13.5.2	Ísómalt	Alkóhól sem fæst úr súkrósa eftir ensímummyndun og vetnun.	
13.5.3	Mannítól	Afurð sem fæst með vetnun eða gerjun og er úr afoxuðum glúkósa og/eða frúktósa.	
13.5.4	Xýlítól	Afurð sem fæst með vetnun og gerjun xýlósa.	
13.5.5	Sorbítól	Afurð sem fæst með vetnun glúkósa	
13.6.1	Súr olía úr efna-fræðilegri hreinsun ([3])	Afurð sem fæst við afsýringu á olíu og fitu úr jurta- eða dýraríkinu með basa, að viðbættri sýruböðun og í kjölfarið aðgreiningu á vatnsfasanum, sem inniheldur óbundnar fitusýrur, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, óunnið lesitín og trefjar.	Hráfita Raki, ef > 1%
13.6.2	Fitusýrur estraðar með glýseróli ([4])	Glýseríð sem fæst með estrun fitusýra með glýseróli. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Raki, ef > 1% Hráfita Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.3	Ein-, tví- og tríglýseríð af fitusýrum ([4])	Afurð úr blöndum af ein-, tví- og þríestrum af glýseróli með fitusýrum. Þau geta innihaldið óbundnar fitusýrur og glýseról í litlum mæli. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.6.4	Sölt af fitusýrum ([4])	Afurð sem fæst við efnahvörf fitusýra með a.m.k. fjórum kolefnisatómum með kalsíumi, magnesíumi, natríumi eða kalíumhýdroxíði, oxíðum eða söltum. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita (eftir vatnsrof) Raki Ca eða Na eða K eða Mg (eftir því sem við á) Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.5	Fitusýrueimi úr eðlis-fræðilegri hreinsun ([3])	Afurð sem fæst við afsýringu á olíu og fitu úr jurta- eða dýraríkinu með eimingu og sem inniheldur óbundnar fitusýrur, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, steról og tókóferól.	Hráfita Raki, ef > 1%
13.6.6	Hráar fitusýrur úr sundrun ([3])	Afurð sem fæst með sundrun á olíu/fitu. Samkvæmt skilgreiningu er hún úr hráum fitusýrum, C_6-C_{24}, alifatískum, línulegum, með einum karboxýlhópi, mettuðum og ómettuðum. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Raki, ef > 1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.7	Hreinar, eimaðar fitusýrur úr sundrun ([3])	Afurð sem fæst með eimingu hrárra fitusýra úr sundrun olíu/fitu, hugsanlega auk vetnunar. Samkvæmt skilgreiningu er hún úr hreinum, eimuðum fitusýrum C_6-C_{24}, alifatískum, línulegum, með einum karboxýlhópi, mettuðum og ómettuðum. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Raki, ef > 1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.8	Sápufótur ([3])	Afurð sem fæst við afsýringu á jurtaolíu og fitu með vatnskenndri kalsíum-, magnesíum-, natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, sem inniheldur sölt af fitusýrum, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, óunnið lesitín og trefjar.	Raki ef < 40 og > 50% Ca eða Na eða K eða Mg, eftir því sem við á
13.6.9	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum, estruð með lífrænum sýrum ([4]) ([5])	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum með a.m.k. fjórum kolefnisatómum, estruð með lífrænum sýrum.	Hráfita
13.6.10	Súkrósaesterar af fitusýrum ([4])	Estrar af sakkarósa og fitusýrum.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita
13.6.11	Súkróglýseríð af fitusýrum ([4])	Blanda af estrum af sakkarósa og ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita
13.6.12	Palmitóýlglúkósamín	Lífrænt lípíðefnasamband sem finnst í rótum margra plantna og einkum í flestum belgjurtum. Það er framleitt með asýlun D-glúkósamíns með palmitínsýru. Getur innihaldið allt að 0,5% af asetoni.	Raki, ef > 2% Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.6.13	Salt af laktýlötum af fitusýrum	Esterar af fitusýrum sem eru ekki glýseríð. Afurðin getur verið kalsíum-, magnesíum-, natríum- eða kalíumsalt af fitusýrum sem eru estraðar með mjólkursýru. Hún getur innihaldið sölt af óbundnum fitusýrum og mjólkursýru.	Hráfita Raki, ef > 1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar Ca eða Na eða K eða Mg, eftir því sem við á
13.8.1	Glýserín, hrátt [Glýseról, hrátt]	Aukaafurð sem fæst úr: — líffituefnavinnslu með sundrun á olíu/fitu til að fá fitusýrur og glýserólvatn og í kjölfarið þykkingu á glýserólvatninu til að fá hrátt glýseról eða með transestrun (getur innihaldið allt að 0,5% af metanóli) á náttúrulegri olíu/fitu til að fá fitusýrumetýlestra og glýserólvatn, í kjölfarið þykking á glýserólvatninu til að fá hrátt glýseról, — framleiðslu á lífdísilolíu (metýl- eða etýlestrum af fitusýrum) með transestrun á olíu og fitu úr jurta- og dýraríkinu, án nánari tilgreiningar. Ólífræn og lífræn sölt kunna enn að vera í glýseríninu (allt að 7,5%). Getur innihaldið allt að 0,5% af metanóli og allt að 4% af lífrænu efni, sem er ekki glýseról (e. MONG, *Matter Organic Non Glycerol*), sem samanstendur af fitusýrumetýlestrum, fitusýruetýlestrum, óbundnum fitusýrum og glýseríðum, — sápumyndun með olíu/fitu úr jurta- eða dýraríkinu, að öllu jöfnu með alkalí-/jarðalkalímálmum, til að fá sápu. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Glýseról Kalíum, ef > 1,5% Natríum, ef > 1,5% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.8.2	Glýserín [Glýseról]	Afurð sem fæst úr: — líffituefnavinnslu með a) sundrun á olíu/fitu og í kjölfarið þykking á glýserólvatninu og hreinsun með eimingu (sjá B-hluta, orðalisti yfir aðferðir, færsla 20) eða jónaskiptaferli, b) transestrun á náttúrulegri olíu/fitu til að fá fitusýrumetýlestra og óhreinsað glýserólvatn, í kjölfarið þykking á glýserólvatninu til að fá óhreinsað glýseról og hreinsun með eimingu eða jónaskiptaferli, — framleiðslu á lífdísilolíu (metýl- eða etýlestrum fitusýra) með transestrun olíu og feiti úr jurta- og dýraríkinu, án nánari tilgreiningar, og í kjölfarið hreinsun á glýseríninu. Lágmarksglýserólinnihald: 99% af þurrefnum,	Glýseról ef < 99% miðað við þurrt efni Natríum, ef > 0,1% Kalíum, ef > 0,1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
		— sápumyndun með olíu/fitu úr jurta- eða dýraríkinu, að öllu jöfnu með alkalí-/jarðalkalímálmum, til að fá sápu, og í kjölfarið með hreinsun á hráu glýseróli og eimingu. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	
13.9.1	Metýlsúlfónýlmetan	Lífrænt brennisteinssamband ($(CH_3)_2SO_2$), sem fæst með efnasmíði og samsvarar náttúrulegu metýlsúlónýl-metani í gjöfum úr plönturíkinu.	Brennisteinn
13.10.1	Mór	Afurð úr náttúrulegu niðurbroti jurta (aðallega hvítmosa) í loftfirrðu og næringarsnauðu umhverfi.	Hrátrefjar
13.10.2	Leónardít	Náttúruleg afurð, sem er steindaflóki fenólvetniskolefna og nefnist einnig „húmat“, sem verður til vegna niðurbrots lífræns efnis á milljónum ára.	Hrátrefjar
13.11.1	Própýlenglýkól [1,2-própandíól], [própan-1,2-díól]	Lífrænt efnasamband (díól eða tvöfalt alkóhól), efnaformúla $C_3H_8O_2$. Það er seigfljótandi vökvi með daufu, sætu bragði, ídrægur og blandanlegur með vatni, asetoni og klóróformi. Getur innihaldið allt að 0,3% af própýlenglýkóli.	
13.11.2	Einestrar af própýlenglýkóli og fitusýrum ([4])	Einestrar af própýlenglýkóli og fitusýrum, eingöngu eða í blöndum með tvíestrum.	Própýlenglýkól Hráfita
13.12.1	Hýalúrónsýra	Glúkósamínglúkan (fjölsykra) með endurtekinni einingu úr amínósykru (N-asetýl-D-glúkósamín) og D-glúkúrónsýru sem finnst í húðinni, liðvökva og naflastreng, til dæmis framleidd úr dýravefjum eða með bakteríugerjun	Natríum eða kalíum, eftir því sem við á
13.12.2	Kondróitínsúlfat	Afurð sem fæst með útdrætti sina, beina og annarra dýravefja sem innihalda brjósk og mjúkan bandvef.	Natríum
13.12.3	Glúkonsýra	Glúkonsýra ($C_6H_{12}O_7$), vatnsleysanleg lífræn sýra með pKa-gildið 3,7, er glær yfir í brún að lit. Í vökvaformi inniheldur afurðin að lágmarki 50% af glúkonsýru. Hún er framleidd með örverugerjun glúkósasíróps eða sem aukaafurð frá framleiðslu á glúkóndeltalaktóni af matvælagæðum.	Glúkonsýra

([1]) Bæta skal heiti viðkomandi tegundar aldins, grænmetis, plöntu, krydds og kryddjurtategunda við heitið, eftir því sem við á.
([2]) Auk heitis skal tilgreina grasafræðilegan uppruna.
([3]) Auk heitis skal tilgreina grasafræðilegan uppruna eða uppruna í dýraríkinu.
([4]) Bæta skal við heitið eða því breytt til að tilgreina fitusýrurnar sem notaðar eru.
([5]) Bæta skal við heitið eða því breytt til að tilgreina lífrænu sýruna.
([6]) Orðunum „úr dýravefjum“ eða „úr gerjun“skal bætt við heitið, eftir því sem við á.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1006 **2018/EES/7/18**

frá 15. júní 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2012 að því er varðar breytingu á framleiðslustofninum í blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sem fóðuraukefni fyrir alifugla sem eru aldir til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir alifugla sem eru aldir til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2012 ([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni sem um er að ræða, með því að óska eftir breytingu á framleiðslustofni, úr *Aspergillus oryzae* (DSM 10287) yfir í *Aspergillus oryzae* (DSM 26372). Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. júlí 2016 ([3]) að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt sem dýraræktaraukefni fyrir alifuglategundir sem eru aldar til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2012 til samræmis við það.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2012 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 12

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(8), 4564.

2. gr.

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 6. janúar 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 6. júlí 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1607i	DSM Nutritional Products Ltd	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), með virkni að lágmarki: Fast form: 1 000 FXU ([1]) /g Vökvaform: 650 FXU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-ß-xýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372) *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í fóðuraukefni: — litmæling sem mælir litað efnasamband sem er framleitt með dínítrósalisýlsýru (DNSA) og xýlósýlhlutum sem xýlanasi leysir úr arabínoxýlani.	Alifuglar sem eru aldir til slátrunar Fráfærugrísir Eldissvín	—	100FXU 200FXU 200FXU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagður hámarksskammtur á hvert kíló heilfóðurs fyrir: — alifugla til eldis: 200 FXU, — fráfærugrísi: 400 FXU, — eldissvín: 400 FXU. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn. 4. Til notkunar fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg.	4. janúar 2023

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 26372), í forblöndum og fóðri: — litmæling, sem mælir vatns-leysanlegan leysilit sem xýlanasi leysir úr litamerktu hafrahismisasóxýlani.						

([1]) 1 FXU er það magn ensíms sem leysir 7,8 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr asóhveiti við pH-gildið 6,0 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1490 **2018/EES/7/19**

frá 21. ágúst 2017

um leyfi fyrir manganklóríðtetrahýdrati, mangan(II)oxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati, manganklósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósambandi af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Manganefnasamböndin manganklóríðtetrahýdrat, manganoxíð, mangansúlfatmónóhýdrat, manganklósamband af amínósýruhýdrati og manganklósamband af glýsínhýdrati voru leyfð án tímamarka með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB nr. 1334/2003 ([3]) og (EB) nr. 479/2006 ([4]) í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á manganklóríðtetrahýdrati, manganoxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati og manganklósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Auk þess var lögð fram, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, umsókn varðandi manganhýdroxýklóríð sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjendurnir óskuðu eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 23. október 2014 ([5]), 23. október 2014 ([6]), 19. mars 2015 ([7]), 18. febrúar 2016 ([8]) og 13. maí 2016 ([9]) að við tillögð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtíð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006 frá 23. mars 2006 að því er varðar leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem tilheyra flokknum snefilefnasambönd (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 4).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(8), 3324.

([6]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(8), 3325.

([7]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3435.

([8]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(2), 4395.

([9]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(5), 4474.

notkunarskilyrði hafi manganklóríðtetrahýdrat, mangan(II)oxíð, mangansúlfatmónóhýdrat, manganklósamband af amínósýruhýdrati, manganklósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósamband af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða umhverfið. Vegna vísindalegra sjónarmiða mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að breyta heiti manganoxíðs í mangan(II)oxíð og heiti manganhýdroxýklóríðs í dímanganklóríðtríhýdroxíð í því skyni að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning. Matvælaöryggisstofnunin mælti einnig með því að skipta manganklósambandi af amínósýrum í eftirfarandi tvo hópa, með tilliti til efnafræðilegra eiginleika þess: manganklósamband af amínósýruhýdrati og manganklósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína.

5) Matvælaöryggisstofnunin tók fram að meðhöndlun mangan(II)oxíðs sé hættuleg notendum við innöndun. Þar eð fullnægjandi gögn eru ekki fyrir hendi ætti að líta svo á að aukefnið sé hugsanlega húð- og augnertandi og húðnæmir. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að meðhöndlun á mangansúlfatmónóhýdrati skapi áhættu fyrir notendur vegna váhrifa við innöndun og að það sé augnertandi. Einnig kom í ljós að meðhöndlun á manganklósambandi af amínósýruhýdrati veldur hugsanlega hættu fyrir öndunarveg og heilbrigði notenda. Þar eð fullnægjandi gögn eru ekki fyrir hendi varðandi ertingu húðar og augna ásamt húðnæmingu ætti einnig að líta svo á að síðara aukefnið sé hugsanlega húð- og augnertandi og húð- og öndunarfæranæmir. Að því er varðar manganklósamband af glýsínhýdrati tók Matvælaöryggisstofnunin fram að þetta aukefni geti ert húð og augu. Að lokum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um öryggi fyrir notendur við meðhöndlun á dímanganklóríðtríhýdroxíði þar eð sértæk gögn eru ekki fyrir hendi. Af þessum sökum ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar viðkomandi aukefni til að koma í veg fyrir að upp komi öryggisvandi fyrir notendur.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að manganklóríðtetrahýdrat, mangan(II)oxíð, mangansúlfatmónóhýdrat, manganklósamband af amínósýruhýdrati, manganklósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósamband af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíð séu áhrifaríkir mangangjafar. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á manganklóríðtetrahýdrati, mangan(II)oxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati, manganklósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, manganklósambandi af glýsínhýdrati og dímanganklóríðtríhýdroxíði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt, nema fyrir drykkjarvatn. Í samræmi við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð og synja um notkun þeirra í drykkjarvatn.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðum fyrir leyfi fyrir manganklóríðtetrahýdrati, manganoxíði, mangansúlfatmónóhýdrati, manganklósambandi af amínósýruhýdrati og manganklósambandi af glýsínhýdrati af öryggisástæðum, sem eru leyfð með reglugerð (EB) nr. 1334/2003, þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Synjun

Synjað er um leyfi fyrir efnunum, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og eru tilgreind í viðaukanum, að því er varðar notkun í drykkjarvatn.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin manganklóríðtetrahýdrat, manganoxíð, mangansúlfatmónóhýdrat, manganklósamband af amínósýruhýdrati og manganklósamband af glýsínhýdrati, sem voru leyfð með reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006, og forblöndur, sem innihalda þessi efni, sem eru framleiddar og merktar fyrir 11. mars 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. september 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. september 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 11. september 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b501	—	Mangan-klóríðtetra-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Manganklóríðtetrahýdrat, sem duft, með a.m.k. 27% manganinnihaldi. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Manganklóríðtetrahýdrat Efnaformúla: $MnCl_2 \cdot 4H_2O$ CAS-númer: 13446-34-9 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að sanngreina efnahvörf klóríðs í fóðuraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 2.3.1, Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining, Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða	Allar dýrategundir	—	—	Fiskar: 100 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Setja má manganklóríðtetrahýdrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu, einkum vegna innihalds þungmálma, þ.m.t. nikkel. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.	11. september 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621), Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðurefnum og fóðurblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2]), C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621).						
3b502	—	Mangan(II)-oxíð	*Samsetning aukefnis* Manganoxíð, sem duft, með a.m.k. 60% manganinnihaldi, Lágmarksinnihald 77,5% af MnO og hámarksinnihald 2% af MnO_2 *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Manganoxíð Efnaformúla: MnO CAS-númer: 1344-43-0	Allar dýrategundir	—	—	Fiskar: 100 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Setja má mangan(II)oxíð á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu.	11. september 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining, Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621), Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðurefnum og fóðurblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621).					3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu, einkum vegna innihalds þungmálma, þ.m.t. nikkel. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
3b503	—	Mangan-súlfatmónó-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Mangansúlfatmónóhýdrat, sem duft, með a.m.k. 95% mangansúlfatmónóhýdrat- og 31% manganinnihaldi. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Mangansúlfatmónóhýdrat Efnaformúla: $MnSO_4 \cdot H_2O$ CAS-númer: 10034-96-5 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að magnákvarða mangansúlfat-mónóhýdrat í fóðuraukefninu: — Títrun með ammóníumi og seríumnítrati (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 1543), Til að sanngreina efnahvörf súlfata í fóðuraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 2.3.1, Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining, Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða	Allar dýrategundir	—	—	Fiskar: 100 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Setja má mangansúlfatmónóhýdrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyr-irtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu, einkum vegna innihalds þungmálma, þ.m.t. nikkel. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.	11. september 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621), Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðurefnum og fóðurblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621).						
3b504	—	Mangan-klósamband af amínó-sýruhýdrati	*Samsetning aukefnis* Manganamínósýruflóki þar sem mangan og amínósýrur, sem fengnar eru úr sojaprótíní, eru klóbundnar með flókatengjum, sem duft, með a.m.k. 8% manganinnihaldi. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $Mn(x)_{1–3} \cdot nH_2O$, x = mínusjón amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni, Að hámarki 10% sameinda fara yfir 1 500 Da.	Allar dýrategundir	—	—	Fiskar: 100 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Setja má manganklósamband amínósýruhýdrats á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu.	11. september 2027

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að magnákvarða innihald amínósýru í fóðuraukefninu: — Jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu og ljós-mæligreiningu (reglugerð (EB) nr. 152/2009, F-hluti III. viðauka). Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621), Til að magnákvarða heildarinnihald mangans í fóðurefnum og fóðurblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621).					3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyr-irtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu, einkum vegna innihalds þungmálma, þ.m.t. nikkel. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað	
1017000	g) *Önnur alin landdýr*	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fituvefur	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað	
1020000	**Mjólk**	**0,01** (*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	

1)	2)	3)
1020040	Hestar	
1020990	Annað	
1030000	**Fuglsegg**	**0,01** (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	**0,05** (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	**0,01** (*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	**0,01** (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	**0,01** (*)

(*) Neðri greiningarmörk
(a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(F) = Fituleysanlegt

Akrínatrín og handhverfa þess (F)

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og efnaskipti. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 1. júlí 2019 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0251010 Vorsalat/strábrúða

0251030 Breiðblaða salatfíflar

0251040 Karsi og aðrar spírur og sprotar

0251060 Klettasalat

0251070 Sinnepskál

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hnýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

2) Í III. viðauka falla brott dálkarnir fyrir akrínatrín, metalaxýl og þíabendasól.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1399 2018/EES/7/26

frá 28. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar kalíumfjölaspartat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Einungis má setja matvælaaukefni, sem er að finna á skrá Sambandsins í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, á markað sem slík og nota þau í matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind.

3) Sum matvælaaukefni eru ætluð til sérstakrar notkunar við tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu. Notkun slíkra matvælaaukefna ætti að vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi löggjöf Sambandsins.

4) Mælt er fyrir um sérstök ákvæði, sem heimila notkun aukefna í vín, í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([3]), ákvörðun ráðsins 2006/232/EB ([4]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([5]) og framkvæmdarráðstafanir þeirra.

5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([6]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

6) Skrá Evrópusambandsins og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

7) Hinn 24. febrúar 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á kalíumfjölaspartati sem stöðgara í vín. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

8) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi kalíumfjölaspartats sem matvælaaukefnis og komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu ([7]) frá 9. mars 2016 að tillögð notkun í vín skapaði ekki öryggisvanda við notkunarmagn að hámarki 300 mg/L og dæmigerð gildi á bilinu 100–200 mg/L.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 199, 29.7.2017, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

([4]) Ákvörðun ráðsins 2006/232/EB frá 20. desember 2005 um gerð samnings milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna um viðskipti með vín (Stjtíð. ESB L 87, 24.3.2006, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([7]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(3), 4435.

9) Kalíumfjölaspartat hefur verkun sem stöðgari gegn útfellingu tartratkristalla í víni (rauðvíni, rósavíni og hvítvíni). Það eykur geymsluþol og stöðugleika vínsins og notkun þess hefur ekki áhrif á skynræna eiginleika. Því er viðeigandi að bæta kalíumfjölaspartati við á skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni og úthluta því aukefni E-númerinu E 456 til að unnt sé að heimila það sem stöðgara í vín í sértækum ákvæðum viðkomandi löggjafar Sambandsins.

10) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir kalíumfjölaspartat (E 456) þegar það er fært í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

11) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Í 3. lið í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 452:

„E 456	Kalíumfjölaspartat“

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 452(iv):

„E 456 KALÍUMFJÖLASPARTAT	
Samheiti	
Skilgreining	Kalíumfjölaspartat er kalíumsalt af fjölasparssýru, framleitt úr L-asparssýru og kalíumhýdroxíði. Varmaferli umbreytir asparssýru í pólýsúksínimíð sem er óleysanlegt. Pólýsúksínimíð er meðhöndlað með kalíumhýdroxíði sem veldur því að hringurinn opnast og einingarnar fjölliðast. Síðasta skrefið er úðaþurrkunarfasinn sem leiðir af sér gulbrúnt duft.
CAS-númer	64723-18-8
Efnaheiti	L-asparssýra, einsleit fjölliða, kalíumsalt
Efnaformúla	$[C_4H_4NO_3K]_n$
Meðalmólþyngd miðað við þyngd	Um það bil 5 300 g/mól
Magngreining	Ekki minna en 98% miðað við þurrefni
Kornastærð	Ekki minni en 45 μm (ekki meira en 1% í þyngd agna minni en 45 μm)
Lýsing	Ljósbrúnt lyktarlaust duft
Sanngreining	
Leysni	Mjög leysanlegt í vatni og lítillega leysanlegt í lífrænum leysum
pH	7,5-8,5 (40% vatnslausn)
Hreinleiki	
Sethópamyndun	Ekki minna en 91,5% miðað við þurrefni
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 11% (105 °C, 12 klukkustundir)
Kalíumhýdroxíð	Ekki meira en 2%
Asparssýra	Ekki meira en 1%
Önnur óhreinindi	Ekki meira en 0,1%
Arsen	Ekki meira en 2,5 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1,5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/660 **2018/EES/7/27**

frá 6. apríl 2017

um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2018, 2019 og 2020 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 ([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára, og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Sú áætlun hélt áfram samkvæmt samhangandi reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar. Sú síðasta var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/662 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu matvælategundir eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili ætti að vakta varnarefnin í þessum matvælategundum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin, sem neytendur verða fyrir, og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni. Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi matvæli væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum ([4]). Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin á grundvelli íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([5]).

6) Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni, niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

7) Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu hafa samþykkt framkvæmdarráðstafanir, s.s. staðlaða sýnalýsingu (SSD) ([6]) ([7]), við afhendingu niðurstaðna úr varnarefnaleifagreiningu, að því er varðar afhendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 7.4.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/662 frá 1. apríl 2016 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2017, 2018 og 2019 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 115, 29.4.2016, bls. 2).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu; Pesticide monitoring program: design assessment. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4005.

([5]) Document No. SANTE/11945/2015 http://ec.europa.eu/food/plant/docs/plant_pesticides_mrl_guidelines_wrkdoc_11945_en.pdf (nýjasta útgáfa).

([6]) Stöðluð sýnalýsing fyrir matvæli og fóður (Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(1), 1457).

([7]) Use of the EFSA Standard Sample Description ver. 2.0 (SSD) for the reporting of data on the control of pesticide residues in food and feed according to Regulation (EC) No 396/2005 (Notkun á staðlaðri sýnalýsingu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, útgáfu 2.0 (SSD), við skýrslugjöf um gögn um eftirlit með varnarefnaleifum í matvælum og fóðri samkvæmt reglugerð (EB) nr. 396/2005) (EFSA Supporting publication 2015: EN-918).

8) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ([1]), sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

9) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB ([2]) og í 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([3]) séu virt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

10) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríkin sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að leita til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

11) Aðildarríkin ættu að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða fyrra almanaksár.

12) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/662 úr gildi í þágu réttarvissu. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2017.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu, á árunum 2018, 2019 og 2020, taka og greina sýni m.t.t. samsetninga af varnarefnaleifum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Fjöldi sýna úr hverri vöru, þ.m.t. matvæli fyrir ungbörn og smábörn og vörur sem eru upprunnar úr lífrænum búskap, skal vera eins og sett er fram í II. viðauka.

2. gr.

1. Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, skal greina með tilliti til varnarefna, sem sett eru fram í I. viðauka, í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skal meta sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda, með tilliti til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipunum 2006/125/EB og 2006/141/EB. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld, ekki endurgerð.

3. gr.

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2018, 2019 og 2020, eigi síðar en 31. ágúst 2019, 2020 og 2021, eftir því sem við á. Leggja skal þessar niðurstöður fram í samræmi við staðlaða sýnalýsingu (SSD).

([1]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni) skulu aðildarríkin gefa skýrslu um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Að auki skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, skilað hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

4. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/662 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2017.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Afurðir úr jurtaríkinu ([1]) sem á að taka sýni úr 2018, 2019 og 2020

2018	2019	2020
b)	c)	a)
Vínber til neyslu ([2])	Epli ([2])	Appelsínur ([2])
Bananar ([2])	Jarðarber ([2])	Perur ([2])
Greipaldin ([2])	Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar ([2])	Kíví ([2])
Eggaldin ([2])	Vín (rautt eða hvítt) úr þrúgum. (Ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir í „landsbundinni yfirlitsskýrslu“)	Blómkál ([2])
Spergilkál ([2])	Salat ([2])	Laukar ([2])
Melónur ([2])	Höfuðkál ([2])	Gulrætur ([2])
Ræktaðir sveppir ([2])	Tómatar ([2])	Kartöflur ([2])
Paprikur ([2])	Spínat ([2])	Baunir (þurrkaðar) ([2])
Hveitikorn ([3])	Hafrakorn ([3]) ([4])	Rúgkorn ([3])
Jómfrúarólífuolía (Ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi má nota 5 sem sjálfgefinn stuðul fyrir fituleysanleg efni, með tilliti til meðalólífuolíuframleiðslu sem nemur 20% af ólífuuppskerunni; fyrir efni sem eru ekki fituleysanleg má nota 1 sem sjálfgefinn olíuvinnslustuðul. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir í „landsbundinni yfirlitsskýrslu“)	Byggkorn ([3]) ([5])	Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum ([6])

([1]) Við greiningu á hrávöru skal greina þá hluta afurðanna sem hámarksgildi leifa gilda um með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 752/2014 frá 24. júní 2014 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjtíð. ESB L 208, 15.7.2014, bls. 1), nema annað sé tekið fram.

([2]) Greina skal óunnar vörur (þ.m.t. frosnar vörur)

([3]) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul. Ef engir sérstakir vinnslustuðlar eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul.

([4]) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

([5]) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

([6]) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal Matvælaöryggisstofnun Evrópu um hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul. Ef engir sérstakir vinnslustuðlar eru fyrir hendi má nota 0,5 sem sjálfgefinn stuðul.

B-HLUTI

Afurðir úr dýraríkinu ([1]) sem á að taka sýni úr 2018, 2019 og 2020

2018	2019	2020
d)	e)	f)
Nautgripafita ([2])	Kúamjólk ([3])	Alifuglafita ([2])
Hænuegg ([2]) ([4])	Svínafita ([2])	Kindamör ([2])

([1]) Við greiningu á hrávöru skal greina þá hluta afurðanna sem hámarksgildi leifa gilda um með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 752/2014, nema annað sé tekið fram.
([2]) Greina skal óunnar vörur (þ.m.t. frosnar vörur)
([3]) Greina skal ferska (óunna) mjólk, þ.m.t. frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.
([4]) Greina skal heil skurnlaus egg.

C-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á afurðum úr jurtaríkinu

	2018	2019	2020	Athugasemdir
2,4-D	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2018; í og á salati, spínati og tómötum árið 2019; í og á appelsínum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2020.
2-fenýlfenól	b)	c)	a)	
Abamektín	b)	c)	a)	
Asefat	b)	c)	a)	
Asetamípríð	b)	c)	a)	
Akrínatrín	b)	c)	a)	
Aldíkarb	b)	c)	a)	
Aldrín og díeldrín	b)	c)	a)	
Asínfosmetýl	b)	c)	a)	
Asoxýstróbín	b)	c)	a)	
Bífentrín	b)	c)	a)	
Bífenýl	b)	c)	a)	
Bítertanól	b)	c)	a)	
Boskalíð	b)	c)	a)	
Brómíðjón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum árið 2018; í og á salati og tómötum árið 2019; í og á brúnum hrísgrjónum árið 2020.
Brómprópýlat	b)	c)	a)	

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Búpírímat	b)	c)	a)	
Búprófesín	b)	c)	a)	
Kaptan	b)	c)	a)	
Karbarýl	b)	c)	a)	
Karbendasím og benómýl	b)	c)	a)	
Karbófúran	b)	c)	a)	
Klórantranilípról	b)	c)	a)	
Klórfenapýr	b)	c)	a)	
Klórmekvat	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2018; í og á tómötum og höfrum árið 2019; í og á gulrótum, perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020.
Klórþalóníl	b)	c)	a)	
Klórprófam	b)	c)	a)	
Klórpýrifos	b)	c)	a)	
Klórpýrifosmetýl	b)	c)	a)	
Klófentesín	b)	c)	a)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Klóþíanidín	b)	c)	a)	
Sýflútrín	b)	c)	a)	
Sýmoxaníl	b)	c)	a)	
Sýpermetrín	b)	c)	a)	
Sýprókónasól	b)	c)	a)	
Sýpródiníl	b)	c)	a)	
Sýrómasín	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2018; í og á salati og tómötum árið 2019; í og á kartöflum, laukum og gulrótum árið 2020.
Deltametrín	b)	c)	a)	
Díasínón	b)	c)	a)	
Díklórvos	b)	c)	a)	
Díklóran	b)	c)	a)	

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Díkóföl	b)	c)	a)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Díetófenkarb	b)	c)	a)	
Dífenókónasól	b)	c)	a)	
Díflúbensúrón	b)	c)	a)	
Dímetóat	b)	c)	a)	
Dímetómorf	b)	c)	a)	
Díníkónasól	b)	c)	a)	
Dífenýlamín	b)	c)	a)	
Díþíanón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu árið 2018; í og á eplum og ferskjum árið 2019; í og á perum og brúnum hrísgrjónum árið 2020.
Díþíókarbamöt	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum.
Dódín	b)	c)	a)	
Endósúlfan	b)	c)	a)	
EPN	b)	c)	a)	
Epoxíkónasól	b)	c)	a)	
Etefón	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2018; í og á eplum, ferskjum, tómötum og víni árið 2019; í og á appelsínum og perum árið 2020.
Eþíón	b)	c)	a)	
Etirímól	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Etófenprox	b)	c)	a)	
Famoxadón	b)	c)	a)	
Fenamídón	b)	c)	a)	
Fenamífos	b)	c)	a)	
Fenarímól	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Fenasakín	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Fenbúkónasól	b)	c)	a)	
Fenbútatínoxíð	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, greipaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2018; í og á eplum, jarðarberjum, ferskjum, tómötum og víni árið 2019; í og á appelsínum og perum árið 2020.
Fenhexamíð	b)	c)	a)	
Fenítróþíón	b)	c)	a)	
Fenoxýkarb	b)	c)	a)	
Fenprópatrín	b)	c)	a)	
Fenprópidín	b)	c)	a)	
Fenprópímorf	b)	c)	a)	
Fenpýroxímat	b)	c)	a)	
Fenþíón	b)	c)	a)	
Fenvalerat	b)	c)	a)	
Fípróníl	b)	c)	a)	
Flóníkamíð	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, greipaldinum, melónum, paprikum og hveiti árið 2018; í og á eplum, ferskjum, spínati, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2019; í og á kartöflum, perum, brúnum hrísgrjónum og rúgi árið 2020.
Flúasífóp-P	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2018; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, salati, spínati og tómötum árið 2019; í og á blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum og gulrótum árið 2020.
Flúbendíamíð	b)	c)	a)	
Flúdíoxóníl	b)	c)	a)	
Flúfenoxúrón	b)	c)	a)	
Flúópíkólíð	b)	c)	a)	
Flúópýram	b)	c)	a)	
Flúkinkónasól	b)	c)	a)	
Flúsílasól	b)	c)	a)	
Flútríafól	b)	c)	a)	
Fólpet	b)	c)	a)	

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Formetanat	b)	c)	a)	
Fosþíasat	b)	c)	a)	
Glýfosat	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu og hveiti árið 2018; í og á eplum, ferskjum, víni, byggi og höfrum árið 2019; í og á perum, appelsínum og rúgi árið 2020.
Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P	b)	c)		Skal eingöngu greina í og á spergilkáli, greipaldinum, paprikum og hveiti árið 2018; í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2019. Ekki skal greina efnið í eða á neinni afurð árið 2020.
Hexakónasól	b)	c)	a)	
Hexýþíasox	b)	c)	a)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Imasalíl	b)	c)	a)	
Imídaklópríð	b)	c)	a)	
Indoxakarb	b)	c)	a)	
Ípródíón	b)	c)	a)	
Ípróvalíkarb	b)	c)	a)	
Ísókarbófos	b)	c)	a)	
Ísópróþíólan			a)	Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2020. Ekki skal greina efnið í eða á neinni afurð 2018 og 2019.
Kresoxímmetýl	b)	c)	a)	
Lambda-sýhalótrín	b)	c)	a)	
Línúrón	b)	c)	a)	
Lúfenúrón	b)	c)	a)	
Malaþíón	b)	c)	a)	
Mandíprópamíð	b)	c)	a)	
Mepanípýrím	b)	c)	a)	
Mepíkvat	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á ræktuðum sveppum og hveiti árið 2018; í og á byggi og höfrum árið 2019; í og á perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020.
Metalaxýl og metalaxýl-M	b)	c)	a)	
Metamídófos	b)	c)	a)	
Metíðaþíón	b)	c)	a)	
Metíókarb	b)	c)	a)	

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Metómýl og þíódíkarb	b)	c)	a)	
Metoxýfenósíð	b)	c)	a)	
Mónókrótófos	b)	c)	a)	
Mýklóbútaníl	b)	c)	a)	
Oxadixýl	b)	c)	a)	
Oxamýl	b)	c)	a)	
Oxýdemetónmetýl	b)	c)	a)	
Paklóbútrasól	b)	c)	a)	
Paraþíón	b)	c)	a)	
Paraþíónmetýl	b)	c)	a)	
Penkónasól	b)	c)	a)	
Pensýkúrón	b)	c)	a)	
Pendímetalín	b)	c)	a)	
Permetrín	b)	c)	a)	
Fosmet	b)	c)	a)	
Pírimíkarb	b)	c)	a)	
Pírimífosmetýl	b)	c)	a)	
Prósýmídón	b)	c)	a)	
Prófenófos	b)	c)	a)	
Própamókarb	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu, melónum, eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2018; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2019; í og á gulrótum, blómkáli, laukum og kartöflum árið 2020.
Própargít	b)	c)	a)	
Própíkónasól	b)	c)	a)	
Própýsamíð	b)	c)	a)	
Prósúlfókarb	b)	c)	a)	
Próþíókónasól	b)	c)	a)	Skal eingöngu greina í og á paprikum og hveiti árið 2018; í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2019; í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020.

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Pýmetrósín	b)	c)		Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2018; í og á höfuðkáli, salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2019. Ekki skal greina efnið í eða á neinni afurð árið 2020.
Pýraklóstróbín	b)	c)	a)	
Pýridaben	b)	c)	a)	
Pýrimetaníl	b)	c)	a)	
Pýriproxýfen	b)	c)	a)	
Kínoxýfen	b)	c)	a)	
Spínósað	b)	c)	a)	
Spíródíklófen	b)	c)	a)	
Spírómesífen	b)	c)	a)	
Spíroxamín	b)	c)	a)	
Táflúvalínat	b)	c)	a)	
Tebúkónasól	b)	c)	a)	
Tebúfenósíð	b)	c)	a)	
Tebúfenpýrað	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Teflúbensúrón	b)	c)	a)	
Teflútrín	b)	c)	a)	
Terbútýlasín	b)	c)	a)	
Tetrakónasól	b)	c)	a)	
Tetradífón	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Þíabendasól	b)	c)	a)	
Þíaklópríð	b)	c)	a)	
Þíametoxam	b)	c)	a)	
Þíófanatmetýl	b)	c)	a)	
Tólklófosmetýl	b)	c)	a)	
Tólýlflúaníð	b)	c)	a)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Tríadímefón og tríadímenól	b)	c)	a)	

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Tríasófos	b)	c)	a)	
Trífloxýstróbín	b)	c)	a)	
Tríflúmúrón	b)	c)	a)	
Vínklósólín	b)	c)	a)	

D-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á afurðum úr dýraríkinu

	2018	2019	2020	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	d)	e)	f)	
Bífentrín	d)	e)	f)	
Klórdan	d)	e)	f)	
Klórpýrifos	d)	e)	f)	
Klórpýrifosmetýl	d)	e)	f)	
Sýpermetrín	d)	e)	f)	
DDT	d)	e)	f)	
Deltametrín	d)	e)	f)	
Díasínón	d)	e)	f)	
Endósúlfan	d)	e)	f)	
Famoxadón	d)	e)	f)	
Fenvalerat	d)	e)	f)	
Heptaklór	d)	e)	f)	
Hexaklórbensen	d)	e)	f)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	d)	e)	f)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	d)	e)	f)	
Indoxakarb		e)		Skal eingöngu greina í mjólk árið 2019.
Lindan	d)	e)	f)	
Metoxýklór	d)	e)	f)	
Paraþíón	d)	e)	f)	
Permetrín	d)	e)	f)	
Pírimífosmetýl	d)	e)	f)	

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

1. Fjöldi sýna sem hvert aðildarríki skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka er settur fram í töflunni í 5. lið.

2. Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við töfluna í 5. lið skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr unnum barnamat með korn sem uppistöðu árið 2018.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn árið 2019, öðrum en ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum barnamat með korn sem uppistöðu.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum árið 2020.

3. Í samræmi við töfluna í 5. lið, skal fjöldi sýna úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap tekinn, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki.

4. Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við töfluna í 5. lið. Ef aðildarríki notar eigindlegar aðferðir til skimunar skal það greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

   Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

5. Lágmarksfjöldi sýna á hvert aðildarríki af hverri vöru:

Aðildarríki	Sýni	Aðildarríki	Sýni
BE	12	LU	12
BG	12	HU	12
CZ	12	MT	12
DK	12	NL	18
DE	97	AT	12
EE	12	PL	47
EL	12	PT	12
ES	50	RO	20
FR	71	SI	12
IE	12	SK	12
IT	69	FI	12
CY	12	SE	12
LV	12	UK	71
LT	12	HR	12

HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/12 **2018/EES/7/28**

frá 6. janúar 2017

um snið og inntak umsókna og beiðna um ákvörðun á hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lyfjafræðilega virk efni eru flokkuð á grundvelli álita, sem Lyfjastofnun Evrópu (EMA) gefur út, um hámarksgildi leifa.

2) Umsókn um álit vegna ákvörðunar á hámarksgildi leifa er lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu. Nauðsynlegt er að semja staðlað snið fyrir framlagningu slíkra umsókna og tilgreina hvaða upplýsingar skuli fylgja þeim.

3) Við sérstakar aðstæður geta framkvæmdastjórnin, aðildarríki eða aðili eða stofnun eða fyrirtæki, sem eiga hagsmuna að gæta, lagt beiðni fyrir Lyfjastofnun Evrópu um álit vegna ákvörðunar á hámarksgildi leifa. Nauðsynlegt er að semja staðlað snið fyrir slíkar beiðnir og tilgreina hvaða upplýsingar ættu að fylgja þeim.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið og inntak umsókna og beiðna

1. Umsókn eða beiðni um ákvörðun á hámarksgildum leifa skal lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu (EMA) á rafrænu formi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

2. Upplýsingar og skjöl, sem fylgja umsókn eða beiðni um ákvörðun á hámarksgildum leifa, skal lögð fram í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Almennar kröfur varðandi umsóknir og beiðnir

1. Upplýsingar og skjöl, sem eru lögð fram sem hluti af umsókn eða beiðni um ákvörðun á hámarksgildum leifa, skulu vera nákvæm og í samræmi við núverandi vísindaþekkingu og við vísindalegar leiðbeiningar sem Lyfjastofnun Evrópu gefur út um öryggi leifa.

2. Í umsókn eða beiðni um ákvörðun á hámarksgildum leifa skulu vera allar upplýsingar sem skipta máli við mat á öryggi leifa viðkomandi efnis, hvort sem upplýsingarnar eru hagstæðar eða óhagstæðar með tilliti til efnisins. Einkum skal tilgreina allar viðeigandi upplýsingar um prófanir eða tilraunir á virka efninu sem er ólokið eða hætt hefur verið við.

3. Umsókn eða beiðni um útvíkkun á núverandi hámarksgildum leifa, svo að þau nái líka yfir aðrar dýrategundir eða aðrar matvörur, skal samanstanda af umsókn eða beiðni með viðeigandi sniði og upplýsingaskjali um leifar. Lyfjastofnun Evrópu getur óskað eftir öryggisgögnum ef áhættumatið, sem var unnið vegna ákvörðunar á fyrirliggjandi hámarksgildum leifa, á ekki við um útvíkkunina sem lögð er til.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

UMSÓKN/BEIÐNI UM ÁKVÖRÐUN Á HÁMARKSGILDUM LEIFA

1. Í umsókninni eða beiðninni skulu koma fram allar stjórnsýslulegar upplýsingar og vísindagögn, sem eru nauðsynleg til að sýna fram á öryggi leifa viðkomandi efnis, auk atriða sem hafa ber í huga við áhættustjórnun.

2. Öll bindi málsskjalanna skulu vera skýrt númeruð og síðumerkt. Þess skal sérstaklega gætt að tryggja að næg millivísun sé á milli skjalabindanna og einnig á milli ítarlegu og gagnrýnu samantektanna annars vegar og upprunalegu gagnanna hins vegar. Rafræn framlagning skal vera í samræmi við leiðbeiningar sem Lyfjastofnun Evrópu gefur út um rafræna framlagningu varðandi heilbrigði dýra og dýraafurða.

3. Ef vísað er til birtra upplýsinga skal bæta óstyttum afritum af viðeigandi greinum í viðeigandi kafla málsskjalanna.

4. Umsóknin eða beiðnin skal lögð fram í samræmi við kröfurnar, sem eru tilgreindar hér á eftir, og í sömu röð og þar er sýnd.

5. Lyfjafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir og lyfjaleifaprófanir skulu fara fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([2]) og niðurstöður þeirra fylgja umsókninni eða beiðninni um ákvörðun á hámarksgildum leifa.

1. KAFLI

STJÓRNSÝSLUUPPLÝSINGAR

Stjórnsýsluupplýsingarnar skulu skiptast í tvo hluta, annan með stjórnsýslugögn og hinn með samantekt um matið sem umsækjandinn/beiðandinn leggur til.

Eftirfarandi upplýsingar falla hér undir:

1. hluti — Stjórnsýslugögn:

— heiti efnisins, sem er til endurskoðunar, sem skal vera alþjóðlegt samheiti (INN-heiti) hafi efnið fengið slíkt heiti,

— heiti og heimilisfang umsækjanda/beiðanda,

— heiti og heimilisfang samskiptaaðilans sem umsækjandi/beiðandi hefur tilgreint fyrir öll bréfaskipti varðandi umsóknina.

2. hluti — Samantekt um matið sem umsækjandi/beiðandi leggur til:

— heiti efnisins, sem er til endurskoðunar, sem skal vera alþjóðlegt samheiti (INN-heiti) hafi efnið fengið slíkt heiti,

— upplýsingar um það hvort efnið er notað í vöruna sem virkt efni, hjálparefni, rotvarnarefni o.s.frv.,

— samantekt um væntanlegt mynstur notkunar til dýralækninga (markdýrategund, helstu ábendingar, skömmtun),

— upplýsingar um aðrar umsóknir til annarra aðila Sambandsins eða alþjóðlegra aðila, dagsetningar þessara umsókna og árangurinn af þeim,

— samantekt um niðurstöðurnar:

  — viðeigandi mörk um engin merkjanleg (skaðleg) áhrif (NO(A)EL) eða viðurkenndur staðgöngukostur fyrir öryggismatið,

  — tilvísun í rannsókn sem máli skiptir,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum (Stjtíð. ESB L 50 20.2.2004, bls. 44).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).

— tillagður óvissuþáttur,

— ásættanleg, dagleg inntaka (ÁDI), sem lögð er til, eða aðrar aðferðir í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009,

— leifamerki (ef við á),

— tillagt hámarksgildi lyfjaleifa (ef við á),

— tillögð greiningaraðferð (þ.m.t. magngreiningarmörk og tilvísun, ef við á)

2. KAFLI

GÖGN FYRIR VÍSINDALEGT ÁHÆTTUMAT

A. **Öryggisgögn**

Í málsskjölum um öryggisprófanir skulu vera eftirfarandi skjöl:

— skrá yfir allar rannsóknir sem fjallað er um í málsskjölunum,

— yfirlýsing til staðfestingar á því að með fylgi öll gögn, hagstæð jafnt sem óhagstæð, sem umsækjanda/beiðanda er kunnugt um þegar hann leggur skjölin fram,

— rökstuðningur fyrir því ef einhverjum tegundum rannsókna er sleppt,

— útskýring á því ef annars konar rannsókn er höfð með,

— ef rannsókn er eldri en tilskipun 2004/10/EB eða ekki er vitað hvort hún var gerð samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir skal fjalla um hvaða vægi rannsóknir, sem eru ekki gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir, geta haft fyrir áhættumatið í heild sinni.

Í hverri rannsóknarskýrslu skulu vera eftirfarandi skjöl:

— afrit af rannsóknaráætluninni (aðferðarlýsing, þ.m.t. breytingar og frávik),

— undirrituð yfirlýsing um að góðum starfsvenjum við rannsóknir sé fylgt, ef við á,

— lýsing á aðferðum, tækjum og efnum sem notuð eru,

— lýsing á prófunarkerfinu og rökstuðningur fyrir vali á því,

— lýsing á þeim niðurstöðum sem fengust sem skal vera nægilega ítarleg til að hægt sé að meta niðurstöðurnar á gagnrýninn hátt, óháð túlkun höfundar,

— tölfræðileg greining á niðurstöðunum, eftir því sem við á,

— umfjöllun um niðurstöðurnar, með athugasemdum um magn sem hefur merkjanleg (skaðleg) áhrif og mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL), og um óvenjulegar niðurstöður, ef einhverjar eru,

— ítarleg lýsing og gagnger umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar.

A.0. Ítarleg og gagnrýnin samantekt

Þessi ítarlega og gagnrýna samantekt skal vera undirrituð og dagsett. Upplýsingar um menntun höfundar, starfsþjálfun og starfsreynslu skulu fylgja. Gera skal grein fyrir faglegum tengslum höfundar við umsækjanda/beiðanda.

Í viðauka skal gefa stutta samantekt yfir öll mikilvæg gögn, jafnan í töflum eða línuritum þegar unnt er, og í viðaukum við skjalið skulu einnig vera viðeigandi, bóklegar tilvísanir. Fjalla skal um hvaða vægi rannsóknirnar, sem lagðar eru fram, hafa fyrir matið á þeirri áhættu sem mönnum kann að stafa af lyfjaleifum. Ítarlega og gagnrýna samantektin og viðaukarnir við hana skulu innihalda nákvæmar millivísanir í upplýsingar í aðalskjölunum. Í þessum þætti skal ekki tilgreina nýjar rannsóknir sem er ekki að finna í aðalskjölunum.

A.1. Nákvæm auðkenning efnisins sem umsóknin/beiðnin varðar:

A.1.1. INN-heiti,

A.1.2. IUPAC-heiti (IUPAC: Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði),

A.1.3. CAS-númer (CAS: Upplýsingaþjónusta um íðefni),

A.1.4. meðferðarfræðileg, lyfjafræðileg og efnafræðileg flokkun,

A.1.5. samheiti og skammstafanir,

A.1.6. byggingarformúla,

A.1.7. sameindaformúla,

A.1.8. sameindaþyngd,

A.1.9. hreinleikastig,

A.1.10. eigindleg og megindleg samsetning óhreininda,

A.1.11. lýsing á eðlisfræðilegum eiginleikum,

A.1.11.1. bræðslumark,

A.1.11.2. suðumark,

A.1.11.3. gufuþrýstingur,

A.1.11.4. leysni í vatni og lífrænum leysiefnum, tilgreind í g/l, ásamt hitastigi,

A.1.11.5. þéttni,

A.1.11.6. brotstuðull, snúningur o.s.frv.,

A.1.11.7. pKa,

A.1.11.8. prótínbinding,

A.2. Líflyfjafræði,

A.2.1. lyfhrifafræði,

A.2.2. lyfjahvarfafræði í tilraunadýrum (frásog, dreifing, umbrot, útskilnaður),

A.3. Eiturefnafræði (í tilraunadýrum),

A.3.1. eiturhrif eftir einn skammt, ef þau liggja fyrir,

A.3.2. eiturhrif eftir endurtekna skammta,

A.3.2.1. 90 daga prófun á eiturhrifum við endurtekna skammta um munn,

A.3.2.2. prófun á (langvinnum) eiturhrifum við endurtekna skammta,

A.3.3. þol hjá markdýrategundum, ef það liggur fyrir,

A.3.4. eiturhrif á æxlun, að meðtöldum eiturhrifum á þroskun,

A.3.4.1. rannsókn á áhrifum á æxlun,

A.3.4.2. rannsókn á eiturhrifum á þroskun,

A.3.5. erfðaeiturhrif,

A.3.6. krabbameinsvaldandi áhrif,

A.4. Aðrar kröfur,

A.4.1. sérrannsóknir (t.d. á ónæmiseiturhrifum og taugaeiturhrifum),

A.4.2. örverufræðilegir eiginleikar lyfjaleifa (ef við á),

A.4.2.1. hugsanleg áhrif á þarmaflóru manna,

A.4.2.2. möguleg áhrif á örverur sem eru notaðar í iðnaðarvinnslu matvæla,

A.4.3. athuganir á mönnum,

A.5. Ákvörðun ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI) eða önnur viðmiðunarmörk.

B. **Upplýsingaskjal um leifar**

Í málsskjölum um lyfjaleifaprófanir skulu vera eftirfarandi skjöl:

— skrá yfir allar rannsóknir sem fjallað er um í málsskjölunum,

— yfirlýsing til staðfestingar á því að með fylgi öll gögn, hagstæð jafnt sem óhagstæð, sem umsækjanda/beiðanda er kunnugt um þegar hann leggur skjölin fram,

— ef einhverjar tegundir rannsókna eru ekki teknar með skal það rökstutt,

— útskýring á því ef annars konar rannsókn er höfð með,

— ef rannsókn er eldri en tilskipun 2004/10/EB eða ekki er vitað hvort hún var gerð samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir skal fjalla um hvaða vægi rannsóknir, sem eru ekki gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir, geta haft fyrir áhættumatið í heild sinni.

Í hverri rannsóknarskýrslu skulu vera eftirfarandi skjöl:

— afrit af rannsóknaráætluninni (aðferðarlýsing, þ.m.t. breytingar og frávik),

— undirrituð yfirlýsing um að góðum starfsvenjum við rannsóknir sé fylgt, ef við á,

— lýsing á aðferðum, tækjum og efnum sem notuð eru,

— lýsing á prófunarkerfinu og rökstuðningur fyrir vali á því,

— lýsing á þeim niðurstöðum sem fengust sem skal vera nægilega ítarleg til að hægt sé að meta niðurstöðurnar á gagnrýninn hátt, óháð túlkun höfundar,

— tölfræðileg greining á niðurstöðunum, eftir því sem við á,

— umfjöllun um niðurstöðurnar,

— ítarleg lýsing og gagnger umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar.

B.0. Ítarleg og gagnrýnin samantekt

Þessi ítarlega og gagnrýna samantekt skal vera undirrituð og dagsett. Upplýsingar um menntun höfundar, starfsþjálfun og starfsreynslu skulu fylgja. Gera skal grein fyrir faglegum tengslum höfundar við umsækjanda/beiðanda.

Í viðauka skal gefa stutta samantekt yfir öll mikilvæg gögn, jafnan í töflum eða línuritum þegar unnt er, og í viðaukum við skjalið skulu einnig vera viðeigandi, bóklegar tilvísanir. Fjalla skal um hvaða vægi rannsóknirnar, sem lagðar eru fram, hafa fyrir ákvörðun á hámarksgildum leifa. Ítarlega og gagnrýna samantektin og viðaukarnir skulu innihalda nákvæmar millivísanir í upplýsingar í aðalskjölunum. Í þessum þætti skal ekki tilgreina nýjar rannsóknir sem er ekki að finna í aðalskjölunum.

B.1. Umbrot og lyfjaleifahvörf:

B.1.1. lyfjahvarfafræði í tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis (frásog, dreifing, umbrot, útskilnaður),

B.1.2. brotthvarf lyfjaleifa,

B.1.2.1. auðkenning leifamerkis,

B.1.2.2. hlutfall merkiefnis miðað við lyfjaleifar í heild sinni,

B.2. gögn um vöktun og váhrif, ef þau skipta máli,

B.3. aðferð til greiningar á leifum,

B.3.1. lýsing á aðferðinni samkvæmt alþjóðlega samþykktu sniði,

B.3.2. gilding aðferðarinnar í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar sem framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnun Evrópu hafa gefið út.

3. KAFLI

ATRIÐI SEM HAFA ÞARF Í HUGA VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Á grundvelli áhættumatsins sem er unnið skal fjalla um viðeigandi tilmæli um áhættustjórnun í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, einkum:

— aðra lögmæta þætti, s.s. tæknilega þætti sem varða matvæla- og fóðurframleiðslu, möguleika á eftirliti, notkunarskilyrði og notkun efnanna í dýralyf,

— önnur atriði sem hafa þarf í huga og skipta máli við ákvörðun á hámarksgildum lyfjaleifa,

— útfærslu hámarksgilda lyfjaleifa,

— íhugunarefni viðvíkjandi hugsanlegum framreikningi á hámarksgildum leifa.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/612 **2018/EES/7/29**

frá 30. mars 2017

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2017 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum fimmtu málsgrein 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Þessi gjöld ætti að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2016. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var 1,2% árið 2016.

3) Til einföldunar ætti að námunda aðlagaðar fjárhæðir gjalda að næstu 100 evrum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2017.

6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 skal uppfærslan framkvæmd þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2017. Því er rétt og brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „282 100 evrum“ í stað „278 800 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „28 300 evrur“ í stað „28 000 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „109 500 evrum“ í stað „108 200 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „182 400 evrum“ í stað „180 200 evrum“.

— Í þriðju undirgrein komi „10 900 evrur“ í stað „10 800 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „84 700 evrum“ í stað „83 700 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „21 200 til 63 500 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein a-liðar komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „84 700 evrum“ í stað „83 700 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „21 200 til 63 500 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

c) Í 3. mgr. komi „14 000 evrur“ í stað „13 800 evrur“.

d) Í 4. mgr. komi „21 200 evrum“ í stað „20 900 evrum“.

e) Í 5. mgr. komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „101 200 evrum“ í stað „100 000 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „25 200 til 75 800 evrur“ í stað „24 900 til 74 900 evrur“.

2) Í fyrstu mgr. 4 gr. komi „70 200 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „141 300 evrum“ í stað „139 600 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „14 000 evrur“ í stað „13 800 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

— Fjórðu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „69 400 evrur“ komi „70 200 evrur“.

— Í stað „7 000 evrur“ komi „7 100 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „70 200 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „119 200 evrum“ í stað „117 800 evrum“.

— Í þriðju undirgrein komi „14 000 evrur“ í stað „13 800 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

— Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „34 900 evrur“ komi „35 300 evrur“.

— Í stað „7 000 evrur“ komi „7 100 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „35 300 evrum“ í stað „34 900 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „8 800 til 26 500 evrur“ í stað „8 700 til 26 200 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein a-liðar komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „42 300 evrum“ í stað „41 800 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „10 600 til 31 900 evrur“ í stað „10 500 til 31 500 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

c) Í 3. mgr. komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

d) Í 4. mgr. komi „21 200 evrum“ í stað „20 900 evrum“.

e) Í 5. mgr. komi „7 100 evrur“ í stað „7 000 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein komi „33 800 evrum“ í stað „33 400 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein komi „8 400 til 25 200 evrur“ í stað „8 300 til 24 900 evrur“.

4) Í fyrstu mgr. 6 gr. komi „42 300 evrum“ í stað „41 800 evrum“.

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu mgr. komi „70 200 evrum“ í stað „69 400 evrum“.

b) Í annarri mgr. komi „21 200 evrum“ í stað „20 900 evrum“.

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „84 700 evrur“ í stað „83 700 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein komi „42 300 evrur“ í stað „41 800 evrur“.

iii. Í fjórðu undirgrein komi „21 200 til 63 500 evrur“ í stað „20 900 til 62 700 evrur“.

iv. Í fimmtu undirgrein komi „10 600 til 31 900 evrur“ í stað „10 500 til 31 500 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein komi „282 800 evrur“ í stað „278 100 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein komi „141 300 evrur“ í stað „139 600 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein komi „3 000 til 243 200 evrur“ í stað „3 000 til 240 300 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein komi „3 000 til 121 700 evrur“ í stað „3 000 til 120 300 evrur“.

c) Í fyrstu undirgrein 3 mgr. komi „7 100 evrum“ í stað „7 000 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2017.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá og með 1. apríl 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1510 2018/EES/7/30

frá 30. ágúst 2017

um breytingu á viðbætunum við XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í færslum 28, 29 og 30 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við því að setja á markað eða selja almenningi efni, sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni), í undirflokki 1A eða 1B og blöndur sem innihalda slík efni í tilteknum styrk. Viðkomandi efni eru tilgreind í 1.–6. viðbæti við þann viðauka.

2) Efni eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) og eru skráð í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

3) Eftir að 1.–6. viðbætir við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 voru uppfærðir síðast til að endurspegla nýja flokkun efna sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 var 3. hluta VI. viðauka við síðarnefndu reglugerðina breytt með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 ([3]), (ESB) 2015/1221 ([4]) og (ESB) 2016/1179 ([5]).

4) Þar eð rekstraraðilar geta fyrir þann tíma beitt samræmdu flokkununum sem eru settar fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ætti þeim að vera kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar fyrr, ef þeir kjósa það.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 110. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 frá 5. júní 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að innleiða hættusetningar og varnaðarsetningar á króatísku og til að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtíð. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 36).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1221 frá 24. júlí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2015, bls. 10).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1179 frá 19. júlí 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 11).

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með gildistökudegi, að undanskildum:

— ákvæðum 1., 2. og 3. liðar viðaukans sem skulu taka gildi 1. mars 2018 og

— ákvæðum a-liðar 4. liðar viðaukans sem skulu taka gildi 1. mars 2018, að því marki sem þau eiga við um eftirtalin efni:

bisfenól A; [dódekýlfenól, greinótt]; [2-dódekýlfenól, greinótt]; [3-dódekýlfenól, greinótt]; [4-dódekýlfenól, greinótt]; [fenól (tetraprópenýl) afleiður]; klórófasínón (ISO); kúmatetralýl (ISO); dífenakúm (ISO); flókúmafen (ISO); dínatríumoktabórat, vatnsfrítt; dínatríumoktabórat, fjórvatnað; brómadíólón (ISO); dífeþíalón; [perflúorónónan-1-sýra og natríum- og ammóníumsölt hennar]; dísýklóhexýlþalat og tríflúmísól (ISO).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. viðbæti eru eftirfarandi færslur felldar inn í töfluna í samræmi við niðurröðun skrárnúmeranna sem þar eru sett fram:

„1,2-díklóróprópan; própýlendíklóríð	602-020-00-0	201-152-2	78-87-5	
e-glerörtrefjar með dæmigerðri samsetningu: [kalsíum-ál-sílíkattrefjar sem raðast óreglulega með eftirfarandi dæmigerðri samsetningu (% miðað við þyngd): SiO_2 50,0–56,0%, Al_2O_3 13,0–16,0%, B_2O_3 5,8–10,0%, Na_2O < 0,6%, K_2O < 0,4%, CaO 15,0–24,0%, MgO < 5,5%, Fe_2O_3 < 0,5%, F_2 < 1,0%. Vinnsla: yfirleitt framleitt með snúningsferli og strekkingu við loga (e. *flame attenuation*). (Einstök viðbótarefni geta verið til staðar í litlu magni, vinnslulistinn kemur ekki í veg fyrir nýjungar).]	014-046-00-4	—	—“	

2) Í 4. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun skrárnúmeranna sem þar eru sett fram:

„3,7-dímetýlokta-2,6-díennítríl	608-067-00-3	225-918-0	5146-66-7“	

3) í 5. viðbæti

a) eru eftirfarandi færslur felldar inn í töfluna í samræmi við niðurröðun skrárnúmeranna sem þar eru sett fram:

„bródífakúm (ISO), 4-hýdroxý-3-(3-(4'-brómó-4-bífenýlýl)-1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl)kúmarín	607-172-00-1	259-980-5	56073-10-0	
blýduft, [þvermál agna < 1 mm]	082-013-00-1	231-100-4	7439-92-1	
blý í gegnheilu formi: [þvermál agna ≥ 1 mm]	082-014-00-7	231-100-4	7439-92-1“	

b) í stað færslunnar sem varðar varfarín; 4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)-kúmarín komi eftirfarandi færsla:

„varfarín (ISO), 4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)-2H-krómen-2-ón, [1] (S)-4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)-2-bensópýrón, [2] (R)-4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)-2-bensópýrón [3]	607-056-00-0	201-377-6 [1] 226-907-3 [2] 226-908-9 [3]	81-81-2 [1] 5543-57-7 [2] 5543-58-8 [3]“	

4) í 6. viðbæti

a) eru eftirfarandi færslur felldar inn í töfluna í samræmi við niðurröðun skrárnúmeranna sem þar eru sett fram:

„tetrahýdró-2-fúrýlmetanól; tetrahýdrófúrfúrýlalkóhól	603-061-00-7	202-625-6	97-99-4	
gallíumarseníð	031-001-00-4	215-114-8	1303-00-0	
tríbútýltinsambönd, þó ekki þau sem eru tilgreind annars staðar í þessum viðauka	050-008-00-3	—	—	
1,2-bensendíkarboxýlsýra, díhexýlestri, greinótt og línuleg	607-710-00-5	271-093-5	68515-50-4	
imídasól	613-319-00-0	206-019-2	288-32-4	
bisfenól A; 4,4′-ísóprópýlídendífenól	604-030-00-0	201-245-8	80-05-7	
dódekýlfenól, greinótt, [1] 2-dódekýlfenól, greinótt, [2] 3-dódekýlfenól, greinótt, [3] 4-dódekýlfenól, greinótt, [4] fenól, (tetraprópenýl) afleiður [5]	604-092-00-9	310-154-3 [1] - [2] - [3] - [4] - [5]	121158-58-5 [1] - [2] - [3] 210555-94-5 [4] 74499-35-7 [5]	
klórófasínón (ISO), 2-[(4-klórófenýl)(fenýl)asetýl]-1H-inden-1,3(2H)-díón	606-014-00-9	223-003-0	3691-35-8	
kúmatetralýl (ISO), 4-hýdroxý-3-(1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl)kúmarín	607-059-00-7	227-424-0	5836-29-3	
dífenakúm (ISO), 3-(3-bífenýl-4-ýl-1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl)-4-hýdroxýkúmarín	607-157-00-X	259-978-4	56073-07-5	
flókúmafen (ISO), hvarfmassi: cis-4-hýdroxý-3-(1,2,3,4-tetrahýdró-3-(4-(4-tríflúórómetýlbensýloxý)fenýl)-1-naftýl)kúmaríns og trans-4-hýdroxý-3-(1,2,3,4-tetrahýdró-3-(4-(4-tríflúórómetýlbensýloxý)fenýl)-1-naftýl)kúmaríns	607-375-00-5	421-960-0	90035-08-8	
dínatríumoktabórat, vatnsfrítt, [1] dínatríumoktabórat, fjórvatnað [2]	005-020-00-3	234-541-0 [1] 234-541-0 [2]	12008-41-2 [1] 12280-03-4 [2]	
brómadíólón (ISO), 3-[3-(4'-brómóbífenýl-4-ýl)-3-hýdroxý-1-fenýlprópýl]-4-hýdroxý-2*H*-krómen-2-ón	607-716-00-8	249-205-9	28772-56-7	
dífeþíalón (ISO), 3-[3-(4′-brómóbífenýl-4-ýl)-1,2,3,4-tetrahýdrónaftalen-1-ýl]-4-hýdroxý-2*H*-1-bensóþíópýran-2-ón	607-717-00-3	—	104653-34-1	
perflúórónónan-1-sýra [1] og natríum- [2] og ammóníumsölt hennar [3]	607-718-00-9	206-801-3 [1] - [2] - [3]	375-95-1 [1] 21049-39-8 [2] 4149-60-4 [3]	

dísýklóhexýlþalat	607-719-00-4	201-545-9	84-61-7	
tríflúmísól (ISO), (1*E*)-*N*-[4-klóró-2-(tríflúorómetýl)fenýl]-1-(1*H*-imídasól-1-ýl)-2-própoxýetanimín	612-289-00-6	—	68694-11-1“	

b) í stað færslunnar sem varðar flúmíoxasín (ISO), N-(7-flúoró-3,4-díhýdró-3-oxó-4-próp-2-ýnýl)–2,H-1,4-bensoxasín-6-ýl)sýklóhex-1-en-1,2-díkarboxamíð komi eftirfarandi færsla:

„flúmíoxasín (ISO), 2-[7-flúoró-3-oxó-4-(próp-2-ýn-1-ýl)-3,4-díhýdró-2H-1,4-bensoxasín-6-ýl]-4,5,6,7-tetrahýdró-1H-ísóindól-1,3(2H)-díón	613-166-00-X	—	103361-09-7“	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1273 **2018/EES/7/31**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr natríumhýpóklóríti, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá er virkur klór sem er leystur úr natríumhýpóklóríti (hér á eftir nefndur „natríumhýpóklórít“).

2) Natríumhýpóklórít hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vörur í vöruflokki 1, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir menn, vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, vöruflokki 3, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr, vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, og vöruflokki 5, sótthreinsiefni fyrir drykkjarvatn, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5 eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Ítalía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 17. maí 2010.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5 sem innihalda natríumhýpóklórít, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja natríumhýpóklórít til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkur klór sem er leystur úr natríumhýpóklóríti er samþykktur sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4 og 5, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Virkur klór sem er leystur úr natríum-hýpóklóríti (hér á eftir nefndur „natríum-hýpóklórít“).	IUPAC-heiti: Natríumhýpóklórít EB-nr.: 231-668-3 CAS-nr.: 7681-52-9	Lágmarkshreinleiki leysandi natríumhýpóklóríts: vatnslausn með virkan klór í styrkleika ≤ 180 g/kg (þ.e. ≤ 18% massahlutfall).	1. janúar 2019	31. desember 2028	1	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.
					2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vöruna í atvinnuskyni og öðrum notendum sem eru ekki fagfólk, b) yfirborðsvatni og botnfalli fyrir sótthreinsun á skólpi í frárennslisstraumi skólphreinsistöðvarinnar (eftir klórun).
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni og öðrum notendum sem eru ekki fagfólk. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					4	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.
					5	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1274 **2018/EES/7/32**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá er virkur klór sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti (hér á eftir nefndur „kalsíumhýpóklórít“).

2) Kalsíumhýpóklórít hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, vöruflokki 3, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr, vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, og vöruflokki 5, sótthreinsiefni fyrir drykkjarvatn, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Ítalía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 7. júlí 2010.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 sem innihalda kalsíumhýpóklórít, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja kalsíumhýpóklórít til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkur klór sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti er samþykktur sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Virkur klór sem er leystur úr kalsíum-hýpóklóríti (hér á eftir nefndur „kalsíum-hýpóklórít“).	IUPAC-heiti: Kalsíumhýpóklórít EB-nr.: 231-908-7 CAS-nr.: 7778-54-3	Lágmarkshreinleiki leysandi kalsíumhýpóklóríts: ≥ 655 g/kg (þ.e. ≥ 65,5% massa-hlutfall, jafngildir innihaldi virks klórs sem nemur 65% massahlutfalli).	1. janúar 2019	31. desember 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vöruna í atvinnuskyni og öðrum notendum sem eru ekki fagfólk, b) yfirborðsvatni og botnfalli fyrir sótthreinsun á skólpi í frárennslis-straumi skólphreinsistöðvarinnar (eftir klórun).
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.
					4	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.
					5	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009 eða reglugerð (EB) nr. 396/2005 og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1275 **2018/EES/7/33**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr klór, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 5 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá er virkur klór sem er leystur úr klór (hér á eftir nefndur „klór“).

2) Klór hefur verið metinn í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, og vöruflokki 5, sótthreinsiefni fyrir drykkjarvatn, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokki 2 og 5 eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Ítalía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 17. maí 2010.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2 og 5 sem innihalda klór, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja klór til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 5, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkur klór sem er leystur úr klór er samþykktur sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 5, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Virkur klór sem er leystur úr klór (hér á eftir nefndur „klór“).	IUPAC-heiti: Klór EB-nr.: 231-959-5 CAS-nr.: 7782-50-5	Lágmarkshreinleiki leysandi klórs: ≥ 995 g/kg (þ.e. ≥ 99,5% massahlutfall)	1. janúar 2019	31. desember 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, b) yfirborðsvatni og botnfalli fyrir sótthreinsun á skólpi í frárennslisstraumi skólphreinsistöðvarinnar (eftir klórun).
					5	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni. 3. Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1276 **2018/EES/7/34**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja perediksýru, sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá er perediksýra sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati.

2) Perediksýra, sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, í vöruflokki 3, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr, og í vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokkum 2, 3 og 4 eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Finnland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 16. janúar 2013.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 13. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 sem grundvallast á perediksýru sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja perediksýru, sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Perediksýra, sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Perediksýra sem er búin til úr tetraasetýletý-lendíamíni og natríumperkar-bónati	IUPAC-heiti: Peroxýetanólsýra EB-nr.: 201-186-8 CAS-nr.: 79-21-0 Forefni: IUPAC-heiti: N,N′-etan-1,2-díýlbis(N-asetýlasetamíð) EB-nr.: 234-123-8 CAS-nr.: 10543-57-4 IUPAC-heiti: Natríumperkarbónat EB-nr.: 239-707-6 CAS-nr.: 15630-89-4	Forskrift fyrir perediksýru, sem er búin til á staðnum, er grundvölluð á forefnunum tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati. Lágmarkshreinleiki tetraasetýl-etýlendíamíns er 99,0% og lágmarkshreinleiki natríum-perkarbónats er 85,1%	1. janúar 2019	31. desember 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vörurnar í iðnaðar- eða atvinnuskyni, b) yfirborðsvatni, að því er varðar vörur sem eru notaðar í sótthreinsun á þvotti í lokuðum þvottavélum á heimilum.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í iðnaði eða í atvinnuskyni.
					4	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í iðnaði eða í atvinnuskyni.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1277 **2018/EES/7/35**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 2. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bretlandi barst umsókn 27. apríl 2010, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]), um að færa virka efnið 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón á skrá í I. viðauka við þá tilskipun, til notkunar í vörur í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar, eftir því sem við á, vöruflokki 8 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Bretland lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 4. febrúar 2016 í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 15. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

4) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 8, sem innihalda 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

5) Því er rétt að samþykkja 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

6) Þar eð 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í undirflokki 1A, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]), ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.

7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón	IUPAC-heiti: 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón EB-nr.: 247-761-7 CAS-nr.: 26530-20-1	960 g/kg massahlutfall	1. janúar 2018	31. desember 2027	8	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í iðnaði eða í atvinnuskyni. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir yfirborðsvatn, set og jarðveg skal á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, koma fram að notkun í iðnaði eða í atvinnuskyni skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, og að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg, fráveitu eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur 2-oktýl-ísóþíasól-3(2H)-ón, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1278 **2018/EES/7/36**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón.

2) 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 11, rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Slóvenía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 7. apríl 2016.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 15. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 11, sem innihalda 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í undirflokki 1A, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]), ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón	IUPAC-heiti: 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón EB-nr.: 220-239-6 CAS-nr.: 2682-20-4	950 g/kg	1. janúar 2019	31. desember 2028	11	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vörurnar í iðnaðar- eða atvinnuskyni, b) yfirborðsvatni og jarðvegi, að því er varðar vörur sem eru notaðar í stórum og litlum, opnum hringrásarkælikerfum með beina losun í yfirborðsvatn. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1376 **2018/EES/7/37**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir varfaríni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið varfarín er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald á Írlandi lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 25. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir varfaríni fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir varfarín viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A. Því uppfyllir varfarín viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda varfarín, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir varfarín einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um varfarín, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í I. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([4]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Aðrir virkir staðgöngukostir, sem eru samþykktir til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentugir fyrir alla flokka notenda eða skilvirkir fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst varfarín nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun varfaríns yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr., uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda varfarín, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef varfarín yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Því er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr., einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Varfarín er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Upphaflegum lokadegi samþykkis fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, var frestað til 30. júní 2018 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 ([1]). Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á þessu samþykki er nú lokið er rétt að fella framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/135 úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir varfaríni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/135 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Varfarín	IUPAC-heiti: (RS)-4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)kúmarín EB-nr.: 201-377-6 CAS-nr.: 81-81-2	990 g/kg	30. júní 2024	14	Varfarín telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur varfaríns í vörunum má ekki vera meiri en 790 mg/kg. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga (e. *contact formulations*), annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum (e. *pulse baiting*). 8) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 9) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 10) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum. 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 250 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 500 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 750 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 1 500 g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 6) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum. 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 3) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1377 **2018/EES/7/38**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir klórfasínóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið klórfasínón er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald á Spáni lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 25. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir klórfasínóni fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir klórfasínón viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Því uppfyllir klórfasínón viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Að auki uppfyllir efnið einnig viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera þrávirkt og eitrað. Notkun á vörum, sem innihalda klórfasínón, veldur áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt. Þess vegna telst klórfasínón einnig uppfylla viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um klórfasínón, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í I. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Aðrir virkir staðgöngukostir, sem eru samþykktir til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentugir fyrir alla flokka notenda eða skilvirkir fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst klórfasínón nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum Af því leiðir að notkun klórfasínóns yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr., uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda klórfasínón, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef klórfasínón yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Því er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr., einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir klórfasínóni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Klórfasínón er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a-, d- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Upphaflegum lokadegi samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, var frestað til 30. júní 2018 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 ([2]). Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á þessu samþykki er nú lokið er rétt að fella framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1737 úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir klórfasínóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1737 er felld úr gildi.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 frá 28. september 2015 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 58).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Klórfasínón	IUPAC-heiti: 2-[2-(4-klórófenýl)-2-fenýlasetýl] indan-1,3-díón EB-nr.: 223-003-0 CAS-nr.: 3691-35-8	978 g/kg	30. júní 2024	14	Klórfasínón telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-, d- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2. Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3. Nafnstyrkur klórfasínóns í vörunum má ekki vera meiri en 50 mg/kg í vörum, öðrum en viðloðunarsamsetningum, og má ekki fara yfir 2 000 mg/kg í viðloðunarsamsetningum. 4. Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5. Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6. Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 8. Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 9. Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 10. Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum. 1. Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2. Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i) Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 250 g. ii) Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 500 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 750 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 1 500 g. 3. Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4. Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5. Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 6. Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2. Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 3. Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum. 1. Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2. Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3. Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1378 **2018/EES/7/39**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir kúmatetralýli sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið kúmatetralýl er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald í Danmörku lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 23. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir kúmatetralýli fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir kúmatetralýl viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Því uppfyllir kúmatetralýl viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda kúmatetralýl, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir kúmatetralýl einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um kúmatetralýl, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í I. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Aðrir virkir staðgöngukostir, sem eru samþykktir til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentugir fyrir alla flokka notenda eða skilvirkir fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst kúmatetralýl nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun kúmatetralýls yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda kúmatetralýl, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef kúmatetralýl yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Kúmatetralýl er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er nú lokið er framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 ([2]) felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1377 ([3]).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir kúmatetralýli sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 frá 28. september 2015 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 58).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1377 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir klórfasínóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 15).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kúmatetralýl	IUPAC-heiti: 4-hýdroxý-3-(1, 2, 3, 4-tetrahýdró-1-naftýl)kúmarín EB-nr.: 227-424-0 CAS-nr.: 5836-29-3	980 g/kg	30. júní 2024	14	Kúmatetralýl telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur kúmatetralýls í vörunum má ekki vera meiri en 375 mg/kg í vörum, öðrum en viðloðunarsamsetningum, og má ekki fara yfir 4 000 mg/kg í viðloðunarsamsetningnum. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 8) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 9) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 10) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 250 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 500 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 750 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 1 500 g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 6) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 3) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1379 **2018/EES/7/40**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir dífenakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið dífenakúm er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald í Finnlandi lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 24. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir dífenakúmi fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir dífenakúm viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Að auki uppfyllir efnið einnig viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera mjög þrávirkt, það safnast fyrir í lífverum og er eitrað. Því uppfyllir dífenakúm viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru í c- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda dífenakúm, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir dífenakúm einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um dífenakúm, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í 1. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Aðrir virkir staðgöngukostir, sem eru samþykktir til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentugir fyrir alla flokka notenda eða skilvirkir fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst dífenakúm nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun dífenakúms yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda dífenakúm, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef dífenakúm yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir dífenakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Dífenakúm er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Upphaflegum lokadegi samþykkis fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, var frestað til 30. júní 2018 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/397/ESB ([2]). Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á þessu samþykki er nú lokið er rétt að fella framkvæmdarákvörðun 2014/397/ESB úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir dífenakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/397/ESB er felld úr gildi.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2014 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 186, 226.6.2014, bls. 111).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Dífenakúm	IUPAC-heiti: 3-(3-bífenýl-4-ýl-1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl)-4-hýdroxýkúmarín EB-nr.: 259-978-4 CAS-nr.: 56073-07-5	960g/kg Summa hverfna í hlutfallinu 50–80% cishverfur og 20–50% transhverfur	30. júní 2024	14	Dífenakúm telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur dífenakúms í vörunum má ekki vera meiri en 75 mg/kg. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 8) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 9) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 50 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 100 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 150 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 300 g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 6) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 7) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					3) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 4) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með agni sem er notað með hléum. 4) Einungis má leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni á stöðum þar sem líkur á endurinnrás eru miklar ef aðrar aðferðir til varnar hafa reynst ófullnægjandi. 5) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1380 **2018/EES/7/41**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir brómadíólóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið brómadíólón er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald á Ítalíu lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 25. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir brómadíólóni fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir brómadíólón viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Að auki uppfyllir efnið viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera þrávirkt, það safnast fyrir í lífverum og er eitrað. Því uppfyllir brómadíólón viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda brómadíólón, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir brómadíólón einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um brómadíólón, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í 1. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Önnur virk efni, sem eru samþykkt til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentug fyrir alla flokka notenda eða skilvirk fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst brómadíólón nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun brómadíólóns yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda brómadíólón, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef brómadíólón yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir brómadíólóni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Brómadíólón er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er nú lokið er framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 ([2]) felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1377 ([3]).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir brómadíólóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 frá 28. september 2015 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 58).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1377 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir klórfasínóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 15).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Brómadíólón	IUPAC-heiti: 3-[(1RS,3RS;1RS,3SR)-3-(4′-brómóbífenýl-4-ýl)-3-hýdroxý-1-fenýlprópýl]-4-hýdroxýkúmarín EB-nr.: 249-205-9 CAS-nr.: 28772-56-7	969 g/kg	30. júní 2024	14	Brómadíólón telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur brómadíólóns í vörunum má ekki vera meiri en 50 mg/kg. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 8) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 9) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleik i virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 50 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 100 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 150 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 300 g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 6) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 7) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					3) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 4) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með agni sem er notað með hléum. 4) Einungis má leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni á stöðum þar sem líkur á endurinnrás eru miklar ef aðrar aðferðir til varnar hafa reynst ófullnægjandi. 5) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1381 **2018/EES/7/42**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir bródífakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið bródífakúm er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 voru lagðar fram tvær umsóknir hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbær yfirvöld í Hollandi (Niðurlandi) og á Ítalíu lögðu mat á þessar umsóknir sem lögbær matsyfirvöld.

3) Hinn 26. mars 2016 lagði lögbært matsyfirvald í Hollandi (Niðurlandi) tilmæli sín, sem náðu einnig yfir umsóknina sem Ítalía lagði mat á, um endurnýjun á samþykkinu fyrir bródífakúmi fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir bródífakúm viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A. Að auki uppfyllir efnið einnig viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera mjög þrávirkt, það safnast fyrir í lífverum og er eitrað. Því uppfyllir bródífakúm viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda bródífakúm, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir bródífakúm einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um bródífakúm, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í 1. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Önnur virk efni, sem eru samþykkt til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentug fyrir alla flokka notenda eða skilvirk fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst bródífakúm nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun bródífakúms yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda bródífakúm, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef bródífakúm yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir bródífakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Bródífakúm er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er nú lokið er framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 ([2]) felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1376. ([3])

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir bródífakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1376 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir varfaríni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 9).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sérstök skilyrði
Bródífakúm	IUPAC-heiti: 3-[(1RS,3RS;1RS,3SR)-3-(4′-brómóbífenýl-4-ýl)-1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl]-4-hýdroxýkúmarín EB-nr.: 259-980-5 CAS-nr.: 56073-10-0	950 g/kg	30. júní 2024	14	Bródífakúm telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur bródífakúms í vörunum má ekki vera meiri en 50 mg/kg. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 8) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 9) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Veruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 50 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 100g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 150 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 300g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 6) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 7) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sérstök skilyrði
					3) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 4) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Leyfa má vörur til notkunar í meðhöndlun með agni sem er notað með hléum. 4) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni. 5) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1382 **2018/EES/7/43**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir dífeþíalóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið dífeþíalón er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald í Noregi lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 21. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir dífeþíalóni fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir dífeþíalón viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Að auki uppfyllir efnið einnig viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera mjög þrávirkt, það safnast fyrir í lífverum og er eitrað. Því uppfyllir dífeþíalón viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru í c- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda dífeþíalón, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir dífeþíalón einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um dífeþíalón, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í 1. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Önnur virk efni, sem eru samþykkt til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentug fyrir alla flokka notenda eða skilvirk fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst dífeþíalón nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun dífeþíalóns yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda dífeþíalón, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef dífeþíalón yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir dífeþíalóni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Dífeþíalón er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er nú lokið er framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/397/ESB ([2]) felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1379 ([3]).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir dífeþíalóni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/397/ESB frá 25. júní 2014 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dífeþíalóni og dífenakúmi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 111).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1379 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir dífenakúmi sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 27).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sérstök skilyrði
Dífeþíalón	IUPAC-heiti: 3-[3-(4'-brómó[1,1′-bífenýl]-4-ýl)-1,2-3,4-tetrahýdrónaft-1-ýl]-4-hýdroxý-2H-1-bensóþíópýran-2-ón EB-nr.: Ekki fyrir hendi CAS-nr.: 104653-34-1	976 g/kg Forskrift fyrir hreinleika er byggð á samanlögðum styrk beggja fjölhverfna (cis og trans).	30. júní 2024	14	Dífeþíalón telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2. Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3. Nafnstyrkur dífeþíalóns í vörunum má ekki vera meiri en 25 mg/kg. 4. Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5. Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6. Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7. Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 8. Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 9. Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1. Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2. Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 50 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 100 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 150 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 300 g. 3. Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4. Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 6. Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 7. Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					3. Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 4. Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1. Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2. Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3. Leyfa má vörur til notkunar í meðhöndlun með agni sem er notað með hléum. 4. Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni. 5. Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1383 **2018/EES/7/44**

frá 25. júlí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir flókúmafeni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið flókúmafen er samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem nagdýraeitur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn hjá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni. Lögbært yfirvald í Hollandi (Niðurlandi) lagði mat á þessa umsókn sem lögbært matsyfirvald.

3) Hinn 26. mars 2016 lagði lögbæra matsyfirvaldið tilmæli sín um endurnýjun á samþykkinu fyrir flókúmafeni fyrir Efnastofnunina.

4) Sæfivörunefndin ([2]) setti álit Efnastofnunarinnar fram 16. júní 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti uppfyllir flókúmafen viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Að auki uppfyllir efnið einnig viðmiðanirnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) um að vera mjög þrávirkt, það safnast fyrir í lífverum í miklum mæli og er eitrað. Því uppfyllir flókúmafen viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í c- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Þar að auki veldur notkun á vörum, sem innihalda flókúmafen, áhyggjum í tengslum við tilvik frumeitrunar og fylgieitrunar, jafnvel þegar takmarkandi áhættustjórnunarráðstöfunum er beitt, og þar af leiðandi uppfyllir flókúmafen einnig viðmiðanir fyrir efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við e-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að endurnýja samþykki fyrir virkum efnum, sem uppfylla viðmiðanir um útilokun, ef a.m.k. eitt af skilyrðunum fyrir undanþágu, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, er uppfyllt áfram.

8) Efnastofnunin skipulagði samráð við almenning, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, til að safna viðeigandi upplýsingum um flókúmafen, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni.

9) Framkvæmdastjórnin hafði einnig sérstakt samráð við almenning til að safna upplýsingum um það hvort skilyrðin fyrir undanþágunni, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væru uppfyllt. Framkvæmdastjórnin hafði framlögin til þess samráðs aðgengileg öllum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/regulations/biocidal-products-regulation/approval-of-active-substances/bpc-opinions-on-active-substance-approval

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Framlögin til þessara tveggja framangreindu samráða við almenning, sem og upplýsingarnar varðandi tiltækileika staðgöngukosta fyrir blóðstorkuheftandi nagdýraeitur sem eru skráð í 1. viðauka við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr áhættu varðandi blóðstorkuheftandi nagdýraeitur ([1]), voru rædd við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um sæfivörur.

11) Nagdýr geta borið með sér sjúkdómsvalda margra sjúkdóma sem berast milli manna og dýra sem geta stofnað heilbrigði manna eða dýra í alvarlega hættu. Aðferðir til varna eða forvarna gegn nagdýrum sem byggjast ekki á notkun efna, s.s. vélrænar eða rafrænar gildrur eða límgildrur, eru e.t.v. ekki nógu skilvirkar og geta vakið frekari spurningar um hvort þær séu mannúðlegar eða hvort þær valdi nagdýrunum ónauðsynlegum þjáningum. Önnur virk efni, sem eru samþykkt til notkunar sem nagdýraeitur, eru e.t.v. ekki hentug fyrir alla flokka notenda eða skilvirk fyrir allar nagdýrategundir. Þar eð skilvirkar varnir gegn nagdýrum geta ekki treyst eingöngu á þessar varnar- eða forvarnaraðferðir, sem byggjast ekki á notkun efna, telst flókúmafen nauðsynlegt til stuðnings við þá staðgöngukosti til að tryggja viðeigandi varnir gegn nagdýrum. Af því leiðir að notkun flókúmafens yrði til þess að koma í veg fyrir eða verjast alvarlegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra þar sem nagdýr eiga í hlut. Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 5. gr., uppfyllt.

12) Varnir gegn nagdýrum byggja nú að mestu á notkun blóðstorkuheftandi nagdýraeiturs og ef það yrði ekki samþykkt gæti það leitt til ófullnægjandi varna gegn nagdýrum. Þetta getur ekki einungis valdið marktækum neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið heldur einnig haft áhrif á skilning almennings á eigin öryggi að því er varðar váhrif frá nagdýrum eða á öryggi margs konar efnahagslegrar starfsemi, sem gæti verið viðkvæm fyrir nagdýrum, sem getur haft efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Á hinn bóginn er hægt að milda áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, sem stafar af notkun vara sem innihalda flókúmafen, ef þær eru notaðar samkvæmt tilteknum nákvæmum skilgreiningum og skilyrðum. Ef flókúmafen yrði ekki samþykkt sem virkt efni myndi það því valda óhóflegum, neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu sem hlytist af notkun efnisins. Því er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 5. gr., einnig uppfyllt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir flókúmafeni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

14) Flókúmafen er efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og því ætti endurnýjunartímabilið, sem sett er fram í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að gilda.

15) Þar eð athugun á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er nú lokið er framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 ([2]) felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1376 ([3]).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir flókúmafeni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 er endurnýjað, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) „Risk mitigation measures for anticoagulant rodenticides — Final Report.“ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2014), Brussel, Belgíu. 100 bls. ISBN 978-92-79-44992-5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bródífakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1376 frá 25. júlí 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir varfaríni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2017, bls. 9).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
Flókúmafen	IUPAC-heiti: 4-hýdroxý-3-[(1RS,3RS;1RS,3RS)-1,2,3,4-tetrahýdró-3-[4-(4-tríflúormetýlbensýloxý)fenýl]-1-naftýl]kúmarín EB-nr.: 421-960-0 CAS-nr.: 90035-08-8	955 g/kg (summa hverfna í hlutfallinu 50–80% cishverfur og 20–50% transhverfur)	30. júní 2024	14	Flókúmafen telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a- og e-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi almenn skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. Þar að auki skal mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 innihalda mat á því hvort unnt sé að uppfylla skilyrðin í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. 2) Aðeins skal veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar a.m.k. eitt af skilyrðunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er uppfyllt. 3) Nafnstyrkur flókúmafens í vörunum má ekki vera meiri en 50 mg/kg. 4) Vörurnar skulu innihalda óbeitarefni og litarefni. 5) Ekki skal leyfa vörur í formi sporadufts. 6) Einungis skal leyfa innanhússnotkun á vörum í formi viðloðunarsamsetninga, annarra en sporadufts, af hálfu þjálfaðs fagfólks á stöðum sem eru ekki aðgengilegir börnum eða dýrum utan markhóps. 7) Einungis skal leyfa notkun á vörum sem er tilbúnar til notkunar. 8) Beinum og óbeinum váhrifum á menn, dýr utan markhópsins og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að vega og meta og beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Þær fela m.a. í sér þá takmörkun að notkun sé í atvinnuskyni eða af hálfu þjálfaðs fagfólks, þegar unnt er, og setningu sértækra viðbótarskilyrða eftir notkunarflokki. 9) Dauðum skrokkum og óétnu agni skal fargað í samræmi við staðbundnar kröfur. Aðferð til förgunar skal lýst nákvæmlega í samantekt á eiginleikum vörunnar í landsbundna leyfinu og koma fram á merkimiða vörunnar.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir almenning, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 2) Vörur skulu einungis afhentar þannig að hámarksmagn agns í pakka nemi: a) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn músum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 50 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 100 g. b) Að því er varðar vörur sem eru einungis gegn rottum, eða músum og rottum: i. Að því er varðar agn í formi korna, köggla eða deigs: 150 g. ii. Að því er varðar agn í vaxkubbaformi: 300 g. 3) Vörur gegn *Rattus norvegicus* og *Rattus rattus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss eða inni í byggingum og umhverfis þær. 4) Vörur gegn *Mus musculus* skulu einungis leyfðar til notkunar innanhúss. 5) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum. 6) Aðilar sem bjóða vörur fram á markaði skulu tryggja að vörunum fylgi upplýsingar um þá almennu áhættu sem tengist blóðstorkuheftandi nagdýraeitri, ráðstafanir til að notkunin takmarkist við þá lágmarksnotkun sem er nauðsynleg og viðeigandi varúðarráðstafanir sem gera skal. 7) Vörur í formi agnsamsetninga í lausu, s.s. korn eða kögglar, skulu einungis leyfðar í samsetningum sem eru afhentar í smápokum eða öðrum umbúðum til að draga úr váhrifum á menn og umhverfið. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni eða agni sem er notað með hléum.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
					3) Vörur skulu einungis leyfðar til notkunar í agnstöðvum sem ekki er hægt að eiga við. 4) Aðilar sem bjóða vörur til notkunar í atvinnuskyni fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar almenningi. Til viðbótar við almenn skilyrði er leyfi fyrir sæfivörum, til notkunar fyrir þjálfað fagfólk, háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Leyfa má vörur til notkunar í fráveitur, á opnum svæðum eða ruslahaugum. 2) Leyfa má vörur til notkunar á lokuðum og vernduðum agnstöðum svo fremi sem þeir veita sömu vernd fyrir tegundir sem eru ekki marktegundir og fólk og agnstöðvar sem ekki er hægt að eiga við. 3) Leyfa má vörur til notkunar í meðhöndlun með agni sem er notað með hléum. 4) Ekki skal leyfa vörur til notkunar í meðhöndlun með varanlegu agni. 5) Aðilar sem bjóða vörur fyrir þjálfað fagfólk fram á markaði skulu sjá til þess að þessar vörur séu ekki afhentar öðrum en þjálfuðu fagfólki

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1113 **2018/EES/7/45**

frá 22. júní 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bensósýru, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bensósýru var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu bensósýru, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir bensósýru var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 4. janúar 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að bensósýra uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. nóvember 2016 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um bensósýru fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 24. janúar 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB frá 10. mars 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bensósýru, flasasúlfúroni og pýraklóstróbíni (Stjtíð ESB L 77, 13.3.2004, bls. 50).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance benzoic acid.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(12), 4657, 14 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4657. Aðgengilegt á http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/4657

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurnýjunarskýrsluna.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur bensósýru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir bensósýru.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir bensósýru byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda bensósýru. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sótthreinsiefni.

13) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.

14) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir bensósýru framlengt til 31. janúar 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. september 2017.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu bensósýru, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2017.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, bensósýru, flasasúlfúrón, mekóprópp-P, mepanípýrím, mesósúlfúrón, própíneb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própíkónasól, Pseudomonas chlororaphis stofn: MA 342, pýraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (Stjtíð. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bensósýra CAS-nr. 65-85-0 CIPAC-nr. 622	Bensósýra	≥ 990 g/kg	1. september 2017	31. ágúst 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um bensósýru, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 79 um bensósýru brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„115	Bensósýra CAS-nr. 65-85-0 CIPAC-nr. 622	Bensósýra	≥ 990 g/kg	1. september 2017	31. ágúst 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um bensósýru, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1114 **2018/EES/7/46**

frá 22. júní 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pendímetalíni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Pendímetalíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu pendímetalíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2017.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir pendímetalíni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 4. febrúar 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að pendímetalín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([6]), fyrir framkvæmdastjórnina 17. mars 2016. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um pendímetalín fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródíoni, línuroni, malínhýdrasíði og pendímetalíni (Stjtíð. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance pendimethalin.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(3), 4420, 212 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4420, aðgengileg á Netinu á: www.efsa.europa.eu

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur pendímetalín, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pendímetalíni.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir pendímetalíni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda pendímetalín. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur þó að pendímetalín sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Pendímetalín er þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í jarðvegi er lengri en 120 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Pendímetalín uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pendímetalíni sem efni sem ráðgert er að skipta út.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir pendímetalín framlengt til 31. júlí 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. september 2017.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu pendímetalíni, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 frá 17. maí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, Ampelomyces quisqualis stofn: AQ 10, benalaxýl, bentasón, bífenasat, brómoxýníl, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamídón, flúmíoxasín, foramsúlfúrón, Gliocladium catenulatum stofn: J1446, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísoxaflútól, lamínarín, metalaxýl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pýmetrósín, S-metólaklór og trífloxýstróbín (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12).

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pendímetalín CAS-nr. 40487-42-1 CIPAC-nr. 357	N-(1-etýlprópýl)-2,6-dínítró-3,4-xýlidín	900 g/kg 1,2-díklóretan ≤ 1 g/kg Efnasambönd N-nítrósó samtals: að hámarki 100 milljónarhlutar, þar af N-nítrósópendímetalín: < 45 milljónarhlutar.	1. september 2017	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pendímetalín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, sem skal staðfest og studd viðeigandi greiningargögnum. Prófunarefnið sem er notað í málsskjölunum um eiturhrif skal borið saman við forskriftina fyrir tæknilega efnið og sannprófað, — vernd notenda, — vernd fugla, spendýra og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum verður að nota viðeigandi persónuhlífar, s.s. hlífðarhanska, utanyfirgalla og trausta skó, til að tryggja að váhrif á notanda séu ekki yfir viðteknum váhrifum. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. getu til uppsöfnunar í lífverum, einkum áreiðanlegt gildi lífþéttnistuðuls fyrir röðulborra (*Lepomis macrochirus*), 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar, sem krafist er skv. 1. lið, eigi síðar en 31. desember 2018. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar til staðfestingar, sem krafist er skv. 2. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin birtir leiðbeiningarskjal um mat á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa sem eru fyrir hendi í yfirborðs- og grunnvatni.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 53 um pendímetalín brott.

2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„7	Pendímetalín CAS-nr. 40487-42-1 CIPAC-nr. 357	N-(1-etýlprópýl)-2,6-dínítró-3,4-xýlidín	900 g/kg 1,2-díklóretan ≤ 1 g/kg Efnasambönd N-nítrósó samtals: að hámarki 100 milljónarhlutar, þar af N-nítrósópendímetalín: < 45 milljónarhlutar.	1. september 2017	31. ágúst 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pendímetalín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, sem skal staðfest og studd viðeigandi greiningargögnum. Prófunarefnið sem er notað í málsskjölunum um eiturhrif skal borið saman við forskriftina fyrir tæknilega efnið og sannprófað, — vernd notenda, — vernd fugla, spendýra og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum verður að nota viðeigandi persónuhlífar, s.s. hlífðarhanska, utanyfirgalla og trausta skó, til að tryggja að váhrif á notanda séu ekki yfir viðteknum váhrifum. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. getu til uppsöfnunar í lífverum, einkum áreiðanlegt gildi lífþéttnistuðuls fyrir röðulborra (*Lepomis macrochirus*), 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns.

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar, sem krafist er skv. 1. lið, eigi síðar en 31. desember 2018. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar til staðfestingar, sem krafist er skv. 2. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin birtir leiðbeiningarskjal um mat á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa sem eru fyrir hendi í yfirborðs- og grunnvatni.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1115 **2018/EES/7/47**

frá 22. júní 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu própoxýkarbasóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Própoxýkarbasóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu própoxýkarbasóni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir própoxýkarbasóni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 19. nóvember 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að própoxýkarbasón (afbrigði metið: própoxýkarbasónnatríum) uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 19. október 2016 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um própoxýkarbasónnatríum fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 23. janúar 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði (Stjtíð ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance propoxycarbazone.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016, 14(10), 4612, 25 bls, doi:10.2903/j.efsa.2016.4612. Aðgengilegt á http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/4612

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurnýjunarskýrsluna.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur própoxýkarbasón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir própoxýkarbasóni.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir própoxýkarbasóni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda própoxýkarbasón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

13) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

14) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir própoxýkarbasón framlengt til 31. janúar 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. september 2017.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu própoxýkarbasóni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2017.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, bensósýru, flasasúlfúrón, mekóprópP, mepanípýrím, mesósúlfúrón, própíneb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própíkónasól, Pseudomonas chlororaphis stofn: MA 342, pýraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (Stjtíð. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Própoxýkarbasón (móðurefni) Própoxýkarbasónnatríum (afbrigði) CAS-nr. 145026-81-9 (própoxýkarbasón) CAS-nr. 181274-15-7 (própoxýkarbasónnatríum) CIPAC-nr. 655 (própoxýkarbasón) CIPAC-nr. 655.011 (própoxýkarbasónnatríum)	Própoxýkarbasón: metýl-2-[(4,5-díhýdró-4-metýl-5-oxó-3-própoxý-1H-1,2,4-tríasól-1-karboxamíð)súlfónýl]bensóat Própoxýkarbasónnatríum: natríum {[2-(metoxýkarbónýl)fenýl]súlfónýl}[(4,5-díhýdró-4-metýl-5-oxó-3-própoxý-1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)karbónýl]asaníð	≥ 950 g/kg *(gefið upp sem própoxýkarbasón-natríum)*	1. september 2017	31. ágúst 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um própoxýkarbasón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera, einkum vatnaplantna og landplantna utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 76 um própoxýkarbasón brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„114	Própoxýkarbasón (móðurefni) Própoxýkarbasónnatríum (afbrigði) CAS-nr. 145026-81-9 (própoxýkarbasón) CAS-nr. 181274-15-7 (própoxýkarbasónnatríum) CIPAC-nr. 655 (própoxýkarbasón) CIPAC-nr. 655.011 (própoxýkarbasónnatríum)	Própoxýkarbasón: metýl-2-[(4,5-díhýdró-4-metýl-5-oxó-3-própoxý-1H-1,2,4-tríasól-1-karboxamíð)súlfónýl]bensóat Própoxýkarbasónnatríum: natríum {[2-(metoxýkarbónýl)fenýl]súlfónýl}[(4,5-díhýdró-4-metýl-5-oxó-3-própoxý-1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)karbónýl]asaníð	≥ 950g/kg *(gefið upp sem própoxýkarbasón-natríum)*	1. september 2017	31. ágúst 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um própoxýkarbasón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera, einkum vatnaplantna og landplantna utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1125 **2018/EES/7/48**

frá 22. júní 2017

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]). Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 637/2012 ([4]) er þess krafist að hlutaðeigandi aðildarríki tryggi að tilkynnandinn, sem fór fram á að fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubik yrðu færð á skrá, veiti frekari upplýsingar til staðfestingar á jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið sem er notað í málsskjölum um eiturhrif og á eiturefnafræðilegri samantekt efnisins, eigi síðar en 1. maí 2013 annars vegar og 31. maí 2014 hins vegar.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

3) Tilkynnandinn lagði upplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Grikkland 29. apríl 2013 og 6. maí 2014 í því skyni að uppfylla þá skyldu að leggja fram frekari upplýsingar eins og um getur í 1. forsendu.

4) Grikkland lagði mat á upplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram, þ.m.t. frekari upplýsingar, sem tengdust upphaflegu framlagningunni, sem voru lagðar fram meðan matsferlið stóð yfir. Það lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, í október 2013 og nóvember 2015 í formi viðbóta við drögin að matsskýrslunni.

5) Haft var samráð við aðildarríkin, umsækjandann og Matvælaöryggisstofnunina og þau beðin um að leggja fram athugasemdir um mat skýrslugjafaraðildarríkisins.

6) Í ljósi upplýsinga sem tilkynnandinn lagði fram, mats skýrslugjafaraðildarríkisins á þessum upplýsingum og athugasemda sem aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin lögðu fram varðandi matið lítur framkvæmdastjórnin svo á að staðfestingarupplýsingarnar hafi ekki verið lagðar fram þar eð upplýsingarnar, sem tilkynnandinn lagði fram, eru ekki fullnægjandi til að komast að niðurstöðu um jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið, sem er notað í málsskjölum um eiturhrif, né heldur um eiturefnafræðilega samantekt efnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 637/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum járnsúlfati, fælandi lyktarefnum úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu, og fælandi lyktarefnum úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki (Stjtíð. ESB L 186, 14.7.2012, bls. 20).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

7) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

8) Þrátt fyrir þau rök sem tilkynnandinn setti fram hefur framkvæmdastjórnin þó komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar, sem lagðar voru fram, séu ófullnægjandi og geri það ekki kleift að komast að niðurstöðu um jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið, sem er notað í málsskjölum um eiturhrif, né heldur um eiturefnafræðilega samantekt efnisins.

9) Af þessum sökum þykir rétt að afturkalla samþykki fyrir þessu virka efni.

10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið.

12) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda þetta virka efni ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 14. október 2018.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki er afturkallað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 251. lína, fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubik, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubik sem virkt efni eigi síðar en 14. október 2017.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 14. október 2018.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1186 **2018/EES/7/49**

frá 3. júlí 2017

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]). Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 637/2012 ([4]) er þess krafist að hlutaðeigandi aðildarríki tryggi að tilkynnandinn, sem fór fram á að fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunnin furuolía yrðu færð á skrá, veiti frekari upplýsingar til staðfestingar á jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið sem er notað í málsskjölum um eiturhrif og á eiturefnafræðilegri samantekt efnisins, eigi síðar en 1. maí 2013 annars vegar og 31. maí 2014 hins vegar.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

3) Tilkynnandinn lagði upplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Grikkland í apríl 2013 í því skyni að uppfylla þá skyldu að leggja fram frekari upplýsingar eins og um getur í 1. forsendu.

4) Grikkland lagði mat á upplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram, þ.m.t. frekari upplýsingar, sem tengdust upphaflegu framlagningunni, sem voru lagðar fram meðan matsferlið stóð yfir. Það lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, í nóvember 2014 og nóvember 2015 í formi viðbóta við drögin að matsskýrslunni.

5) Haft var samráð við aðildarríkin, umsækjandann og Matvælaöryggisstofnunina og þau beðin um að leggja fram athugasemdir um mat skýrslugjafaraðildarríkisins. Matvælaöryggisstofnunin gaf út tæknilega skýrslu með samantekt á niðurstöðu þessa samráðs um óunna furuolíu 27. mars 2015 ([6]).

6) Í ljósi upplýsinga sem tilkynnandinn lagði fram, mats skýrslugjafaraðildarríkisins á þessum upplýsingum og athugasemda sem aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin lögðu fram varðandi matið lítur framkvæmdastjórnin svo á að staðfestingarupplýsingarnar séu ekki fullnægjandi til að komast að niðurstöðu um jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið, sem er notað í málsskjölum um eiturhrif, né heldur um eiturefnafræðilega samantekt efnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 131. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 637/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum járnsúlfati, fælandi lyktarefnum úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu, og fælandi lyktarefnum úr dýra- eða jurtaríkinu/furuolíubiki (Stjtíð. ESB L 186, 14.7.2012, bls. 20).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States, the applicant and EFSA on the pesticide risk assessment of confirmatory data for tall oil crude.“ EFSA supporting publication 2015:EN-781. 14 bls.

7) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

8) Þrátt fyrir þau rök sem tilkynnandinn setti fram hefur framkvæmdastjórnin þó komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar, sem lagðar voru fram, séu ófullnægjandi og geri það ekki kleift að komast að niðurstöðu um jafngildi forskrifta fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, og forskrifta fyrir prófunarefnið, sem er notað í málsskjölum um eiturhrif, né heldur um eiturefnafræðilega samantekt efnisins.

9) Af þessum sökum þykir rétt að afturkalla samþykki fyrir þessu virka efni.

10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið.

12) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda þetta virka efni ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 24. október 2018.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunninni furuolíu er afturkallað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 250. lína, fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunnin furuolía, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fælandi lyktarefni úr dýra- eða jurtaríkinu/óunna furuolíu sem virkt efni eigi síðar en 24. október 2017.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 24. október 2018.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1410 2018/EES/7/50

frá 2. ágúst 2017

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26.–27. júní 2012 ([2]) að ekki ætti að nota 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC), með INCI-heitið hýdroxýísóhexýl-3-sýklóhexenkarboxaldehýð, 2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (atranól) og 3-klóró-2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (klóróatranól) í snyrtivörur því þetta eru þeir lyktarofnæmisvaldar sem hafa valdið flestum tilvikum snertiofnæmis undanfarin ár.

2) Af þessum sökum getur hugsanlega skapast áhætta fyrir heilbrigði manna og því ætti að banna þessi efni í snyrtivörur.

3) Í 79. færslu III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 voru settar reglur um 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC) þar sem kveðið er á um að tilgreina skuli efnið í skránni yfir innihaldsefni, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, ef styrkur þess fer yfir 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun og 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun. Þar eð banna ætti 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC) í snyrtivörur er nauðsynlegt að fella þessa færslu brott.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreindi í áliti sínu frá 26.–27. júní 2012 að atranól og klóróatranól séu náttúrulegir efnisþættir í útdrætti úr mosa eikartrjáa (*Evernia prunastri*) og trjámosa (*Evernia furfuracea*) sem reglur hafa verið settar um í 91. og 92. færslu, eftir því sem við á, í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

5) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast þessu nýja banni og hætta þ.a.l. að setja viðkomandi vörur, sem innihalda eitt eða fleiri af bönnuðu efnunum, á markað eða bjóða þær fram á markaði. Þegar þessi frestur er ákvarðaður ætti einnig að taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegrar áhættu sem heilbrigði manna stafar af þessum vörum. Þær takmarkanir sem settar eru fram fyrir 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC) í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 ættu að gilda áfram þar til ekki er lengur heimilt að bjóða fram vörur sem innihalda þetta efni. Af þessum sökum ætti að fresta brottfellingu þessarar færslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 3.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1459/11.

6) Einkum ætti sérstaklega flókin og tímafrek tilhögun við breytingar á efnasamsetningu ilmefna og áhyggjur neytenda vegna breytinga á lyktareiginleikum ilmefna að endurspeglast í lengri fresti en iðnaðinum er almennt gefinn til aðlögunar á vörum. Birtingarmerki snertiofnæmis af völdum ilmefna eru alla jafna bundin við hörund. Neytendur með snertiofnæmi fyrir lyktarofnæmisvöldum eru oft meðvitaðir um að þeir þola ekki ilmefnavörur á hörundið og geta því forðast þær.

7) Því ætti að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá og með 23. ágúst 2019 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru bönnuð með þessari reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá og með 23. ágúst 2021 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru bönnuð með þessari reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. liðar í viðaukanum gilda frá 23. ágúst 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi þrjár færslur bætist við í töflunni í II. viðauka:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	B	c	d
„1380	3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC) (*)	51414-25-6/ 31906-04-4/	257-187-9/ 250-863-4/
1381	2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (atranól) (*)	526-37-4	—
1382	3-klóró-2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (klóróatranól) (*)	57074-21-2	—

(*) Frá og með 23. ágúst 2019 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda þetta efni, á markað í Sambandinu. Frá og með 23. ágúst 2021 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda þetta efni, fram á markaði í Sambandinu.“

2) Í töflunni í III. viðauka falli færsla 79 brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1413 2030/EES/705/51

frá 3. ágúst 2017

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sinkoxíð er leyft sem litgjafi í snyrtivörum samkvæmt færslu 144 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

2) Í áliti sínu frá 18. september 2012 ([2]), sem var endurskoðað 23. september 2014 ([3]), komst vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) að þeirri niðurstöðu að notkun sinkoxíðs sé örugg þegar efnið er notað sem litgjafi, óhúðað og ekki í nanóformi, í snyrtivörur til notkunar á húð. Þó taldi vísindanefndin um öryggi neytenda einnig að í ljósi bólgu í lungum, sem sinkoxíðagnir kalla fram eftir innöndun, væri notkun á sinkoxíði í snyrtivörur, sem geta leitt til váhrifa af völdum sinkoxíðs á lungu neytenda við innöndun, áhyggjuefni.

3) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti notkun á sinkoxíði, óhúðuðu og ekki í nanóformi, sem litgjafa í snyrtivörur að takmarkast við notkun sem leiðir ekki til váhrifa á lungu endanlegra notenda af völdum innöndunar.

4) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

5) Gefa ætti iðnaðinum hæfilegan frest til að gera nauðsynlegar aðlaganir á efnasamsetningum með það í huga að setja þær á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfur, af markaði.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 203, 4.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1489/12, endurskoðun 11. desember 2012, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_103.pdf

([3]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1539/14, endurskoðun 25. júní 2015, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_163.pdf

2. gr.

Frá og með 24. febrúar 2018 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá og með 24. maí 2018 skal einungis bjóða snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 144 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 komi eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna					Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti	Litaskrárnúmer/ heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Litur	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i	j
„144	Sinkoxíð (*)	77947	1314-13-2	215-222-5	Hvítt			Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.	

(*) Til notkunar sem útblámasía, sjá nr. 30 og nr. 30a í VI. viðauka.“

TILSKIPUN RÁÐSINS (ESB) 2015/652 **2018/EES/7/52**

frá 20. apríl 2015

um reikniaðferðir og skýrslugjafarkröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 7. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðferð til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti og annarri orku frá ólífrænum uppsprettum, sem á að fastsetja skv. 5. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, ætti að skila skýrslugjöf með nægilegri nákvæmni þannig að framkvæmdastjórnin geti metið á gagnrýninn hátt frammistöðu birgja við að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. 7. gr. a í þeirri tilskipun. Reikniaðferðin ætti að tryggja nákvæmni að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess hversu flóknar tengdar stjórnsýslukröfur eru. Um leið ætti hún að vera hvatning fyrir birgja til að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti sem þeir afhenda. Einnig ætti að íhuga vandlega þau áhrif sem reikniaðferðin hefur á hreinsunarstöðvar í Sambandinu. Því ætti reikniaðferðin að grundvallast á meðaltalsstyrk gróðurhúsalofttegundar sem sýnir iðnaðarmeðalgildi sem er dæmigert fyrir tiltekið eldsneyti. Þetta hefur þann ávinning að draga úr stjórnsýsluálagi á birgja og aðildarríki. Á þessu stigi ætti tillögð reikniaðferð ekki að krefjast aðgreiningar á styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti á grundvelli hráefnisuppsprettu þar eð slíkt hefði áhrif á núverandi fjárfestingar í tilteknum hreinsunarstöðvum í Sambandinu.

2) Lágmarka ætti skýrslugjafarkröfur er varða birgja, sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([2]), eins og unnt er með skírskotun til 1. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB. Á sama hátt ætti innflytjendum bensíns og dísilolíu, sem er hreinsuð utan Sambandsins, ekki að vera skylt að gefa nákvæmar upplýsingar um uppruna jarðolíunnar sem er notuð til að gera þetta eldsneyti þar eð þessar upplýsingar liggja e.t.v. ekki fyrir eða reynst getur erfitt að afla þeirra.

3) Í því skyni að hvetja til frekari skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda ætti uppgefinn sparnaður frá minnkun losunar á fyrri stigum (e. *upstream emission reduction* (UER)), þ.m.t. frá loftun og brennslu gass í afgaslogum, að falla undir útreikning birgjanna á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum. Í því skyni að greiða fyrir því að birgjar geti gefið upp minnkun losunar á fyrri stigum ætti að heimila notkun mismunandi losunarkerfa til að reikna út og votta losunarskerðingu. Einungis verkefni sem varða minnkun losunar á fyrri stigum sem hefjast eftir þann dag sem lágmarksstaðlar fyrir eldsneyti, sem koma fram í b-lið 5. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, þ.e. 1. janúar 2011, eru fastsettir, ættu að koma til greina.

4) Vegið meðaltal fyrir staðalgildi gróðurhúsalofttegunda, sem tekur til jarðolíu sem er notuð í Sambandinu, gefur einfalda reikniaðferð sem birgjar geta notað til að ákvarða innihald gróðurhúsalofttegunda í eldsneytinu sem þeir afhenda.

5) Meta ætti minnkun losunar á fyrri stigum og fullgilda í samræmi við meginreglur og staðla sem eru skilgreindir í alþjóðlegum stöðlum, einkum ISO 14064, ISO 14065 og ISO 14066.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

6) Enn fremur þykir rétt að greiða fyrir framkvæmd aðildarríkjanna á löggjöf sem varðar minnkun losunar á fyrri stigum, þ.m.t. frá loftun og brennslu gass í afgaslogum. Í þessu skyni ætti að útbúa leiðbeiningar, sem ekki eru lagagerðir, á vegum framkvæmdastjórnarinnar um leiðir til að magngreina, staðfesta, fullgilda, vakta og gefa skýrslu um slíka minnkun losunar á fyrri stigum (þ.m.t. skerðing á loftun og brennslu gass í afgaslogum á framleiðslustað) fyrir lok lögleiðingartímabilsins sem er fastsett í 7. gr. þessarar tilskipunar.

7) Í b-lið 5. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB er gerð sú krafa að komið sé á aðferð til að ákvarða lágmarksstaðla fyrir eldsneyti sem byggjast á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr jarðefnaeldsneyti á árinu 2010. Lágmarksstaðall fyrir eldsneyti ætti að byggjast á því magni af dísilolíu, bensíni, gasolíu til notkunar utan vega, fljótandi jarðolíugasi og þjöppuðu jarðgasi, sem notað er, með því að nota gögn sem aðildarríkin tilkynna opinberlega til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) á árinu 2010. Lágmarksstaðall fyrir eldsneyti ætti ekki að vera jarðefnaeldsneytissamberinn, sem er notaður til að reikna út minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífeldsneyti, sem ætti að vera áfram eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB.

8) Þar eð samsetning viðkomandi blandaðs jarðefnaeldsneytis breytist lítið frá ári til árs verður samanlagður breytileiki í styrk gróðurhúsalofttegunda úr jarðefnaeldsneyti einnig lítill frá ári til árs. Því er viðeigandi að lágmarksstaðall fyrir eldsneyti byggist á gögnum um meðaltal eldsneytisnotkunar í Sambandinu á árinu 2010, eins og aðildarríkin tilkynntu til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

9) Lágmarksstaðall fyrir eldsneyti ætti að sýna meðaltalsstyrk gróðurhúsalofttegunda úr losun á fyrri stigum og styrk eldsneytis frá hreinsunarstöð, sem er af meðalflókinni gerð (e. *average complexity*), fyrir jarðefnaeldsneyti. Því ætti að reikna út lágmarksstaðal fyrir eldsneyti með því að nota meðaltal staðalgilda fyrir eldsneyti, eftir því sem við á. Lágmarksstaðall fyrir eldsneyti ætti að haldast óbreyttur á tímabilinu til ársins 2020 í því skyni að skapa birgjum regluvissu að því er varðar skuldbindingar þeirra um að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneytinu sem þeir útvega.

10) Í d-lið 5. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB er kveðið á um samþykkt aðferðar til að reikna út framlag rafknúinna ökutækja við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum. Samkvæmt þeirri grein ætti reikniaðferðin að samrýmast 4. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ([1]). Til að tryggja þennan samrýmanleika ætti að nota sama leiðréttingarstuðulinn fyrir skilvirkni aflrásar.

11) Birgjar geta gefið skýrslu um rafmagn sem er afhent til notkunar til flutninga á vegum, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, sem hluta af ársskýrslum sínum til aðildarríkjanna. Í því skyni að takmarka stjórnsýslukostnað er rétt, að því er varðar skýrslugjöf birgisins, að reikniaðferðin byggist á mati fremur en á raunmælingu á notkun rafmagns fyrir rafknúin ökutæki eða bifhjól.

12) Rétt þykir að láta fylgja ítarlega aðferð til að meta magn og styrk gróðurhúsalofttegunda úr lífeldsneyti í tilvikum þar sem vinnsla á lífeldsneyti og jarðefnaeldsneyti fer fram í sama ferli. Þörf er á sértækri aðferð sökum þess að ekki er hægt að mæla endanlegt magn lífeldsneytisins á sama hátt og við samhliða vetnismeðhöndlun á jurtaolíum með jarðefnaeldsneyti. Í 7. gr d (1. mgr.) í tilskipun 98/70/EB er mælt fyrir um að reikna eigi út losun gróðurhúsalofttegunda úr lífeldsneyti á vistferli, að því er varðar 7. gr. a og 7. gr. b (2. mgr.) þeirrar tilskipunar, með sömu aðferð. Af þeim sökum er vottun á losun gróðurhúsalofttegunda með viðurkenndum valfrjálsum áætlunum jafngild að því er varðar 7. gr. a og að því er varðar 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

13) Til viðbótar skýrslugjafarkröfum sem varða birgja, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, ætti að koma samræmt snið og samræmdar skilgreiningar á gögnunum sem gefa skal skýrslu um. Þörf er á samræmingu á skilgreiningum á gögnum vegna réttrar framkvæmdar á útreikningi á styrk gróðurhúsalofttegunda, í tengslum við kröfur um skýrslugjöf einstaks birgis, þar eð gögnin mynda lykilaðföng í reikniaðferðinni sem er samræmd skv. a-lið 5. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB. Í þessum gögnum kemur fram auðkenning birgisins, magn eldsneytis eða orku sem sett er á markað og tegund eldsneytis eða orku sem sett er á markað.

14) Til viðbótar skýrslugjafarkröfum sem varða birgja, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB, ættu að koma samræmdar kröfur um skýrslugjöf, skýrslusnið og samræmdar skilgreiningar um skýrslugjöf aðildarríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar sem varða losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti sem er notað í Sambandinu. Þessar skýrslugjafarkröfur munu einkum gera það kleift að uppfæra jarðefnaeldsneytissamberann, sem lýst er í 19. lið C-hluta IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og 19. lið C-hluta V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB, og þær munu greiða fyrir skýrslugjöf, sem krafist er skv. 3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9 gr. tilskipunar 98/70/EB, sem og uppfærslu á reikniaðferðinni vegna framfara í tækni og vísindum í því skyni að tryggja að hún þjóni fyrirhuguðum tilgangi. Í þessum gögnum ætti að

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

koma fram magn eldsneytis eða orku sem sett er á markað og tegund eldsneytis eða orku, innkaupsstaður og uppruni eldsneytisins eða orkunnar sem sett er á markað.

15) Rétt þykir að aðildarríkin heimili birgjum að uppfylla skýrslugjafarkröfur sínar með því að treysta á að jafngildum gögnum sé safnað samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf til þess að draga úr stjórnsýslubyrði, að því tilskildu að skýrslugjöf fari fram í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka og skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í I. og III. viðauka.

16) Í því skyni að greiða fyrir skýrslugjöf hópa birgja skv. 4. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB er heimilt skv. c-lið 5. mgr. 7. gr. a í sömu tilskipun að setja nauðsynlegar reglur. Þar eð mismunandi birgjar setja mismunandi eldsneyti í mismunandi hlutföllum á markað og vegna þess geta þeir þurft að þróa mismunandi úrræði til að ná markmiðum varðandi losun gróðurhúsalofttegunda er æskilegt að greiða fyrir slíkri skýrslugjöf í því skyni að forðast röskun á efnislegum flutningum á eldsneyti. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma skilgreiningar á auðkennum birgja, magn eldsneytis eða orku sem sett er á markað, tegund eldsneytis eða orku, innkaupsstað og uppruna eldsneytisins eða orkunnar sem sett er á markað. Til að koma í veg fyrir tvítalningu í skýrslugjöf samstarfsbirgja skv. 4. mgr. 7. gr. a er rétt að samræma framkvæmd á útreikningi og aðferð við skýrslugjöf í aðildarríkjunum, þ.m.t. skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar, þannig að nauðsynlegar upplýsingar frá hópi birgja varði tiltekið aðildarríki.

17) Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 98/70/EB eiga aðildarríkin að leggja fram árlega skýrslu með innlendum gögnum um gæði eldsneytis fyrir næstliðið almanaksár í samræmi við sniðið sem er fastsett í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/159/EB ([1]). Til að ná yfir breytingarnar sem eru teknar upp í tilskipun 98/70/EB með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB ([2]) og síðari viðbótarkröfum um skýrslugjöf af hálfu aðildarríkjanna og vegna skilvirkni og samræmingar er rétt að skýra hvaða upplýsingar ætti að gefa skýrslu um og að samþykkja snið til framlagningar birgja og aðildarríkja á gögnum.

18) Hinn 23. febrúar 2012 lagði framkvæmdastjórnin drög að ráðstöfunum fyrir nefndina sem komið var á fót með tilskipun 98/70/EB. Nefndin gat ekki samþykkt álit með nauðsynlegum, auknum meirihluta. Því er rétt að framkvæmdastjórnin leggi tillögu fyrir ráðið skv. 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB ([3]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni — gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um reikniaðferðir og skýrslugjafarkröfur í samræmi við tilskipun 98/70/EB.

2. Þessi tilskipun gildir um eldsneyti sem er notað til að knýja ökutæki, færanlegan vélbúnað til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum þegar þau eru ekki á sjó), dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, skemmtibáta þegar þeir eru ekki á sjó og rafmagn til notkunar í ökutæki.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem þegar er að finna í tilskipun 98/70/EB, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari tilskipun sem hér segir:

1) „losun á fyrri stigum“: öll losun gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað áður en hráefnið fer inn í hreinsunarstöð eða vinnslustöð þar sem eldsneytið, eins og um getur í I. viðauka, var framleitt,

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. febrúar 2002 um staðlað snið fyrir gerð yfirlits yfir innlend gögn um gæði eldsneytis (Stjtíð. EB L 53, 23.2.2002, bls. 30).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88).

([3]) Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).

2) „náttúrulegt jarðbik“: allar uppsprettur hráefnis í hreinsunarstöð sem:

a) er með API-efnisþyngd (American Petroleum Institute) sem nemur 10 stigum eða minna þegar það er mælt á staðnum þar sem það er tekið, eins og skilgreint er samkvæmt prófunaraðferð American Society for Testing and Materials (ASTM) ([1]) D287,

b) er með árlegt seigjumeðaltal sem er hærra við hitastigið þar sem það er tekið en fæst með útreikningi með jöfnunni: Seigja (Centipoise) = $518{,}98^{e-0{,}038T}$, þar sem T er hitastig á celsíus,

c) fellur innan skilgreiningar fyrir tjörusand undir sameinuðu nafnaskránni (SN), kóða 2714, eins og sett er fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([2]) og

d) þar sem útleysing hráefnisins úr uppsprettu þess fæst með námuvinnslu eða hitaörvaðri námuræslu með aðstoð þyngdaraflsins (e. *thermally enhanced gravity drainage*) þar sem varmaorkan kemur aðallega frá öðrum uppsprettum en hráefnisuppsprettunni sjálfri,

3) „olíuleirsteinn“: hvers kyns uppspretta hráefnis í hreinsunarstöð, staðsett í bergmyndun sem inniheldur kerógen í föstu formi og fellur undir skilgreiningu á olíuleirsteini undir SN-númeri 2714 eins og sett er fram í reglugerð (EBE) nr. 2658/87. Útleysing hráefnisins úr uppsprettu þess fæst með námuvinnslu eða hitaörvaðri námuræslu með aðstoð þyngdaraflsins,

4) „lágmarksstaðall fyrir eldsneyti“: lágmarksstaðall fyrir eldsneyti sem byggist á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr jarðefnaeldsneyti á árinu 2010,

5) „hefðbundin jarðolía“: allt hráefni í hreinsunarstöð sem sýnir API-efnisþyngd sem er yfir 10 stigum þar sem það er tekið á upprunastað, eins og það er mælt með prófunaraðferð ASTM D287, og fellur ekki undir skilgreininguna undir SN-númeri 2714 eins og fram kemur í reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

3. gr.

Aðferð til útreiknings á styrk gróðurhúsalofttegunda úr afhentu eldsneyti, öðru en lífeldsneyti, og orku og skýrslugjöf birgja

1. Að því er varðar 2. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB skulu aðildarríkin tryggja að birgjar noti reikniaðferðina sem sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun til að ákvarða styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneytinu sem þeir afhenda.

2. Að því er varðar aðra undirgrein 1. mgr. 7. gr. a og 2. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB skulu aðildarríkin gera þá kröfu að birgjar gefi skýrslu um gögn með því að nota skilgreiningarnar og reikniaðferðina sem sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun. Gefa skal skýrslu um gögnin á hverju ári með því að nota sniðmátið sem sett er fram í IV. viðauka við þessa tilskipun.

3. Að því er varðar 4. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB skulu öll aðildarríki tryggja að hópur birgja, sem kjósa að teljast vera einn birgir, uppfylli skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. 7. gr. a innan þess aðildarríkis.

4. Að því er varðar birgja sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki skulu aðildarríkin beita einfölduðu aðferðinni sem sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

Útreikningur á lágmarksstaðli fyrir eldsneyti og minnkun á styrk gróðurhúsalofttegunda

Í því skyni að sannreyna að birgjar uppfylli skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB skulu aðildarríkin gera þá kröfu að birgjar beri þá minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og úr rafmagni sem náðst hefur á vistferlinum saman við lágmarksstaðal fyrir eldsneyti sem kemur fram í II. viðauka við þessa tilskipun.

([1]) American Society for Testing and Materials: http://www.astm.org/index.shtml

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

5. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkja

1. Þegar aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslur skv. 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 98/70/EB skulu þau láta henni í té gögn sem varða það hvort farið sé að ákvæðum 7. gr. a í þeirri tilskipun, eins og skilgreint er í III. viðauka við þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu nota ReportNet-búnað Umhverfisstofnunar Evrópu, sem er til afnota samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 ([1]), til framlagningar á gögnum sem koma fram í III. viðauka við þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu senda gögnin á rafrænan hátt í miðlæga gagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu stýrir.

3. Gefa skal árlega skýrslu um gögnin með því að nota sniðmátið sem sett er fram í IV. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um dagsetningu sendingar og nafn tengiliðar lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á að sannreyna og gefa skýrslu um gögnin til framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 21. apríl 2017 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

7. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. apríl 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í tilskipun þessa eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 20. apríl 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

J. DŪKLAVS

forseti.

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 frá 23. apríl 2009 um Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (Stjtíð. ESB L 126, 21.5.2009, bls. 13).

I. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL ÚTREIKNINGS OG SKÝRSLUGJAFAR BIRGJA VARÐANDI STYRK GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA ÚR ELDSNEYTI OG ORKU Á VISTFERLINUM

1. hluti

Útreikningur birgis á styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku

Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku er gefinn upp í grömmum af koltvísýringsígildi á hvert MJ (e. *mega joule*) af eldsneyti (gCO_{2eq}/MJ).

1. Gróðurhúsalofttegundir, sem tekið er tillit til í þeim tilgangi að reikna út styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti, eru koltvísýringur (CO_2), nituroxíð (N_2O) og metan (CH_4). Að því er varðar útreikning á jafngildi koltvísýrings er losun þessara lofttegunda metin með tilliti til losunar jafngildiseininga koltvísýrings á eftirfarandi hátt

   Koltvísýringur: 1; Metan: 25; Nituroxíð: 298

2. Ekki er tekið tillit til losunar frá framleiðslu á vélum og búnaði sem er notaður við vinnslu, framleiðslu, hreinsun og notkun á jarðefnaeldsneyti við útreikning á gróðurhúsalofttegundum.

3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli alls eldsneytis og orku sem birgir útvegar skal reiknaður út í samræmi við formúluna hér á eftir:

$$\text{Styrkur gróðurhúsalofttegunda birgis}_{(\#)} = \frac{\sum_x (GHHi_x \times AF \times MJ_x) - UER}{\sum_x MJ_x}$$

   þar sem:

   a) „#“: auðkenning birgisins (þ.e. auðkenning á aðilanum sem er ábyrgur fyrir greiðslu á vörugjaldi) sem er skilgreint í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 ([1]) sem vörugjaldsnúmer kaupmanns (SEED-skráningarnúmer (gagnaskiptakerfi fyrir vörugjöld) eða virðisaukaskattsnúmer (VSK) í a-lið 5. liðar í töflu 1 í I. viðauka við þá reglugerð að því er varðar kóða ákvörðunarstaðar 1 til 5 og 8) sem er einnig sá aðili sem er ábyrgur fyrir greiðslu á vörugjaldi í samræmi við 8. gr. tilskipunar ráðsins 2008/118/EB ([2]) þegar vörugjaldið er orðið skuldfæranlegt í samræmi við 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2008/118/EB. Ef þessi auðkenning er ekki fyrir hendi skulu aðildarríkin tryggja að komið sé á jafngildri aðferð til auðkenningar í samræmi við landsbundin vörugjaldaskýrslugjafarkerfi.

   b) „x“: tegundir eldsneytis og orku sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, eins og lýst er í c-lið 17. liðar í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 684/2009. Ef þessi gögn liggja ekki fyrir skulu aðildarríkin safna jafngildum gögnum í samræmi við vörugjaldaskýrslugjafarkerfi sem komið er á fót á landsvísu.

   c) „MJ“: heildarorka sem er afhent og umbreytt úr uppgefnu magni eldsneytis „x“, gefið upp í MJ. Þetta er reiknað út á eftirfarandi hátt:

      i. Magn hvers eldsneytis eftir gerð þess

         Þetta er leitt út frá gögnum sem gefin er skýrsla um skv. d-, f- og o-lið 17. liðar í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 684/2009. Lífeldsneytismagnið er umreiknað í orkuinnihald á grundvelli lægra brunagildis þess samkvæmt orkuinnihaldinu sem sett er fram í III. viðauka við tilskipun 2009/28/EB. Magn eldsneytis af ólífrænum uppruna er umreiknað í orkuinnihald á grundvelli lægra brunagildis þess samkvæmt orkuinnihaldi sem sett er fram í 1. viðbæti

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 684/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2008/118/EB að því er varðar málsmeðferðarreglur á tölvutæku formi um flutning vara sem bera vörugjald með tímabundinni frestun á vörugjaldi (Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 24).

([2]) Tilskipun ráðsins 2008/118/EB frá 16. desember 2008 um almennt fyrirkomulag á vörugjaldi og um niðurfellingu tilskipunar 92/12/EBE (Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 12).

við skýrslu Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, EUCAR-CONCAWE (JEC) ([1]) *Well-to-Tank*, (4. útgáfa) frá júlí 2013 ([2]),

ii. Samtímasamvinnsla á jarðefnaeldsneyti og lífeldsneyti

Vinnslan tekur til allra breytinga á vistferli afhents eldsneytis eða orku sem veldur breytingum á sameindabyggingu vörunnar. Viðbót fyllingarefnis fellur ekki undir þessa vinnslu. Magn lífeldsneytis sem er unnið í samvinnslu með eldsneyti af ólífrænum uppruna endurspeglar eftirvinnslustöðu lífeldsneytisins. Magn samvinnsluunnins lífeldsneytis er ákvarðað samkvæmt orkujöfnuði og skilvirkni samvinnsluferlisins eins og sett er fram í 17. lið í C-hluta IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB.

Ef margs konar lífeldsneyti er blandað saman við jarðefnaeldsneyti skal taka tillit til magns og tegundar hvers lífeldsneytis við útreikning og skýrslugjöf birgja til aðildarríkjanna.

Magn afhents lífeldsneytis, sem uppfyllir ekki viðmiðanir um sjálfbærni sem um getur í 1. mgr. 7. gr. b. í tilskipun 98/70/EB, er talið sem jarðefnaeldsneyti.

E85 bensín-etanólblanda skal reiknuð sem aðskilið eldsneyti að því er varðar 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ([3]).

Ef magninu er ekki safnað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 684/2009 skulu aðildarríkin safna jafngildum gögnum í samræmi við vörugjaldaskýrslugjafarkerfi sem komið er á fót á landsvísu.

iii. Magn rafmagns sem er notað

Þetta er það magn rafmagns sem er notað í ökutæki eða bifhjól þegar birgir gefur skýrslu um þetta magn orku til viðeigandi yfirvalds í hverju aðildarríki í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Notað rafmagn = ekin vegalengd (km) × nýtni raforkunotkunar (MJ/km).

d) Minnkun losunar á fyrri stigum (UER)

„Minnkun losunar á fyrri stigum“ (UER) er minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda á fyrri stigum sem birgir gefur upp, mæld í gCO_{2eq}, ef hún er magngreind og tilkynnt um hana í samræmi við eftirfarandi kröfur:

i. Hæfi

Minnkun losunar á fyrri stigum skal einungis eiga við um hluta losunar á fyrri stigum af meðaltali staðalgilda fyrir bensín, dísilolíu, þjappað jarðgas eða fljótandi jarðolíugas.

Telja má minnkun losunar á fyrri stigum, sem kemur frá hvaða landi sem er, sem minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda m.t.t. eldsneytis frá hvaða hráefnisuppsprettu sem er, afhent af hvaða birgi sem er.

Minnkun losunar á fyrri stigum skal einungis teljast með ef hún tengist verkefnum sem hófust eftir 1. janúar 2011.

Ekki er nauðsynlegt að sanna að minnkun losunar á fyrri stigum hefði ekki átt sér stað án skýrslugjafarkrafnanna sem settar eru fram í 7. gr. a í tilskipun 98/70/EB.

ii. Útreikningur

Meta skal minnkun losunar á fyrri stigum og fullgilda í samræmi við meginreglur og staðla sem eru skilgreindir í alþjóðlegum stöðlum, einkum ISO 14064, ISO 14065 og ISO 14066.

([1]) JEC-samstarfsaðilarnir sameina sameiginlega rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar (JRC), EUCAR (European Council for Automotive R&D) og CONCAWE (Evrópusamtök olíufélaga um umhverfismál, heilbrigði og öryggi við hreinsun og dreifingu).

([2]) http://iet.jrc.ec.europa.eu/about-jec/sites/about-jec/files/documents/report_2013/wtt_report_v4_july_2013_final.pdf

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum2 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1).

Vakta skal minnkun losunar á fyrri stigum og viðmiðunarlosun, gera grein fyrir þeim í skýrslum og sannprófa í samræmi við ISO 14064 og niðurstöðurnar skulu vera ámóta traustar og samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 ([1]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ([2]). Sannprófun á aðferðum til að meta minnkun losunar á fyrri stigum skal fara fram í samræmi við ISO 14064-3 og stofnunin sem sannprófar þetta verður að hafa hlotið faggildingu í samræmi við ISO 14065.

e) „$GHGi_x$“ er styrkur gróðurhúsalofttegundar úr eldsneyti eða orku „x“ gefinn upp í gCO_{2eq}/MJ. Birgjar skulu reikna út styrk gróðurhúsalofttegunda úr hverju eldsneyti eða orku á eftirfarandi hátt:

i. Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti af ólífrænum uppruna er „veginn styrkur gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum“ eftir gerð eldsneytis, sem er tilgreint í aftasta dálki töflunnar undir 5. lið í 2. hluta þessa viðauka.

ii. Rafmagn er reiknað út eins og lýst er í 6. lið í 2. hluta.

iii. Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr lífeldsneyti

3) Utan- og innanhússmúrhúðunarefni með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndur fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, ættu því, að uppfylltum þeim skilyrðum, að teljast uppfylla skilyrði tiltekins nothæfisflokks, sem komið var á með framseldri reglugerð (ESB) 2016/364, að því er varðar viðbrögð við bruna, án þess að farið verði fram á frekari prófun.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Utan- og innanhússmúrhúðunarefni með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndur fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, sem uppfylla skilyrðin í viðaukanum, skulu teljast uppfylla, án prófunar, skilyrði flokkanna að því er varðar nothæfi sem tilgreindir eru í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtíð. ESB L 68, 15.3.2016, bls. 4).

VIÐAUKI

Vörur ([1])	Hámarksinnihald lífrænna efna ([2]) (% af þyngd)	Hámarksmassi á hverja flatareiningu ([3]) (kg/m^2)	Flokkur ([4])
Utan- og innanhússmúrhúðunarefni með lífrænum bindiefnum sem falla undir samhæfða EN staðalinn 15824	≤ 9,0	≤ 4,0	B - s2, d0
Utan- og innanhússmúrhúðunarefni með lífrænum bindiefnum sem falla undir samhæfða EN staðalinn 15824 og Múrblöndur fyrir pússningarmúr sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1	≤ 2,5	≤ 6,0	A2 - s1, d0
	≤ 4,0	≤ 4,0	
	≤ 5,0	≤ 2,0	

([1]) Vörur sem eru afhentar í deig- eða duftformi og notaðar í innanhúss- og utanhússklæðningu veggja, súlna, milliveggja og lofta. Nothæfi undirlaganna skal a.m.k. teljast til flokks A2 — s1, d0 og eðlismassinn skal ekki vera undir 525 kg/m^3.
([2]) Í tengslum við innihald þurrefna (í samanburði við alveg þurran pússningarmúr sem er notaður í undirlagið).
([3]) Í tengslum við vota vöru (tilbúin til notkunar).
([4]) Flokkur, eins og hann er settur fram í töflu 1 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/364.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/983 **2018/EES/7/57**

frá 24. júní 2015

um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins og beitingu viðvörunarkerfisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]), einkum 4. gr. a (7. mgr.), 4. gr. b (4. mgr.), 4. gr. e (7. mgr.) og 56. gr. a (8. mgr.),

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Málsmeðferðin við útgáfu evrópsks fagskírteinis (e. European Professional Card) og beiting viðvörunarkerfisins sem kveðið er á um í tilskipun 2005/36/EB á að vera studd af upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn (IMI-kerfinu) sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([2]). Því er viðeigandi að reglur um málsmeðferð við útgáfu evrópsks fagskírteinis og um beitingu viðvörunarkerfisins séu settar fram í sömu framkvæmdargerðinni.

2) Framkvæmdastjórnin lét fara fram mat, með aðkomu viðkomandi hagsmunaaðila og aðildarríkjanna, á því hversu vel hentaði að taka upp evrópskt fagskírteini fyrir lækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, fjallaleiðsögumenn, fasteignasala og verkfræðinga. Í kjölfar matsins hefur framkvæmdastjórnin valið fimm starfsgreinar (hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, fjallaleiðsögumenn og fasteignasala) sem taka ætti upp evrópskt fagskírteini fyrir. Þær starfsgreinar, sem valdar voru, uppfylla kröfur 7. mgr. 4. gr. a í tilskipun 2005/36/EB að því er varðar tölur yfir núverandi eða hugsanlegan hreyfanleika innan starfsgreinarinnar, lögverndun hennar í aðildarríkjunum og hagsmuni sem hlutaðeigandi hagsmunaaðilar hafa lýst yfir. Þörf er á frekara mati í tengslum við innleiðingu evrópsks fagskírteinis fyrir lækna, verkfræðinga, sérmenntaða hjúkrunarfræðinga og sérmenntaða lyfjafræðinga að því er varðar hvort þeir uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 4. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

3) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 ætti vefgáttin, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, að vera aðskilin IMI-kerfinu og ætti ekki að heimila utanaðkomandi aðilum aðgang að því. Því er nauðsynlegt að kveða á um ítarlegar reglur um málsmeðferð við framlagningu umsókna um evrópskt fagskírteini í gegnum áðurnefnda vefgátt og einnig reglur um móttöku lögbærra yfirvalda á umsóknum um evrópsk fagskírteini í IMI-kerfinu.

4) Til að settar kröfur séu gagnsæjar er einnig mikilvægt að tilgreina með hvaða skilyrðum megi fara fram á stuðningsgögn og upplýsingar frá umsækjendum innan ramma málsmeðferðar við útgáfu evrópsks fagskírteinis, með hliðsjón af því hvaða skjala lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis geta krafist skv. 7. gr., 50. gr. (1. mgr.) og VII. viðauka við tilskipun 2005/36/EB. Því er nauðsynlegt að setja fram skrá yfir skjöl og upplýsingar, þ.m.t. þau skjöl sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis ættu að gefa út beint, verklagsreglur fyrir lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins til að sannprófa að skjöl, sem lögð eru fram, séu ósvikin og gild og skilyrði fyrir því að heimilt sé að fara fram á staðfest endurrit gagna og þýðingar. Til að greiða fyrir meðferð umsóknar um evrópskt fagskírteini er við hæfi að skilgreina hlutverk hvers og eins þeirra aðila sem koma að málsmeðferðinni við útgáfu þess: umsækjenda og lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki og gistiaðildarríki, að meðtöldum þeim yfirvöldum sem falið er að úthluta umsóknum um evrópsk fagskírteini.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 25.6.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

5) Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB getur heimaaðildarríki einnig heimilað skriflegar umsóknir um evrópskt fagskírteini. Því er nauðsynlegt að ákvarða það skipulag sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ætti að hafa til reiðu vegna skriflegra umsókna.

6) Til þess að verkflæði IMI-kerfisins gangi óhindrað fyrir sig og án truflana og að vinnsla umsóknar tefjist ekki er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir verklagsreglum vegna greiðslna í tengslum við vinnslu umsóknar um evrópskt fagskírteini. Því er viðeigandi að kveða á um að umsækjandi greiði lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins og/eða gistiaðildarríkisins sitt í hvoru lagi og þá aðeins ef viðkomandi lögbær yfirvöld krefjast þess af umsækjanda.

7) Til að umsækjandi hafi möguleika á að fá gögn um niðurstöðu málsmeðferðar við útgáfu evrópsks fagskírteinis er nauðsynlegt að tilgreina nánar snið skjalsins sem umsækjandinn mun geta búið til í gegnum vefgáttina sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB og veita tryggingar fyrir því að rafræna skjalið sé gefið út af viðkomandi lögbæru yfirvaldi og hafi ekki verið breytt af utanaðkomandi aðilum. Til að tryggja að evrópska fagskírteininu sé ekki ruglað saman við skjöl sem veita sjálfkrafa leyfi til að starfa í gistiaðildarríki þegar viðkomandi hefur staðfestu þar, er rétt að sjá til þess að evrópska fagskírteinið innihaldi fyrirvara þar að lútandi.

8) Málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins getur haft í för með sér að lögbært yfirvald heimaaðildarríkis eða gistiaðildarríkis taki mismunandi ákvarðanir. Því er nauðsynlegt að skilgreina hugsanlegar niðurstöður málsmeðferðar við útgáfu evrópsks fagskírteinis og einnig að tilgreina, eftir því sem við á, þær upplýsingar sem koma skulu fram í rafræna skjalinu með niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

9) Til að auðvelda lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins að rækja hlutverk sitt og tryggja að þriðju aðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, geti sannprófað útgefin evrópsk fagskírteini með einföldum og notendavænum hætti er rétt að sjá fyrir miðlægu kerfi á Netinu til að þriðju aðilar, sem eiga hagsmuna að gæta en hafa ekki aðgang að IMI-kerfinu, geti sannprófað að evrópskt fagskírteini sé ósvikið og gilt. Það sannprófunarkerfi ætti að vera aðskilið vefgáttinni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB. Slík sannprófun á evrópska fagskírteininu ætti ekki að veita þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, aðgang að IMI-kerfinu.

10) Í því skyni að tryggja persónuvernd í tengslum við beitingu viðvörunarkerfisins er nauðsynlegt að skilgreina hlutverk lögbærra yfirvalda sem annast meðferð viðvarana sem berast og sem sendar eru út og virkni IMI-kerfisins til að afturkalla viðvaranir, breyta þeim og ljúka þeim og tryggja öryggi gagnavinnslu.

11) Til að auðveldara sé að takmarka aðgang að persónuupplýsingum við þau yfirvöld ein, sem þurfa að fá upplýsingarnar, ættu aðildarríkin að tilnefna yfirvöld til að gegna því hlutverki að samræma viðvaranir sem berast. Aðildarríkin ættu einungis að veita þeim aðildarríkjum, sem viðvörunin varðar beint, aðgang að viðvörunarkerfinu. Til að tryggja að viðvaranir séu ekki sendar út nema nauðsyn beri til ættu aðildarríkin að geta tilnefnt yfirvöld sem falið er það hlutverk að samræma viðvaranir sem sendar eru út.

12) Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([2]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([3]).

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ ÚTGÁFU EVRÓPSKA FAGSKÍRTEINISINS

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur um málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins, skv. 4. gr. a – 4. gr. e í tilskipun 2005/36/EB, fyrir þær starfsgreinar sem taldar eru upp í I. viðauka við þessa reglugerð og um beitingu viðvörunarkerfisins sem kveðið er á um í 56. gr. a í þeirri tilskipun.

2. gr.

Lögbær yfirvöld sem koma að málsmeðferð við útgáfu evrópska fagskírteinisins

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld sem bera skulu ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini fyrir hverja af þeim starfsgreinum, sem taldar eru upp í I. viðauka, á öllu yfirráðsvæði þess eða hluta þess, eftir því sem við á.

Að því er varðar framkvæmd 7. gr. skal hvert aðildarríki fela einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum það hlutverk að úthluta umsóknum um evrópskt fagskírteini til viðeigandi lögbærs yfirvalds á yfirráðasvæði sínu.

2. Aðildarríkin skulu skrá í upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IMI-kerfið), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, a.m.k. eitt lögbært yfirvald fyrir hverja af þeim starfsgreinum, sem taldar eru upp í I. viðauka við þessa reglugerð, og a.m.k. eitt lögbært yfirvald sem falið er það hlutverk að úthluta umsóknum um evrópsk fagskírteini á yfirráðasvæði sínu eigi síðar en 18. janúar 2016.

3. Heimilt er að tilnefna sama lögbæra yfirvaldið sem lögbært yfirvald til að bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini og sem lögbært yfirvald til að úthluta umsóknum um evrópsk fagskírteini.

3. gr.

Umsóknir um evrópsk fagskírteini lagðar fram á Netinu

1. Til þess að leggja fram umsókn um evrópskt fagskírteini á Netinu skal umsækjandi stofna öruggan einkareikning á vefgáttinni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB. Í vefgáttinni skulu veittar upplýsingar um tilganginn með vinnslu persónuupplýsinganna, umfang hennar og eðli, þ.m.t. upplýsingar um réttindi umsækjenda sem skráðra aðila. Í vefgáttinni skal farið fram á skýlaust samþykki umsækjenda fyrir vinnslu á persónuupplýsingum þeirra í IMI-kerfinu.

2. Í vefgáttinni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, skal gert ráð fyrir þeim möguleika að umsækjandi geti fyllt út allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við umsókn um evrópskt fagskírteini, sem um getur í 4. gr. þessarar reglugerðar, halað upp afritum af tilskildum gögnum vegna útgáfu skírteinisins, skv. 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, og fengið upplýsingar um það hvernig vinnslu umsóknar viðkomandi um evrópskt fagskírteini á Netinu vindur fram, þ.m.t. um greiðslur sem inntar skulu af hendi.

3. Í vefgáttinni skal einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að umsækjendur geti lagt fram viðbótarupplýsingar eða -skjöl og að fara fram á að persónuupplýsingar um þá, sem er að finna í skránni í IMI-kerfinu á Netinu, séu leiðréttar, þeim eytt eða settar á þær aðgangshindranir.

4. gr.

Upplýsingar sem fylgja skulu umsóknum um evrópskt fagskírteini

Í umsókn sinni um evrópskt fagskírteini skal umsækjandi veita eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn umsækjanda,

b) viðkomandi starfsgrein,

c) aðildarríkið þar sem umsækjandi hyggst öðlast staðfestu eða aðildarríkið þar sem umsækjandi hyggst veita þjónustu tímabundið og óreglulega,

d) aðildarríkið þar sem umsækjandi hefur lagalega staðfestu í þeim tilgangi að stunda umrædda starfsemi þegar umsóknin er lögð fram,

e) markmiðið með fyrirhugaðri atvinnustarfsemi:

i. staðfesta,

ii. að veita þjónustu tímabundið og óreglulega,

f) val um eitt af eftirfarandi:

i. ef um er að ræða staðfestu, val um annað hvort af eftirfarandi fyrirkomulagi:

— sjálfkrafa viðurkenningu, skv. III. kafla III. bálks tilskipunar 2005/36/EB,

— almenna kerfið til viðurkenningar, skv. I. kafla III. bálks tilskipunar 2005/36/EB,

ii. ef um er að ræða að veita þjónustu tímabundið og óreglulega, val um annað hvort af eftirfarandi fyrirkomulagi:

— frjáls þjónustustarfsemi með forathugun á menntun og hæfi skv. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

— frjáls þjónustustarfsemi án forathugunar á menntun og hæfi sem um getur í 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

g) aðrar upplýsingar sem varða sérstaklega fyrirkomulagið sem um getur í f-lið.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal umsækjandi, sem ekki hefur lagalega staðfestu þegar hann sækir um, tilgreina aðildarríkið þar sem hann öðlaðist tilskilda faglega menntun og hæfi. Hafi umsækjandi hlotið faglega menntun sína og hæfi í fleiri en einu aðildarríki skal hann velja hvert af aðildarríkjunum, sem gáfu út vitnisburð um menntun hans og hæfi, skuli taka við umsókn hans um evrópskt fagskírteini.

Hafi umsækjandi ekki tiltekið rétt fyrirkomulag, að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar, skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ráðleggja honum, innan viku frá móttöku umsóknar hans um evrópskt fagskírteini, að leggja aftur fram umsókn samkvæmt viðeigandi fyrirkomulagi. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal fyrst hafa samráð við lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins eftir því sem við á.

5. gr.

Gögn sem umsóknir um evrópskt fagskírteini skulu innihalda

Gögn um deili á umsækjanda og skjölin, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., skulu geymd í skrá umsækjanda í IMI-kerfinu. Slík gögn skal vera hægt að nota aftur vegna síðari umsókna að því tilskildu að umsækjandi samþykki slíka endurnotkun og að gögnin séu enn í gildi.

6. gr.

Framsending umsókna um evrópskt fagskírteini til viðeigandi lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu

1. Vefgáttin, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, skal framsenda umsóknina um evrópskt fagskírteini með öruggum hætti til IMI-kerfisins til meðferðar hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu sem um getur í 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

2. Ef umsækjandi hefur lagalega staðfestu í aðildarríki þegar hann sækir um skal IMI-kerfið framsenda umsóknina um evrópskt fagskírteini til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem umsækjandinn hefur lagalega staðfestu.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal sannprófa hvort umsækjandinn hafi lagalega staðfestu í því aðildarríki og votta það í skránni í IMI-kerfinu. Það skal einnig hala upp viðeigandi sönnun á lagalegri staðfestu umsækjanda eða bæta við tilvísun til viðeigandi landsskrár.

Sé lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ekki í aðstöðu til að staðfesta að umsækjandi hafi lagalega staðfestu á yfirráðasvæði þess með öðrum hætti skal það biðja umsækjanda um sönnun á lagalegri staðfestu sinni innan viku frá móttöku umsóknar hans um evrópskt fagskírteini sem um getur í 3. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal líta á slík skjöl sem skjöl sem vantar skv. 4. gr. b (3. mgr.) og 4. gr. c (1. mgr.) eða 4. gr. d (1. mgr.) í tilskipun 2005/36/EB.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í annarri undirgrein 4. gr. þessarar reglugerðar, skal IMI-kerfið framsenda umsóknina um evrópskt fagskírteini til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu sem gaf út tilskilinn vitnisburð um faglega menntun og hæfi.

4. Lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja, sem gáfu út vitnisburð um faglega menntun og hæfi, skulu starfa með lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins eða lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins og svara hvers konar beiðnum þeirra um upplýsingar varðandi skírteinisumsóknina meðan á málsmeðferðinni vegna útgáfu evrópska fagskírteinisins stendur.

7. gr.

Hlutverk lögbærra yfirvalda sem úthluta umsóknum um evrópsk fagskírteini

1. Í þeim tilvikum þar sem aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald til að bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini fyrir tiltekna starfsgrein á yfirráðasvæði sínu eða hlutum þess skal lögbært yfirvald, sem falið er að úthluta umsóknum um evrópsk fagskírteini, tryggja að umsóknin sé send án ótilhlýðilegrar tafar til viðeigandi lögbærs yfirvalds á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

2. Hafi umsækjandi lagt fram umsókn hjá öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu, eins og kveðið er á um í 2. eða 3. mgr. 6. gr., getur lögbæra yfirvaldið, sem falið er að úthluta umsóknum um evrópskt fagskírteini innan aðildarríkisins sem barst umsóknin, synjað um meðferð umsóknarinnar innan viku frá móttöku umsóknarinnar um evrópskt fagskírteini og tilkynnt umsækjanda um það.

8. gr.

Vinnsla skriflegra umsókna hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis

1. Ef aðildarríki leyfir framlagningu skriflegra umsókna um evrópskt fagskírteini og kemst að þeirri niðurstöðu, þegar því berst slík skrifleg umsókn, að það sé ekki lögbært til að fara með umsóknina skv. 2. eða 3. mgr. 6. gr., getur það synjað um meðferð umsóknarinnar og tilkynnt umsækjanda um það innan viku frá móttöku umsóknarinnar.

2. Berist umsóknir um evrópskt fagskírteini skriflega skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins fylla út umsókn um evrópskt fagskírteini í vefgáttinni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, fyrir hönd umsækjandans á grundvelli skriflegu umsóknarinnar sem umsækjandi lagði fram.

3. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal halda umsækjanda upplýstum um það hvernig vinnslu skriflegrar umsóknar hans um evrópskt fagskírteini vindur fram, þ.m.t. senda honum hvers konar áminningar skv. 5. mgr. 4. gr. e í tilskipun 2005/36/EB eða aðrar viðeigandi upplýsingar utan IMI-kerfisins í samræmi við innlend stjórnsýsluferli. Það skal senda umsækjanda staðfestingu á niðurstöðu málsmeðferðarinnar við útgáfu evrópska fagskírteinisins, sem um getur í 21. gr. þessarar reglugerðar, án tafar eftir lúkningu málsmeðferðarinnar.

9. gr.

Verklagsreglur vegna greiðslna

1. Taki lögbært yfirvald heimaaðildarríkis gjald fyrir vinnslu umsókna um evrópskt fagskírteini skal það tilkynna umsækjanda, í gegnum vefgáttina sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, innan viku frá móttöku umsóknar um evrópskt fagskírteini, um fjárhæðina sem greiða skal, greiðslutilhögun, tilvísanir sem taka þarf fram og þá staðfestingu á greiðslu sem krafist er og setja sanngjarnan greiðslufrest.

2. Taki lögbært yfirvald gistiaðildarríkis gjald fyrir vinnslu umsókna um evrópskt fagskírteini skal það láta umsækjanda í té upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í gegnum vefgáttina, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, um leið og lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins sendir því umsóknina um evrópskt fagskírteini, og setja sanngjarnan greiðslufrest.

10. gr.

Skjöl sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta einungis krafist þess að lögð séu fram eftirfarandi skjöl vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis vegna staðfestu:

a) þegar um er að ræða sjálfkrafa viðurkenningu, sem kveðið er á um í III. kafla III. bálks tilskipunar 2005/36/EB, skjölin sem talin eru upp í 1. lið A-hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) þegar um er að ræða almenna kerfið til viðurkenningar, sem kveðið er á um í I. kafla III. bálks tilskipunar 2005/36/EB, skjölin sem talin eru upp í 2. lið A-hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta einungis farið fram á skjölin, sem talin eru upp í B-hluta II. viðauka, vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis til að veita þjónustu tímabundið og óreglulega.

Aðeins skal krefjast þess að umsækjandi leggi fram skjölin, sem um getur í d-lið 1. liðar og g-lið 2. liðar A-hluta og a-, c- og d-liðum B-hluta II. viðauka, ef lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins fer fram á það.

2. Aðildarríkin skulu tilgreina hvaða skjala er krafist vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis og senda hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það í gegnum IMI-kerfið.

3. Litið skal á skjöl, sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar, sem skjöl sem vantar skv. 4. gr. b (3. mgr.) og 4. gr. c (1. mgr.) eða 4. gr. d (1. mgr.) í tilskipun 2005/36/EB.

11. gr.

Meðhöndlun skjala sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins gefur út

1. Hafi lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins verið tilnefnt samkvæmt landslögum sem ábyrgt fyrir útgáfu einhverra þeirra skjala, sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis skv. 10. gr., skal það hala þeim skjölum beint upp í IMI-kerfið.

2. Þrátt fyrir 3. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ekki líta á skjölin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem skjöl sem vantar skv. 4. gr. b (3. mgr.) og 4. gr. c (1. mgr.) eða 4. gr. d (1. mgr.) í tilskipun 2005/36/EB, hafi þessum skjölum ekki verið halað upp í IMI-kerfið í samræmi við 1. mgr.

3. Í vefgáttinni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, skal gert ráð fyrir þeim möguleika að umsækjandi geti halað upp afritum af öllum tilskildum stuðningsgögnum sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins.

12. gr.

Meðhöndlun skjala sem eru ekki gefin út af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins

1. Þó að umsækjandi leggi ekki fram með umsókn sinni um evrópskt fagskírteini eitthvert þeirra skjala, sem um getur í c- og d-lið 2. liðar A-hluta eða d-lið B-hluta II. viðauka við þessa reglugerð, skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ekki líta á slík skjöl sem skjöl sem vantar skv. 3. mgr. 4. gr. b og 1. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB, með fyrirvara um 3. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

2. Lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis er heimilt að fara fram á það beint við umsækjanda að hann leggi fram þau skjöl sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða við heimaaðildarríkið skv. 3. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB.

3. Láti umsækjandi hjá líða að leggja fram skjölin að fenginni beiðni gistiaðildarríkisins, sem um getur í 2. mgr., skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins taka ákvörðun um útgáfu evrópsks fagskírteinis á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

13. gr.

Skjöl til sönnunar á tungumálakunnáttu

1. Í vefgáttinni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, skal gert ráð fyrir þeim möguleika að umsækjandi geti lagt fram hvers konar skjal til sönnunar á tungumálakunnáttu sinni sem gistiaðildarríki kann að krefjast skv. 53. gr. þeirrar tilskipunar eftir að evrópska fagskírteinið hefur verið gefið út.

2. Skjalfest sönnun á tungumálakunnáttu skal ekki vera hluti af þeim skjölum sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis.

3. Lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis er óheimilt að synja um útgáfu evrópsks fagskírteinis á grundvelli skorts á sönnun á tungumálakunnáttu sem um getur í 53. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

14. gr.

Sannprófun þess að skjöl, sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis, séu ósvikin og gild

1. Gefi lögbært yfirvald heimaaðildarríkis út eitthvert þeirra skjala, sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis skv. 10. gr., skal það votta í skránni í IMI-kerfinu að skjalið sé gilt og ósvikið.

2. Ef fyrir liggur réttmætur vafi þegar tilskilið skjal var gefið út af öðrum landsbundnum aðila í heimaaðildarríkinu skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins biðja viðkomandi aðila um að staðfesta að skjalið sé gilt og ósvikið. Að fenginni staðfestingunni skal það votta í IMI-kerfinu að skjalið sé gilt og ósvikið.

3. Sé skjal gefið út í öðru aðildarríki skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins hafa samband í gegnum IMI-kerfið við lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini í hinu aðildarríkinu (eða annan viðeigandi landsbundinn aðila hins aðildarríkisins sem skráður er í IMI-kerfið) til að sannprófa að skjalið sé gilt og ósvikið. Að lokinni sannprófuninni skal það votta í IMI-kerfinu að lögbært yfirvald hins aðildarríkisins hafi staðfest að skjalið sé gilt og ósvikið.

Í þeim tilvikum, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins, sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini (eða aðrir viðeigandi landsbundnir aðilar hins aðildarríkisins sem skráðir eru í IMI-kerfið) bregðast vel við og svara án tafar hvers konar beiðnum lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins um upplýsingar.

4. Áður en lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins vottar að skjal, sem gefið er út og halað upp í IMI-kerfið skv. 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, sé ósvikið og gilt skal það lýsa efni þess í fyrirframgefnum reitum IMI-kerfisins. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, eftir því sem við á, tryggja að upplýsingarnar, sem notaðar eru til að lýsa skjölunum sem umsækjandi leggur fram í gegnum vefgáttina sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, séu réttar.

15. gr.

Skilyrði fyrir því að krefjast megi staðfestra endurrita gagna

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal einungis tilkynna umsækjanda, innan frestanna sem gefnir eru í 1. mgr. 4. gr. c og 1. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB, að hann þurfi að leggja fram staðfest endurrit ef viðkomandi landsbundinn aðili heimaaðildarríkisins eða lögbært yfirvald eða viðkomandi landsbundinn aðili annars aðildarríkis hefur látið hjá líða að staðfesta að tilskilið skjal sé gilt og ósvikið eftir þeim sannprófunarferlum sem sett eru fram í 14. gr. þessarar reglugerðar og ef gistiaðildarríkið krefst slíkra staðfestra endurrita skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Í þeim tilvikum sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar og ef fyrir liggur réttmætur vafi er lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins heimilt að krefjast þess að umsækjandi leggi fram staðfest endurrit sönnunar á lagalegri staðfestu sinni innan frestanna sem gefnir eru í 1. mgr. 4. gr. c og 1. mgr. 4. gr. d.

2. Aðildarríkin skulu tilgreina í IMI-kerfinu þau skjöl sem þau krefjast staðfestra endurrita á frá umsækjanda skv. 1. mgr. og senda hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það í gegnum kerfið.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á réttindi lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins til að fara fram á viðbótarupplýsingar eða staðfest endurrit gagna frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB ef fyrir liggur réttmætur vafi.

4. Ef fyrir liggur réttmætur vafi getur lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins farið fram á að umsækjandi leggi fram staðfest endurrit gagna og sett hæfilegan frest til þess.

16. gr.

Meðhöndlun staðfestra endurrita

1. Aðildarríkin skulu tilgreina í IMI-kerfinu hvers konar staðfest endurrit eru viðurkennd á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þeirra og miðla þessum upplýsingum til hinna aðildarríkjanna um kerfið.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu viðurkenna staðfest endurrit sem gefin eru út í öðru aðildarríki samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þess aðildarríkis.

3. Ef réttmætur vafi leikur á því að staðfest endurrit frá öðru aðildarríki sé gilt og ósvikið skulu lögbær yfirvöld beina beiðni um viðbótarupplýsingar til viðeigandi lögbærra yfirvalda í hinu aðildarríkinu í gegnum IMI-kerfið. Lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna skulu bregðast vel við og svara án ótilhlýðilegrar tafar.

4. Þegar lögbæru yfirvaldi berst staðfest endurrit frá umsækjanda skal það hlaða upp rafrænni útgáfu þess og votta í skránni í IMI-kerfinu að endurritið sé ósvikið.

5. Umsækjanda er heimilt að afhenda lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis frumrit skjals í stað staðfests endurrits og skal yfirvaldið þá votta í skránni í IMI-kerfinu að rafrænt afrit upprunalegs skjals sé ósvikið.

6. Leggi umsækjandi ekki fram staðfest endurrit tilskilins skjals innan frestsins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB, framlengir það ekki fresti til að framsenda umsóknina til lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins. Þangað til lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins berst staðfest endurrit og halar því upp skal skjalið merkt þannig í IMI-kerfinu að það bíði staðfestingar á að vera ósvikið og gilt.

7. Leggi umsækjandi ekki fram staðfest endurrit tilskilins skjals innan frestsins sem um getur í 1. mgr. 4. gr. c í tilskipun 2005/36/EB getur lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins synjað um útgáfu evrópsks fagskírteinis til að veita, tímabundið og óreglulega, aðra þjónustu en þá sem fellur undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

8. Berist lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis ekki staðfest endurrit tilskilins skjals, annaðhvort frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins eða frá umsækjanda, er því heimilt að taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga innan þeirra fresta sem um getur í 2. og 3. mgr. og annarri undirgrein 5. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB.

17. gr.

Beiðnir lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis um þýðingu

1. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis er einungis heimilt að krefjast almennrar eða löggiltrar þýðingar á eftirtöldum stuðningsgögnum með umsókn um evrópskt fagskírteini að sérstakri beiðni lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins skv. 1. mgr. 18. gr.:

a) sönnun á ríkisfangi umsækjanda,

b) vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem um getur í b-lið 1. liðar í A-hluta II. viðauka og sem gefinn er út í heimaaðildarríkinu,

c) vottorðunum sem um getur í c-lið 1. liðar og f-lið 2. liðar í A-hluta II. viðauka og gefin eru út af lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini eða af öðrum viðeigandi landsbundnum aðilum heimaaðildarríkisins,

d) vottorði um lagalega staðfestu, sem um getur í b-lið B-hluta II. viðauka og í þriðju undirgrein 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, og skjölunum sem kann að vera krafist skv. d-lið 1. liðar VII. viðauka og b- og e-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB, sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini eða af öðrum viðeigandi landsbundnum aðilum heimaaðildarríkisins.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina í IMI-kerfinu þau skjöl sem lögbær yfirvöld þess, í hlutverki sínu sem lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis, krefjast almennra eða löggiltra þýðinga á frá umsækjanda skv. 3. og 4. mgr. og þau tungumál sem þau viðurkenna og senda hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það í gegnum kerfið.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins fara fram á það við umsækjanda, innan viku frá móttöku umsóknar hans um evrópskt fagskírteini skv. 4. gr. b (3. mgr.) og 4. gr. c (1. mgr.) eða 4. gr. d (1. mgr.) í tilskipun 2005/36/EB, að fá þýðingar á tilskildum skjölum, sem tilgreind eru í II. viðauka, yfir á þau tungumál sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins viðurkennir ef lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins krefst þýðingar á þessum skjölum skv. 2. mgr. þessarar greinar.

4. Hafi umsækjandi lagt fram skjöl, sem um getur í c- og d-lið 2. liðar í A-hluta eða d-lið B-hluta í II. viðauka, með umsókn sinni um evrópskt fagskírteini skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins fara fram á þýðingu á þessum skjölum yfir á þau tungumál sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins viðurkennir.

5. Leggi umsækjandi ekki fram þær þýðingar, sem farið er fram á, á skjölunum, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins ekki líta á þessar þýðingar sem skjöl sem vantar skv. 3. mgr. 4. gr. b og 1. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB.

18. gr.

Beiðnir lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkis um þýðingu

1. Ef fyrir liggur réttmætur vafi getur lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins farið fram á viðbótarupplýsingar, þ.m.t. almennar eða löggiltar þýðingar, frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í 1. mgr., getur lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins einnig farið fram á að umsækjandi leggi fram almennar eða löggiltar þýðingar og sett hæfilegan frest til þess.

3. Berist lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis ekki þýðing, sem farið er fram á, annaðhvort frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins eða frá umsækjanda er því heimilt að taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. og annarri undirgrein 5. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB.

19. gr.

Meðhöndlun löggiltra þýðinga af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna

1. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina í IMI-kerfinu hvaða löggiltu þýðingar eru viðurkenndar á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þeirra og miðla þessum upplýsingum til hinna aðildarríkjanna um kerfið.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu viðurkenna löggiltar þýðingar sem gefnar eru út í öðru aðildarríki samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þess aðildarríkis.

3. Ef réttmætur vafi leikur á því að staðfest endurrit frá öðru aðildarríki sé gilt og ósvikið skulu lögbær yfirvöld beina beiðni um viðbótarupplýsingar til viðeigandi lögbærra yfirvalda í hinu aðildarríkinu í gegnum IMI-kerfið. Í slíkum tilvikum skulu viðeigandi yfirvöld annarra aðildarríkja bregðast vel við og svara án tafar.

4. Þegar lögbæru yfirvaldi aðildarríkis berst löggilt þýðing frá umsækjanda, með fyrirvara um 3. mgr., skal það hlaða upp rafrænni útgáfu af löggiltu þýðingunni og votta í skránni í IMI-kerfinu að þýðingin sé löggilt.

5. Ef fyrir liggur réttmætur vafi varðandi einhver þeirra skjala, sem getið er í 1. mgr. 17. gr., skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins beina beiðni um viðbótarupplýsingar til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins eða lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja, sem gefið hafa út viðkomandi skjal, í gegnum IMI-kerfið áður en farið er fram á löggiltar þýðingar.

20. gr.

Ákvarðanir um evrópska fagskírteinið

1. Varðandi staðfestu og það að veita þjónustu tímabundið og óreglulega skv. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkis annaðhvort taka ákvörðun um að gefa út evrópskt fagskírteini, ákvörðun um að synja um útgáfu evrópsks fagskírteinis, ákvörðun um beitingu uppbótarráðstafana skv. 14. gr. eða 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB eða ákvörðun um að framlengja gildistíma evrópsks fagskírteinis til að veita þjónustu tímabundið og óreglulega skv. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

2. Varðandi það að veita, tímabundið og óreglulega, aðra þjónustu en þá sem fellur undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkis annaðhvort taka ákvörðun um að gefa út evrópskt fagskírteini, ákvörðun um að synja um útgáfu evrópsks fagskírteinis eða ákvörðun um að framlengja gildistíma útgefins evrópsks fagskírteinis.

3. Í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkis tekur ákvörðun um að láta umsækjanda sæta uppbótarráðstöfunum skv. 14. gr. eða 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB skulu einnig koma fram í ákvörðuninni upplýsingar um það í hverju uppbótarráðstafanirnar felast, rökstuðningur fyrir þeim og hvort umsækjanda er skylt að tilkynna lögbæru yfirvaldi um að hann hafi lokið uppbótarráðstöfununum. Meðferð umsóknar um evrópskt fagskírteini skal frestað uns umsækjandi hefur lokið uppbótarráðstöfununum.

Þegar uppbótarráðstöfununum hefur verið lokið með fullnægjandi árangri skal umsækjandi tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins um það í gegnum vefgáttina, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, geri yfirvaldið kröfu um það.

Í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkis tekur ákvörðun um að beita uppbótarráðstöfunum skv. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins votta í IMI-kerfinu, hvort það hefur gefið umsækjanda tækifæri til að taka hæfnisprófið innan mánaðar frá ákvörðun sinni um að beita uppbótarráðstöfunum.

Lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins skal staðfesta í IMI-kerfinu að uppbótarráðstöfunum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri og skal gefa út evrópskt fagskírteini.

4. Taki lögbært yfirvald gistiaðildarríkis ákvörðun um að synja um útgáfu evrópsks fagskírteinis, skulu rökin fyrir því einnig koma fram í ákvörðuninni. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingnum, sem í hlut á, standi til boða viðeigandi réttarúrræði vegna ákvörðunar um synjun útgáfu evrópsks fagskírteinis og láta umsækjandanum í té upplýsingar um rétt hans til málskots samkvæmt landslögum.

5. Í IMI-kerfinu skal gert ráð fyrir þeim möguleika að lögbær yfirvöld aðildarríkis geti tekið ákvörðun um að nema úr gildi útgefið evrópskt fagskírteini í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Í ákvörðun um slíkt skulu einnig koma fram rök fyrir því að nema það úr gildi. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingi, sem í hlut á, standi til boða viðeigandi réttarúrræði vegna ákvörðunar um að nema úr gildi útgefið evrópskt fagskírteini og láta umsækjandanum í té upplýsingar um rétt hans til málskots samkvæmt landslögum.

21. gr.

Niðurstaða málsmeðferðar við útgáfu evrópska fagskírteinisins

1. Í vefgáttinni, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB, skal gert ráð fyrir þeim möguleika að umsækjandi geti búið til rafrænt skjal með niðurstöðu málsmeðferðarinnar við útgáfu evrópska fagskírteinisins og halað niður hvers konar sönnunargögnum í tengslum við niðurstöðuna.

2. Þegar evrópska fagskírteinið er gefið út (þ.m.t. í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 4. gr. d í tilskipun 2005/36/EB) skal rafræna skjalið innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í 4. mgr. 4. gr. e í tilskipun 2005/36/EB og, þegar um er að ræða evrópskt fagskírteini vegna staðfestu, fyrirvara um að evrópska fagskírteinið feli ekki í sér leyfi til að starfa innan starfsgreinarinnar í gistiaðildarríkinu.

3. Rafræna skjalið skal innihalda öryggisþætti til að tryggja eftirfarandi:

a) að það sé ósvikið, sem tryggir að skjalið sé búið til af lögbæru yfirvaldi sem er skráð og starfandi í IMI-kerfinu og að efni þess sé í réttu samræmi við gögnin,

b) heilleika þess sem vottar að skránni, sem geymir skjalið, hafi ekki verið breytt af utanaðkomandi aðila frá því að hún var stofnuð í IMI-kerfinu á tilteknum degi og tíma.

22. gr.

Sannprófun þriðju aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, á evrópska fagskírteininu

1. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal sjá fyrir sannprófunarkerfi á Netinu sem gerir þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta og ekki hafa aðgang að IMI-kerfinu, kleift að sannprófa á Netinu hvort evrópskt fagskírteini sé gilt og ósvikið.

2. Ef um uppfærslur er að ræða á skránni í IMI-kerfinu varðandi rétt handhafa evrópsks fagskírteinis til að leggja stund á atvinnustarfsemi, skv. 1. mgr. 4. gr. e í tilskipun 2005/36/EB, skulu birtast skilaboð þess efnis að þriðju aðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, skuli hafa samband við lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins til að fá frekari upplýsingar. Orðalag skilaboðanna skal vera hlutlaust, með hliðsjón af því að virða þarf regluna um sakleysi handhafa evrópska fagskírteinisins uns sekt er sönnuð. Þegar um er að ræða evrópskt fagskírteini vegna staðfestu skulu einnig birtast skilaboð sem innihalda fyrirvara um að evrópska fagskírteinið feli ekki sér leyfi til að starfa innan starfsgreinarinnar í gistiaðildarríkinu.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ MEÐFERÐ VIÐVARANA

23. gr.

Yfirvöld sem koma að notkun viðvörunarkerfisins

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem skulu annast meðferð viðvarana sem sendar eru út og sem berast skv. 1. eða 3. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

2. Til að tryggja að einungis viðkomandi lögbær yfirvöld annist meðferð viðvarana sem berast skal sérhvert aðildarríki fela einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum samræmingu viðvarana sem berast. Þessi lögbæru yfirvöld skulu tryggja að viðvaranir séu sendar viðeigandi lögbærum yfirvöldum án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Aðildarríkin geta falið einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum samræmingu viðvarana sem sendar eru út.

24. gr.

Upplýsingar sem viðvörun skal innihalda

1. Viðvaranir skulu innihalda þær upplýsingar sem fram koma í 2. eða 3. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

2. Aðeins lögbær yfirvöld, sem falin er meðferð viðvörunar í samræmi við 1. eða 3. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB, skulu hafa aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Lögbær yfirvöld, sem falin er samræming viðvarana sem berast, skulu einungis hafa aðgang að gögnunum sem um getur í b- og d-lið 2. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB nema þeim hafi einnig í kjölfarið verið falin viðvörunin sem yfirvaldi sem annast meðferð viðvarana sem berast.

4. Þurfi lögbært yfirvald, sem annast meðferð viðvarana sem berast, frekari upplýsinga við en þeirra sem um getur í 2. eða 3. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB skal það nota aðgerðina fyrir upplýsingabeiðnir í IMI-kerfinu, eins og kveðið er á um í 2. mgr. a í 56. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

25. gr.

Viðvörun viðvíkjandi handhafa evrópsks fagskírteinis

1. Þegar send er út viðvörun viðvíkjandi handhafa evrópsks fagskírteinis skulu lögbæru yfirvöldin, sem önnuðust meðferð umsóknarinnar um evrópska fagskírteinið í samræmi við 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, sjá til þess, skv. 1. mgr. 4. gr. e í tilskipun 2005/36/EB, að samsvarandi skrá í IMI-kerfinu sé uppfærð með upplýsingunum sem viðvörunin inniheldur, þ.m.t. um hvers konar afleiðingar varðandi ástundun atvinnustarfseminnar.

2. Til að tryggja að uppfærslur skráa í IMI-kerfinu fari fram tímanlega skulu aðildarríkin veita lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um evrópsk fagskírteini skv. 1. mgr. 2. gr., aðgang að viðvörunum sem berast.

3. Tilkynna ber handhafa evrópsks fagskírteinis um uppfærslur, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í gegnum vefgáttina sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b í tilskipun 2005/36/EB eða með öðrum hætti ef um er að ræða skriflega umsókn skv. 8. gr.

26. gr.

Aðgangur að viðvörunum í IMI-kerfinu

IMI-kerfið skal bjóða upp á þann möguleika að lögbær yfirvöld, sem annast meðferð viðvarana sem berast eða sem sendar eru út, geti skoðað sérhverja viðvörun, sem þau sendu eða tóku við í upplýsingakerfinu, sé lúkningarferlið, sem um getur í 28. gr., ekki hafið.

27. gr.

Aðgerðir fyrir viðvaranir í IMI-kerfinu

Í IMI-kerfinu skal gert ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum fyrir lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru til að annast meðferð viðvarana sem berast og sendar eru út:

a) sendingu viðvarana, eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB,

b) afturköllun viðvarana sem sendar hafa verið á grundvelli ákvörðunar sem síðar hefur verið afnumin eða ógild,

c) leiðréttingu upplýsinga í viðvörunum og breyting viðvarana,

d) lúkningu og eyðingu viðvarana eins og um getur í 5. og 7. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

28. gr.

Lúkning, eyðing og breyting viðvarana

1. Gögn vegna viðvarana má vinna í IMI-kerfinu svo lengi sem þau eru gild, þ.m.t. uns lúkningarferlinu, sem um getur í 7. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB, lýkur.

2. Þegar viðvörun er ekki lengur í gildi vegna þess að viðurlög eru fallin úr gildi, í tilvikum sem ekki falla undir 5. mgr. þessarar greinar, skal lögbæra yfirvaldið, sem sendi viðvörunina, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB, breyta innihaldi hennar eða ljúka henni innan þriggja daga frá samþykkt viðkomandi ákvörðunar eða frá viðtöku viðeigandi upplýsinga ef þess er ekki krafist í landslögum að slík ákvörðun sé tekin. Tilkynna skal lögbæru yfirvöldunum, sem önnuðust meðferð viðvörunarinnar sem barst, og viðkomandi fagmanni þegar í stað um hvers kyns breytingar varðandi viðvörunina.

3. IMI-kerfið skal senda lögbæru yfirvöldunum, sem önnuðust útsendingu viðvörunarinnar, reglulegar áminningar um að sannreyna hvort upplýsingarnar í henni séu enn í gildi.

4. Ef tekin er ákvörðun um afturköllun skal lögbæra yfirvaldið, sem sendi viðvörunina í upphafi, ljúka henni tafarlaust og eyða persónuupplýsingum úr IMI-kerfinu innan þriggja daga eins og kveðið er á um í 7. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

5. Ef viðurlög hafa fallið úr gildi á þeim degi, sem tilgreindur er í 5. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB, skal IMI-kerfið þegar í stað ljúka viðvöruninni sjálfkrafa og skal persónuupplýsingum eytt úr kerfinu innan þriggja daga eins og kveðið er á um í 7. mgr. 56. gr. a í tilskipun 2005/36/EB.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

29. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Starfsgreinar sem fengið geta evrópskt fagskírteini

1. Hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun
2. Lyfjafræðingar (grunnnám)
3. Sjúkraþjálfarar
4. Fjallaleiðsögumenn
5. Fasteignasalar.

———

II. VIÐAUKI

Skjöl sem krafist er vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis

A. VIÐURKENNING Á MENNTUN OG HÆFI ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA STAÐFESTU

1. **Sjálfkrafa viðurkenning (III. kafli III. bálks tilskipunar 2005/36/EB)**

Farið er fram á eftirtalin skjöl vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis samkvæmt þessu fyrirkomulagi:

a) sönnun á ríkisfangi umsækjanda (kennivottorð eða vegabréf eða aðra viðurkennda sönnun samkvæmt landsákvæðum heimaaðildarríkis); og skjal sem vottar fæðingarstað umsækjanda, sé hann ekki tilgreindur í staðfestingu á ríkisfangi; og fyrir ríkisborgara landa utan EES, skjal sem sannar að ríkisborgari þriðja lands geti nýtt sér þau réttindi sem kveðið er á um í tilskipun 2005/36/EB samkvæmt viðkomandi lögum ESB, t.d. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB ([1]), tilskipun ráðsins 2003/109/EB ([2]), tilskipun ráðsins 2004/83/EB ([3]) eða tilskipun ráðsins 2009/50/EB ([4]),

b) vitnisburð um formlega menntun og hæfi og, eftir því sem við á, vottorð sem fylgir vitnisburði um formlega menntun og hæfi,

c) eitt eftirtalinna vottorða, eftir starfsgrein og stöðu umsækjanda:

i. samræmisvottorðið, sem um getur í 2. lið VII. viðauka tilskipunar 2005/36/EB, þegar vitnisburður um formlega menntun og hæfi uppfyllir skilyrði um tilskilda menntun,

ii. vottorð um breytingu á starfsheiti, sem um getur í 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2005/36/EB, þegar starfsheiti á vitnisburði um formlega menntun og hæfi svarar ekki til starfsheita sem skráð eru í liðum 5.2.2 eða 5.6.2 í V. viðauka við tilskipun 2005/36/EB en vitnisburðurinn uppfyllir engu að síður skilyrði um tilskilda menntun,

iii. vottorð um áunnin réttindi, sem um getur í 23., 33. eða 33. gr. a í tilskipun 2005/36/EB, sem vottar að handhafi vitnisburðar um menntun og hæfi hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi í a.m.k. tilskilinn lágmarkstíma og sem vottar að sértækum kröfum þessara greina sé fullnægt, ef nám hófst fyrir viðmiðunardagsetningarnar sem mælt er fyrir um í liðum 5.2.2 eða 5.6.2 í V. viðauka við tilskipun 2005/36/EB og vitnisburður um formlega menntun og hæfi uppfyllir ekki öll skilyrði um tilskilda menntun,

d) skjöl sem krafist er í samræmi við d- til g-lið 1. liðar VII. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

2. **Almenna kerfið til viðurkenningar (I. kafli III. bálks tilskipunar 2005/36/EB)**

Farið er fram á eftirtalin skjöl vegna útgáfu evrópsks fagskírteinis samkvæmt þessu fyrirkomulagi:

a) sönnun á ríkisfangi og önnur skjöl sem um getur í a-lið 1. liðar,

b) vottorð um starfshæfni eða vitnisburð um formlega menntun og hæfi, eftir því sem við á og vitnisburð skv. 12. gr. tilskipunar 2005/36/EB, þar sem við á,

c) skjöl sem veita viðbótarupplýsingar um námið og varða lengd námsins í heild, námsgreinar sem lögð var stund á og í hvaða mæli og, þar sem við á, hlutfallið milli fræðilegs og verklegs hluta,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (texti sem varðar EES) (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77–123).

([2]) Tilskipun ráðsins 2003/109/EB frá 25. nóvember 2003 um ríkisborgara þriðju landa sem hafa stöðu einstaklinga með fasta búsetu (Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 44–53).

([3]) Tilskipun ráðsins 2004/83/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur sem ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að teljast flóttamenn eða einstaklingar, sem af öðrum ástæðum þurfa alþjóðlega vernd, og um réttarstöðu þeirra og um efni þeirrar verndar sem er veitt (Stjtíð. ESB L 304, 30.9.2004, bls. 12–23).

([4]) Tilskipun ráðsins 2009/50/EB frá 25. maí 2009 um skilyrði fyrir komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa til að gegna störfum sem krefjast mikillar sérþekkingar og hæfis (Stjtíð. ESB L 155, 18.6.2009, bls. 17–29).

d) eftirfarandi skjöl varðandi menntun og hæfi sem gætu brúað bilið þar sem verulegur munur er milli menntunar og hæfis og dregið úr hættu á uppbótarráðstöfunum:

i. skjöl sem innihalda upplýsingar um stöðuga starfsþróun, málstofur, annars konar menntun og ævinám í samræmi við 5. mgr. 14. gr.,

ii. afrit af hvers konar sönnun á starfsreynslu, þar sem glöggt kemur fram hvers konar starfi umsækjandi gegndi,

e) eftir því sem við á, sönnun á starfsreynslu sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2005/36/EB, að því tilskildu að glöggt komi fram í skjölunum um hvers konar starf var að ræða,

f) að því er varðar farandfólk sem uppfyllir kröfur 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB, vottorð um þriggja ára starfsreynslu, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem viðurkenndi vitnisburð um menntun og hæfi frá þriðja landi skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/36/EB, eða, ef lögbært yfirvald getur ekki vottað starfsreynslu umsækjanda, aðra sönnun á starfsreynslu þar sem glöggt kemur fram hvers konar starf um var að ræða,

g) skjöl sem krafist er í samræmi við d- til g-lið 1. liðar VII. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

B. TÍMABUNDIN ÞJÓNUSTUSTARFSEMI (II. bálkur tilskipunar 2005/36/EB)

Farið er fram á eftirtalin skjöl þegar þjónusta er veitt í fyrsta sinn eða þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á aðstæðum umsækjanda skv. 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB:

a) sönnun á ríkisfangi og önnur skjöl sem um getur í a-lið 1. liðar í A-hluta,

b) þegar um er að ræða þriðju undirgrein 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, vottorð um lagalega staðfestu hans í heimaaðildarríkinu sem um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

c) skjöl sem krafist er í samræmi við b-lið 2. mgr. 7. gr. varðandi rétt fagmanns til að starfa innan greinar og önnur skjöl sem krafist er í samræmi við c- til e-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

d) þegar gistiaðildarríki beitir forathugun á menntun og hæfi skv. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB, skjöl með viðbótarupplýsingum um menntun sem um getur í c- og d-lið 2. liðar A-hluta þessa viðauka.

_____

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1013 **2018/EES/7/58**

frá 30. mars 2017

um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006

(tilkynnt með númeri C(2017) 1927) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 ([1]), einkum 2. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af áliti nefndarinnar um flutninga á vegum sem komið var á fót með 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum ([2]).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðildarríki skulu nota staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, til að miðla framkvæmdastjórninni, á tveggja ára fresti, þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að taka saman skýrslu um framkvæmd þeirrar reglugerðar, reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 og um þróun á þeim sviðum sem þessar gerðir taka til.

2) Fella ætti úr gildi staðlaða eyðublaðið, sem var fastsett með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB ([3]), og samþykkja ætti nýja ákvörðun þar sem m.a. er tekið tillit til þróunar í Sambandinu, t.d. aðildar Króatíu, og nýrra reglna um aksturs- og hvíldartíma sem hafa verið settar frá því að sú ákvörðun var samþykkt.

3) Í kröfunum um skýrslugjöf, sem voru fastsettar með reglugerð (EB) nr. 561/2006 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB ([4]), þar sem mælt er fyrir um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd hennar, er einkum fjallað um upplýsingar um undanþágur, sem aðildarríkin veita skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, og ítarlegar upplýsingar um eftirlit með ökutækjum.

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB ([5]) kemur til fyllingar ákvæðum um aksturstíma, vinnuhlé og hvíldartíma sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

5) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2002/15/EB er aðildarríkjunum skylt að gefa skýrslu um framkvæmd þeirrar tilskipunar á tveggja ára fresti. Þetta tveggja ára tímabil fellur saman við tímabilið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Því þykir rétt, af ástæðum er varða stjórnsýslulega hagræðingu og skilvirkt eftirlit með áhrifum reglna Sambandsins á þessu sviði, að sjá til þess að þessum upplýsingum verði bætt við á staðlaða eyðublaðið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB frá 22. september 2008 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (Stjtíð. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

1. Ákvörðun 2009/810/EB er felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

Staðlað eyðublað til skýrslugjafar um framkvæmd aðildarríkjanna á reglugerð (EB) nr. 561/2006, reglugerð (ESB) nr. 165/2014 og tilskipun 2002/15/EB í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006 og 13. gr. tilskipunar 2002/15/EB

1. AÐILDARRÍKI

2. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

(17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006)

Frá (dagsetning):

Til (dagsetning):

3. ÚTREIKNINGUR LÁGMARKSEFTIRLITS SEM Á AÐ FARA FRAM

(2. gr. tilskipunar 2006/22/EB)

a) Fjöldi vinnudaga á hvern ökumann á viðmiðunartímabilinu: .....

b) Heildarfjöldi ökutækja sem falla undir reglugerð (EB) nr. 561/2006: .....

c) Heildarfjöldi vinnudaga [(a) * (b)]: .....

d) Lágmarkseftirlit [3% frá janúar 2010]: .....

4. VEGAEFTIRLIT

4.1. *Fjöldi ökumanna, sem eftirlit er haft með á vegum, miðað við skráningarland og megintegund flutninga*

Megintegund flutninga	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Farþegaflutningar			
Vöruflutningar			
Samtals			

4.2. *Fjöldi ökutækja, sem stöðvaður er vegna vegaeftirlits, skipt upp eftir gerð vegar og skráningarlandi*

Gerð vegar	A	B	BG	CY	CZ	D	DK	E	EST	F	FIN	GB	GR	H	HR	I	IRL
Hraðbraut																	
Þjóðvegur																	
Aukavegur																	

Gerð vegar	L	LT	LV	M	NL	P	PL	RO	S	SK	SLO	FL	IS	N	CH	Annað	Samt als
Hraðbraut																	
Þjóðvegur																	
Aukavegur																	

4.3. *Fjöldi ökutækja, sem stöðvaður er vegna vegaeftirlits, skipt upp eftir tegund ökurita*

Tegund ökurita	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Hliðrænn ökuriti			
Stafrænn ökuriti			
Snjallökuriti ([1])			
Samtals			

([1]) Skyldubundinn frá og með gildistöku I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 (Stjtíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1).

Ef landshagskýrslur gera það mögulegt skal einnig fylla inn í töfluna hér á eftir nákvæmar tölur yfir ökutæki sem eru búin stafrænum ökurita:

a) Fjöldi ökutækja sem eru búin stafrænum ökurita	
b) Hluti ökutækja sem eru búin stafrænum ökurita af heildarflota ökutækja sem falla undir reglugerðirnar	

4.4. *Fjöldi eftirlitsdaga við vegaeftirlit, skipt upp eftir megintegund flutninga og skráningarlandi*

Megintegund flutninga	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Farþegaflutningar			
Vöruflutningar			
Samtals			

4.5. *Brot — fjöldi og tegund brota sem hafa komið í ljós við vegaeftirlit*

(R — brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006, D — brot á tilskipun 2006/22/EB)

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar			Vöruflutningar		
		ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
R 6	Aksturstími: — aksturstími á dag — aksturstími á viku — aksturstími á hálfum mánuði						
R 6	Vöntun á skráningum fyrir aðra vinnu og/eða tiltækileika						
R 7	Hlé á akstri (ekið lengur en í 4,5 klst. án hlés eða vinnuhlé of stutt)						
R 8	Hvíldartími: — daglegur lágmarks-hvíldartími — vikulegur lágmarks-hvíldartími						
R 10 og 26	Skrár um aksturstíma: — skráningar fyrir næstliðna 28 daga						
D I. viðauki A	Skráningarbúnaður: — virkar ekki rétt — gögnum í skráningar-búnaðinum hefur verið hagrætt eða þau misnotuð						

5. EFTIRLIT Á ATHAFNASVÆÐI FYRIRTÆKIS

5.1. *Fjöldi ökumanna, sem eftirlit er haft með, og fjöldi eftirlitsdaga á athafnasvæði fyrirtækis*

Tegund flutninga	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi eftirlitsdaga
I. *Tegundarflokkun*		
Farþegaflutningar		
Vöruflutningar		

Tegund flutninga	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi eftirlitsdaga
II. *Tegundarflokkun*		
Flutningar gegn gjaldi		
Flutningar fyrir eigin reikning		

5.2. *Brot — fjöldi og tegund brota sem hafa komið í ljós á athafnasvæði*

(R — brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006, D — brot á tilskipun 2006/22/EB)

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar	Vöruflutningar
R 6	Aksturstími: — aksturstími á dag — aksturstími á viku — aksturstími á hálfum mánuði		
R 6	Vöntun á skráningum fyrir aðra vinnu og/eða tiltækileika		
R 7	Hlé á akstri (ekið lengur en í 4,5 klst. án hlés eða vinnuhlé of stutt)		
R 8	Hvíldartími: — daglegur lágmarkshvíldartími — vikulegur lágmarkshvíldartími		
R 10 og 26	Skrár um aksturstíma: — varðveisla gagna í eitt ár		
D I. viðauki A	Skráningarbúnaður: — virkar ekki rétt — gögnum í skráningarbúnaðinum hefur verið hagrætt eða þau misnotuð		

5.3. *Fjöldi fyrirtækja og ökumanna, sem eftirlit er haft með á athafnasvæði, miðað við stærð ökutækjaflota fyrirtækisins*

Stærð ökutækjaflota	Fjöldi fyrirtækja sem eftirlit er haft með	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi brota sem hafa komið í ljós
1			
2-5			
6-10			
11-20			
21-50			

Stærð ökutækjaflota	Fjöldi fyrirtækja sem eftirlit er haft með	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi brota sem hafa komið í ljós
51-200			
201-500			
Yfir 500			

6. GETA Í HVERJU RÍKI TIL FRAMFYLGDAR

a) Fjöldi eftirlitsmanna sem taka þátt í vegaeftirliti og eftirliti á athafnasvæðinu: .....

b) Fjöldi eftirlitsmanna sem hafa hlotið þjálfun í greiningu gagna úr stafrænum ökuritum, bæði á vegum og á athafnasvæði fyrirtækis: .....

c) Einingafjöldi búnaðar sem eftirlitsmenn hafa til umráða til að hala niður, lesa og greina gögn úr stafrænum ökuritum á vegum og á athafnasvæði fyrirtækis: .....

7. FRAMTAKSVERKEFNI Á LANDS- OG ALÞJÓÐAVÍSU

7.1. *Á landsvísu*

a) Ráðstafanir varðandi reglusetningu (þ.m.t. upplýsingar um hvaða undanþágur hafa verið nýttar skv. 1. mgr. 13. gr.)

b) Stjórnsýsluráðstafanir

c) Aðrar ráðstafanir

7.2. *Á alþjóðavísu*

a) Samstillt eftirlit: fjöldi fyrir hvert ár, samstarfslönd

b) Miðlun reynslu, skipti á gögnum, starfsmannaskipti: fjöldi framtaksverkefna og starfsmanna ásamt fjölda starfssviða og samstarfslanda

8. VIÐURLÖG

8.1. *Refsirammi viðmiðunarárs*

8.2. *Breytingar*

a) Dagsetning og eðli nýjustu breytinga (á grundvelli viðmiðunarárs)

b) Tilvísanir til laga- eða stjórnsýslufyrirmæla

9. NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGASEMDIR, Þ.M.T. HVERS KONAR ÞRÓUN MÁLA Á VIÐKOMANDI SVIÐUM

10. SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR 2002/15/EB UM VINNUTÍMA

Þessi liður ætti almennt séð að innihalda upplýsingar:

— um hvernig skýrslan var unnin, við hvaða hagsmunaaðila samráð var haft við,

— um framkvæmd [lagalega stöðu, hvernig lögleiðingin breytti fyrri lagalegri stöðu varðandi vinnutíma, alla erfiðleika sem komu upp við beitingu tilskipunarinnar, ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar þessara erfiðleika, jaðarráðstafanir sem gerðar voru til að greiða fyrir framkvæmd löggjafarinnar í reynd],

— um eftirlit með framkvæmd [aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti með því að reglum sé fylgt, eftirlitsaðferðir sem notaðar eru, vandamál sem komu upp og lausnum sem var beitt],

— um lagalega túlkun [tilgreina skal hvort dómsúrskurðir hafi fallið í hverju ríki fyrir sig um mikilvæg álitaefni í tengslum við túlkun eða beitingu tilskipunarinnar, tilgreina skal mikilvægustu lagalegu atriði málsins],

— um mat á skilvirkni [gögn sem notuð eru til að meta skilvirkni lögleiðingarráðstafana, tilgreina skal jákvæða og neikvæða þætti við framkvæmd löggjafarinnar í reynd],

— um horfur [hvers konar forgangsatriði á sviðinu, leggja skal fram rökstuddar tillögur að aðlögun eða breytingu á tilskipuninni, tilgreina skal hvaða breytingar eru álitnar nauðsynlegar til að stuðla að tækniframförum, leggja skal fram hvers konar jaðarráðstafanir á vettvangi Evrópusambandsins].

11. AÐILI SEM ER ÁBYRGUR FYRIR SAMANTEKT ÞESSARAR SKÝRSLU

Nafn: .....

Staða: .....

Fyrirtæki: .....

Stjórnunarheimilisfang: .....

Símanúmer/bréfsímanúmer: .....

Tölvupóstfang: .....

Dagsetning: .....

_____

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1239 **2018/EES/7/59**

frá 6. júlí 2017

um viðurkenningu á Eþíópíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna

(tilkynnt með númeri C(2017) 4555) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að viðurkenna, með áritun, viðeigandi atvinnuskírteini og sérstök hæfnisskírteini farmanna, sem þriðju lönd gefa út, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin).

2) Lúxemborg annars vegar og Kýpur hins vegar fóru fram á það bréflega, 9. janúar 2014 og 5. nóvember 2014, að Eþíópía yrði viðurkennd. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar beiðnanna, haft samband við yfirvöld í Eþíópíu í því skyni að meta kerfi þeirra um þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“) eiga að annast í Eþíópíu.

3) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á kerfi Eþíópíu um þjálfun og útgáfu skírteina á grundvelli niðurstaðna úr skoðun sem fór fram í október 2015. Við matið tilgreindi framkvæmdastjórnin nokkur atriði, sem yfirvöld í Eþíópíu þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. annmarkar að því er varðar samþykki áætlunar og námskeiðis, þjálfun um borð, útgáfa skírteina og áritun.

4) Eþíópísk yfirvöld lögðu fram valfrjálsa áætlun um aðgerðir til úrbóta í maí 2016, sem bætt var við í júlí, október og desember 2016.

5) Eþíópía hefur samþykkt nýja löggjöf til að ráða bót á annmörkum varðandi innlend ákvæði, sem tilgreind voru í mati framkvæmdastjórnarinnar, og hefur uppfært verklagsreglur um gæðakerfi í stjórnsýslu sinni og sjómannaskólum sínum fyrir farmenn sem og í námsskrám og þjálfunaráætlun sjómannaskóla sinna fyrir farmenn.

6) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga dró framkvæmdastjórnin þá ályktun að yfirvöld í Eþíópíu hafi gripið til ráðstafana til að laga kerfi Eþíópíu fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna að kröfum STCW-samþykktarinnar, þ.m.t. ákvæði um viðeigandi skrifleg gögn.

7) Í apríl 2017 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum í Eþíópíu matsskýrslu sem byggðist á niðurstöðum úr skoðuninni, sem fram fór í október 2016, og þar sem tekið var tillit til uppfærðar áætlunar um aðgerðir til úrbóta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

8) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Eþíópía uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur ráðið bót á þeim annmörkum sem tilgreindir voru og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.

9) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eþíópía hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1505 2018/EES/7/60

frá 28. ágúst 2017

um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ([1]), einkum 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfi ESB er að stuðla að stöðugt betri árangri fyrirtækja/stofnana í umhverfismálum með því að stofna umhverfisstjórnunarkerfi og koma því í framkvæmd, meta árangurinn af slíku kerfi, veita upplýsingar um árangur í umhverfismálum, halda uppi opnum skoðanaskiptum við almenning og aðra hagsmunaaðila og stuðla að virkri þátttöku starfsmanna. Til að ná þessu markmiði eru skilgreindar sértækar kröfur í I. til IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 sem fyrirtæki/stofnanir, sem vilja koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd og fá skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið, verða að fylgja.

2) A-hluti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 inniheldur kröfur, sem settar eru fram í staðlinum EN ISO 14001:2004, sem mynda grundvöll krafna til umhverfisstjórnunarkerfisins í þeirri reglugerð.

3) Í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 eru tilgreind ýmis önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, verða að taka tillit til og sem hafa bein tengsl við nokkur atriði í staðlinum EN ISO 14001:2004.

4) Síðan þá hafa Alþjóðlegu staðlasamtökin gefið út nýja útgáfu af alþjóðlega staðlinum ISO 14001. Annarri útgáfu staðalsins (EN ISO 14001:2004) hefur því verið skipt út fyrir þriðju útgáfu (ISO 14001:2015).

5) Til að tryggja samræmda nálgun milli mismunandi viðauka ætti einnig að taka tillit til nýrra viðeigandi ákvæða í alþjóðlega staðlinum ISO 14001:2015 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009, þar sem settar eru fram kröfur varðandi umhverfisrýni, og í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 þar sem settar eru fram kröfur varðandi innri umhverfisúttekt.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1221/2009 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

7) Fyrirtæki/stofnanir, sem óska þess að fá eða viðhalda bæði skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og vottun samkvæmt ISO 14001, gera oft eitt samþætt sannprófunarferli/vottunarferli. Til að viðhalda samræmi milli krafna í báðum gerningum ætti ekki að gera fyrirtækjum/stofnunum skylt að koma endurskoðuðum viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 til framkvæmda á undan nýju útgáfu alþjóðlega staðalsins ISO 14001. Því er þörf á umbreytingarfyrirkomulagi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Við sannprófun fyrirtækisins/stofnunarinnar, í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, skal kanna hvort kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1221/2009, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, séu uppfylltar.

Ef um er að ræða endurnýjun á skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og næsta sannprófun á að fara fram fyrir 14. mars 2018 er heimilt að fresta henni um sex mánuði í samráði við umhverfissannprófandann og þar til bæru aðilana,

Þó er heimilt að framkvæma sannprófunina fyrir 14. september 2018, í samráði við umhverfissannprófandann, í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1221/2009, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 517/2013 ([1]). Ef slík sannprófun fer fram er gildi yfirlýsingar umhverfissannprófandans, sem og vottorð um skráningu, einungis gild til 14. september 2018.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 517/2013 frá 13. maí 2013 um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra völuflutninga, frjálsrar farar fólks, félagaréttar, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar, matvælaöryggis, stefnu er varðar heilbrigði dýra og plantna, stefnu í flutningamálum, orku, skattlagningar, hagskýrslna, samevrópskra netkerfa, dómsmála og grundvallarréttinda, réttvísi, frelsis og öryggis, umhverfis, tollabandalags, samskipta við önnur ríki, stefnu í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum, og stofnana vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 1).

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

UMHVERFISRÝNI

Eftirfarandi svið skulu heyra undir umhverfisrýni:

1. **Ákvörðun á bakgrunni fyrirtækis/stofnunar**

Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða þau ytri og innri atriði sem geta haft jákvæð eða neikvæð áhrif á getu fyrirtækisins/ stofnunarinnar til að ná fyrirhugaðri útkomu með umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar.

Slík atriði eru m.a. umhverfisaðstæður sem skipta máli, s.s. loftslag, loftgæði, vatnsgæði, tiltækileiki náttúruauðlinda, líffræðileg fjölbreytni.

Þau geta einnig tekið til en einskorðast ekki við eftirfarandi: skilyrði:

— ytri skilyrði (s.s. menningarlegar, félagslegar, stjórnmálalegar, lagalegar, reglutengdar, fjárhagslegar, tæknilegar, efnahagslegar og náttúrulegar aðstæður og samkeppnisaðstæður),

— innri skilyrði í tengslum við eiginleika fyrirtækis/stofnunar (s.s. starfsemi þess/hennar, framleiðsla og þjónusta, stefnumörkun, menning og geta).

2. **Tilgreining á hagsmunaaðilum og ákvörðun á þörfum þeirra og væntingum sem skipta máli**

Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða hvaða hagsmunaaðilar skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, viðkomandi þarfir og væntingar þessara hagsmunaaðila og hverjar af þessum þörfum og væntingum það/hún hefur orðið við eða kýs að verða við.

Ef fyrirtæki/stofnun ákveður af fúsum og frjálsum vilja að samþykkja eða semja um viðkomandi þarfir eða væntingar hagsmunaaðila, sem falla ekki undir lagaskilyrði, verða þær hluti af skyldum sem fyrirtækið/stofnunin verður að uppfylla.

3. **Tilgreining gildandi lagaskilyrða varðandi umhverfið**

Auk þess að útbúa skrá yfir gildandi lagaskilyrði skal viðkomandi fyrirtæki/stofnun einnig gera grein fyrir því hvernig hægt er að útvega sannanir fyrir því að fyrirtækið/stofnunin uppfylli hin ýmsu lagaskilyrði.

4. **Tilgreining á beinum og óbeinum umhverfisþáttum og ákvörðun á þeim sem eru þýðingarmiklir**

Fyrirtæki/stofnun skal tilgreina alla beina og óbeina umhverfisþætti sem hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á umhverfið, greinda bæði eftir megind- og eigindlegum eiginleikum, eftir því sem við á, og taka saman skrá yfir alla tilgreinda umhverfisþætti. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig ákvarða hverjir þessara þátta eru þýðingarmiklir á grundvelli viðmiðananna sem eru fastsettar í samræmi við 5. lið þessa viðauka.

Þegar fyrirtæki/stofnun tilgreinir beina og óbeina umhverfisþætti er mikilvægt að það/hún hafi einnig í huga umhverfisþætti sem tengjast kjarnastarfsemi þeirra Skrá, sem einskorðast við umhverfisþætti sem tengjast athafnasvæði og mannvirkjum fyrirtækis/stofnunar, er ófullnægjandi.

Þegar fyrirtæki/stofnun tilgreinir beina og óbeina umhverfisþætti í tengslum við starfsemi sína, vörur og þjónustu skal fyrirtækið/stofnunin tileinka sér vistferilssjónarmið með því að taka tillit til vistferilsstiga sem það/hún getur stjórnað eða haft áhrif á. Slík stig ná alla jafna yfir öflun hráefna, innkaup, hönnun, framleiðslu, flutning, notkun, meðhöndlun við lok endingartíma og endanlega förgun, háð starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar.

4.1. *Beinir umhverfisþættir*

Beinir umhverfisþættir tengjast starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar sjálfrar sem það eða hún hefur beina stjórn á.

Öll fyrirtæki/stofnanir verða að vega og meta þá beinu umhverfisþætti sem fylgja starfseminni sem fram fer á þeirra vegum.

Beinir umhverfisþættir fela í sér eftirfarandi atriði en einskorðast þó ekki við þau:

1) losun út í andrúmsloftið,

2) losun í vatn (þ.m.t. ísíun í grunnvatn),

3) framleiðslu, endurvinnslu, endurnotkun, flutninga og förgun á föstum úrgangi og öðrum úrgangi, einkum hættulegum úrgangi,

4) notkun og mengun lands,

5) notkun orku, náttúruauðlinda (þ.m.t. vatn, dýraríki og plönturíki) og hráefna,

6) notkun íblöndunar- og hjálparefna sem og hálfunninna vara,

7) staðbundna þætti (hávaða, titring, ólykt, ryk, sjónmengun o.s.frv.).

Þegar umhverfisþættir eru tilgreindir ætti einnig að hafa eftirfarandi í huga:

— áhættu á umhverfisslysum og annars konar neyðarástandi sem hefur hugsanleg umhverfisáhrif (t.d. íðefnaslys) og hugsanlegar óeðlilegar aðstæður sem gætu leitt til hugsanlegra umhverfisáhrifa,

— þætti sem varða flutninga á vörum og þjónustu og á starfsfólki sem ferðast á vegum fyrirtækisins.

4.2. *Óbeinir umhverfisþættir*

Óbeinir umhverfisþættir geta stafað af samskiptum fyrirtækis/stofnunar við þriðju aðila sem geta að vissu marki orðið fyrir umtalsverðum áhrifum frá fyrirtækinu/stofnuninni.

Þetta tekur til en einskorðast ekki við eftirfarandi:

1) vistferilstengd atriði í tengslum við vöru og þjónustu sem fyrirtæki/stofnun getur haft áhrif á (öflun hráefna, hönnun, innkaup, framleiðsla, flutningur, notkun, meðhöndlun við lok endingartíma og endanleg förgun),

2) fjárfestingar, lánveitingar og tryggingastarfsemi,

3) nýja markaði,

4) val á þjónustu og samsetningu hennar (t.d. flutninga- eða veitingarekstur),

5) stjórnsýslu- og skipulagsákvarðanir,

6) vöruflokkasamsetningu,

7) árangur og starfsvenjur verktaka, undirverktaka, birgja og undirbirgja í umhverfismálum.

Fyrirtæki/stofnanir verða að geta sýnt fram á að tekið sé á mikilvægum umhverfisþáttum og áhrifum sem tengjast þessum þáttum innan stjórnunarkerfisins.

Fyrirtækið/stofnunin skal leitast við að tryggja að birgjar og þeir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins/stofnunarinnar fylgi umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar þegar þeir vinna störf innan ramma samningsins.

Fyrirtæki/stofnun skal íhuga hversu mikil áhrif fyrirtækið/stofnunin getur haft á þessa óbeinu umhverfisþætti og hvaða ráðstafanir fyrirtækið/stofnunin getur gert til að draga úr umhverfisáhrifum eða til að auka umhverfislegan ávinning.

5. **Mat á mikilvægi umhverfisþátta**

Fyrirtæki/stofnun skal skilgreina viðmiðanir fyrir mat á mikilvægi umhverfisþátta í tengslum við starfsemi, vörur og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar og nota þær til að ákvarða hvaða umhverfisþættir hafi veruleg umhverfisáhrif út frá vistferilssjónarmiði.

Við þróun viðmiðananna skal fyrirtækið/stofnunin taka tillit til löggjafar og þær skulu vera yfirgripsmiklar, það skal vera hægt að gera óháða athugun á þeim og endurtaka þær og þær skulu vera aðgengilegar öllum.

Fyrirtæki/stofnun skal hafa eftirfarandi þætti í huga við ákvörðun á þessum viðmiðunum:

1) mögulegt tjón eða ávinning fyrir umhverfið, þ.m.t. líffræðileg fjölbreytni,

2) aðstæður í umhverfinu (t.d. viðkvæmni staðbundins, svæðisbundins eða hnattræns umhverfis),

3) umfang þáttanna eða áhrifanna, hve oft og hve víða þeirra gætir, svo og hvort þeir eða þau ganga til baka,

4) hvort viðeigandi umhverfislöggjöf sé fyrir hendi og hvaða kröfur eru settar fram þar,

5) sjónarmið hagsmunaaðila, þ.m.t. starfsmanna fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Taka má tillit til viðbótarþátta sem skipta máli, háð tegund starfsemi, vöru og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtæki/stofnun skal meta mikilvægi umhverfisþátta sinna og áhrif, byggt á settum viðmiðunum. Til að gera slíkt skal fyrirtækið/stofnunin taka tillit til atriða sem geta falið í sér en eru ekki einskorðuð við:

1) fyrirliggjandi gögn fyrirtækis/stofnunar um efnis- og orkuaðföng, frárennsli, úrgang og losun með tilliti til áhættu,

2) starfsemi fyrirtækis/stofnunar sem er stýrt af umhverfislöggjöf,

3) innkaupastarfsemi,

4) hönnun, þróun, framleiðslu, dreifingu, viðhald, notkun, endurnotkun, endurvinnslu og förgun á vörum fyrirtækisins/stofnunarinnar,

5) þá þætti í starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar sem hafa í för með sér mesta umhverfiskostnaðinn og mesta umhverfisávinninginn.

Þegar lagt er mat á mikilvægi umhverfisáhrifa af starfsemi fyrirtækis/stofnunar skal fyrirtækið/stofnunin hafa í huga venjuleg rekstrarskilyrði, skilyrði við gangsetningu og rekstrarstöðvun og neyðaraðstæður sem eðlilegt er að ætla að geti komið upp. Taka skal tillit til fyrri, núverandi og fyrirhugaðrar starfsemi.

6. **Mat á endurgjöf úr rannsóknum á fyrri atvikum**

Fyrirtæki/stofnun skal taka mið af endurgjöf úr rannsóknum á fyrri atvikum sem gætu haft áhrif á getu fyrirtækis/stofnunar til að ná fyrirhugaðri útkomu með umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar.

7. **Ákvörðun og skjalfesting á áhættu og tækifærum**

Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða og skjalfesta áhættur og tækifæri sem tengjast umhverfisþáttum fyrirtækisins/stofnunarinnar, skyldum sem fyrirtækið/stofnunin verður að uppfylla og öðrum þáttum og kröfum sem eru skilgreind í liðum 1. til 4.

Fyrirtækið/stofnunin skal leggja áherslu á þær áhættur og þau tækifæri sem takast skal á við til að tryggja að fyrirhuguð útkoma náist með umhverfisstjórnunarkerfinu, til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif eða slys og til að ná fram stöðugum umbótum á umhverfisárangri fyrirtækisins/stofnunarinnar.

8. **Athugun á núverandi ferlum, starfsvenjum og málsmeðferðarreglum**

Fyrirtæki/stofnun skal rannsaka núverandi ferli, starfsvenjur og málsmeðferðarreglur og ákvarða hver þeirra eru nauðsynleg til að tryggja viðhald umhverfisstjórnunar til lengri tíma.

———

II. VIÐAUKI

KRÖFUR TIL UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFA OG ÖNNUR ATRIÐI SEM FYRIRTÆKI/STOFNANIR, SEM KOMA UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFINU Í FRAMKVÆMD, SKULU TAKA TILLIT TIL

Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis undir merkjum umhverfisstjórnunarkerfis ESB (EMAS) eru þær sömu og mælt er fyrir um í 4. til 10. þætti staðalsins EN ISO 14001:2015. Þessar kröfur eru birtar í A-hluta.

Tilvísanirnar í 4. gr. til tiltekinna liða í þessum viðauka ber að skilja sem hér segir:

Tilvísun í A.3.1 ber að skilja sem tilvísun í hluta A 6.1

Tilvísun í A 5.5 ber að skilja sem tilvísun í hluta A 9.2.

Auk þess er fyrirtækjum/stofnunum, sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd, skylt að taka tillit til ýmissa annarra atriða sem tengjast beint ýmsum atriðum í 4. þætti staðalsins EN ISO 14001:2015. Þessar viðbótarkröfur eru settar fram í B-hluta þessa viðauka.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Fyrirtæki/stofnanir, sem eiga aðild að umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS), skulu innleiða kröfurnar í EN ISO 14001:2015 ([1]) sem eru birtar hér á eftir: A.4 Bakgrunnur fyrirtækis/stofnunar A.4.1 Skilningur á fyrirtæki/stofnun og bakgrunni þess/hennar Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða ytri og innri atriði sem skipta máli að því er varðar tilgang fyrirtækisins/stofnunarinnar og hafa áhrif á getu fyrirtækisins/stofnunarinnar til að ná fyrirhugaðri útkomu með umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar. Slík atriði skulu ná yfir umhverfisaðstæður sem verða fyrir áhrifum af eða geta haft áhrif á fyrirtækið/stofnunina A.4.2 Skilningur á þörfum og væntingum hagsmunaaðila Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða: a) hagsmunaaðila sem skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, b) viðkomandi þarfir og væntingar (þ.e. kröfur) þessara hagsmunaaðila, c) hverjar þessara þarfa og væntinga verði að skyldum sem það/hún verður að uppfylla. A.4.3 Ákvörðun á umfangi umhverfisstjórnunarkerfisins Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða mörk og gildissvið umhverfisstjórnunarkerfisins til að ákveða umfang þess. Þegar fyrirtæki/stofnun ákvarðar þetta umfang skal það/hún hafa í huga: a) ytri og innri atriði sem um getur í A.4.1, b) skyldur sem verður að uppfylla, sem um getur í A.4.2, c) eigin stjórnskipulagseiningu eða -einingar, hlutverk og efnisleg mörk, d) eigin starfsemi, vörur og þjónustu, e) eigið vald og getu til að stjórna og hafa áhrif.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Þegar umfangið hefur verið skilgreint þarf öll starfsemi, vörur og þjónusta viðkomandi fyrirtækis/stofnunar innan þessa umfangs að koma fram í umhverfisstjórnunarkerfinu. Umfanginu skal viðhaldið sem skjalfestum upplýsingum og vera aðgengilegt fyrir hagsmunaaðila. A.4.4 Umhverfisstjórnunarkerfi Til að ná fyrirhugaðri útkomu, þ.m.t. að bæta eigin umhverfisárangur, skal fyrirtæki/stofnun koma upp, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt umhverfisstjórnunarkerfi, þ.m.t. ferli sem þörf er á og samspil þeirra, í samræmi við kröfurnar í þessum alþjóðlega staðli. Þegar fyrirtæki/stofnun kemur umhverfisstjórnunarkerfinu á fót og viðheldur því skal fyrirtækið/stofnunin hafa í huga þá þekkingu sem fengist hefur í 4.1 og 4.2.	
A.5 Forystuhæfileikar A.5.1 Forystuhæfileikar og skuldbinding Æðstu stjórnendur skulu sýna fram á forystuhæfileika og skuldbindingu að því er varðar umhverfisstjórnunarkerfið með því að: a) taka ábyrgð á skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins, b) tryggja að umhverfisstefna og almenn umhverfismarkmið séu ákvörðuð og samrýmanleg við stefnumörkun og bakgrunn fyrirtækisins/stofnunarinnar, c) tryggja samþættingu krafna til umhverfisstjórnunarkerfisins við viðskiptaferla fyrirtækisins/stofnunarinnar, d) tryggja að tilföng, sem eru nauðsynleg fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, séu tiltæk, e) skýra frá mikilvægi skilvirkrar umhverfisstjórnunar og að vera í samræmi við kröfur til umhverfisstjórnunarkerfisins, f) tryggja að fyrirhuguð útkoma náist með umhverfisstjórnunarkerfinu, g) stýra einstaklingum og styðja þá við að stuðla að skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins, h) stuðla að stöðugum umbótum, i) styðja aðra viðkomandi stjórnendur í hlutverki sínu við að sýna fram á forystuhæfileika sína eins og við á m.t.t. ábyrgðarsviðs þeirra. *Athugasemd:* Hægt er að túlka tilvísun í „viðskipti“ í þessum alþjóðlega staðli á víðtækan hátt þannig hún eigi við um þá starfsemi sem er kjarninn í tilgangi þess að fyrirtækið/stofnunin er til.	
A.5.2 Umhverfisstefna Æðstu stjórnendur skulu koma upp, koma í framkvæmd og viðhalda umhverfisstefnu sem, innan skilgreinds umfangs umhverfisstjórnunarkerfisins: a) er í samræmi við tilgang og bakgrunn fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. eðli, umfang og umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, vörum og þjónustu,	B.1. Stöðugar umbætur á umhverfisárangi Fyrirtæki/stofnanir skulu skuldbinda sig til að bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
b) gefur ramma til að ákvarða almenn umhverfismarkmið, c) inniheldur skuldbindingu um vernd umhverfisins, þ.m.t. að koma í veg fyrir mengun, og aðrar sértækar skuldbindingar sem skipta máli fyrir bakgrunn fyrirtækisins/stofnunarinnar, *Athugasemd:* Aðrar sérstakar skuldbindingar um að vernda umhverfið geta falið í sér notkun á sjálfbærum tilföngum, að aðlagast loftslagsbreytingum og milda þær og verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. d) inniheldur skuldbindingu um að uppfylla þær skyldur sem verður að uppfylla. e) inniheldur skuldbindingu um stöðugar umbætur á umhverfisstjórnunarkerfinu til að auka umhverfisárangur. Umhverfisstefnunni skal: — viðhaldið sem skjalfestum upplýsingum, — miðlað innan fyrirtækisins/stofnunarinnar, — haldið aðgengilegri fyrir hagsmunaaðila.	Ef fyrirtæki/stofnun er með starfsemi á einu eða fleiri athafnasvæðum skal hvert athafnasvæði, sem umhverfisstjórnunarkerfið nær til, uppfylla allar kröfur samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. að bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 2. gr.
A.5.3 Hlutverk, ábyrgð og valdsvið innan fyrirtækis/stofnunar Æðstu stjórnendur skulu tryggja að ábyrgð og valdsviði, að því er varðar tiltekin hlutverk, sé útdeilt og miðlað innan fyrirtækis/stofnunar. Æðstu stjórnendur skulu úthluta ábyrgð og valdi, að því er varðar: a) að tryggja að umhverfisstjórnunarkerfið sé í samræmi við kröfurnar í þessum alþjóðlega staðli, b) skýrslugjöf um árangur umhverfisstjórnunarkerfisins, þ.m.t. umhverfisárangur, til æðstu stjórnenda.	B.2. Fulltrúi eða fulltrúar stjórnenda Æðstu stjórnendur skulu tilnefna sérstaka(n) fulltrúa æðstu stjórnenda sem, án tillits til annarrar ábyrgðar, skal fengið skilgreint hlutverk, ábyrgð og vald til að tryggja umhverfisstjórnunarkerfi sem er í samræmi við þessa reglugerð og til að gefa æðstu stjórnendum skýrslu um árangur umhverfisstjórnunarkerfisins. Fulltrúi æðstu stjórnenda má vera einn af æðstu stjórnendum fyrirtækisins/stofnunarinnar.
A.6 Skipulagning A.6.1 Aðgerðir til að taka á áhættum og tækifærum A.6.1.1 Almennt Fyrirtæki/stofnun skal koma á, innleiða og viðhalda þeim ferlum sem þörf er á til að uppfylla kröfurnar í 6.1.1 til 6.1.4. Þegar fyrirtæki/stofnun skipuleggur umhverfisstjórnunarkerfi skal fyrirtækið/stofnunin hafa eftirfarandi í huga: — atriðin, sem um getur í 4.1, — kröfurnar, sem um getur í 4.2, — umfang eigin umhverfisstjórnunarkerfis og ákvarða áhættur og tækifæri í tengslum við: — umhverfisþætti (sjá 6.1.2), — skyldur sem verður að uppfylla (sjá 6.1.3),	B.3 Umhverfisrýni Fyrirtæki/stofnanir skulu inna af hendi og skjalfesta upphaflega umhverfisrýni eins og sett er fram í I. viðauka. Fyrirtæki/stofnanir utan Sambandsins skulu einnig vísa til þeirra lagaskilyrða varðandi umhverfið sem gilda fyrir samskonar fyrirtæki/stofnanir í aðildarríkjunum þar sem þau hyggjast leggja fram umsókn.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
— önnur atriði og kröfur, sem eru tilgreind í 4.1 og 4.2, sem þarf að taka á til: — að veita vissu fyrir því að fyrirhuguð útkoma geti náðst með umhverfisstjórnunarkerfinu, — að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum, þ.m.t. möguleikum á að ytri umhverfisaðstæður hafi áhrif á fyrirtækið/stofnunina, — að ná fram stöðugum umbótum. Fyrirtæki/stofnun skal, innan umfangs eigin umhverfisstjórnunarkerfis, ákvarða hugsanlegt neyðarástand, þ.m.t. neyðarástand sem getur haft umhverfisáhrif. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum um eigin: — áhættur og tækifæri, sem þarf að taka á, — ferli sem þörf er á skv. 6.1.1 til 6.1.4, að því marki sem nauðsynlegt er til að hafa fullvissu fyrir því að þeim sé fylgt eins og fyrirhugað er. A.6.1.2 Umhverfisþættir Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða umhverfisþætti í tengslum við eigin starfsemi, vörur og þjónustu sem fyrirtækið/stofnunin getur stjórnað og það sem fyrirtækið/stofnunin getur haft áhrif á, innan skilgreinds umfangs umhverfisstjórnunarkerfisins, og tengd umhverfisáhrif út frá vistferilssjónarmiði. Þegar fyrirtæki/stofnun ákvarðar umhverfisþætti skal fyrirtækið/stofnunin taka tillit til: a) breytinga, þ.m.t. fyrirhuguð eða ný þróun, og nýrrar eða breyttrar starfsemi, vöru og þjónustu, b) óeðlilegra skilyrða og neyðarástands sem eðlilegt er að ætla að geti komið upp. Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða þá þætti, sem hafa eða geta haft veruleg umhverfisáhrif, með því að nota settar viðmiðanir. Fyrirtæki/stofnun skal miðla mikilvægum umhverfisþáttum sínum milli mismunandi stiga og starfssviða fyrirtækisins/stofnunarinnar, eins og við á. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum um eigin: — umhverfisþætti og tengd umhverfisáhrif, — viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða mikilvæga umhverfisþætti, — mikilvæga umhverfisþætti. *Athugasemd:* Mikilvægir umhverfisþættir geta leitt til áhættu og tækifæra sem tengjast annaðhvort neikvæðum umhverfisáhrifum (ógnum) eða jákvæðum umhverfisáhrifum (tækifærum).	
A.6.1.3 Skyldur sem verður að uppfylla Fyrirtæki/stofnun skal: a) ákvarða skyldur sem verður að uppfylla í tengslum við umhverfisþætti þess/hennar og hafa aðgang að þeim,	B.4. Samræmi við lög Fyrirtæki/stofnanir sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða hyggja á skráningu skulu sýna fram á að þau hafi uppfyllt öll eftirfarandi skilyrði: 1) þau þekkja öll gildandi lagaskilyrði varðandi umhverfið og gera sér grein fyrir áhrifum þeirra á fyrirtækið/stofnunina,

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
b) ákvarða hvernig þessar skyldur sem verður að uppfylla gilda um fyrirtækið/stofnunina, c) taka tillit til þessara skyldna sem verður að uppfylla þegar umhverfisstjórnunarkerfinu er komið á, innleitt, viðhaldið og bætt stöðugt. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum um skyldur sem fyrirtækið/stofnunin verður að uppfylla. *Athugasemd:* Skyldur sem verður að uppfylla geta leitt til áhættu og tækifæra fyrir fyrirtæki/stofnun. A.6.1.4 Skipulagning aðgerða Fyrirtæki/stofnun skal skipuleggja: a) að grípa til aðgerða til að taka á 1) mikilvægum umhverfisþáttum, 2) skyldum sem verður að uppfylla, 3) áhættum og tækifærum sem eru tilgreind í 6.1.1, b) hvernig á að: 1) samþætta og innleiða aðgerðir inn í ferli eigin umhverfisstjórnunarkerfis (sjá liði 6.2, 7, 8 og 9.1) eða aðra viðskiptaferla, 2) meta skilvirkni þessara aðgerða (sjá 9.1). Þegar fyrirtæki/stofnun skipuleggur þessar aðgerðir skal fyrirtækið/stofnunin hafa í huga tæknilega valkosti sína og fjárhagslegar, rekstrarlegar og viðskiptalegar kröfur.	2) þau tryggja að samræmi við umhverfislöggjöfina sé haldið, þ.m.t. leyfi og leyfistakmarkanir, og leggja fram viðeigandi sannanir, 3) þau hafa málsmeðferðarreglur fyrir hendi sem gera fyrirtækinu/stofnuninni kleift að tryggja viðvarandi samræmi við umhverfislöggjöfina.
A.6.2 Almenn umhverfismarkmið og skipulagning til að ná þeim	
A.6.2.1 Almenn umhverfismarkmið Fyrirtæki/stofnun skal setja fram almenn umhverfismarkmið í viðeigandi starfsdeildum og stigum, að teknu tilliti til mikilvægra umhverfisþátta fyrirtækisins/stofnunarinnar og tengdra skyldna sem verður að uppfylla og að teknu tilliti til áhættu og tækifæra. Almenn umhverfismarkmið skulu vera: a) í samræmi við umhverfisstefnuna, b) mælanleg (verði því við komið), c) vöktuð, d) miðluð, e) uppfærð, eins og við á. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum um almenn umhverfismarkmið. A.6.2.2 Skipulagning aðgerða til að ná almennum umhverfismarkmiðum Þegar fyrirtæki/stofnun skipuleggur hvernig fyrirtækið/stofnunin ætlar að ná almennum umhverfismarkmiðum skal það/hún ákvarða: a) hvað verður gert, b) hvaða tilfanga verður krafist,	B.5. Almenn umhverfismarkmið Fyrirtæki/stofnanir skulu geta sýnt fram á að stjórnunarkerfi og úttektaraðferðir taki á raunverulegum árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum með tilliti til beinna og óbeinna þátta. Leiðirnar til að ná almennum og sértækum markmiðum geta þó ekki sjálfar verið umhverfismarkmið.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
c) hver ber ábyrgðina, d) hvenær því verður lokið, e) hvernig niðurstöðurnar verða metnar, þ.m.t. vísbendar til að mæla framfarir í átt til þess að ná mælanlegum almennum umhverfismarkmið þess/hennar (sjá 9.1.1). Fyrirtæki/stofnun skal íhuga hvernig hægt er að samþætta aðgerðir til að ná almennum umhverfismarkmiðum þess/hennar við viðskiptaferla fyrirtækisins/stofnunarinnar.	
A.7 Stuðningur A.7.1 Tilföng Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða og útvega þau tilföng sem eru nauðsynleg til að koma á umhverfisstjórnunarkerfi, innleiða það, viðhalda því og bæta það stöðugt.	
A.7.2 Hæfni Fyrirtæki/stofnun skal: a) ákvarða nauðsynlega hæfni einstaklings eða einstaklinga, sem sinna störfum undir stjórn þess/hennar, sem hafa áhrif á umhverfisárangur þess/hennar og getu til að uppfylla þær skyldur sem verður að uppfylla, b) tryggja að þessir einstaklingar séu hæfir á grundvelli viðeigandi menntunar, starfsþjálfunar eða reynslu, c) ákvarða þörf fyrir starfsþjálfun í tengslum við umhverfisþætti þess/hennar og umhverfisstjórnunarkerfið, d) eftir atvikum, grípa til aðgerða til að öðlast nægilega hæfni og meta skilvirkni þeirra aðgerða sem gripið er til. *Athugasemd:* Viðeigandi aðgerðir geta t.d. falið í sér veitingu starfsþjálfunar til launaðra starfsmanna, handleiðslu þeirra eða flutning í annað starf eða ráðningu eða verktöku til þess hæfra einstaklinga. Fyrirtæki/stofnun skal halda til haga viðeigandi skjalfestum upplýsingum til sönnunar á hæfni.	B.6. Þátttaka starfsmanna 1) Fyrirtækið/stofnunin skal hafa í huga að virk þátttaka starfsmanna er drifkraftur og forsenda þess að stöðugar og velheppnaðar umbætur verði í umhverfismálum auk þess að vera lykillinn að bættum árangri í umhverfismálum og enn fremur rétta leiðin til að festa umhverfisstjórnunar- og umhverfisúttektarkerfið í sessi í fyrirtækinu eða stofnuninni á farsælan hátt. 2) „Þátttöku starfsmanna“ ber að skilja þannig að hún nái bæði yfir beina þátttöku starfsmanna og veitingu upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra. Starfsmenn skulu því vera virkir þátttakendur í starfinu á öllum stigum þess. Fyrirtækið/stofnunin skal hafa í huga að það að sýna fram á skuldbindingu, viðbragðsflýti og virkan stuðning frá stjórninni er forsenda þess að þessi ferli skili árangri. Í þessu samhengi ættu stjórnendur að veita starfsmönnum viðeigandi endurgjöf. 3) Auk þessara krafna skulu starfsmenn eða fulltrúar þeirra taka þátt í ferlinu, sem miðar að því að bæta stöðugt árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum, með: a) upphaflegu umhverfisrýninni, b) stofnun og innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis og úttektarkerfis sem bæta umhverfisárangur,

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
	c) umhverfisnefndum eða vinnuhópum sem afla upplýsinga og tryggja þátttöku umhverfisfulltrúa/fulltrúa stjórnar ásamt þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra, d) sameiginlegum vinnuhópum innan ramma aðgerðaáætlunar á sviði umhverfismála og umhverfisúttektar, e) samantekt umhverfisyfirlýsinga. 4) Í þessu skyni skal nota viðeigandi form þátttöku, s.s. fyrirkomulag með tillagnabók eða verkefnamiðaða hópvinnu eða umhverfismálanefndir. Fyrirtæki/stofnanir skulu taka mið af leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um bestu starfsvenjur á þessu sviði. Ef þess er óskað skulu fulltrúar starfsmanna einnig taka þátt.
A.7.3 Vitund Fyrirtæki/stofnun skal tryggja að einstaklingum, sem inna störf af hendi undir stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar, sé kunnugt um: a) umhverfisstefnuna, b) mikilvæga umhverfisþætti og tengd raunveruleg eða möguleg umhverfisáhrif af störfum sínum, c) eigið framlag til skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfis, þ.m.t. ávinningur af auknum umhverfisárangri, d) afleiðingarnar af því að fara ekki að kröfunum til umhverfisstjórnunarkerfisins, þ.m.t. að uppfylla ekki þær skyldur fyrirtækisins/stofnunarinnar sem verður að uppfylla.	
A.7.4 Samskipti A.7.4.1 Almennt Fyrirtæki/stofnun skal koma á, innleiða og viðhalda þeim ferlum sem þörf er á til innri og ytri samskipta sem skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, þ.m.t.: a) hverju það/hún ætlar að miðla, b) hvenær á að hafa samskipti, c) við hvern á að hafa samskipti, d) hvernig á að hafa samskipti. Þegar fyrirtæki/stofnun kemur á samskiptaferli sínu eða -ferlum skal fyrirtækið/stofnunin: — taka tillit til þeirra skyldna sem það/hún verður að uppfylla, — tryggja að umhverfisupplýsingar sem miðlað er séu í samræmi við upplýsingar sem verða til innan umhverfisstjórnunarkerfisins og séu áreiðanlegar.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Fyrirtæki/stofnun skal bregðast við viðeigandi samskiptum varðandi umhverfisstjórnunarkerfið. Fyrirtæki/stofnun skal halda til haga skjalfestum upplýsingum til sönnunar á samskiptum þess/hennar, eins og við á. A.7.4.2 Innri samskipti Fyrirtæki/stofnun skal: a) miðla upplýsingum, sem skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, innanhúss milli mismunandi stiga og starfssviða fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. breytingar á umhverfisstjórnunarkerfinu, eins og við á, b) tryggja að samskiptaferli þess/hennar geri einstaklingum, sem inna störf af hendi undir stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar, kleift að stuðla að stöðugum umbótum.	
A.7.4.3 Ytri samskipti Fyrirtæki/stofnun skal miðla upplýsingum, sem skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, utan fyrirtækisins/stofnunarinnar, eins og er ákvarðað í samskiptaferli þess/hennar og eins og krafist er samkvæmt skyldum sem það/hún verður að uppfylla.	B.7. Samskipti 1) Fyrirtæki/stofnanir skulu vera fær um að sýna fram á að þau haldi uppi opnum skoðanaskiptum við almenning, yfirvöld og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög og viðskiptavinir, í tengslum við umhverfisáhrif af starfsemi þeirra, vörum og þjónustu. 2) Til að tryggja mikið gagnsæi og byggja upp traust hjá hagsmunaaðilum skulu fyrirtæki/stofnanir, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, birta tilteknar umhverfisupplýsingar eins og skilgreint er í IV. viðauka, Skýrslugjöf í umhverfismálum.
A.7.5 Skjalfestar upplýsingar A.7.5.1 Almennt Umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækis/stofnunar skal fela í sér: a) skjalfestar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessum alþjóðlega staðli, b) skjalfestar upplýsingar sem fyrirtækið/stofnunin ákveður að séu nauðsynlegar vegna skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins. *Athugasemd:* Umfang skjalfestra upplýsinga um umhverfisstjórnunarkerfi getur verið mismunandi milli fyrirtækja/stofnana vegna: — stærðar fyrirtækis/stofnunar og tegundar starfsemi, vinnslu, vara og þjónustu, — þarfar til að sýna fram á að skyldur sem verður að uppfylla séu uppfylltar, — þess hversu margslungin ferlin og víxlverkun þeirra eru, — hæfni einstaklinga sem inna störf af hendi undir stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
A.7.5.2 Samantekt og uppfærsla Þegar fyrirtæki/stofnun tekur saman og uppfærir skjalfestar upplýsingar skal fyrirtækið/stofnunin tryggja viðeigandi: a) kennimerkingu og lýsingu (t.d. titill, dagsetning, höfundur eða tilvísunarnúmer), b) snið (t.d. tungumál, hugbúnaðarútgáfa, myndræn útfærsla) og miðil (t.d. á pappír, í rafrænu formi), c) endurskoðun og samþykki fyrir hentugleika og nægjanleika. A.7.5.3 Stýring á skjalfestum upplýsingum Skjalfestum upplýsingum, sem krafist er vegna umhverfisstjórnunarkerfisins og vegna þessa alþjóðastaðals, skal stýrt til að tryggja: a) aðgengileika þeirra og hentugleika til notkunar, þar sem og þegar þeirra er þörf, b) að þær njóti fullnægjandi verndar (t.d. m.t.t. trúnaðarkvaðar, óviðeigandi notkunar eða að heilleiki glatist). Í því skyni að stýra skjalfestum upplýsingum skal fyrirtæki/stofnun taka á eftirfarandi starfsemi, eftir því sem við á: — dreifingu, aðgangi, endurheimt og notkun, — geymslu og varðveislu, þ.m.t. að viðhalda læsileika, — stjórn á breytingum (t.d. útgáfustjórn), — varðveislu og förgun. Skjalfestar utanaðkomandi upplýsingar, sem fyrirtækið/stofnunin ákvarðar að séu nauðsynlegar fyrir skipulagningu og starfrækslu umhverfisstjórnunarkerfisins skulu auðkenndar, eins og við á, og þeim stýrt. *Athugasemd:* Aðgangur getur falið í sér ákvörðun er varðar leyfi til þess eins að skoða skjalfestu upplýsingarnar eða leyfi og heimild til að skoða og breyta skjalfestu upplýsingunum. A.8 Starfsemi A.8.1 Rekstrarskipulagning og -stýring Fyrirtæki/stofnun skal koma á, innleiða, stjórna og viðhalda þeim ferlum sem þörf er á til að uppfylla kröfur til umhverfisstjórnunarkerfisins og til að innleiða aðgerðir, sem eru tilgreindar í 6.1 og 6.2, með því að: — koma á starfræksluviðmiðunum fyrir ferlið eða ferlin, — innleiða stýringu á ferlinu eða ferlunum, í samræmi við starfræksluviðmiðanirnar. *Athugasemd:* Stýring getur falið í sér tæknilegar ráðstafanir og málsmeðferðarreglur. Hægt er að framkvæma stýringu eftir stigskiptingu (t.d. fjarlæging, útskipting, stjórnsýsla) og hægt er að nota hana eina og sér eða í samsetningu. Fyrirtæki/stofnun skal stjórna fyrirhuguðum breytingum og fara yfir afleiðingar af ótilætluðum breytingum og grípa til aðgerða til að milda öll skaðleg áhrif, eins og nauðsyn krefur.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Fyrirtæki/stofnun skal tryggja að útvistuðu ferli eða ferlum sé stýrt eða að þau séu undir áhrifum. Tegund og umfang stýringar eða áhrifa, sem á að beita á ferli, skulu skilgreind innan umhverfisstjórnunarkerfisins. Fyrirtæki/stofnun skal, í samræmi við vistferilssjónarmið: a) koma á fót stýringum, eins og við á, til að tryggja að fjallað sé um umhverfiskröfu(r) þess/hennar í hönnunar- og þróunarferli vörunnar eða þjónustunnar, að teknu tilliti til hvers stigs í vistferli vörunnar eða þjónustunnar, b) ákvarða umhverfiskröfu(r) sína(r) m.t.t. kaupa á vörum og þjónustu, eins og við á, c) senda viðeigandi umhverfiskröfu(r) sína(r) til utanaðkomandi veitenda, þ.m.t. verktakar, d) hafa í huga þörf til að veita upplýsingar um möguleg, veruleg umhverfisáhrif í tengslum við flutninga eða afhendingu, notkun, meðhöndlun við lok endingartímans og endanlega förgun vara þess/hennar og þjónustu. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að hafa vissu fyrir því að unnið hafi verið eftir ferlinu eða ferlunum eins og fyrirhugað var. A.8.2 Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi Fyrirtæki/stofnun skal koma á, innleiða og viðhalda þeim ferlum sem þörf er á til að undirbúa sig fyrir og bregðast við hugsanlegu neyðarástandi sem er tilgreint í 6.1.1. Fyrirtæki/stofnun skal: a) búa sig undir að bregðast við með því að skipuleggja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða milda skaðleg umhverfisáhrif vegna neyðarástands, b) bregðast við raunverulegu neyðarástandi, c) grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir eða milda afleiðingar neyðarástands, eins og við á miðað við umfang neyðarástandsins og hugsanlegra umhverfisáhrifa, d) prófa skipulagðar viðbragðsaðgerðir reglulega, þar sem því verður við komið, e) fara yfir og endurskoða ferli(n) og skipulagðar viðbragðsaðgerðir reglulega, einkum eftir að neyðarástand hefur komið upp eða eftir prófun, f) veita viðeigandi upplýsingar og starfsþjálfun sem tengist viðbúnaði og viðbrögðum við neyðarástandi, eins og við á, til viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. einstaklingar sem vinna undir stjórn þess/hennar. Fyrirtæki/stofnun skal viðhalda skjalfestum upplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að hafa vissu fyrir því að unnið sé eftir ferlinu eða ferlunum eins og fyrirhugað var. A.9 Frammistöðumat A.9.1 Vöktun, mæling, greining og mat A.9.1.1 Almennt Fyrirtæki/stofnun skal vakta, mæla, greina og meta eigin umhverfisárangur.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða: a) hvað þurfi að vakta og mæla, b) aðferðir við vöktun, mælingu, greiningu og mat, eftir því sem við á, til að tryggja gildar niðurstöður, c) þær viðmiðanir sem fyrirtækið/stofnunin mun nota til að meta eigin umhverfisárangur og viðeigandi vísbenda, d) hvenær vöktun og mæling eigi að fara fram, e) hvenær greina skuli og meta niðurstöður úr vöktun og mælingum. Fyrirtæki/stofnun skal tryggja að kvarðaður eða sannprófaður vöktunar- og mælingarbúnaður sé notaður og honum viðhaldið, eins og við á. Fyrirtækið/stofnunin skal meta umhverfisárangur sinn og skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins. Fyrirtækið/stofnunin skal miðla viðeigandi upplýsingum um umhverfisárangur, bæði innanhúss og utan, eins og skilgreint er í samskiptaferli eða -ferlum fyrirtækisins/stofnunarinnar og eins og krafist er samkvæmt skyldum sem fyrirtækið/stofnunin verður að uppfylla. Fyrirtækið/stofnunin skal halda til haga viðeigandi skjalfestum upplýsingum til sönnunar á niðurstöðum vöktunar, mælingar, greiningar og mats. A.9.1.2 Mat á reglufylgni Fyrirtæki/stofnun skal koma á, innleiða og viðhalda þeim ferlum sem þörf er á til að meta uppfyllingu þeirra skyldna sem verður að uppfylla. Fyrirtæki/stofnun skal: a) ákvarða með hvaða tíðni þessi fylgni verður metin, b) meta reglufylgni og grípa til aðgerða, ef þörf krefur, c) viðhalda þekkingu og skilningi á stöðu sinni m.t.t. reglufylgni. Fyrirtækið/stofnunin skal halda til haga skjalfestum upplýsingum til sönnunar á niðurstöðum úr mati á reglufylgni. A.9.2 Innri úttekt A.9.2.1 Almennt Fyrirtæki/stofnun skal inna af hendi innri úttektir með fyrirfram ákveðnu millibili til að veita upplýsingar um hvort umhverfisstjórnunarkerfið: a) er í samræmi við: 1) kröfur fyrirtækisins/stofnunarinnar varðandi umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar, 2) kröfurnar í þessum alþjóðlega staðli, b) er innleitt á skilvirkan hátt og því viðhaldið. A.9.2.2 Áætlun um innri úttekt Fyrirtæki/stofnun skal koma á, koma í framkvæmd og viðhalda áætlun(um) um innri úttekt, þ.m.t. tíðni, aðferðir, ábyrgð, kröfur um skipulagningu og skýrslugjöf um innri úttekt fyrirtækisins/ stofnunarinnar.	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
Þegar fyrirtæki/stofnun kemur áætlun um innri úttekt á fót skal fyrirtækið/stofnunin taka tillit til umhverfislegs mikilvægis viðkomandi ferla, breytinga sem hafa áhrif á fyrirtækið/stofnunina og niðurstaðna úr fyrri úttektum. Fyrirtæki/stofnun skal: a) skilgreina viðmiðanir úttektarinnar og umfang hverrar úttektar, b) velja úttakendur og annast úttektir til að tryggja hlutlægni og hlutleysi úttektarferlisins, c) tryggja að viðeigandi stjórnendum sé tilkynnt um niðurstöður úttektarinnar. Fyrirtæki/stofnun skal halda til haga skjalfestum upplýsingum til sönnunar á innleiðingu úttektaráætlunar og niðurstöðum úr úttekt. A.9.3 Rýni stjórnenda Æðstu stjórnendur skulu rýna umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins með fyrirfram ákveðnu millibili, til að tryggja að það henti áfram, sé fullnægjandi og virkt. Í rýni stjórnenda skal m.a. taka tillit til: a) stöðu aðgerða eftir fyrri rýni stjórnenda, b) breytinga á: 1) ytri og innri atriðum sem skipta máli fyrir umhverfisstjórnunarkerfið, 2) þörfum og væntingum hagsmunaaðila, þ.m.t. skyldur sem verður að uppfylla, 3) mikilvægum umhverfisþáttum, 4) áhættu og tækifærum, c) þess að hvaða marki almenn umhverfismarkmið hafa náðst, d) upplýsinga um umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. þróun m.t.t.: 1) ósamræmis og aðgerða til úrbóta, 2) niðurstaðna úr vöktun og mælingum, 3) efnda á skyldum sem það/hún verður að uppfylla, 4) niðurstaðna úr úttektum, e) nægjanleika tilfanga, f) viðeigandi orðsendinga frá hagsmunaaðilum, þ.m.t. kvartanir, g) tækifæra til stöðugra umbóta. Niðurstöður úr rýni stjórnenda skulu fela í sér: — ályktanir um áframhaldandi hentugleika, nægjanleika og skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins, — ákvarðanir sem tengjast tækifærum til stöðugra umbóta, — ákvarðanir sem tengjast hvers konar þörf á breytingum á umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. tilföng,	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2015	B-HLUTI Viðbótarkröfur til fyrirtækja/stofnana sem koma umhverfisstjórnunarkerfi ESB í framkvæmd
— aðgerðir, ef þörf krefur, ef almenn umhverfismarkmið hafa ekki náðst, — tækifæri til að bæta samþættingu umhverfisstjórnunarkerfisins við aðra viðskiptaferla, ef þörf krefur, — hugsanleg áhrif á stefnumarkandi stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar. Fyrirtæki/stofnun skal halda til haga skjalfestum upplýsingum til sönnunar á niðurstöðum úr rýni stjórnenda. A.10 Umbætur A.10.1 Almennt Fyrirtæki/stofnun skal ákvarða tækifæri til umbóta (sjá 9.1, 9.2 og 9.3) og koma í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum til að fyrirhuguð útkoma náist með umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins/stofnunarinnar. A.10.2 Ósamræmi og aðgerðir til úrbóta Ef ósamræmi kemur upp skal fyrirtæki/stofnun: a) bregðast við ósamræminu og, eftir því sem við á: 1) grípa til aðgerða til að stjórna því og leiðrétta, 2) takast á við afleiðingarnar, þ.m.t. að milda skaðleg umhverfisáhrif, b) meta þörf á aðgerðum til að útrýma orsökum ósamræmisins, til þess að það komi ekki upp aftur eða komi upp annars staðar, með því að: 1) rýna ósamræmið, 2) ákvarða orsakir ósamræmisins, 3) ákvarða hvort svipað ósamræmi er fyrir hendi eða gæti hugsanlega komið upp, c) innleiða hvers kyns aðgerðir sem þörf er á, d) rýna skilvirkni þeirra aðgerða til úrbóta sem gripið var til, e) gera breytingar á umhverfisstjórnunarkerfinu, ef nauðsyn krefur. Aðgerðir til úrbóta skulu vera viðeigandi miðað við mikilvægi áhrifanna af ósamræminu sem kom upp, þ.m.t. umhverfisáhrif. Fyrirtæki/stofnun skal halda til haga skjalfestum upplýsingum til sönnunar á: — eðli ósamræmisins og öllum síðari aðgerðum sem gripið hefur verið til, — niðurstöðum hvers konar aðgerða til úrbóta. A.10.3 Stöðugar umbætur Fyrirtæki/stofnun skal stöðugt bæta hentugleika, nógsamleika og skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins til að auka umhverfisárangur.	

([1]) *Notkun á textanum í landsstaðlinum, sem er birtur í þessum viðauka, er með leyfi Staðlasamtaka Evrópu (CEN). Hægt er að kaupa heildartexta landsstaðalsins frá landsbundnum staðlastofnunum en skrá yfir þá er að finna á opinberu vefsetri Staðlasamtaka Evrópu. Hvers konar fjölföldun þessa viðauka af viðskiptalegum ástæðum er óheimil.*

III. VIÐAUKI

INNRI UMHVERFISÚTTEKT

1. **Úttektaráætlun og tíðni úttekta**

1.1. *Úttektaráætlun*

Úttektaráætlunin skal tryggja að stjórn fyrirtækis/stofnunar fái þær upplýsingar sem hún þarf til að rýna umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar og skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins og geti sýnt fram á að höfð sé stjórn á hvoru tveggja.

1.2. *Markmið úttektaráætlunarinnar*

Markmiðin skulu einkum fela í sér að meta fyrirliggjandi stjórnunarkerfi og sýna fram á að samræmi ríki við stefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar og áætlun, þ.m.t. að farið sé að lagaskilyrðum og öðrum kröfum sem varða umhverfið.

1.3. *Umfang úttektaráætlunarinnar*

Skilgreina skal ítarlega heildarumfang einstakra umhverfisúttekta eða einstakra áfanga í úttektarlotu, eftir því sem við á, og tilgreina nákvæmlega:

1) viðfangsefnin,

2) starfsemina sem taka skal út,

3) umhverfisviðmiðanir sem taka skal tillit til,

4) hvaða tímabil úttektaráætlunin nær yfir.

Umhverfisúttekt felst í mati á þeim raungögnum sem þarf til að meta árangur í umhverfismálum.

1.4. *Tíðni úttekta*

Lokið skal við úttekt eða úttektarlotu, sem nær til allrar starfsemi fyrirtækis/stofnunar, eftir því sem við á, eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða fjögurra ára ef undanþágan, sem kveðið er á um í 7. gr., á við. Tíðni úttektar á tiltekinni tegund starfsemi er breytileg og er háð:

1) eðli, umfangi og hversu flókin viðkomandi starfsemi er,

2) því hversu mikil umhverfisáhrif eru tengd henni,

3) því hversu mikilvæg og brýn vandamálin eru sem komu í ljós við fyrri úttektir,

4) sögu umhverfisvandamála í tengslum við starfsemina,

Úttekt skal gerð oftar eftir því sem starfsemin er margslungnari og hefur meiri umhverfisáhrif.

Fyrirtækið/stofnunin skal gera úttektir minnst árlega þar eð það hjálpar til að færa stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar og umhverfissannprófandanum heim sanninn um að fyrirtækið/stofnunin hafi stjórn á mikilvægum umhverfisþáttum sínum.

Fyrirtækið/stofnunin skal gera úttektir á:

1) árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum og

2) efndum fyrirtækisins á gildandi lagaskilyrðum og öðrum kröfum sem varða umhverfið.

2. **Úttektarstörf**

Úttektarstörf skulu fela í sér viðræður við starfsfólk varðandi umhverfisárangur, skoðun rekstrarskilyrða og búnaðar og endurskoðun á skrám, skriflegum málsmeðferðarreglum og öðrum viðeigandi skjölum. Þessi störf skulu innt af hendi með það að markmiði að meta umhverfisárangur starfseminnar, sem verið er að taka út, til að sýna fram á hvort hún uppfylli gildandi staðla, reglur eða almenn og sértæk umhverfismarkmið. Með þeim skal einnig sýna fram á hvort kerfið, sem er

fyrir hendi til stjórnunar á umhverfislegum skyldum og árangri, sé skilvirkt og viðeigandi og þau munu þar af leiðandi m.a. innihalda skyndikannanir á samræmi við þessar viðmiðanir til að sýna fram á skilvirkni alls stjórnunarkerfisins.

Eftirfarandi áfangar skulu einkum vera í úttektarferlinu:

1) skilningur á stjórnunarkerfunum,

2) mat á styrkleikum og veikleikum stjórnunarkerfanna,

3) söfnun gagna til að sýna hvort stjórnunarkerfið sé virkt eða ekki,

4) mat á niðurstöðum úttektar,

5) ályktanir úttektar teknar saman,

6) skýrslugjöf um niðurstöður og ályktanir úttektar.

3. **Skýrslugjöf um niðurstöður og ályktanir úttektar**

Grundvallarmarkmiðin með skriflegri úttektarskýrslu eru:

1) að skjalfesta umfang úttektarinnar,

2) að upplýsa stjórnina um hvernig gangi að fylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar og um framfarir fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,

3) að upplýsa stjórnendur um hvernig gangi að fylgja lagaskilyrðum og öðrum kröfum sem varða umhverfið og um ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja að hægt sé að sýna fram á reglufylgni,

4) að upplýsa stjórnina um skilvirkni og áreiðanleika ráðstafana sem gerðar eru til að vakta og milda umhverfisáhrif fyrirtækisins/stofnunarinnar,

5) að sýna fram á þörf til aðgerða til úrbóta, eftir því sem við á.

Skriflega úttektarskýrslan skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að fara að þessum markmiðum.“

_____

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1223 **2018/EES/7/61**

frá 25. júlí 2016

um breytingu á ákvörðun 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (*)

(tilkynnt með númeri C(2016) 4637)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB ([2]) eru endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem veita áritun endurskoðanda á ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem tilgreind eru í II. viðauka við þá ákvörðun og eru með framseljanleg verðbréf sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkis, undanþegin kröfum 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því tilskildu að þau veiti lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis tilteknar upplýsingar.

2) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram mat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í þeim þriðju löndum sem tilgreind eru í II. viðauka við ákvörðun 2011/30/ESB. Matið fór fram með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda, í ljósi viðmiðananna, sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB og gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum. Í kjölfar matsins kom í ljós að Máritíus, Nýja-Sjáland og Tyrkland hafa yfir að ráða opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem uppfylla kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því er við hæfi að telja þau kerfi jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum.

3) Lokamarkmið samvinnu á milli aðildarríkja og þriðju landa, að því er varðar opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, ætti að vera að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi þeirra.

4) Bermúdaeyjar, Cayman-eyjar, Egyptaland og Rússland hafa komið á fót eða eru að koma á fót opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki. Vegna þess hversu nýlega þessum kerfum hefur verið komið á laggirnar vantar samt sem áður enn tilteknar upplýsingar, reglum hefur ekki verið komið til framkvæmda að fullu, skoðanir eru ekki framkvæmdar og viðurlögum er ekki beitt. Til að framkvæma frekara mat í þeim tilgangi að ákvarða jafngildi að því er varðar slík kerfi, er nauðsynlegt að fá viðbótarupplýsingar frá þessum þriðju löndum til þess að skilja kerfi þeirra betur. Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið sem veitt var með ákvörðun 2011/30/ESB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í viðkomandi þriðju löndum og eru með framseljanleg verðbréf sem skráð eru á skipulegan markað aðildarríkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2016, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12).

5) Til að vernda fjárfesta ættu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, sem veita áritun endurskoðanda á ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2011/30/ESB og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað aðildarríkis, að geta haldið áfram endurskoðun í Sambandinu, án þess að vera skráð samkvæmt 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á viðbótartímabili sem gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018 með því skilyrði að þau veiti tilskildar upplýsingar. Í slíku tilviki ættu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki að geta haldið starfsemi sinni áfram í samræmi við kröfur viðkomandi aðildarríkis varðandi áritun endurskoðanda á ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsárin sem hefjast á tímabilinu frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á vald aðildarríkja til að beita rannsóknar- og viðurlagakerfum sínum að því er varðar slíka endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

6) Framkvæmdastjórnin mun fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og reglusetningarsamvinnunnar við þriðju lönd. Ákvörðun um að um jafngildi sé að ræða eða um lengingu umbreytingartímabils er með fyrirvara um möguleika framkvæmdastjórnarinnar á að endurskoða ákvörðunina hvenær sem er. Sú endurskoðun kann að leiða til þess að viðurkenning á jafngildi verði dregin til baka eða til ótímabærra loka umbreytingartímabilsins. Því ætti að breyta ákvörðun 2011/30/ESB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2011/30/ESB er breytt sem hér segir:

1) Við 1. gr. bætist eftirfarandi þriðja málsgrein:

„Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB uppfylla opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í eftirfarandi þriðju löndum kröfur sem skulu teljast jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. þeirrar tilskipunar í tengslum við endurskoðunarstarfsemi varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsárin sem hefjast 1. ágúst 2016 eða síðar:

1) Máritíus

2) Nýja-Sjáland

3) Tyrkland.“

2) Í stað 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skal ekki beita 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem veita áritun endurskoðanda á ársreikninga eða samstæðureikningsskil félaga, sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem tiltekin eru í II. viðauka við þessa ákvörðun og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað þess aðildarríkis í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (*), fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 2. júlí 2010 til 31. júlí 2018, að því tilskildu að hlutaðeigandi endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veiti lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins allar eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og upplýsingar um lagalegt rekstrarform þess,

b) lýsingu á netinu ef endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið tilheyrir neti,

c) reikningsskilastaðla og kröfur um óhæði sem beitt hefur verið við viðkomandi endurskoðun,

d) lýsingu á innra gæðaeftirlitskerfi endurskoðunarfyrirtækisins,

e) hvort og hvenær síðasta endurmat á gæðatryggingu endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins fór fram og, séu þessar upplýsingar ekki veittar af lögbæru yfirvaldi í þriðja landi, nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu endurskoðunarinnar. Ef nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu síðasta endurmats á gæðatryggingu eru ekki opinberar, skulu lögbær yfirvöld í aðildarríki fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).“

3) Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Valdis DOMBROVSKIS

varaforseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND

Bermúdaeyjar

Cayman-eyjar

Egyptaland

Rússland.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1353 **2018/EES/7/62**

frá 19. maí 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 að því er varðar vínþrúguyrki og samheiti þeirra sem mega koma fram á merkimiðum á vínum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 3. mgr. 100. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Króatía gerðist aðili að Evrópusambandinu 1. júlí 2013.

2) Króatía fór þess á leit, með hliðsjón af aðild sinni að Evrópusambandinu 1. júlí 2013, að landsskrá landsins yfir viðurkennd vínþrúguyrki yrði bætt við skrána yfir vínþrúguyrki sem inniheldur landfræðilegar merkingar og mega koma fram á merkimiðum á vínum, skrá sem var að finna í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 ([2]) en er sem stendur að finna í XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ([3]). Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([4]) upplýsti framkvæmdastjórnin Króatíu um að það þyrfti ekki að samþykkja landsskrána yfir yrki á vettvangi ESB og að hvert aðildarríki gæti ákvarðað eigin skrá. Eins upplýsti framkvæmdastjórnin Króatíu um að í samræmi við þá venju sem fylgt hefði verið við fyrri inngöngur og einkum með tilliti til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1429/2004 ([5]), sem breytti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 753/2002, yrði heitum króatískra vínþrúguyrkja bætt við XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 eftir inngöngu Króatíu. Á grundvelli þessara upplýsinga felldi Króatía þá beiðni út úr samningsafstöðu sinni.

3) Ákvæðum XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 753/2013 ([6]), einkum til að fella inn heiti vínþrúguyrkja sem hefðbundið er að nota til markaðssetningar á vínum sem eru framleidd á yfirráðasvæði Króatíu, sem innihalda eða samanstanda af upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu sem njóta verndar í Sambandinu, svo þau geti haldið áfram að koma fram á merkimiðum króatískra vína sem falla undir verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu. Í ljósi þess að málefnið er viðkvæmt fyrir Slóveníu var heiti „Teran“ vínþrúguyrkisins, sem er samheiti slóvensku vernduðu upprunatáknunarinnar „Teran“ (PDO-SI-A1581), ekki tekið með í reglugerðina meðan þess var beðið að Króatía og Slóvenía semji um afstöðu sína.

4) Króatía hefur takmarkað beiðni sína um að nota heiti „Teran“ vínþrúguyrkisins við vín sem falla undir vernduðu upprunatáknunina „Hrvatska Istra“ (PDO-HR-A1652). Þrátt fyrir landfræðilegar takmarkanir umbeðinnar heimildar og viðvarandi viðleitni framkvæmdastjórnarinnar hefur ekki reynst mögulegt að ná málamiðlunarlausn milli Króatíu og Slóveníu.

5) Fyrst umsamin lausn er ekki fyrir hendi, þrátt fyrir viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að samræma afstöðu Króatíu og Slóveníu, og í kjölfar sannprófunar á upplýsingum sem voru tiltækar fyrir framkvæmdastjórnina varðandi núverandi venjur við merkingar sem varða „Teran“ vínþrúguyrkið, ætti að færa heiti yrkisins á skrá í A-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 í tengslum við vernduðu upprunatáknunina „Hrvatska Istra“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 21.7.2017, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín), biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða (Stjtíð. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1429/2004 frá 9. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 263, 10.8.2004, bls. 11).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 753/2013 frá 2. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (Stjtíð. ESB L 210, 6.8.2013, bls. 21).

6) Vegna þess að Slóvenía hefur áhyggjur af meintri áhættu á því að villt verði um fyrir neytendum og í því skyni að finna lausn sem gæti verið ásættanleg fyrir alla framleiðendur, sem eiga í hlut, og fá stuðning viðkomandi aðildarríkja telur framkvæmdastjórnin þó rétt að tilgreina við hvaða skilyrði heiti „Teran“ yrkisins megi koma fram á merkingum afurða, sem falla undir upprunatáknunina sem um er að ræða, að teknu tilliti til skilyrða sem Króatía áætlar að setja framleiðendum sínum.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.

8) Færsla Króatíu í A-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, að því er varðar notkun á heiti „Teran“ vínþrúguyrkisins, ætti að taka gildi 1. júlí 2013, þann dag sem Króatía gerðist aðili að Sambandinu, sökum þess að beiðni Króatíu var lögð fram fyrir þann dag, hefðbundin notkun á heiti „Teran“ vínþrúguyrkisins þegar vínafurðir, sem voru framleiddar á yfirráðasvæði Króatíu, voru markaðssettar var viðtekin venja við inngönguna og sökum þess að samþykkt þessarar reglugerðar var frestað eingöngu vegna þess að beðið var umsaminnar lausnar. Af sömu ástæðum ætti að gefa út umbreytingarákvæði fyrir vín sem voru framleidd áður en þessi reglugerð tók gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í A-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009 bætist við eftirfarandi 55. lína:

„55	Teran (SI)	Teran	Króatía ([3])

([3]) Á eingöngu við fyrir „Hrvatska Istra“ PDO (PDO-HR-A1652) með því skilyrði að „Hrvatska Istra“ og „Teran“ komi fram á sama sjónsvæði og að leturstærð heitisins „Teran“ sé minni en leturstærð orðanna „Hrvatska Istra“.“

2. gr.

Setja má vín með vernduðu upprunatáknunina „Hrvatska Istra“ (PDO-HR-A1652), sem voru framleidd fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar samkvæmt gildandi löggjöf, á markað þar til birgðir eru uppurnar, jafnvel þó að þær uppfylli ekki skilyrði um merkingar sem kveðið er á um í 55. línu í A-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, eins og henni var bætt við með 1. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1032 **2018/EES/7/63**

frá 13. júní 2016

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna iðnaðar með járnlausan málm

(tilkynnt með númeri C(2016) 3563) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eru viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB og lögbær yfirvöld ættu að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni.

2) Samstarfsvettvangur, sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 ([2]), lagði álit sitt um fyrirhugað efni tilvísunarskjalanna um bestu fáanlegu tækni fyrir iðnað með járnlausan málm fyrir framkvæmdastjórnina 4. desember 2014. Þetta álit er aðgengilegt öllum.

3) Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru lykilþáttur í tilvísunarskjali um bestu fáanlegu tækni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöðurnar um bestu, fáanlegu tækni fyrir iðnað með járnlausan málm, sem settar eru fram í viðaukanum, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 30.6.2016, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2017 frá 13. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI FYRIR IÐNAÐ MEÐ JÁRNLAUSAN MÁLM

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða tiltekna starfsemi, sem er tilgreind í liðum 2.1, 2.5 og 6.8 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

— 2.1: Brennsla eða glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis)

— 2.5: Vinnsla járnlausra málma:

  a) framleiðsla járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða endurvinnsluhráefni með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,

  b) bræðsla, þ.m.t. melming járnlausra málma, þ.m.t. endurnýttra vara og starfræksla málmsteypa fyrir járnlausa málma með bræðslugetu yfir 4 tonn af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonn af öllum öðrum tegundum málma á dag.

— 6.8: Framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafíts með brennslu eða umbreytingu í grafít.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka einkum til eftirfarandi ferla og starfsemi:

— frumframleiðslu og framleiðslu með endurvinnslu (e. *secondary production*) á járnlausum málmum,

— framleiðslu á sinkoxíði úr reyk við framleiðslu á öðrum málmum,

— framleiðslu á nikkelsamböndum úr vökva við framleiðslu á málmi,

— framleiðslu á kalsíumkísli (CaSi) og kísli (Si) í sama bræðsluofni og framleiðsla á kísiljárni,

— framleiðslu á áloxíði úr báxíti, á undan framleiðslu á hrááli, ef þetta er óaðskiljanlegur hluti af framleiðslu málmsins,

— endurvinnslu á álsaltgjalli,

— framleiðslu á kolefna- og/eða grafítrafskautum.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi ferla eða starfsemi:

— Glæðingu járngrýtis. Þetta fellur undir niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á járni og stáli.

— framleiðslu á brennisteinssýru sem grundvallast á brennisteinstvíoxíðlofttegundum (SO_2) frá framleiðslu á járnlausum málmum. Þetta fellur undir niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna mikils magns af ólífrænum íðefnum — ammoníak, sýra og áburður.

— málmsteypur sem falla undir niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir smiðju- og steypuiðnaðinn.

Önnur tilvísunarskjöl, sem geta verið mikilvæg fyrir starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Orkunýtni (ENE)	Almenn atriði orkunýtni
Sameiginleg hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi í íðefnageiranum (CWW)	Skólphreinsunartækni til að draga úr losun málma í vatn
Mikið magn af ólífrænum íðefnum — ammoníak, sýra og áburður (LVIC-AAF)	Framleiðsla brennisteinssýru
Kælikerfi í iðnaði (ICS)	Óbein kæling með vatni og/eða lofti
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun efna
Efnahagslegir þættir og yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa (e. *Economics and Cross-media Effects* (ECM))	Efnahagslegir þættir og yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa að því er varðar tækni

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM)	Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn
Úrgangsmeðhöndlunariðnaður (WT)	Meðhöndlun og meðferð úrgangs
Stór brennsluver (LCP)	Brennsluver sem mynda gufu og/eða rafmagn
Yfirborðsmeðferð þar sem lífrænir leysar eru notaðir (STS)	Böðun án sýru
Yfirborðsmeðferð málma og plastefna (STM)	Sýruböðun

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Ný stöð	Stöð sem er fyrst heimiluð á stöðvarsvæði eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð
Meiri háttar uppfærsla	Meiri háttar breyting á hönnun eða tækni stöðvar og með stórtækum breytingum eða útskiptum á vinnslueiningum og tilheyrandi búnaði
Frumlosun	Losun, loftað beint út frá bræðsluofnum, sem dreifist ekki um svæðið umhverfis bræðsluofnana
Aukalosun	Losun sem sleppur úr fóðringu bræðsluofns eða við starfsemi á borð við áfyllingu eða aftöppun og er fönguð með hettu eða aflokun (s.s. afsogshýsingu)
Frumframleiðsla	Framleiðsla á málmum með notkun málmgrýtis og hreinsaðs málmgrýtis
Framleiðsla með endurvinnslu	Framleiðsla á málmum með notkun leifa og/eða brotajárns, þ.m.t. endurbræðslu- og málmblendisvinnsla
Samfelld mæling	Mæling með notkun sjálfvirks mælikerfis sem er varanlega uppsett á staðnum til stöðugrar vöktunar á losun
Reglubundin mæling	Ákvörðun á mæliþætti (tiltekin stærð sem mæld er) með tilteknu millibili með handvirkum eða sjálfvirkum aðferðum.

ALMENN ATRIÐI

Besta, fáanlega tækni

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

Gildi fyrir losun í andrúmsloft sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft (BAT-AEL), sem gefin eru í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, eiga við um staðalskilyrði: þurrt loft við hitastigið 273,15 K og þrýstinginn 101,3 kPa.

Meðaltímar fyrir losun í andrúmsloft

Að því er varðar meðaltíma fyrir losun í andrúmsloft gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Dagsmeðaltal	Meðaltal á 24 klukkustunda tímabili með gildum hálfrar klukkustundar- eða klukkustundarmeðaltölum sem fást með samfelldri mælingu
Meðaltal á sýnatöku-tímabilinu	Meðalgildi þriggja mælinga í röð sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver, nema annað sé tekið fram ([1])

([1]) Að því er varðar framleiðslulotuferli er hægt að nota meðaltal dæmigerðs fjölda mælinga sem gerðar eru á heildarlotutímabilinu eða niðurstöður mælinga sem gerðar eru á heildarlotutímabilinu.

Meðaltímar fyrir losun í vatn

Að því er varðar meðaltíma fyrir losun í vatn gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Dagsmeðaltal	Meðaltal á 24 klukkustunda sýnatökutímabili, sem er tekið sem samsett sýni fyrir hlutfallslegt rennsli (eða sem tímahlutfallslegt samsett sýni að því tilskildu að sýnt sé fram á nægilega stöðugt rennsli) ([1]).

([1]) Að því er varðar slitrótt rennsli er hægt að nota aðra sýnatökuaðferð sem gefur dæmigerðar niðurstöður (t.d. punktsýnatöku).

UPPHAFSSTAFAORÐ

Heiti	Merking
BaP	Bensó[*a*]pýren
Rafstöðuskilja (ESP)	Rafstöðuskilja
I-TEQ	Alþjóðlegt eiturjafngildi sem fæst með því að nota alþjóðlega eiturjafngildisstuðla eins og skilgreint er í 2. hluta VI. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB
NO_X	Summa köfnunarefniseinoxíðs (NO) og köfnunarefnistvíoxíðs (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)
Fjölklóruð díbensódíoxín/ -fúrön (PCDD/F)	Fjölklóruð díbensó-*p*-díoxín og díbensófúrön (17 efnamyndir)
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH)	Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	Heildarmagn rokgjarns lífræns kolefnis; heildarmagn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sem eru mæld með logajónunarnema og gefin upp sem heildarkolefni
Rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC)	Rokgjörn, lífræn efnasambönd eins og þau eru skilgreind í 45. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB

1.1. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI

Allar viðeigandi vinnslusértækar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í liðum 1.2 til 1.9, gilda til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni í þessum lið.

1.1.1. **Umhverfisstjórnunarkerfi**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 1. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, fáanlega tækni að hrinda í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

a) skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

b) skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,

c) áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum verklagsreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

d) framkvæmd samkvæmt verklagsreglum þar sem sérstök áhersla er lögð á:

i. skipulag og ábyrgð,

ii. nýliðun, þjálfun, næmi og hæfni,

iii. samskipti,

iv. aðild starfsmanna,

v. skjalahald,

vi. skilvirka vinnslustjórnun,

vii. viðhaldsáætlanir,

viii. viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi,

ix. að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,

e) mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

i. vöktun og mælingar (sjá einnig viðmiðunarskýrsluna um vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM),

ii. aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf,

iii. viðhald skráa,

iv. óháða (ef það er gerlegt) innri eða ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

f) endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

g) að fylgjast með þróun hreinni tækni,

h) að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

i) reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Það er einnig hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu að koma á og framkvæma aðgerðaáætlun um dreifða losun ryks (sjá bestu, fáanlegu tækni 6) og beita viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á frammistöðu rykhreinsikerfa (sjá bestu, fáanlegu tækni 4).

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. **Orkustjórnun**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 2. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Orkunýtnistjórnunarkerfi (t.d. ISO 50001)	Á almennt við
b	Endurnýtandi eða varmaendurheimtandi brennarar	Á almennt við
c	Varmaendurvinnsla (t.d. gufa, heitt vatn, heitt loft) frá úrgangsvinnsluvarma	Á einungis við um málmvinnslu með hita (e. *pyrometallurgical process*)
d	Endurnýtandi varmaoxari	Á einungis við þegar gerð er krafa um hreinsun eldfimra mengunarefna
e	Hleðsla, brunaloft eða eldsneyti í bræðsluofninn er forhitað með því að nota hitann sem er endurheimtur úr heitum lofttegundum frá bræðslustiginu	Á einungis við um brennslu eða bræðslu brennisteinsgrýtis/hreinsaðs málmgrýtis og um aðra málmvinnslu með hita
f	Hitastig útskolunarvökvanna er hækkað með því að nota gufu eða heitt vatn úr úrgangsvarmaendurvinnslu	Á einungis við um súrál eða ferli við vinnslu málma úr vatnslausn
g	Heitar lofttegundir úr kvikmálmsrennunni eru notaðar sem forhitað brunaloft	Á einungis við um málmvinnslu með hita (e. *pyrometallurgical process*)
h	Súrefnisauðgað loft eða hreint súrefni er notað í brennarana til að draga úr orkunotkun með því að gefa möguleika á sjálfskapaðri bræðslu eða fullnaðarbruna kolefnisauðugra efna	Á einungis við um bræðsluofna sem nota hráefni sem inniheldur brennistein eða kolefni
i	Hreinsað málmgrýti og blaut hráefni eru þurrkuð við lágan hita	Á einungis við þegar þurrkun fer fram
j	Efnaorkuinnihald kolsýrings, sem myndast í rafmagns- eða stokka-/háofni, er endurheimt með því að nota útblásturslofttegundir sem eldsneyti, eftir að málmar hafa verið fjarlægðir, í öðrum framleiðsluferlum eða til að framleiða gufu/heitt vatn eða rafmagn	Á einungis við um útblásturslofttegundir með kolsýringsinnihald > 10 rúmmál-%. Nothæfi verður einnig fyrir áhrifum af samsetningu útblástursloftsins og að stöðugt flæði er ekki fyrir hendi (þ.e. framleiðslulotuferli)
k	Brunalofti (e. *flue-gas*) er komið aftur inn í hringrásina gegnum súrefniseldsneytisbrennara til að endurheimta orkuna sem er í heildarmagni lífræns kolefnis sem er fyrir hendi	Á almennt við
l	Hentug einangrun fyrir búnað fyrir hátt hitastig, s.s. gufu- og heitavatnsrör	Á almennt við
m	Hiti, sem verður til við framleiðslu á brennisteinssýru úr brennisteinstvíoxíði, er notaður til að forhita lofttegundir sem beint er inn í brennisteinssýruverið eða til að framleiða gufu og/eða heitt vatn	Á einungis við um stöðvar fyrir járnlausa málma, þ.m.t. framleiðsla á brennisteinssýru eða fljótandi brennisteinstvíoxíði (SO_2)
n	Mjög orkunýtnir rafmagnshreyflar, búnir drifi með breytilegri tíðni, eru notaðir fyrir búnað, s.s. viftur	Á almennt við
o	Stýrikerfi, sem virkja loftútsogskerfið sjálfkrafa eða aðlaga útsogskraftinn að eiginlegri losun, eru notuð	Á almennt við

1.1.3. **Vinnslustjórnun**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 3. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, fáanlega tækni að tryggja stöðuga vinnsluaðgerð með því að nota vinnslustjórnunarkerfi ásamt samblandi af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Aðfangaefni eru skoðuð og valin samkvæmt þeirri vinnslu og hreinsunartækni sem notaðar eru
b	Góð samsetning efniviðarins í mötuninni til að ná fram bestu bræðslunýtni (e. *conversion efficiency*) og draga úr losun og úrkasti
c	Kerfi til að vigta og mæla mötun
d	Búnaður til að stjórna mötunarhraða efniviðar, mikilvægum vinnslubreytum og aðstæðum, þ.m.t. viðvörun, brennsluskilyrði og viðbót lofttegunda
e	Vöktun innan kerfis (e. *on-line monitoring*) á hitastigi bræðsluofnsins, þrýstingi í honum og loftstreymi
f	Vöktun á mikilvægum vinnslubreytum við hreinsun stöðvarinnar á losun í andrúmsloft, s.s. hitastig lofttegunda, mæling hvarfmiðils, þrýstingsfall, straumur og spenna í rafstöðuskilju, streymi hreinsivökva og sýrustig og loftkenndir efnisþættir (t.d. O_2, CO, VOC)
g	Eftirlit með ryki og kvikasilfri í útblástursloftinu fyrir flutning í brennisteinssýruver, að því er varðar ver sem framleiða brennisteinssýru eða fljótandi brennisteinstvíoxíð (SO_2)
h	Vöktun innan kerfis á titringi til að greina stíflur og hugsanlegar bilanir á búnaði
i	Vöktun innan kerfis á straumi, spennu og hitastigi rafsambanda í rafgreiningaraðferðum
j	Vöktun og eftirlit með hitastigi við bræðslu og í bræðsluofnum til að koma í veg fyrir myndun málm- og málmoxíðreyks vegna ofhitunar
k	Búnaður til að stjórna mötun hvarfmiðla og afkastagetu skólphreinsistöðvar með vöktun innan kerfis á hitastigi, gruggi, sýrustigi, eðlisleiðni og streymi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 4. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma, sem beint er í tiltekinn farveg frá vinnslu, í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að nota viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á afkastagetu rykhreinsunarkerfa sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fáanlega tækni 1).

1.1.4. **Dreifð losun**

1.1.4.1. *Almenn aðferð til að koma í veg fyrir dreifða losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 5. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft og vatn er besta, fáanlega tækni að safna saman dreifði losun, eins nálægt upptökum hennar og unnt er, og meðhöndla hana.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 6. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun ryks í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að koma aðgerðaáætlun um dreifða losun ryks á fót og í framkvæmd sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fáanlega tækni 1), sem felur í sér báðar eftirfarandi ráðstafanir:

a. að greina þau upptök ryklosunar sem skipta mestu máli (nota t.d. EN 15445),

b. að skilgreina og innleiða viðeigandi aðgerðir og tækni til að koma í veg fyrir eða draga úr dreifði losun innan tiltekins tímaramma.

1.1.4.2. *Dreifð losun frá geymslu, meðhöndlun og flutningi hráefna*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 7. Í því skyni að koma í veg fyrir dreifða losun frá geymslu hráefna er besta, fáanlega tækni að nota samblandi af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Lokaðar byggingar eða geymsluturnar/geymar til að geyma rykmyndandi efni, s.s. hreinsað málmgrýti, bræðsluefni og fíngerð efni
b	Yfirbyggð geymsla efna sem mynda ekki ryk, s.s. hreinsað málmgrýti, bræðsluefni, eldsneyti í föstu formi, efni í lausri vigt og koks, og endurvinnsluefniviður sem inniheldur vatnsleysanleg lífræn efnasambönd
c	Þétt pökkun rykmyndandi efna eða endurvinnsluefniviðar sem inniheldur vatnsleysanleg lífræn efnasambönd
d	Yfirbyggð rými til að geyma efni sem búið er að köggla eða kekkja
e	Vatnsúði og misturúði með eða án aukefna, s.s. latexi, eru notaðir fyrir rykmyndandi efni
f	Ryk-/gasafsogsbúnaði er komið fyrir við tilfærslu- og úrgangslosunarstaði fyrir rykmyndandi efni
g	Vottuð þrýstihylki til að geyma klórgas eða blöndur sem innihalda klór
h	Efni til byggingar á tönkum sem er þolið gagnvart efnunum sem þeir innihalda
i	Áreiðanleg lekaskynjunarkerfi og skjár sem sýnir innihald tanksins ásamt viðvörunarkerfi til að koma í veg fyrir yfirfyllingu
j	Hvarfgjörn efni eru geymd í tönkum með tvöfalt byrði eða tönkum sem eru settir innan íðefnaþolinna varnarveggja (e. *bund*) með sama rúmtak, og geymslusvæði notuð sem eru ógegndræp og þolin gegn efninu sem geymt er
k	Geymslusvæði eru hönnuð þannig að — allir lekar úr tönkum og skömmturum eru stöðvaðir og haldið í skefjum innan varnarveggja með rúmtak sem getur innihaldið a.m.k. magnið í stærsta geymslutanknum innan varnarveggjanna, — afhendingarstaðir til að safna efni sem hellist niður eru innan varnarveggjarins
l	Þekjun (e. *blanketing*) með óhvarfgjörnum lofttegundum er notuð til að geyma efni sem hvarfast við loft
m	Losun er safnað úr geymslu og hún meðhöndluð með hreinsunarkerfi sem er hannað til að meðhöndla efnasamböndin sem geymd eru. Vatni, sem er notað til að skola burtu ryki, er safnað og það meðhöndlað fyrir losun
n	Reglubundin hreinsun á geymslusvæði og, eftir þörfum, væting með vatni
o	Lengdarás haugs er hafður þannig að hann liggi samhliða ríkjandi vindátt þegar um er að ræða geymslu utanhúss
p	Plöntun skjólbelta, skjólgirðingar eða manir vindmegin eru notuð til að minnka vindhraða þegar um er að ræða geymslu utanhúss
q	Einn haugur í stað margra, ef það er gerlegt, þegar um er að ræða geymslu utanhúss
r	Olía og hindranir í föstu formi eru notuð fyrir afrennsli á opnum geymslusvæðum utanhúss Steypt svæði með kantsteinum eða öðrum afmörkunarbúnaði eru notuð til geymslu á efnum sem geta losað olíu, s.s. svarf

Nothæfi

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7. e á ekki við um ferli sem útheimta þurr efni eða málmgrýti/hreinsað málmgrýti sem inniheldur nægan raka frá náttúrunnar hendi til að koma í veg fyrir rykmyndun. Nothæfi getur verið takmarkað á svæðum þar sem vatn skortir eða hitastig er mjög lágt

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 8. Í því skyni að koma í veg fyrir dreifða losun frá meðhöndlun og flutningi hráefna er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Lokuð færibönd eða loftknúin kerfi til að flytja og meðhöndla rykmyndandi hreinsað málmgrýti og bræðsluefni og fínkornótt efni
b	Lokuð færibönd til að meðhöndla föst efni sem mynda ekki ryk
c	Ryk er sogað frá afhendingarstöðum, loftopum geymsluturna, loftknúnum flutningskerfum og umhleðslustöðum færibanda og tenging er við síunarkerfi (fyrir rykmyndandi efni)
d	Lokaðir pokar eða tunnur til að meðhöndla efni með dreifanlega eða vatnsleysanlega efnisþætti
e	Hentug ílát til að meðhöndla köggluð efni
f	Úðun til að væta efni á meðhöndlunarstöðum
g	Flutningsvegalengdir lágmarkaðar
h	Dregið úr fallhæð frá beltum fyrir færibönd, vélskóflur eða gripskóflur
i	Hraði opinna færibanda með beltum stilltur (< 3,5 m/s)
j	Dregið úr hraða niðurferðar efna eða lágmörkuð hæð frjáls falls þeirra
k	Flutningsfæribönd og leiðslur eru sett á örugg, opin svæði ofanjarðar þannig að hægt sé að greina leka í flýti og koma í veg fyrir skemmdir af völdum ökutækja og annars búnaðar. Ef niðurgrafnar leiðslur fyrir hættulaus efni eru notaðar skal skrá og merkja legu þeirra og nota öruggar aðferðir við uppgröft
l	Sjálfvirk endurlokun skammtaratenginga vegna meðhöndlunar á vökva og fljótandi gasi
m	Lofttegundum sem losna er beint aftur til baka í ökutækið sem kemur með sendinguna til að draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda
n	Hjól og undirvagnar ökutækja, sem eru notuð til að afhenda eða meðhöndla rykug efni, eru þvegin
o	Götusópun er vel skipulögð
p	Ósamrýmanleg efni eru aðskilin (t.d. oxandi efni og lífræn efni)
q	Tilfærsla efniviðar milli ferla er lágmörkuð

Nothæfi

Besta, fáanlega tækni 8.n er e.t.v. ekki viðeigandi ef íslag getur myndast.

1.1.4.3. *Dreifð losun frá málmframleiðslu*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 9. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, draga úr dreifðri losun frá framleiðslu málma er besta, fáanlega tækni að hámarka skilvirkni afloftssöfnunar og meðhöndlun með því að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir

	Tækni	Nothæfi
a	Formeðhöndlun með hita eða vélræn formeðhöndlun á endurvinnsluhráefnum til að lágmarka lífræna mengun mötunarefnisins í bræðsluofninn	Á almennt við
b	Notkun á lokuðum bræðsluofni með vel hönnuðu rykskiljukerfi eða bræðsluofninum og öðrum vinnslueiningum lokað með fullnægjandi loftunarkerfi	Nothæfi getur takmarkast af öryggistakmörkunum (t.d. tegund/hönnun bræðsluofns, sprengiáhætta)

	Tækni	Nothæfi
c	Notkun á aukahettu (e. *secondary hood*) við starfsemi við bræðsluofn, s.s. áfyllingu og aftöppun	Nothæfi getur takmarkast af öryggistakmörkunum (t.d. tegund/hönnun bræðsluofns, sprengiáhætta)
d	Ryk- eða reyksöfnun þar sem tilfærsla rykugra efna á sér stað (t.d. áfyllingar- og aftöppunarstaðir, lokaðar kvikmálmsrennur)	Á almennt við
e	Bestun hönnunar og starfrækslu við hettu og lagnakerfi til að fanga reyk sem stígur upp frá mötunaropinu og frá aftöppun á heitum málmi, matti (e. *matte*) eða gjalli og flutningi í lokuðum kvikmálmsrennum	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur nothæfi verið takmarkað vegna rýmis og takmarkana vegna innbyrðis afstöðu á stöð
f	Aflokun bræðsluofns/hvarftanks, s.s. „hús-í-húsi“ (e. *house-in-house*) eða „afsogshýsing“ fyrir aftöppunar- og áfyllingarstarfsemi	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur nothæfi verið takmarkað vegna rýmis og takmarkana vegna innbyrðis afstöðu á stöð
g	Bestun á streymi aflofts frá bræðsluofni með tölvuvæddum rannsóknum á straumfræði og snefilefnum	Á almennt við
h	Áfyllingarkerfi fyrir hálflokaða bræðsluofna til að bæta hráefnum við í litlu magni	Á almennt við
i	Samsöfnuð losun er meðhöndluð í fullnægjandi hreinsunarkerfi	Á almennt við

1.1.5. **Vöktun losunar í andrúmsloft**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 10. Besta, fáanlega tækni er að vakta losun úr reykháf í andrúmsloft með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Mæliþáttur	Vöktun í tengslum við	Lágmarks-vöktunartíðni	Staðall/staðlar
Ryk ([2])	**Kopar:** BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Ál:** BAT 56, BAT 58, BAT 59, BAT 60, BAT 61, BAT 67, BAT 81, BAT 88 **Blý, tin:** BAT 94, BAT 96, BAT 97 **Sink, kadmíum:** BAT 119, BAT 122 **Góðmálmar:** BAT 140 **Járnblendi:** BAT 155, BAT 156, BAT 157, BAT 158 **Nikkel, kóbalt:** BAT 171 **Aðrir járnlausir málmar:** losun frá framleiðslustigum, s.s. formeðhöndlun á hráefni, áfylling, bræðsla og aftöppun	Samfelld ([1])	EN 13284-2

Mæliþáttur	Vöktun í tengslum við	Lágmarks-vöktunartíðni	Staðall/staðlar
	Kopar: BAT 37, BAT 38, BAT 40, BAT 41, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Ál:** BAT 56, BAT 58, BAT 59, BAT 60, BAT 61, BAT 66, BAT 67, BAT 68, BAT 80, BAT 81, BAT 82, BAT 88 **Blý, tin:** BAT 94, BAT 95, BAT 96, BAT 97 **Sink, kadmíum:** BAT 113, BAT 119, BAT 121, BAT 122, BAT 128, BAT 132 **Góðmálmar:** BAT 140 **Járnblendi:** BAT 154, BAT 155, BAT 156, BAT 157, BAT 158 **Nikkel, kóbalt:** BAT 171 **Kolefni/grafít:** BAT 178, BAT 179, BAT 180, BAT 181 **Aðrir járnlausir málmar:** losun frá framleiðslustigum, s.s. formeðhöndlun á hráefni, áfylling, bræðsla og aftöppun	Einu sinni á ári ([1])	EN 13284-1
Antímon og efnasambönd þess, gefin upp sem antímon (Sb)	**Blý, tin:** BAT 96, BAT 97	Einu sinni á ári	EN 14385
Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	**Kopar:** BAT 37, BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Blý, tin:** BAT 96, BAT 97 **Sink:** BAT 122	Einu sinni á ári	EN 14385
Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	**Kopar:** BAT 37, BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 41, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Blý, tin:** BAT 94, BAT 95, BAT 96, BAT 97 **Sink, kadmíum:** BAT 122, BAT 132 **Járnblendi:** BAT 156	Einu sinni á ári	EN 14385
Króm (VI)	**Járnblendi:** BAT 156	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur

Mæliþáttur	Vöktun í tengslum við	Lágmarks-vöktunartíðni	Staðall/staðlar
Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	**Kopar:** BAT 37, BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Blý, tin:** BAT 96, BAT 97	Einu sinni á ári	EN 14385
Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkel (Ni)	**Nikkel, kóbalt:** BAT 172, BAT 173	Einu sinni á ári	EN 14385
Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	**Kopar:** BAT 37, BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 41, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Blý, tin:** BAT 94, BAT 95, BAT 96, BAT 97 **Járnblendi:** BAT 156	Einu sinni á ári	EN 14385
Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	**Járnblendi:** BAT 156	Einu sinni á ári	EN 14385
Sink og efnasambönd þess, gefin upp sem sink (Zn)	**Sink, kadmíum:** BAT 113, BAT 114, BAT 119, BAT 121, BAT 122, BAT 128, BAT 132	Einu sinni á ári	EN 14385
Aðrir málmar, ef við á([3])	**Kopar:** BAT 37, BAT 38, BAT 39, BAT 40, BAT 41, BAT 42, BAT 43, BAT 44, BAT 45 **Blý, tin:** BAT 94, BAT 95, BAT 96, BAT 97 **Sink, kadmíum:** BAT 113, BAT 119, BAT 121, BAT 122, BAT 128, BAT 132 **Góðmálmar:** BAT 140 **Járnblendi:** BAT 154, BAT 155, BAT 156, BAT 157, BAT 158 **Nikkel, kóbalt:** BAT 171 **Aðrir járnlausir málmar**	Einu sinni á ári	EN 14385
Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	**Kopar, ál, blý, tin, sink, kadmíum, járnblendi, nikkel, kóbalt, aðrir járnlausir málmar:** BAT 11	Samfellt eða einu sinni á ári ([1])	EN 14884 EN 13211

Mæliþáttur	Vöktun í tengslum við	Lágmarks-vöktunartíðni	Staðall/staðlar
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	**Kopar:** BAT 49 **Ál:** BAT 60, BAT 69 **Blý, tin:** BAT 100 **Góðmálmar:** BAT 142, BAT 143 **Nikkel, kóbalt:** BAT 174 **Aðrir járnlausir málmar** ([6])([7])	Samfellt eða einu sinni á ári ([1])([4])	EN 14791
	Sink, kadmíum: BAT 120	Samfelld	
	Kolefni/grafít: BAT 182	Einu sinni á ári	
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunar-efnistvíoxíð (NO_2)	**Kopar, ál, blý, tin, kísiljárn (FeSi), kísill (Si)(málmvinnsla með hita)**: BAT 13 **Góðmálmar:** BAT 141 **Aðrir járnlausir málmar** ([7])	Samfellt eða einu sinni á ári ([1])	EN 14792
	Kolefni/grafít	Einu sinni á ári	
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	**Kopar:** BAT 46 **Ál:** BAT 83 **Blý, tin:** BAT 98 **Sink, kadmíum:** BAT 123 **Aðrir járnlausir málmar** ([8])	Samfellt eða einu sinni á ári ([1])	EN 12619
	Járnblendi: BAT 160 **Kolefni/grafít:** BAT 183	Einu sinni á ári	
Formaldehýð	**Kolefni/grafít:** BAT 183	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
Fenól	**Kolefni/grafít:** BAT 183	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
Fjölklóruð díbensódíoxín/ -fúrön	**Kopar:** BAT 48 **Ál:** BAT 83 **Blý, tin:** BAT 99 **Sink, kadmíum:** BAT 123 **Góðmálmar:** BAT 146 **Járnblendi:** BAT 159 **Aðrir járnlausir málmar** ([5])([7])	Einu sinni á ári	EN 1948 1., 2. og 3. hluti
H_2SO_4	**Kopar:** BAT 50 **Sink, kadmíum:** BAT 114	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
Ammoníak (NH_3)	**Ál:** BAT 89 **Góðmálmar:** BAT 145 **Nikkel, kóbalt:** BAT 175	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur

Mæliþáttur	Vöktun í tengslum við	Lágmarks-vöktunartíðni	Staðall/staðlar
Bensó[*a*]pýren	**Ál:** BAT 59, BAT 60, BAT 61 **Járnblendi:** BAT 160 **Kolefni/grafít:** BAT 178, BAT 179, BAT 180, BAT 181	Einu sinni á ári	ISO 11338-1 ISO 11338-2
Loftkennd flúoríð, gefin upp sem vetnisflúoríð (HF)	**Ál:** BAT 60, BAT 61, BAT 67	Samfelld ([1])	ISO 15713
	Ál: BAT 60, BAT 67, BAT 84 **Sink, kadmíum:** BAT 124	Einu sinni á ári ([1])	
Heildarflúoríð	**Ál:** BAT 60, BAT 67	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
Loftkennd klóríð, gefin upp sem vetnisklóríð (HCl)	**Ál:** BAT 84	Samfellt eða einu sinni á ári ([1])	EN 1911
	Sink, kadmíum: BAT 124 **Góðmálmar:** BAT 144	Einu sinni á ári	
Klórgas (Cl_2)	**Ál:** BAT 84 **Góðmálmar:** BAT 144 **Nikkel, kóbalt:** BAT 172	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
H_2S	**Ál:** BAT 89	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
PH_3	**Ál:** BAT 89	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur
Summa AsH_3 og SbH_3	**Sink, kadmíum:** BAT 114	Einu sinni á ári	EN-staðall er ekki fáanlegur

Athugasemd: „Aðrir járnlausir málmar“: framleiðsla járnlausra málma, annarra en þeirra sem fjallað er sérstaklega um í liðum 1.2 til 1.8.

([1]) Að því er varðar upptök mikillar losunar er besta, fáanlega tækni samfelld mæling eða, ef samfelld mæling á ekki við, tíðara reglubundið eftirlit.

([2]) Að því er varðar lítil upptök (< 10 000 Nm3/klst.) ryklosunar frá geymslu og meðhöndlun hráefna er hægt að byggja vöktun á mælingum á staðgengilsmæliþáttum (s.s. þrýstingsfalli).

([3]) Málmar sem á að vakta eru háðir samsetningu hráefna sem eru notuð.

([4]) Í tengslum við bestu, fáanlegu tækni 69a er hægt að nota massajöfnuð til að reikna út losun brennisteinstvíoxíðs (SO2), byggt á mælingum á brennisteinsinnihaldi hverrar framleiðslulotu forskauta sem er notuð.

([5]) Ef við á, m.t.t. þátta á borð við innihald halógenaðra lífrænna efnasambanda í hráefnum sem eru notuð, hitasnið o.s.frv.

([6]) Vöktun skiptir máli ef hráefnin innihalda brennistein.

([7]) Vöktun skiptir e.t.v. ekki máli í ferlum við vinnslu málma úr vatnslausn.

([8]) Ef við á, m.t.t. innihalds halógenaðra lífrænna efnasambanda í hráefnunum sem eru notuð.

1.1.6. **Losun kvikasilfurs**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 11. Í því skyni að draga úr losun kvikasilfurs í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá málmvinnslu með hita er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Hráefni með lágt kvikasilfursinnihald eru notuð, þ.m.t. með samstarfi við söluaðila til að fjarlægja kvikasilfur úr endurvinnsluefnivið.
b	Áseyg efni eru notuð (t.d. virk kolefni, selen) ásamt ryksíun ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 1.

Tafla 1

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun kvikasilfurs í andrúmsloft (aðra en þá sem er beint til brennisteinssýruversins) frá málmvinnslu með hita þar sem notuð eru hráefni sem innihalda kvikasilfur

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])([2])
Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,01–0,05

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á áseygum efnum (t.d. virk kolefni, selen) ásamt ryksíun, að undanskildum ferlum þar sem notaðir eru Waelz-ofnar.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.1.7. **Losun brennisteinstvíoxíðs**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 12. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) úr aflofti sem inniheldur mikið af brennisteinstvíoxíði og til að komast hjá því að úrgangur myndist frá brunaloftshreinsunarkerfinu er besta, fáanlega tækni að endurheimta brennistein með því að framleiða brennisteinssýru eða fljótandi brennisteinstvíoxíð.

Nothæfi

Á einungis við um stöðvar sem framleiða kopar, blý, hrásink (e. *primary zinc*), silfur, nikkel og/eða mólýbden.

1.1.8. **Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X)**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 13. Í því skyni að koma í veg fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá málmvinnslu með hita er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])
a	Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar
b	Súrefniseldsneytisbrennarar
c	Endurhringrás brunalofts (til baka gegnum brennarann til að lækka hitastig logans) ef um er að ræða súrefniseldsneytisbrennara

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.1.9. **Losun í vatn, þ.m.t. vöktun á henni**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 14. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr myndun skólps er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Magnið af fersku vatni, sem er notað, og magnið af skólpi, sem er losað, er mælt	Á almennt við
b	Endurnotkun skólps frá hreingerningarstarfsemi (þ.m.t. skolvatn forskauta og bakskauta) og leka í sama ferli	Á almennt við
c	Endurnotkun á daufum sýrustraumum sem verða til í rafstöðuskilju með vatnsgufu og votþveglum	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og fastra efna í skólpinu
d	Endurnotkun skólps frá kornun gjalls	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og fastra efna í skólpinu
e	Endurnotkun afrennslisvatns af yfirborði	Á almennt við
f	Notkun á kælikerfi með lokaðri hringrás	Nothæfi getur takmarkast ef þörf er á lágu hitastigi af ástæðum sem varða vinnsluna
g	Endurnotkun á meðhöndluðu vatni frá skólphreinsistöðinni	Nothæfi getur takmarkast af saltinnihaldinu

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 15. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun vatns og til að draga úr losun í vatn er besta, fáanlega tækni að aðskilja ómengaða skólpstrauma frá skólpstraumum sem þurfa meðhöndlun.

Nothæfi

Aðskilnaður ómengaðs regnvatns á e.t.v. ekki við ef um er að ræða skólpsöfnunarkerfi sem fyrir er.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 16. Besta, fáanlega tækni er að nota ISO 5667 fyrir sýnatöku úr vatni og vakta losun í vatn, á staðnum þar sem losunin fer út úr stöðinni, a.m.k. einu sinni í mánuði ([1]) og í samræmi við EN-staðla Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Mæliþáttur	Gildir um framleiðslu á ([1])	Staðall/staðlar
Kvikasilfur (Hg)	Kopar, blý, tin, sink, kadmíum, góðmálmar, járnblendi, nikkel, kóbalt og aðrir járnlausir málmar	EN ISO 17852, EN ISO 12846
Járn (Fe)	Kopar, blý, tin, sink, kadmíum, góðmálmar, járnblendi, nikkel, kóbalt og aðrir járnlausir málmar	EN ISO 11885 EN ISO 15586 EN ISO 17294-2
Arsen (As)	Kopar, blý, tin, sink, kadmíum, góðmálmar, járnblendi, nikkel og kóbalt	
Kadmíum (Cd)		
Kopar (Cu)		
Nikkel (Ni)		
Blý (Pb)		
Sink (Zn)		

([1]) Hægt er að aðlaga tíðni vöktunar ef gagnaraðir sýna með skýrum hætti að losunin er nægilega stöðug.

Mæliþáttur	Gildir um framleiðslu á ([1])	Staðall/staðlar
Silfur (Ag)	Góðmálmar	
Ál (Al)	Ál	
Kóbalt (Co)	Nikkel og kóbalt	
Króm samtals (Cr)	Járnblendi	
Sexgilt króm (Cr(VI))	Járnblendi	EN ISO 10304-3 EN ISO 23913
Antímon (Sb)	Kopar, blý og tin	EN ISO 11885 EN ISO 15586 EN ISO 17294-2
Tin (Sn)	Kopar, blý og tin	
Aðrir málmar, ef við á([2])	Ál, járnblendi og aðrir járnlausir málmar	
Súlfat (SO_4^{2-})	Kopar, blý, tin, sink, kadmíum, góðmálmar, nikkel, kóbalt og aðrir járnlausir málmar	EN ISO 10304-1
Flúoríð (F)	Hráál	
Heildarmagn svifagna	Ál	EN 872

([1]) *Athugasemd:* „Aðrir járnlausir málmar“: framleiðsla járnlausra málma, annarra en þeirra sem fjallað er sérstaklega um í liðum 1.2 til 1.8.
([2]) Vöktun málmanna ræðst af samsetningu hráefnanna sem eru notuð.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 17. Í því skyni að draga úr losun í vatn er besta, fáanlega tækni að meðhöndla leka frá geymslu vökva og skólp frá framleiðslu járnlausra málma, þ.m.t. frá þvottastigi í vinnslu í Waelz-ofni, og fjarlægja málma og súlföt með því að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Efnaútfelling	Á almennt við
b	Botnfelling	Á almennt við
c	Síun	Á almennt við
d	Fleyting	Á almennt við
e	Örsíun	Á einungis við um tiltekna strauma í framleiðslu járnlausra málma
f	Síun með virkum kolefnum	Á almennt við
g	Himnusíun	Á einungis við um tiltekna strauma í framleiðslu járnlausra málma

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir beina losun í viðtökuvatnshlot frá framleiðslu á kopar, blýi, tini, sinki, kadmíumi, góðmálmum, nikkeli, kóbalti og járnblendi eru gefin upp í töflu 2.

Þessi losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni gilda á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni.

Tafla 2

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir beina losun í viðtökuvatnshlot frá framleiðslu á kopar, blýi, tini, sinki (þ.m.t. skólp frá þvottastigi í vinnslu í Waelz-ofni), kadmíumi, góðmálmum, nikkeli, kóbalti og járnblendi

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (BAT-AEL) (mg/l) (daglegt meðaltal)						
Mæliþáttur	Framleiðsla á:					
	Kopar	Blý og/eða tin	Sink og/eða kadmíum	Góðmálmar	Nikkel og/eða kóbalt	Járnblendi
Silfur (Ag)	S.e.m.			≤ 0,6	S.e.m.	
Arsen (As)	≤ 0,1([1])	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,3	≤ 0,1
Kadmíum (Cd)	0,02–0,1	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,05	≤ 0,1	≤ 0,05
Kóbalt (Co)	S.e.m.	≤ 0,1	S.e.m.		0,1–0,5	S.e.m.
Króm samtals (Cr)	S.e.m.					≤ 0,2
Sexgilt króm (Cr(VI))	S.e.m.					≤ 0,05
Kopar (Cu)	0,05–0,5	≤ 0,2	≤ 0,1	≤ 0,3	≤ 0,5	≤ 0,5
Kvikasilfur (Hg)	0,005–0,02	≤ 0,05	≤ 0,05	≤ 0,05	≤ 0,05	≤ 0,05
Nikkel (Ni)	≤ 0,5	≤ 0,5	≤ 0,1	≤ 0,5	≤ 2	≤ 2
Blý (Pb)	≤ 0,5	≤ 0,5	≤ 0,2	≤ 0,5	≤ 0,5	≤ 0,2
Sink (Zn)	≤ 1	≤ 1	≤ 1	≤ 0,4	≤ 1	≤ 1

S.e.m.: Skiptir ekki máli
([1]) Ef um er að ræða mikið magn arsens í heildarílagi stöðvarinnar getur BAT-AEL verið allt að 0,2 mg/l

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 16.

1.1.10. **Hávaði**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 18. Í því skyni að draga úr hávaðamengun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Nota fyrirhleðslur sem skjól fyrir hávaðauppsprettu
b	Loka hávaðasamar stöðvar eða íhluti af í hljóðgleypnum byggingum
c	Nota titringsvarnarstyrkingar og samtengingar fyrir búnað
d	Staðsetning vélbúnaðar sem gefur frá sér hljóð
e	Breyting á tíðni hljóðs

1.1.11. **Lykt**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 19. Í því skyni að draga úr losun lyktar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Viðeigandi geymsla og meðhöndlun lyktsterkra hráefna	Á almennt við
b	Lágmarka notkun á lyktsterkum hráefnum	Á almennt við
c	Vandvirknisleg hönnun, starfræksla og viðhald alls búnaðar sem gæti myndað sterka lykt	Á almennt við
d	Eftirbrennara- eða síunartækni, þ.m.t. lífsíur	Á einungis við í takmörkuðum tilvikum (t.d. á gegndreypingarstigi við sérframleiðslu í kolefna- og grafítgeiranum)

1.2. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI VEGNA KOPARFRAMLEIÐSLU

1.2.1. **Endurvinnsluefniviður**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 20. Í því skyni að auka afrakstur af endurheimt endurvinnsluefniviðar úr brotajárni er besta, fáanlega tækni að aðskilja málmlausa efnisþætti og málma, aðra en kopar, með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Handvirk sundurgreining á stórum, sýnilegum efnisþáttum
b	Aðskilnaður járnríkra málma með segli
c	Aðskilnaður á áli með ljóstækni eða iðustraumum
d	Aðskilnaður með því að nota hlutfallslegan eðlismassa mismunandi málm- og málmlausra efnisþátta (með því að nota vökva með annan eðlismassa eða loft)

1.2.2. **Orka**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 21. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt við frumframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Notkun á orku sem er í hreinsuðu málmgrýti hámörkuð með því að nota leifturbræðsluofn (e. *flash smelting furnace*)	Á einungis við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru
b	Heitar vinnslulofttegundir frá bræðslustigum eru notaðar til að hita hleðsluna í bræðsluofninn	Á einungis við um stokkaofna
c	Breitt er yfir hreinsað málmgrýti við flutning og í geymslu	Á almennt við
d	Umframvarmi sem myndast við fyrstu bræðslu eða á umbreytingarstigum er notaður til að bræða endurvinnslu-efnivið sem inniheldur kopar	Á almennt við
e	Varmi úr lofttegundum frá forskautaofnum (e. *anode furnace*) eru notaðar í flæði fyrir aðra vinnslu, s.s. þurrkun	Á almennt við

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 22. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt við framleiðslu á endurunnum kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Dregið er úr vatnsinnihaldi efniviðarsins í mötuninni	Nothæfi er takmarkað þegar rakainnihald efnisins er notað sem tækni til að draga úr dreifðri losun
b	Gufa er framleidd með því að endurheimta umframvarma frá bræðsluofni til að hita upp raflausnir í hreinsunarstöðvum og/eða til að framleiða rafmagn í samframleiðslustöð	Á við ef fjárhagslega hagkvæm eftirspurn eftir gufu er fyrir hendi
c	Brotajárn er brætt með því að nota umframvarma sem er myndast við bræðslu- eða umbreytingarferli	Á almennt við
d	Bræðsluofni er haldið heitum milli vinnslustiga	Á einungis við um bræðslur sem eru mataðar á efnivið í lotum þar sem brætt efni verður að vera með jafnarýmd
e	Hleðsla í bræðsluofn er forhituð með því að nota heitar vinnslulofttegundir frá bræðslustigum	Á einungis við um stokkaofna

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 23. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt í raflausnarhreinsun og raflausnarmálmvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Einangrun og yfirbreiðslur eru notuð yfir rafgreiningartanka	Á almennt við
b	Yfirborðsvirkum efnum er bætt í raflausnarmálmvinnslukerin	Á almennt við
c	Hönnun kerja er bætt m.t.t. minni orkunotkunar með því að hámarka eftirfarandi breytur: bil milli forskauts og bakskauts, rúmfræði forskauts, þéttleika straums, samsetningu raflausna og hitastig	Á einungis við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru
d	Notkun á bakskautsplötum (e. *cathode blank*) úr ryðfríu stáli	Á einungis við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru
e	Sjálfvirk skipting milli bakskauts/forskauts til að ná að setja rafskautin rétt í kerið	Á einungis við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru
f	Skammhlaupsnemar og gæðaeftirlit til að tryggja að rafskaut séu bein og flöt og að forskautið sé af réttri þyngd	Á almennt við

1.2.3. **Losun út í andrúmsloft**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 24. Í því skyni að draga úr aukalosun í andrúmsloft frá bræðsluofnum og aukabúnaði í frumframleiðslu á kopar og til að hámarka frammistöðu hreinsunarkerfisins er besta, fáanlega tækni að safna, blanda og meðhöndla aukalosun í miðlægu kerfi til að hreinsa afloft.

Lýsing

Aukalosun frá ýmsum upptökum er safnað, henni blandað saman og hún meðhöndluð í einu miðlægu hreinsunarkerfi fyrir afloft sem er hannað til að meðhöndla mengunarvaldana, sem eru fyrir hendi í hverjum straumi, á skilvirkan hátt. Þess er gætt að blanda ekki saman straumum sem eru ekki efnafræðilega samrýmanlegir og að forðast óæskileg efnahvörf í þessum mismunandi straumum sem safnað er.

Nothæfi

Nothæfi getur verið takmarkað fyrir stöðvar sem fyrir eru vegna hönnunar þeirra og fyrirkomulags.

1.2.3.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 25. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá formeðhöndlun (s.s. blöndun, þurrkun, samsetning, einsleiting, sáldun og kögglun) frum- og endurvinnsluefniviðar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Lokuð færibönd eða loftknúin flutningskerfi eru notuð fyrir rykug efni	Á almennt við
b	Starfsemi í tengslum við rykug efni, s.s. blöndun, fer fram í lokaðri byggingu	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur þetta reynst erfitt vegna rýmisþarfa
c	Notuð eru rykbælikerfi, s.s. vatnsbyssur eða vatnsúðarar	Á ekki við um blöndunarstarfsemi sem fer fram innanhúss. Á ekki við um ferla sem útheimta þurr efni. Nothæfi er einnig takmarkað á svæðum þar sem vatn skortir eða hitastig er mjög lágt
d	Lokaður búnaður er notaður við starfsemi með rykug efni (s.s. þurrkun, samsetningu, mölun, aðgreiningu með lofti og kögglun) með loftútsogskerfi sem er tengt við hreinsunarkerfi	Á almennt við
e	Útsogskerfi er notað fyrir rykuga og gaskennda losun, s.s. hetta ásamt ryk- og lofthreinsunarkerfi	Á almennt við

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 26. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá áfyllingar-, bræðslu- og aftöppunarstarfsemi í frum- og endurvinnslu kopars í bræðslum og frá hitaviðhalds- og málmbræðsluofnum er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Kögglun hráefna	Á einungis við þegar hægt er að nota kögglað hráefni í vinnslunni og í bræðsluofni
b	Lokuð áfyllingarkerfi, s.s. einlogabrennari (e. *single jet burner*), hurðaþéttar ([1]), lokuð færibönd eða matarar sem eru búnir loftútsogskerfi ásamt ryk- og lofthreinsunarkerfi	Gaslogabrennarinn á einungis við fyrir leifturbræðsluofna
c	Bræðsluofn og gasleiðsla eru starfrækt við undirþrýsting og við hæfilegan gasafsogshraða til að koma í veg fyrir yfirþrýsting	Á almennt við
d	Föngunarhetta/aflokun við áfyllingar- og aftöppunarstaði ásamt hreinsunarkerfi fyrir afloft (t.d. hlífðarhús/rör fyrir starfrækslu deiglunnar við aftöppun, sem er lokuð með hurð/tálma sem eru færanleg og búin loftræstingar- og hreinsunarkerfi)	Á almennt við
e	Bræðsluofninn er afmarkaður í loftræstu húsnæði	Á almennt við
f	Þéttingu bræðsluofnsins er viðhaldið	Á almennt við

	Tækni	Nothæfi
g	Hitastiginu í bræðsluofninum er haldið við lægsta styrk sem þörf er á	Á almennt við
h	Styrkt sogkerfi ([1])	Á almennt við
i	Lokuð bygging ásamt annarri tækni til að safna dreifði losun	Á almennt við
j	Áfyllingarkerfi með tveimur björllum fyrir stokka-/háofna	Á almennt við
k	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða tegund bræðsluofns og hreinsunartækni eru notuð	Á almennt við
l	Lok eru notuð á efra op forskautshverfiofns (e. *rotary anode furnace*)	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 27. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá Peirce-Smith-málmbræðsluofnum í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Bræðsluofn og gasleiðsla eru starfrækt við undirþrýsting og við hæfilegan gasafsogshraða til að koma í veg fyrir yfirþrýsting
b	Súrefnisauðgun
c	Aðalhetta (e. *primary hood*) er yfir opi málmbræðsluofnsins til að safna frumlosuninni og flytja hana í hreinsunarkerfi
d	Efnivið er bætt við (t.d. brotajárn og bræðsluefni) gegnum hettuna
e	Kerfi með aukahettum til viðbótar við aðalhettuna til að fanga losun meðan áfyllingar- og aftöppunarstarfsemi stendur yfir
f	Bræðsluofn er staðsettur í lokaðri byggingu
g	Vélknúnar aukahettur til að færa þær í samræmi við vinnslustigið til að auka skilvirkni söfnunar á aukalosun
h	Styrkt sogkerfi ([1]) og sjálfvirkt stjórnkerfi til að koma í veg fyrir blástur þegar málmbræðsluofninn er „keyrður út“ eða „keyrður inn“

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 28. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá Hoboken-málmbræðsluofni við frumframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Bræðsluofn og gasleiðsla eru starfrækt við undirþrýsting við áfyllingar-, fleytingar- og aftöppunarstarfsemi
b	Súrefnisauðgun
c	Lok eru höfð á opum við starfrækslu
d	Styrkt sogkerfi ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 29. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá umbreytingarferli matts er besta, fáanlega tækni að nota leifturbræðsluofna (e. *flash converting furnace*)

Nothæfi

Á einungis við um nýjar stöðvar eða meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 30. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá hverfibræðsluofni með toppblæstri (e. *top-blown rotary converter*) (TBRC) í endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Bræðsluofn og gasleiðsla eru starfrækt við undirþrýsting og við hæfilegan gasafsogshraða til að koma í veg fyrir yfirþrýsting	Á almennt við
b	Súrefnisauðgun	Á almennt við
c	Bræðsluofn er staðsettur í lokaðri byggingu ásamt tækni til að safna dreifðri losun og flytja hana frá hleðslu og aftöppun yfir í hreinsunarkerfi	Á almennt við
d	Aðalhetta (e. *primary hood*) er yfir opi málmbræðsluofnsins til að safna frumlosuninni og flytja hana í hreinsunarkerfi	Á almennt við
e	Hettur eða kranatengd hetta (e. *crane integrated hood*) til að safna losun og flytja hana frá áfyllingar- og aftöppunarstarfsemi yfir í hreinsunarkerfi	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru á kranatengd hetta einungis við um meiri háttar endurnýjun á ofnsalnum
f	Efnivið er bætt við (t.d. brotajárn og bræðsluefni) gegnum hettuna	Á almennt við
g	Styrkt sogkerfi ([1])	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 31. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá endurheimt kopars með gjallauðgara (e. *slag concentrator*) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Rykbælingartækni, s.s. vatnsúði við meðhöndlum, geymslu og mulning gjalls
b	Mölun og fleyting eru framkvæmd með vatni
c	Gjall er afhent á endanlegt geymslusvæði með flutningi með vatni (e. *hydro transport*) í lokaðri leiðslu
d	Vatnslagi er viðhaldið í vatnsgryfju eða rykbælir notaður, s.s. kalkmjólk (e. *lime milk*), á þurrum svæðum

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 32. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá meðhöndlun á koparauðugu ofngjalli er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Rykbælingartækni, s.s. vatnsúði, við meðhöndlun, geymslu og mulning endanlegs gjalls
b	Bræðsluofn er starfræktur við undirþrýsting
c	Lokaður bræðsluofn
d	Hýsing, aflokun og hetta til að safna losun og flytja hana í hreinsunarkerfi
e	Lokuð kvikmálmsrenna

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 33. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá steypingu forskauta í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Notkun á lokaðri steypurennu
b	Notkun á lokaðri millistigsdeiglu (e. *intermediate ladle*)
c	Notkun á hettu, sem er búin loftútsogskerfi, yfir steypudeigluna (e. *casting ladle*) og yfir steypuhjólið

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 34. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá rafgreiningarkerjum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Yfirborðsvirkum efnum er bætt í raflausnarmálmvinnslu-kerin	Á almennt við
b	Notkun á yfirbreiðslu eða hettu til að safna losun og flytja hana í hreinsunarkerfi	Á einungis við um raflausnarmálmvinnsluker eða hreinsunarker fyrir forskaut af litlum hreinleika Á ekki við þegar kerin þurfa að vera óvarin til að viðhalda hitastigi í kerjunum við vinnanleg stig (u.þ.b. 65 °C)
c	Lokaðar og fastar leiðslur fyrir flutning á raflausnum	Á almennt við
d	Gasafsog úr þvottahólfum bakskautsstrípunarvélar og þvottavélar fyrir forskautsbrotajárn	Á almennt við

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 35. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá steypingu koparblendis er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Aflokun eða hettur eru notaðar til að safna losun og flytja hana í hreinsunarkerfi
b	Notkun á yfirbreiðslu yfir bræddu efnin í hitaviðhalds- og steypuofnum
c	Styrkt sogkerfi ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 36. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá böðun án sýru og sýruböðun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Sýruböðunarlínan er afmörkuð með ísóprópanóllausn í lokaðri hringrás	Á einungis við um sýruböðun koparvírstanga í samfelldri starfsemi
b	Sýruböðunarlínan er afmörkuð til að safna losuninni og flytja hana í hreinsunarkerfi	Á einungis við um sýruböðun í samfelldri starfsemi

1.2.3.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

Lýsing á tækninni, sem getið er í þessum lið, er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru öll gefin upp í töflu 3.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 37. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá viðtöku, geymslu, meðhöndlun, flutningi, mælingu, blöndun, mulningi, þurrkun, skurði og sáldun hráefna og hitasundrun koparsvarfs í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 38. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá þurrkun hreinsaðs málmgrýtis við frumframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Nothæfi

Ef um er að ræða hátt hlutfall lífræns kolefnis í hreinsaða málmgrýtinu (t.d. u.þ.b. 10% þyngdarhlutfall) eiga pokasíur e.t.v. ekki við (vegna þess að pokinn stíflast) og hægt er að nota aðra tækni (t.d. rafstöðuskilju).

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 39. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins eða vers fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð (SO_2) eða orkuvers) frá bræðslu og málmbræðsluofni fyrir frumvinnslu kopars er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu og/eða votþvegil.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 40. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá bræðslu og málmbræðsluofni fyrir endurvinnslu á kopar og frá vinnslu á endurvinnslumilliefnum kopars er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 41. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá hitaviðhaldsofni fyrir endurvinnslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 42. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá vinnslu á koparauðugu ofngjalli er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða þvegil ásamt rafstöðuskilju.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 43. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá forskautaofnum í frum og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða þvegil ásamt rafstöðuskilju.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 44. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá steypingu forskauta í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða, ef um er að ræða afloft með vatnsinnihald nálægt daggarmarki, votþvegil eða móðueyði.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 45. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá koparbræðsluofni er besta, fáanlega tækni að hráefnin og mötunin á þeim séu valin eftir því hvaða tegund bræðsluofns og hreinsunarkerfi eru notuð og að nota pokasíu.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá koparframleiðslu

Mæliþáttur	Besta, fáanlega tækni	Vinnsla	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	BAT 37	Viðtaka, geymsla, meðhöndlun, flutningur, mæling, blöndun, mulningur, þurrkun, skurður og sáldun hráefna og hitasundrun koparsvarfs í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar	2–5([1]) ([4])
	BAT 38	Hreinsað málmgrýti við frumframleiðslu á kopar	3–5([2])([4])([5])
	BAT 39	Bræðsla og málmbræðsluofn fyrir frumvinnslu kopars (önnur losun en sú sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð (SO_2) eða orkuvers)	2–5([3])([4])

Mæliþáttur	Besta, fáanlega tækni	Vinnsla	BAT-AEL (mg/Nm^3)
	BAT 40	Bræðsla og málmbræðsluofn fyrir endurvinnslu kopars og vinnsla á endurvinnslumilliefnum kopars (önnur losun en sú sem er beint til brennisteinssýruversins)	2–4([2])([4])
	BAT 41	Hitaviðhaldsofn fyrir endurvinnslu á kopar	≤ 5([1])
	BAT 42	Vinnsla á koparauðugu ofngjalli	2–5([1])([6])
	BAT 43	Forskautaofn (í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar)	2–5([2])([4])
	BAT 44	Steyping forskauta (í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar)	≤ 5–15([2])([7])
	BAT 45	Koparbræðsluofn	2–5([2])([8])

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([3]) Sem dagsmeðaltal.
([4]) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun þungmálma er yfir eftirfarandi gildum: 1 mg/Nm3 fyrir blý, 1 mg/Nm3 fyrir kopar, 0,05 mg/Nm3 fyrir arsen, 0,05 mg/Nm3 fyrir kadmíum.
([5]) Þegar hreinsað málmgrýti sem er notað inniheldur hátt hlutfall lífræns kolefnis (t.d. um það bil 10% þyngdarhlutfall) er hægt að búast við losun sem nemur allt að 10 mg/Nm3.
([6]) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun blýs er yfir 1 mg/Nm3.
([7]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á pokasíu.
([8]) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun kopars er yfir 1 mg/Nm3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.2.3.3. *Losun lífrænna efnasambanda*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 46. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá hitasundrun koparsvarfs og þurrkun og bræðslu endurvinnsluhráefna er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Eftirbrennari eða eftirbrennsluhólf eða endurnýtandi varmaoxari	Nothæfi er takmarkað af orkuinnihaldi afloftsins sem þarf að meðhöndla þar eð afloft með lægra orkuinnihaldi útheimtir meiri eldsneytisnotkun
b	Inndæling á áseygu efni ásamt pokasíu	Á almennt við
c	Hönnun bræðsluofns og hreinsunartækni er samkvæmt því hráefni sem er fáanlegt	Á einungis við um nýja bræðsluofna eða meiri háttar endurnýjun á bræðsluofnum sem fyrir eru
d	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð	Á almennt við
e	Varmaeyðing á heildarmagni rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC) við hátt hitastig í bræðsluofninum (> 1000 °C)	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 4.

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun á heildarmagni rokgjarnra lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá hitasundrun koparsvarfs og þurrkun og bræðslu endurvinnsluhráefna

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])([2])
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	3–30

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á endurnýtandi varmaoxara.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 47. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá útdrætti með leysi við koparframleiðslu úr vatnslausn er besta, fáanlega tækni að nota báðar tækniaðferðirnar sem gefnar eru hér á eftir og að ákvarða losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda árlega, t.d. með massajöfnuði.

	Tækni
a	Vinnsluhvarfmiðill (leysir) með lægri gufuþrýstingi
b	Lokaður búnaður s.s. lokaðir blöndunartankar, lokuð botnsfallsílát og lokaðir geymslutankar

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 48. Í því skyni að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá hitasundrun koparsvarfs, bræðslu, brunahreinsunar- og umbreytingarstarfsemi í endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð
b	Brennsluskilyrði eru bestuð til að draga úr losun lífrænna efnasambanda
c	Notkun á áfyllingarkerfi fyrir hálflokaða bræðsluofna til að bæta hráefni við í litlu magni
d	Varmaeyðing á fjölklóruðum díbensódíoxínum/-fúrönum í bræðsluofninum við hátt hitastig (> 850 °C)
e	Súrefnisinndæling er notuð á efra svæði bræðsluofnsins
f	Innra brennarakerfi
g	Eftirbrennsluhólf eða eftirbrennari eða endurnýtandi varmaoxari ([1])
h	Forðast skal notkun á útblásturskerfum, sem safna upp miklu ryki, fyrir hitastig > 250 °C
i	Snöggkæling ([1])
j	Inndæling á ásogsefni ásamt skilvirku ryksöfnunarkerfi ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 5.

Tafla 5

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá hitasundrun koparsvarfs, bræðslu, brunahreinsunar- og umbreytingarstarfsemi í endurvinnsluframleiðslu á kopar

Mæliþáttur	BAT-AEL (ng I-TEQ/Nm^3)([1])
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön	≤ 0,1

([1]) Sem meðaltal á a.m.k. sex klst. sýnatökutímabili.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.2.3.4. *Losun brennisteinstvíoxíðs*

Lýsing á tækninni, sem getið er í þessum lið, er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 49. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð eða orkuvers) frá frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Þurr eða hálfþurr þvegill	Á almennt við
b	Votþvegill	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)
c	Ísogs-/afsogskerfi sem grundvallast á pólýeter	Á ekki við ef um er að ræða endurvinnsluframleiðslu á kopar. Á ekki við ef brennisteinssýruver eða ver fyrir brennisteinstvíoxíð (SO_2) er ekki fyrir hendi

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 6.

Tafla 6

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (aðra en þá sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð eða orkuvers) frá frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar

Mæliþáttur	Vinnsla	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Brennisteins-tvíoxíð (SO2)	Frumframleiðsla á kopar	50–500([2])
	Endurvinnsluframleiðsla á kopar	50–300

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Ef um er að ræða notkun á votþvegli eða hreinsuðu málmgrýti sem inniheldur lítið af brennisteini geta losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni verið allt að 350 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.2.3.5. *Losun sýru*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 50. Í því skyni að draga úr losun á sýrugasi í andrúmsloft úr útblásturslofttegundum frá raflausnarmálmvinnslukerjum, raflausnarhreinsunarkerjum, þvottahólfum bakskautsstrípunarvélar og þvottavél fyrir forskautsbrotajárn er besta, fáanlega tækni að nota votþvegil eða móðueyði.

1.2.4. **Jarðvegur og grunnvatn**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 51. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun í jarðveg og grunnvatn frá endurheimt kopars í gjallauðgara er besta, fáanlega tækni að nota frárennsliskerfi á kælingarsvæðum og viðeigandi hönnun á endanlegu geymslusvæði gjalls til að safna yfirfallsvatni og komast hjá vökvaleka.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 52. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun í jarðveg og grunnvatn frá rafgreiningu í frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Þéttlokað frárennsliskerfi er notað
b	Ógegndræp og sýruþolin gólf eru notuð
c	Tankar með tvöfalt byrði eru notaðir eða ísetning innan þolinna varnarveggja með ógegndræpum gólfum

1.2.5. **Myndun skólps**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 53. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps frá frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Gufuþéttingin er notuð til að hita rafgreiningarkerin, þvo koparbakskautin eða senda aftur í gufuketilinn
b	Vatn, sem er safnað frá kælingarsvæði, fleytingarferli og flutningi með vatni á endanlegu gjalli í gjallauðgunarvinnsluna, er endurnotað
c	Sýruböðunarlausnir og skolvatn eru endurunnin
d	Leifarnar (óunnar) úr þrepinu með leysisútdrætti, við koparframleiðslu úr vatnslausn, eru meðhöndlaðar til að endurheimta lífrænu lausnina sem þær innihalda
e	Grugglausn úr hreinsun og botnfallsílátum úr þrepinu með leysisútdrætti, við koparframleiðslu úr vatnslausn, er skilin í skilvindu
f	Aftappaður raflausnarvökvi er endurnotaður eftir stigið þegar málmar eru fjarlægðir í raflausnarmálmvinnslu- og/eða útskolunarferli

1.2.6. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 54. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr frum- og endurvinnsluframleiðslu á kopar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Málmar eru endurheimtir úr ryki og eðju sem koma úr rykhreinsunarkerfinu	Á almennt við
b	Kalsíumefnasambönd (t.d. gifs), sem verða til við hreinsun brennisteinstvíoxíðs (SO_2), eru endurnotuð eða seld	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og aðgengi að markaði
c	Notaðir hvatar eru endurnýjaðir eða endurunnir	Á almennt við
d	Málmur er endurheimtur úr skólphreinsunareðju	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og aðgengi að markaði/vinnslu
e	Dauf sýra er notuð í útskolunarferlinu eða til framleiðslu á gifsi	Á almennt við
f	Koparinnihald er endurheimt úr efnaauðugu gjalli í gjallofninum eða gjallfleytingarstöð (e. *slag flotation plant*)	

	Tækni	Nothæfi
g	Endanlegt gjall úr bræðsluofnum er notað sem slípiefni eða (vega)byggingarefni eða til annarrar raunhæfrar notkunar	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og aðgengi að markaði
h	Fóðring bræðsluofns er notuð til að endurheimta málma eða endurnýta þá sem eldfast efni	
i	Gjall úr gjallfleytingu er notað sem slípiefni eða byggingarefni eða til annarrar raunhæfrar notkunar	
j	Fleyting frá bræðsluofnum er notuð til að endurheimta málminnihaldið	Á almennt við
k	Notaður aftappaður raflausnarvökvi er nýttur til að endurheimta kopar og nikkel Sýran, sem eftir er, er notuð til að búa til nýjan raflausnarvökva eða til að framleiða gifs	
l	Notað forskaut er notað sem kælingarefni í málmvinnslu með hita við hreinsun kopars eða endurbræðslu.	
m	Forskautseðja er notuð til að endurheimta góðmálma	
n	Gifs úr skólphreinsistöð er notað í málmvinnslu með hita eða selt	Nothæfi getur takmarkast af gæðum gifsins sem verður til
o	Málmar endurheimtir úr eðju	Á almennt við
p	Fullnýttur raflausnarvökvi úr vinnslu kopars úr vatnslausn er endurnotaður sem útskolunarefni	Nothæfi getur takmarkast vegna innihalds málma og aðgengi að markaði/vinnslu
q	Koparflögur úr völsun í koparbræðslu eru endurunnar	Á almennt við
r	Málmar eru endurheimtir úr notaðri sýruböðunarlausn og hreinsaða sýrulausnin endurnotuð	

1.3. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á ÁLI, Þ.M.T. SÚRÁLS- OG FORSKAUTSFRAMLEIÐSLA

1.3.1. **Súrálsframleiðsla**

1.3.1.1. *Orka*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 55. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt við framleiðslu á súráli úr báxíti er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
a	Plötuvarmaskiptar	Plötuvarmaskiptar gera það kleift að endurheimta hærri hita úr vökvanum sem rennur á útfellingarsvæðið, samanborið við aðra tækni s.s. leifturkælingarver (e. *flash cooling plant*)	Á við ef hægt er að endurnýta orkuna úr kælingarvökvanum í vinnslunni og ef jafnvægi þétta og ástand vökvans gera það kleift
b	Glæðingarofnar með svifbeð í hringrás	Glæðingarofnar með svifbeð í hringrás eru miklu orkunýtnari en hverfiofnar því varma-endurvinnsla úr súrálinu og brunaloftinu er meiri	Á einungis við um súrál til bræðslu Á ekki við um sérnota súrál/súrál sem er ekki til bræðslu þar eð slíkt útheimtir meiri glæðingu sem er sem stendur einungis hægt að ná með hverfiofni

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
c	Hönnun með leysingu með stökum straum	Grugglausnin er hituð upp í einni hringrás án þess að nota ferska gufu og þar með án þess að grugglausnin sé þynnt (öfugt við hönnun með leysingu með tvöföldum straum (e. *double-stream digestion design*))	Á einungis við um nýjar stöðvar
d	Val á báxíti	Báxít með hærra rakainnihald flytur meira vatn inn í vinnsluna sem eykur þörfina á orku til uppgufunar Að auki útheimtir báxít sem inniheldur mikið af mónóhýdrati (böhmít og/eða díaspor) hærri þrýsting og hitastig í leysingarferlinu sem leiðir til meiri orkunotkunar	Á við innan takmarkana sem tengjast sérstakri hönnun stöðvarinnar þar eð sumar stöðvar eru sérstaklega hannaðar fyrir tiltekin gæði báxíts sem takmarkar notkun á öðrum báxítuppsprettum

1.3.1.2. *Losun út í andrúmsloft*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 56. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá glæðingu súráls er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða rafstöðuskilju.

1.3.1.3. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 57. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar og til að bæta förgun á báxítleifum úr súrálsframleiðslu er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Magn báxítleifa er minnkað með því að þjappa því saman til að lágmarka rakainnihaldið, t.d. með því að nota lofttæmi eða háþrýstisíur til að móta hálfþurra köku
b	Basavirkni, sem er eftir í báxítleifunum, er minnkuð/lágmörkuð til að unnt sé að urða leifarnar

1.3.2. **Forskautsframleiðsla**

1.3.2.1. *Losun út í andrúmsloft*

1.3.2.1.1. Losun ryks, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs frá deigstöðinni (e. *paste plant*)

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 58. Í því skyni að draga úr losun ryks í andrúmsloft frá deigstöð (koksryk er fjarlægt úr starfsemi, s.s. geymslu og mölun koks) er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 7.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 59. Í því skyni að draga úr losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá deigstöð (geymsla á heitu biki, deigblöndun, kæling og mótun) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])
a	Þurrþvegill sem notar koks sem áseygt efni, með eða án forkælingar, og þar á eftir pokasía
b	Endurnýtandi varmaoxari
c	Hvatandi varmaoxari

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 7.

Tafla 7

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) í andrúmsloft frá deigstöð

Mæliþáttur	Vinnsla	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	— Geymsla á heitu biki, deigblöndun, kæling og mótun — Koks er fjarlægt úr starfsemi, s.s. geymslu og mölun á koksi	2–5([1])
BaP	Geymsla á heitu biki, deigblöndun, kæling og mótun	0,001–0,01([2])

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.2.1.2. Losun ryks, brennisteinstvíoxíðs, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs úr bökunarstöð (e. *baking plant*)

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 60. Í því skyni að draga úr losun ryks, brennisteinstvíoxíðs, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs í andrúmsloft frá bökunarstöð í forskautsframleiðslustöð, sem er samþætt við hráálbræðslu, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni([1])	Nothæfi
a	Notkun á hráefnum og eldsneyti sem innihalda lítið af brennisteini	Á almennt við til að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2)
b	Þurrþvegill sem notar súrál sem áseygt efni og þar á eftir pokasía	Á almennt við til að draga úr losun ryks, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs
c	Votþvegill	Nothæfi til að draga úr losun ryks, brennisteinstvíoxíðs (SO_2), fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)
d	Endurnýtandi varmaoxari ásamt rykhreinsunarkerfi	Á almennt við til að draga úr losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 8.

Tafla 8

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks, BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) og flúoríðs í andrúmsloft frá bökunarstöð í forskautsframleiðslustöð sem er samþætt við hráálbræðslu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	2–5([1])
BaP	0,001–0,01([2])
Vetnisflúoríð (HF)	0,3–0,5([1])

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Heildarflúoríð	≤ 0,8([2])

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 61. Í því skyni að draga úr losun ryks, fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og flúoríðs frá bökunarstöð í sjálfstæðri forskautsframleiðslustöð er besta, fáanlega tækni að nota forsíunareiningu og endurnýtandi varmaoxara og þar á eftir þurrþvegil (t.d. kalkbeð).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 9.

Tafla 9

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks, BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) og flúoríðs í andrúmsloft frá bökunarstöð í sjálfstæðri forskautsframleiðslustöð

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	2–5([1])
BaP	0,001–0,01([2])
Vetnisflúoríð (HF)	≤ 3([1])

([1]) Sem dagsmeðaltal.
([2]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.2.2. *Myndun skólps*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 62. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps frá forskautsbökun er besta, fáanlega tækni að nota lokaða hringrás vatns

Nothæfi

Á almennt við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun. Nothæfi getur takmarkast vegna krafna um vatnsgæði og/eða vörugæði.

1.3.2.3. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 63. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar er besta, fáanlega tækni að endurvinna koksryk úr kokssíunni sem hreinsunarefni.

Nothæfi

Notkunin kann að takmarkast með hliðsjón af öskuinnihaldi kolefnisryksins.

1.3.3. **Frumframleiðsla á áli**

1.3.3.1. *Losun út í andrúmsloft*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 64. Í því skyni að koma í veg fyrir eða safna dreifðri losun frá raflausnarkerjum við frumframleiðslu á áli þar sem Søderberg-tæknin er notuð er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Notkun á deigi sem inniheldur bik á bilinu 25–28% (þurrt deig)
b	Hönnun röra er uppfærð til að lokuð punktmötun geti farið fram og til að bæta virkni afloftssöfnunar
c	Punktmötun á súráli

	Tækni
d	Forskaut hækkuð ásamt meðhöndlun í bestu, fáanlegu tækni 67
e	Hetta yfir topp forskautsins þegar forskaut með mjög þéttum straumi eru notuð, tengt við meðhöndlunina í bestu, fáanlegu tækni 67

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 64c: Punktmötun á súráli kemur í veg fyrir að skorpan brotni eins og yfirleitt gerist (s.s. við handvirka mötun frá hlið eða brotmötun (e. *bar broken feed*) og þannig er dregið úr tengdri losun flúoríðs og ryks.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 64d: Aukin hæð forskauta stuðlar að því að ná lægra hitastigi á toppi forskautsins sem leiðir af sér minni losun í andrúmsloft.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 12.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 65. Í því skyni að koma í veg fyrir eða safna dreifðri losun frá raflausnarkerjum við frumframleiðslu á áli þar sem notuð eru forbökuð (e. *prebaked*) forskaut er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Sjálfvirk punktmötun á súráli á mörgum stöðum
b	Kerið er alveg hulið með hettu og kraftur afloftsútsogsins er fullnægjandi (til að leiða afloftið í meðhöndlunina í bestu, fáanlegu tækni 67), að teknu tilliti til flúoríðs sem myndast frá baði og notkun á kolefnaforskautum
c	Styrkt sogkerfi, tengt við hreinsunartæknina sem er tilgreind í bestu, fáanlegu tækni 67
d	Lágmörkun tíma við að skipta um forskaut og við aðra starfsemi sem útheimtir að hettur séu fjarlægðar af kerjum
e	Skilvirkt vinnslustjórnunarkerfi þar sem komist er hjá frávikum í vinnslu sem gætu annars leitt til aukinnar útlosunar og losunar frá kerjum
f	Forritað kerfi er notað til starfrækslu og viðhalds kerja
g	Þrautreyndar, skilvirkar hreinsunaraðferðir eru notaðar í skautsmiðjunni til að endurheimta flúoríð og kolefni
h	Forskaut sem hafa verið fjarlægð eru geymd í hólfi nálægt kerinu, tengt við meðhöndlunina í bestu, fáanlegu tækni 67, eða leifarnar geymdar í lokuðum kössum

Nothæfi

Besta, fáanlega tækni 65c og 65h á ekki við um stöðvar sem fyrir eru

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 12.

1.3.3.1.1. Ryk- og flúoríðlosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 66. Í því skyni að koma í veg fyrir losun ryks frá geymslu, meðhöndlun og flutningi hráefna er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 10.

Tafla 10

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk frá geymslu, meðhöndlun og flutningi hráefna

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Ryk	≤ 5–10

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 67. Í því skyni að draga úr losun ryks, málms og flúoríðs í andrúmsloft frá raflausnarkerjum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni([1])	Nothæfi
a	Þurrþvegill sem notar súrál sem áseyga efnið og þar á eftir pokasía	Á almennt við
b	Þurrþvegill sem notar súrál sem áseyga efnið og þar á eftir pokasía og votþvegill	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 11 og töflu 12.

Tafla 11

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og flúoríðs í andrúmsloft frá raflausnarkerjum

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	2–5([1])
Vetnisflúoríð (HF)	≤ 1,0([1])
Heildarflúoríð	≤ 1,5([2])

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.3.1.2. Heildarlosun ryks og flúoríða

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir heildarlosun ryks og flúoríðs í andrúmsloft frá rafgreiningarskála (safnað frá raflausnarkerjum og loftopum á þaki): Sjá töflu 12.

Tafla 12

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir heildarlosun ryks og flúoríðs í andrúmsloft frá rafgreiningarskála (safnað frá raflausnarkerjum og loftopum á þaki)

Mæliþáttur	Besta, fáanlega tækni	BAT-AEL fyrir stöðvar sem fyrir eru (kg/t Al)([1])([2])	BAT-AEL fyrir nýjar stöðvar (kg/t Al)([1])
Ryk	Sambland af BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 64, 65 og 67	≤ 1,2	≤ 0,6
Heildarflúoríð		≤ 0,6	≤ 0,35

([1]) Sem massi mengunarefnis sem er losað á ári frá rafgreiningarskála, deilt með massa fljótandi áls sem er framleitt á sama ári.
([2]) Þessi losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eiga ekki við um stöðvar sem geta ekki, vegna innbyrðis afstöðu, mælt losun frá þaki.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 68. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá bræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni og steypingu við frumframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Notkun á fljótandi málmi úr rafgreiningu og ómenguðum álefniviði, þ.e. fastur efniviður sem er laus við efni s.s. málningu, plast eða olíu (t.d. efsti og neðsti hluti málmstanganna sem eru skornir af, af ástæðum er varða gæði)
b	Pokasía ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 13.

Tafla 13

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni og steypingu við frumframleiðslu á áli

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])([2])
Ryk	2–25

([1]) Sem meðaltal sýna sem tekin eru á einu ári.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á pokasíu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.3.1.3. Losun brennisteinstvíoxíðs

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 69. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá raflausnarkerjum er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Notkun á forskautum sem innihalda lítið af brennisteini	Á almennt við
b	Votþvegill ([1])	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 69a: Unnt er að framleiða forskaut sem innihalda minna en 1,5% af brennisteini, miðað við ársmeðaltal, með viðeigandi samsetningu hráefnanna sem eru notuð. Til að rafgreiningarvinnslan sé vænleg er gerð krafa um 0,9% brennisteinsinnihald að lágmarki, miðað við ársmeðaltal.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 14.

Tafla 14

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO^2) í andrúmsloft frá raflausnarkerjum

Mæliþáttur	BAT-AEL ($kg/t\ A^l$)([1])([2])
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	≤ 2,5–15

([1]) Sem massi mengunarefnis sem er losað á ári, deilt með massa fljótandi áls sem er framleitt á sama ári.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á votþvegli. Efri hluti styrkbilsins tengist notkun á forskautum sem innihalda lítið af brennisteini.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.3.1.4. Losun perflúorókolefna

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 70. Í því skyni að draga úr losun perflúorókolefna í andrúmsloft frá frumframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Sjálfvirk punktmötun á súráli á mörgum stöðum	Á almennt við
b	Tölvustýrð stjórnun á rafgreiningarvinnslu, byggð á gagnagrunnum um virk ker og vöktun á vinnslubreytum kerja	Á almennt við
c	Sjálfvirk bæling á forskautsrisi	Á ekki við um Søderberg-ker því hönnun forskautsins (einungis eitt stykki) gefur ekki færi á baðflæði (e. *bath flow*) sem tengist þessari tækni

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 70c: Forskautsris á sér stað þegar súrálsinnihald raflausnarinnar fellur undir 1–2%. Meðan forskautsris stendur yfir brotnar krýólítbaðið niður í málm- og flúoríðjónir í stað þess að brjóta súrálið niður; þær síðarnefndu mynda loftkennd perflúorókolefni sem hvarfast við kolefnisforskautið.

1.3.3.1.5. Losun fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og kolsýrings (CO)

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 71. Í því skyni að draga úr losun kolsýrings (CO) og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá frumframleiðslu á áli þar sem Søderberg-tæknin er notuð er besta, fáanlega tækni að brenna kolsýringinn og fjölhringa, arómatísku vetniskolefnin í útblásturslofti frá kerjum.

1.3.3.2. *Myndun skólps*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 72. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps er besta, fáanlega tækni að endurnota eða endurvinna kælivatn og meðhöndlað skólp, þ.m.t. regnvatn, innan vinnslunnar.

Nothæfi

Á almennt við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun. Nothæfi getur takmarkast vegna krafna um vatnsgæði og/eða vörugæði. Magn kælivatns, meðhöndlaðs skólps og regnvatns, sem er endurnotað eða endurunnið, getur ekki verið meira en það magn vatns sem þarf í vinnsluna.

1.3.3.3. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 73. Í því skyni að draga úr förgun kerbrota er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda ytri endurvinnslu á þeim, s.s. í sementsframleiðslu í ferli til að endurnýta saltgjall sem kolefnisherðara (e. *carburiser*) í stál- eða járnblendiiðnaðinum eða sem endurvinnsluhráefni (t.d. steinull), eftir því hverjar kröfur endanlegs neytanda eru.

1.3.4. **Endurvinnsluframleiðsla á áli**

1.3.4.1. *Endurvinnsluefniviður*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 74. Í því skyni að auka afrakstur hráefna er besta, fáanlega tækni að aðskilja málmlausa efnisþætti og málma, aðra en ál, með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim, allt eftir efnisþáttum meðhöndluðu efniviðanna.

	Tækni
a	Aðskilnaður járnríkra málma með segli
b	Aðskilnaður (með því að nota rafsegulsvið á hreyfingu) á áli frá öðrum efnisþáttum með iðustraumum.
c	Aðskilnaður á hlutfallslegum eðlismassa (með því að nota vökva með mismunandi eðlismassa) mismunandi málma og málmlausra efnisþátta

1.3.4.2. *Orka*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 75. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Hleðsla í bræðsluofn forhituð með útblástursloftinu	Á einungis við um bræðsluofna sem snúast ekki
b	Endurhringrás lofttegundanna með óbrenndum vetniskolefnum aftur inn í brennarakerfið	Á einungis við um varmavarpsofna og þurrkara
c	Fljótandi málmur fluttur beint í steypingu	Nothæfi er takmarkað vegna þess tíma sem þarf til flutnings (að hámarki 4–5 klst.)

1.3.4.3. *Losun út í andrúmsloft*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 76. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að fjarlægja olíu og lífræn efnasambönd úr svarfi fyrir bræðslustigið með því að nota skiljun og/eða þurrkun ([1]).

Nothæfi

Skiljun á einungis við fyrir mjög olíumengað svarf þegar hún er framkvæmd fyrir þurrkun Ef til vill er ekki nauðsynlegt að fjarlægja olíu og lífræn efnasambönd ef bræðsluofninn og hreinsunarkerfið eru hönnuð til að meðhöndla lífræna efnið.

1.3.4.3.1. Dreifð losun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 77. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá formeðhöndlun brotajárns er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Lokað eða loftknúið færiband með loftútsogskerfi
b	Aflokun eða hettur fyrir hleðslu og fyrir afhleðslustaðina, með loftútsogskerfi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 78. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá hleðslu og losun/aftöppun bræðsluofna er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Hetta er sett ofan við ofnhurðina og við aftöppunarop og afloftsútsog tengt við síunarkerfi	Á almennt við
b	Aflokun reyksöfnunar, sem nær bæði yfir áfyllingar- og aftöppunarsvæði	Á einungis við um kyrrstæða ofna með hverfitromlu (e. *drum furnace*)
c	Þétt ofnhurð ([1])	Á almennt við
d	Þéttlokaður hleðsluvagn	Á einungis við um bræðsluofna sem snúast ekki
e	Styrkt sogkerfi sem hægt er að laga að ferlinu eins og þarf ([1])	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 78a og b: Samanstendur af notkun yfirbreiðslu með sogi til að safna aflofti úr ferlinu og meðhöndla það.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 78d: Gámurinn leggst þétt upp að ofnhurðinni sem stendur opin meðan brotajárn er losað og viðheldur þéttri lokun bræðsluofnsins meðan þetta stig stendur yfir.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 79. Í því skyni að draga úr losun frá fleytingu/sindurmeðhöndlun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Fleyting/sindur kæld, um leið og þeim er fleytt ofan af bræðsluofninum, í þéttlokuðum ílátum undir óhvarfgjarnri lofttegund
b	Komið er í veg fyrir að fleyting/sindur blotni
c	Þjöppun fleytingar/sindurs með loftútsogs- og rykhreinsunarkerfi

1.3.4.3.2. Ryklosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 80. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma frá þurrkun svarfs og fjarlægingu olíu og lífrænna efnasambanda úr svarfi, frá mulningi, mölun og þurraðskiljun málmlausra efnisþátta og málma, annarra en áls, og frá geymslu, meðhöndlun og flutningi í endurvinnsluframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 15.

Tafla 15

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá þurrkun svarfs og fjarlægingu olíu og lífrænna efnasambanda úr svarfi, frá mulningi, mölun og þurraðskiljun málmlausra efnisþátta og málma, annarra en áls, og frá geymslu, meðhöndlun og flutningi í endurvinnsluframleiðslu á áli

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Ryk	≤ 5

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 81. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá ofnferlum, s.s. hleðslu, bræðslu, aftöppun og meðhöndlun á bráðnu málmefni í endurvinnsluframleiðslu á áli, er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 16.

Tafla 16

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá ofnferlum, s.s. hleðslu, bræðslu, aftöppun og meðhöndlun á bráðnu málmefni í endurvinnsluframleiðslu á áli

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Ryk	2–5

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 82. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá endurbræðslu í endurvinnsluframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Notkun á ómenguðum álefniviði, þ.e. fastur efniviður sem er laus við efni s.s. málningu, plast eða olíu (t.d. málmstangir)
b	Brennsluskilyrði eru bestuð til að draga úr losun ryks
c	Pokasía

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 17.

Tafla 17

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk frá endurbræðslu í endurvinnsluframleiðslu á áli

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)(1)(2)
Ryk	2–5

(1) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Að því er varðar bræðsluofna sem eru hannaðir til að nota, og nota einungis, ómengað hráefni sem losar ryk sem er undir 1 kg/klst. er efri hluti styrkbilsins 25 mg/Nm3 í meðaltali sýna sem tekin eru á einu ári.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.4.3.3. Losun lífrænna efnasambanda

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 83. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda og fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá hitameðhöndlun mengaðra endurvinnsluhráefna (t.d. svarfi) og frá bræðsluofninum er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu ásamt a.m.k. einhverri þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni(1)
a	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð
b	Innra brennarakerfi fyrir bræðsluofna
c	Eftirbrennari
d	Snöggkæling
e	Inndæling virkra kolefna

(1) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 18.

Tafla 18

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda og fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana frá hitameðhöndlun mengaðra endurvinnsluhráefna (t.d. svarfi) og frá bræðsluofni

Mæliþáttur	Eining	$BAT\text{-}AE^L$
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	≤ 10–30(1)
Fjölklóruð díbensódíoxín/ -fúrön	ng I-TEQ/Nm^3	≤ 0,1(2)

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Sem meðaltal á a.m.k. sex klst. sýnatökutímabili.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.4.3.4. Losun sýru

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 84. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl), klórgass (Cl_2) og vetnisflúoríðs (HF) í andrúmsloft frá hitameðhöndlun mengaðra endurvinnsluhráefna (t.d. svarfi), bræðsluofni og endurbræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð ([1])
b	Inndæling kalsíumhýdroxíðs ($Ca(OH)^2$) eða natríumbíkarbónats ásamt pokasíu ([1])
c	Stýring á hreinsunarferlinu, aðlögun á magni hreinsunargass sem er notað til að fjarlægja mengunarefni sem eru fyrir hendi í bráðnum málmefnum
d	Notkun á klór sem er þynntur með óhvarfgjarnri lofttegund í hreinsunarferlinu

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 84d: Klór, sem er þynntur með óhvarfgjarnri lofttegund, er notaður í staðinn fyrir hreinan klór til að draga úr klórlosuninni. Einnig getur hreinsun farið fram með því að nota einungis óhvarfgjörnu lofttegundina

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 19.

Tafla 19

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl), klórgass (Cl_2) og vetnisflúoríðs (HF) í andrúmsloft frá hitameðhöndlun mengaðra endurvinnsluhráefna (t.d. svarfi), bræðsluofni og endurbræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Vetnisklóríð (HCl)	≤ 5–10([1])
Klórgas (Cl_2)	≤ 1([2])([3])
Vetnisflúoríð (HF)	≤ 1([4])

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu. Að því er varðar hreinsun sem fer fram með íðefnum sem innihalda klór eiga losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni við um meðalstyrk meðan klórun stendur yfir.
([2]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu. Að því er varðar hreinsun sem fer fram með íðefnum sem innihalda klór eiga losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni við um meðalstyrk meðan klórun stendur yfir.
([3]) Á einungis við um losun frá hreinsunarferlum sem fara fram með íðefnum sem innihalda klór.
([4]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.4.4. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 85. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr endurvinnsluframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Samsafnað ryk í ferlinu er endurnotað, ef um er að ræða bræðsluofn þar sem notað er saltlag eða í ferli til að endurnýta saltgjall
b	Full endurvinnsla á saltgjalli
c	Fleyting/sindurmeðhöndlun eru notaðar til að endurheimta ál, ef um er að ræða bræðsluofna þar sem saltlag er ekki notað

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 86. Í því skyni að draga úr magni saltgjalls sem verður til úr endurvinnsluframleiðslu á áli er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Gæði hráefnanna sem eru notuð eru aukin með því að aðskilja málmlausa efnisþætti og málma, aðra en ál, í brotajárn ef álið er blandað saman við aðra efnisþætti	Á almennt við
b	Olía og lífrænir efnisþættir eru fjarlægð úr menguðu svarfi fyrir bræðslu	Á almennt við
c	Málmi dælt eða hrært í honum	Á ekki við um hverfiofna
d	Höllunarhverfiofn (e. *tilting rotary furnace*)	Stærð efniviðarins í mötuninni kann að takmarka notkun á þessum bræðsluofn

1.3.5. **Saltgjallsendurvinnsluferli**

1.3.5.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 87. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá saltgjallsendurvinnsluferli er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Lokaður búnaður með gasafsogi sem er tengt við síunarkerfi
b	Hetta með gasafsogi sem er tengt við síunarkerfi

1.3.5.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 88. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá mulningi og þurrmölun sem tengist ferlinu til að endurnýta saltgjall er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 20.

Tafla 20

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá mulningi og þurrmölun sem tengist ferlinu til að endurnýta saltgjall

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Ryk	2–5

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.3.5.3. *Loftkennd efnasambönd*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 89. Í því skyni að draga úr losun lofttegunda í andrúmsloft frá votmölun og útskolun frá ferlinu til að endurnýta saltgjall er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])
a	Inndæling virkra kolefna
b	Eftirbrennari
c	Votþvegill með brennisteinssýrulausn (H_2SO_4)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 21.

Tafla 21

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun lofttegunda í andrúmsloft frá votmölun og útskolun frá ferli til að endurnýta saltgjall

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)([1])
Ammoníak (NH_3)	≤ 10
PH_3	≤ 0,5
H_2S	≤ 2

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.4. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á BLÝI OG/EÐA TINI

1.4.1. **Losun út í andrúmsloft**

1.4.1.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 90. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá undirbúningi (t.d. mælingu, samsetningu, blöndun, mulningi, skurði, sáldun) frum- og endurvinnsluefniviðar (að undanskildum rafgeymum) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Lokað færiband eða loftknúið flutningskerfi fyrir rykug efni	Á almennt við
b	Lokaður búnaður Þegar rykug efni eru notuð er losuninni safnað saman og hún send í hreinsunarkerfi	Á einungis við um mötunarblöndur sem eru tilreiddar með skömmtunartunnu eða mælikerfi fyrir þyngdartap (e. *loss-in-weight system*)
c	Blöndun á hráefnum fer fram í lokaðri byggingu	Á einungis við um rykug efni. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur þetta reynst erfitt vegna rýmisþarfa
d	Rykbælingarkerfi, s.s. vatnsúði	Á einungis við um blöndunarstarfsemi sem fer fram utanhúss.
e	Kögglun hráefna	Á einungis við þegar hægt er að nota kögglað hráefni í vinnslunni og í bræðsluofni

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 91. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá formeðhöndlun efniviðar (s.s. þurrkun, sundurhlutun, glæðingu, kögglun og mulningi rafgeyma, sáldun og flokkun) við frumframleiðslu á blýi og/eða endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Lokað færiband eða loftknúið flutningskerfi fyrir rykug efni
b	Lokaður búnaður Þegar rykug efni eru notuð er losuninni safnað saman og hún send í hreinsunarkerfi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 92. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá áfyllingar-, bræðslu- og aftöppunarstarfsemi við framleiðslu á blýi og/eða tini og frá forvinnslu við fjarlægingu kopars við frumframleiðslu á blýi er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi samsetningu af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Afmarkað áfyllingarkerfi með loftútsogskerfi	Á almennt við
b	Þéttir eða lokaðir bræðsluofnar með hurðaþéttum ([1]) fyrir ferli með ósamfelldri mötun og frálagi	Á almennt við
c	Bræðsluofn og gasleiðslur eru starfrækt við undirþrýsting og við hæfilegan gasafsogshraða til að koma í veg fyrir yfirþrýsting	Á almennt við
d	Föngunarhetta/aflokun við áfyllingar- og aftöppunarsvæði	Á almennt við
e	Lokuð bygging	Á almennt við
f	Alger hettuþekja með loftútsogskerfi	Í stöðvum sem fyrir eru eða við meiri háttar endurnýjun á stöðvum sem fyrir eru getur þetta reynst erfitt vegna rýmisþarfa
g	Þéttingu bræðsluofnsins er viðhaldið	Á almennt við
h	Hitastiginu í bræðsluofninum er viðhaldið við lægsta styrk sem þörf er á	Á almennt við
i	Hetta er sett við aftöppunarstað, deiglur og sindursvæði með loftútsogskerfi	Á almennt við
j	Formeðhöndlun á rykugum hráefnum, s.s. kögglun	Á einungis við þegar hægt er að nota kögglað hráefni í vinnslunni og í bræðsluofni
k	Afsogshýsing er notuð á deiglur við aftöppun	Á almennt við
l	Loftútsogskerfi fyrir áfyllingar- og aftöppunarstað er tengt síunarkerfi	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 93. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun frá endurbræðslu, hreinsun og steypingu í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Hetta á bræðsludeiglu (e. *crucible furnace*) eða ketill með loftútsogskerfi
b	Lok til að loka katlinum við hreinsunarefnahvörf og ísetningu íðefna
c	Hetta með loftútsogskerfi við kvikmálmsrennur og aftöppunarstaði
d	Hitastýring í bræðslunni
e	Lokaðar vélrænar skúmsleifar til að fjarlægja rykugt sindur/leifar

1.4.1.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 94. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá undirbúningi hráefna (s.s. viðtöku, meðhöndlun, geymslu, mælingu, blöndun, þurrkun, mulningi, skurði og sáldun) í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 22.

Tafla 22

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá undirbúningi hráefna í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)(1)
Ryk	≤ 5

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 95. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá undirbúningi rafgeyma (mulningi, sáldun og flokkun) er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða votþvegil.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 23.

Tafla 23

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá undirbúningi rafgeyma (mulningi, sáldun og flokkun)

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)(1)
Ryk	≤ 5

(1) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 96. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð (SO_2)) frá hleðslu, bræðslu og aftöppun í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 24.

Tafla 24

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og blýs í andrúmsloft (aðra en þá sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð (SO_2)) frá hleðslu, bræðslu og aftöppun í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	2–4108(1)(2)
Blý (Pb)	≤ 1(3)

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun er yfir eftirfarandi gildum: 1 mg/Nm3 fyrir kopar, 0,05 mg/Nm3 fyrir arsen, 0,05 mg/Nm3 fyrir kadmíum
(3) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 97. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá endurbræðslu, hreinsun og steypingu í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota tæknina sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Að því er varðar málmvinnslu með hita: viðhalda hitastigi bræðslubaðsins við lægsta mögulega gildi samkvæmt vinnslustiginu, ásamt pokasíu.
b	Að því er varðar vinnslu málma úr vatnslausn: nota votþvegil

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 25.

Tafla 25

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og blýs í andrúmsloft frá endurbræðslu, hreinsun og steypingu í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	2–4([1]) ([2])
Blý (Pb)	≤ 1 ([3])

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun er yfir eftirfarandi gildum: 1 mg/Nm3 fyrir kopar, 1 mg/Nm3 fyrir antímon, 0,05 mg/Nm3 fyrir arsen, 0,05 mg/Nm3 fyrir kadmíum.
([3]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.4.1.3. *Losun lífrænna efnasambanda*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 98. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá þurrkunar- og bræðsluferli hráefna í endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð	Á almennt við
b	Brennsluskilyrði eru bestuð til að draga úr losun lífrænna efnasambanda	Á almennt við
c	Eftirbrennari eða endurnýtandi varmaoxari	Nothæfið er takmarkað af orkuinnihaldi afloftsins sem þarf að meðhöndla þar ed afloft með lægra orkuinnihaldi leiðir til meiri eldsneytisnotkunar

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 26.

Tafla 26

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá þurrkunar- og bræðsluferli hráefna í endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	10–40

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 99. Í því skyni að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá bræðslu hráefna í endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsunartækni eru notuð ([1])
b	Áfyllingarkerfi er notað fyrir hálflokaða bræðsluofna til að bæta hráefni við í litlu magni ([1])

	Tækni
c	Innra brennarakerfi ([1]) fyrir bræðsluofna
d	Eftirbrennari eða endurnýtandi varmaoxari ([1])
e	Forðast skal notkun á útblásturskerfum, sem safna upp miklu ryki, við hitastig > 250 °C ([1])
f	Snöggkæling ([1])
g	Inndæling á ásogsefni ásamt skilvirku ryksöfnunarkerfi ([1])
h	Notkun á skilvirku ryksöfnunarkerfi
i	Súrefnisinndæling er notuð á efra svæði bræðsluofnsins
j	Brennsluskilyrði bestuð til að draga úr losun lífrænna efnasambanda ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 27.

Tafla 27

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá bræðslu hráefna í endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (ng I-TEQ/Nm^3) ([1])
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön	≤ 0,1

([1]) Sem meðaltal á a.m.k. sex klst. sýnatökutímabili.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.4.1.4. *Losun brennisteinstvíoxíðs*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 100. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð) frá hleðslu, bræðslu og aftöppun í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Basísk útskolun á hráefnum sem innihalda brennistein í formi súlfats	Á almennt við
b	Þurr eða hálfþurr þvegill ([1])	Á almennt við
c	Votþvegill ([1])	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)
d	Festing (e. *fixation*) brennisteins í bræðslufasanum	Á einungis við um endurvinnsluframleiðslu á blýi

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Lýsing

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 100a: Alkalísaltlausn er notuð til að fjarlægja súlföt úr endurvinnsluefniviði fyrir bræðslu.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 100d: Festing brennisteins í bræðslufasanum næst með því að bæta við járni og natríumkarbónati (Na_2CO_3) í bræðslunum sem hvarfast við brennisteininn í hráefnunum og myndar Na_2S-FeS-gjall.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 28.

Tafla 28

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins eða versins fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð) frá hleðslu, bræðslu og aftöppun í frum- og endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1) (2)
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	50–350

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(1) Ef votþveglar eiga ekki við er efri hluti styrkbilsins 500 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.4.2. **Verndun jarðvegs og grunnvatns**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 101. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun jarðvegs og grunnvatns frá geymslu rafgeyma, mulnings-, sáldunar- og flokkunaraðgerðum er besta, fáanlega tækni að nota sýruþolinn gólfflöt og kerfi til að safna sýrulekum.

1.4.3. **Myndun skólps og meðhöndlun**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 102. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps frá útskolunarferli með basa er besta, fáanlega tækni að endurnota vatn úr natríumsúlfatkristöllun alkalísaltlausnarinnar.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 103. Í því skyni að draga úr losun í vatn frá rafgeymaundirbúningi, þegar súri úðinn er sendur til skólphreinsistöðvarinnar, er besta, fáanlega tækni að starfrækja tilhlýðilega hannaða skólphreinsistöð til að hreinsa mengunarefnin sem eru í þessum straumi.

1.4.4. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 104. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr frumframleiðslu á blýi er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Ryk úr rykhreinsunarkerfinu er endurnotað í blýframleiðsluferlinu	Á almennt við
b	Selen (Se) og tellúr (Te) er endurheimt úr vot- eða þurrgashreinsun á ryki/eðju	Nothæfi getur takmarkast af magninu af kvikasilfri sem er fyrir hendi
c	Silfur (Ag), gull (Au), bismút (Bi), antímon (Sb) og kopar (Cu) eru endurheimt úr hreinsunarsindri	Á almennt við
d	Málmar eru endurheimtir úr skólphreinsunareðju	Bein bræðsla á eðju frá skólphreinsistöðinni getur takmarkast vegna tilvistar frumefna, s.s. arsens (As) títans (Ti) og kadmíums (Cd)
e	Bræðsluefnum er bætt við sem gera gjallið hentugra fyrir not utanhúss	Á almennt við

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 105. Til að unnt sé að endurheimta pólýprópýlen- og pólýetýleninnihald blýrafgeyma er besta, fáanlega tækni að aðskilja það frá rafgeymunum fyrir bræðslu.

Nothæfi

Þetta á e.t.v. ekki við um stokkaofna vegna gegndræpis lofttegunda frá ósundurteknum (heilum) rafgeymum sem starfræksla ofnsins útheimtir.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 106. Í því skyni að endurnota eða endurheimta brennisteinssýru sem er safnað í endurnýtingarferli vegna rafgeyma er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda innri eða ytri endurnýtingu hennar eða endurvinnslu, þ.m.t. einhver af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Endurnotkun sem sýruböðunarefni	Á almennt við, háð staðbundnum skilyrðum s.s. hvort sýruböðun er fyrir hendi og samrýmanleika óhreininda, sem eru fyrir hendi í sýrunni, við ferlið
b	Endurnotkun sem hráefni í efnaverksmiðju	Nothæfi getur takmarkast vegna staðbundins aðgengis að efnaverksmiðju
c	Endurmyndun sýru með sundrun	Á einungis við ef brennisteinssýruver eða ver fyrir fljótandi brennisteinstvíoxíð er fyrir hendi
d	Framleiðsla á gifsi	Á einungis við ef óhreinindi sem eru fyrir hendi í endurnýtingarsýrunni hafa ekki áhrif á gæði gifsins eða ef hægt er að nota gifs af minni gæðum í öðrum tilgangi, s.s. sem bræðsluefni
e	Framleiðsla á natríumsúlfati	Á einungis við um útskolunarferli með basa

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 107. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr endurvinnsluframleiðslu á blýi og/eða tini er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Endurnotkun á leifum í bræðsluferlinu til að endurheimta blý og aðra málma
b	Leifar og úrgangur eru meðhöndluð í sérstökum stöðvum til að endurnýta efnivið
c	Leifar og úrgangur eru meðhöndluð þannig að hægt sé að nýta þau til annarrar notkunar

1.5. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á SINKI OG/EÐA KADMÍUMI

1.5.1. **Frumframleiðsla á sinki**

1.5.1.1. *Vinnsla sinks úr vatnslausn*

1.5.1.1.1. Orka

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 108. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að endurheimta hita úr afloftinu sem myndast í ofni sem brennir óhreinindi úr málmgrýti (e. *roaster*) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Hitari fyrir frárennslisvatn og hverflar eru notaðir til að framleiða rafmagn	Nothæfi getur takmarkast vegna orkuverðs og orkustefnu aðildarríkis
b	Hitari fyrir frárennslisvatn og hverflar eru notaðir til að framleiða vélræna orku til að nota innan vinnslunnar	Á almennt við
c	Hitari fyrir frárennslisvatn er notaður til að framleiða hita til að nota innan vinnslunnar og/eða til að hita upp skrifstofur	Á almennt við

1.5.1.1.2. Losun út í andrúmsloft

1.5.1.1.2.1. Dreifð losun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 109. Í því skyni að draga úr dreifðri losun ryks í andrúmsloft frá undirbúningi mötunar í ofninn sem brennir óhreinindi úr málmgrýti og frá mötuninni sjálfri er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Votmötun
b	Algerlega lokaður vinnslubúnaður tengdur hreinsikerfi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 110. Í því skyni að draga úr dreifðri losun ryks í andrúmsloft frá glæðingarvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Starfræksla fer fram við undirþrýsting
b	Algerlega lokaður vinnslubúnaður tengdur hreinsikerfi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 111. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá útskolun, aðskilnaði fastra efna og vökva og skíringu (e. *purification*) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Lok er sett yfir tanka	Á almennt við
b	Breitt er yfir inntaks og -úttakskvikmálmsrennur fyrir vinnsluvökva	Á almennt við
c	Tankar eru tengdir við miðlægt vélrænt útblásturshreinsunarkerfi eða við hreinsunarkerfi fyrir hvern tank fyrir sig	Á almennt við
d	Settar eru hettur á lofttæmissíur og þær tengdar við hreinsunarkerfi	Á einungis við um síun á heitum vökvum frá stigi útskolunar og aðskilnaðar fastra efna og vökva

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 112. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá raflausnarmálmvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota íblöndunarefni, aðallega freyðiefni, í raflausnarmálmvinnslukerin

1.5.1.1.2.2. Losun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 113. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá meðhöndlun og geymslu hráefna, undirbúningi mötunar og mötuninni í þurrofn sem brennir óhreinindi úr málmgrýti (e. *dry roaster*) og glæðingarvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 29.

Tafla 29

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá meðhöndlun og geymslu hráefna, undirbúningi mötunar og mötun í þurrofn sem brennir óhreinindi úr málmgrýti og glæðingarvinnslu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	≤ 5

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 114. Í því skyni að draga úr losun sinks og brennisteinssýru í andrúmsloft frá útskolun, skíringu og rafgreiningu og til að draga úr losun arsans og stíbans frá skíringu er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])
a	Votþvegill
b	Móðueyðir
c	Miðflóttaaflskerfi

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 30.

Tafla 30

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun sinks og brennisteinssýru í andrúmsloft frá útskolun, skíringu og rafgreiningu og fyrir losun arsans og stíbans frá skíringu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Zn	≤ 1
H_2SO_4	< 10
Summa AsH_3 og SbH_3	≤ 0,5

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.1.1.3. Verndun jarðvegs og grunnvatns

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 115. Í því skyni að koma í veg fyrir að jarðvegur og grunnvatn mengist er besta, fáanlega tækni að nota vatnsþétt svæði innan varnarveggja fyrir tanka, meðan á útskolun eða skíringu stendur, og viðbótarlokunarkerfi fyrir kerskála.

1.5.1.1.4. Myndun skólps

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 116. Í því skyni að draga úr notkun á fersku vatni og koma í veg fyrir myndun skólps er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Vökva sem er tæmdur úr katlinum og vatni úr lokuðu kælingarhringrásunum í ofninum sem brennir óhreinindi úr málmgrýti er skilað aftur í vothreinsun lofttegunda eða á útskolunarstigið
b	Skólpi frá hreingerningum á ofninum sem brennir óhreinindi úr málmgrýti, leka úr honum, rafgreiningu og steypingu er skilað aftur inn á útskolunarstigið
c	Skólpi frá hreingerningum/leka frá útskolun og skíringu, þvotti á síuköku og vothreinsun á lofttegundum er skilað aftur inn í útskolunar- og/eða skíringarþrepin

1.5.1.1.5. Úrgangur

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 117. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem sendur er til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslunni eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslunni, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Ryk, sem er safnað við geymslu og meðhöndlun hreinsaðs málmgrýtis innan vinnslunnar, er endurnotað (ásamt hreinsuðu málmgrýtishráefni)	Á almennt við
b	Ryk sem er safnað í brennsluferlinu gegnum glæðingarsílóið (e. *calcine silo*) er endurnotað	Á almennt við
c	Leifar sem innihalda blý og silfur eru endurnýttar sem hráefni í stöð á öðrum stað	Nothæfi fer eftir innihaldi málma og aðgengi að markaði/vinnslu
d	Leifar sem innihalda kopar (Cu), kóbalt (Co), nikkel (Ni), kadmíum (Cd) og mangan (Mn) eru endurunnar sem hráefni í stöð á öðrum stað til að fá seljanlega vöru	Nothæfi fer eftir innihaldi málma og aðgengi að markaði/vinnslu

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 118. Í því skyni að gera útskolunarúrgang hentugan til endanlegrar förgunar er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Málmvinnsla með hita í Waelz-ofni	Á einungis við um hlutlausan útskolunarúrgang sem inniheldur ekki of mikið af sinkferríti og/eða inniheldur ekki mikinn styrk góðmálma
b	Jarofix-aðferð	Á einungis við um járnleifar jarósíts Takmarkað notkunarsvið vegna fyrirliggjandi einkaleyfis
c	Súlfíðunaraðferð (e. *sulphidation process*)	Á einungis við um járnleifar jarósíts og leifar frá beinum leka
d	Þjöppun járnleifa	Á einungis við um götítleifar og gifsauðuga eðju úr skólphreinsistöðinni

Lýsing

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 118b: Jarofix-aðferðin felst í því að blanda jarósítútfellingum saman við portlandsement, kalk og vatn.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 118c: Súlfíðunaraðferðin felst í því að bæta natríumhýdroxíði (NaOH) og natríumsúlfíði (Na_2S) við leifarnar í skolskiljunartanki (e. *elutriating tank*) og í súlfíðunarhvarftanki.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 118d: Þjöppun járnleifa felst í því að minnka rakainnihaldið með síum og að bæta við kalki eða öðrum efnum.

1.5.1.2. *Sinkvinnsla með hita*

1.5.1.2.1. Losun út í andrúmsloft

1.5.1.2.1.1. Ryklosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 119. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá sinkvinnslu með hita er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Nothæfi

Ef um er að ræða hátt hlutfall lífræns kolefnis í hreinsaða málmgrýtinu (t.d. u.þ.b. 10% þyngdarhlutfall) eiga pokasíur e.t.v. ekki við (vegna þess að pokinn stíflast) og e.t.v. er hægt að nota aðra tækni (t.d. votþvegil).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 31.

Tafla 31

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá sinkvinnslu með hita

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1) (2)
Ryk	2–5

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Ef pokasía á ekki við er efri hluti styrkbilsins 10 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 120. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá sinkvinnslu með hita er besta, fáanlega tækni að nota tækni til blauthreinsunar brennisteins.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 32.

Tafla 32

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (aðra en þá sem er beint til brennisteinssýruversins) frá sinkvinnslu með hita

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3)(1)
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	≤ 500

(1) Sem dagsmeðaltal.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.2. **Endurvinnsluframleiðsla á sinki**

1.5.2.1. *Losun út í andrúmsloft*

1.5.2.1.1. Ryklosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 121. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá kögglun og gjallvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 33.

Tafla 33

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá kögglun og gjallvinnslu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1)
Ryk	≤ 5

(1) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 122. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni (e. *slag fuming furnace*) og Waelz-ofni er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Nothæfi

Pokasía á e.t.v. ekki við fyrir gjallstarfsemi (ef það þarf að minnka klóríð í stað málmoxíða).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 34.

Tafla 34

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni og Waelz-ofni

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1) (2) (3)
Ryk	2–5

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Ef pokasía á ekki við getur efri hluti styrkbilsins verið hærri, allt að 15 mg/Nm3.
(3) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun arsens eða kadmíums er yfir 0,05 mg/Nm3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.2.1.2. Losun lífrænna efnasambanda

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 123. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni og Waelz-ofni er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni (1)	Nothæfi
a	Inndæling á áseygu efni (virk kolefni eða brúnkolakoks) og þar á eftir pokasía og/eða rafstöðuskilja	Á almennt við
b	Varmaoxari	Á almennt við
c	Endurnýtandi varmaoxari	Á e.t.v. ekki við af öryggisástæðum.

(1) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 35.

Tafla 35

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda og fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni og Waelz-ofni

Mæliþáttur	Eining	$BAT\text{-}A^{EL}$
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm^3	2–20 (1)
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön	ng I-TEQ/Nm^3	≤ 0,1 (1)

(1) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Sem meðaltal á a.m.k. sex klst. sýnatökutímabili.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.2.1.3. Losun sýru

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 124. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni og Waelz-ofni er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni (1)	Vinnsla
a	Inndæling á áseygu efni og þar á eftir pokasía	— Bræðsla málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma — Waelz-ofn
b	Votþvegill	— Gjallafoxunarofn

(1) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 36.

Tafla 36

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) í andrúmsloft frá bræðslu málmstrauma og blandaðra málmstrauma/oxaðra strauma og frá gjallafoxunarofni og Waelz-ofni

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Vetnisklóríð (HCl)	≤ 1,5
Vetnisflúoríð (HF)	≤ 0,3

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.2.2. *Myndun skólps og meðhöndlun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 125. Í því skyni að draga úr notkun á fersku vatni í vinnslu í Waelz-ofni er besta, fáanlega tækni að nota fjölþrepa gagnstreymisþvott.

Lýsing

Vatn sem kemur frá fyrra þvottastigi er síað og endurnotað í eftirfarandi þvottastig. Hægt er að nota tvö eða þrjú stig sem þýðir allt að þrefalt minni vatnsnotkun í samanburði við eins þreps gagnstreymisþvott.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 126. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun halíða í vatn frá þvottastigi í vinnslu í Waelz-ofni er besta, fáanlega tækni að nota kristöllun.

1.5.3. **Bræðsla, málmblendi og steyping sinkhleifa og framleiðsla á sinkdufti**

1.5.3.1. *Losun út í andrúmsloft*

1.5.3.1.1. Dreifð ryklosun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 127. Í því skyni að draga úr dreifðri losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu, málmblendi og steypingu sinkhleifa er besta, fáanlega tækni að nota búnað við undirþrýsting

1.5.3.1.2. Ryklosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 128. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá bræðslu, málmblendi og steypingu sinkhleifa og framleiðslu á sinkdufti er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 37.

Tafla 37

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu, málmblendi og steypingu sinkhleifa og framleiðslu á sinkdufti

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	≤ 5

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.3.2. *Skólp*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 129. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps frá bræðslu og steypingu sinkhleifa er besta, fáanlega tækni að endurnota kælivatnið.

1.5.3.3. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 130. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr bræðslu á sinkhleifum er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Oxaðir þættir sinksindurs og sinkberandi ryks frá bræðsluofnum eru notaðir í brennsluofni eða í framleiðsluferli sinks úr vatnslausn
b	Málmkenndir þættir sinksindurs og málmsindurs úr bakskautssteypingu eru notaðir í bræðsluofninum eða endurheimtir sem sinkryk eða sinkoxíð í sinkhreinsunarveri

1.5.4. **Kadmíumframleiðsla**

1.5.4.1. *Losun út í andrúmsloft*

1.5.4.1.1. Dreifð losun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 131. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Miðlægt útsogskerfi sem er tengt við hreinsunarkerfi fyrir útskolun og aðskilnað fastra og fljótandi efna í vinnslu málma úr vatnslausn, fyrir kögglun og afoxun í málmvinnslu með hita og fyrir bræðslu-, málmblendi- og steypingarferla
b	Breitt er yfir kerin fyrir rafgreiningarstigið í vinnslu málma úr vatnslausn

1.5.4.1.2. Ryklosun beint í tiltekinn farveg

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 132. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá kadmíumvinnslu með hita og bræðslu, málmblendi og steypingu kadmíumhleifa er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Pokasía	Á almennt við
b	Rafstöðuskilja (ESP)	Á almennt við
c	Votþvegill	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 38.

Tafla 38

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og kadmíums í andrúmsloft frá kadmíumvinnslu með hita og bræðslu, málmblendi og steypingu kadmíumhleifa

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	2–3
Cd	≤ 0,1

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.5.4.2. *Úrgangur*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 133. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar úr vinnslu kadmíums úr vatnslausn er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með því að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Kadmíum er dregið út úr sinkvinnslunni sem kadmíumauðugur duftherðir í skíringarhlutanum, styrkur þess aukinn enn frekar og það hreinsað (með rafgreiningu eða í málmvinnslu með hita) og að lokum breytt í markaðshæfan kadmíummálm eða kadmíumefnasambönd	Á einungis við ef fjárhagslega hagkvæm eftirspurn er fyrir hendi
b	Kadmíum er dregið út úr sinkvinnslunni sem kadmíumauðugur duftherðir í skíringarhlutanum og síðan látið fara í gegnum röð aðgerða til vinnslu málma úr vatnslausn til að fá fram kadmíumauðuga útfellingu (t.d. sement (Cd-málmur) $Cd(OH)_2$) sem er urðuð en öll önnur vinnsluflæði eru endurunnin í flæði kadmíum- eða sinkstöðvar	Á einungis við ef hentugur urðunarstaður er tiltækur

1.6. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á GÓÐMÁLMUM

1.6.1. **Losun út í andrúmsloft**

1.6.1.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 134. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá formeðhöndlunarstarfsemi (s.s. mulningi, síun og blöndun) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Lokuð formeðhöndlunarsvæði og flutningskerfi fyrir rykug efni
b	Formeðhöndlunar- og meðhöndlunarstarfsemi er tengd við ryksafnara eða -útsog með hettum og lagnakerfi fyrir rykug efni
c	Formeðhöndlunar og meðhöndlunarbúnaður er læstur á rafrænan hátt við tilheyrandi ryksafnara eða -útsog til að tryggja að ekki sé hægt að starfrækja neinn búnað nema ryksafnarinn og síunarkerfið séu í notkun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 135. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá bræðslu (vinnslu bæði með og án „doré“) er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Byggingar og/eða svæði fyrir bræðsluofn eru lokuð af
b	Starfræksla fer fram við undirþrýsting
c	Starfræksla bræðsluofna er tengd við ryksafnara eða -útsog með hettum og lagnakerfi fyrir rykug efni
d	Búnaður bræðsluofns er læstur á rafrænan hátt við tilheyrandi ryksafnara eða -útsog til að tryggja að ekki sé hægt að starfrækja neinn búnað nema ryksafnarinn og síunarkerfið séu í notkun

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 136. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá útskolun og rafgreiningu gulls er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Lokaðir tankar/ílát og lokuð rör til að flytja lausnir
b	Hettur og útsogskerfi fyrir raflausnarker
c	Vatnstjald við gullframleiðslu, til að koma í veg fyrir losun klórgass meðan á útskolun forskautseðju með saltsýru eða öðrum leysum stendur

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 137. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá vinnslu málma úr vatnslausn er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Afmörkunarráðstafanir, s.s. þéttlokuð eða lokuð hvarfaílát, geymslutankar, leysisútdráttarbúnaður og síur, ílát og tankar búin vökvaskilastýringu, lokuð rör, þéttlokuð frárennsliskerfi og skipulagðar viðhaldsáætlanir
b	Hvarfaílát og tankar eru tengdir við sameiginlegt lagnakerfi með afloftsútsogi (sjálfvirk eining í reiðuham/varaeining tiltæk ef bilun verður)

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 138. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá brennslu, glæðingu og þurrkun er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Allir glæðingarofnar, brennsluofnar og þurrkofnar eru tengdir við lagnakerfi sem sogar út útblásturslofttegundir frá vinnslu
b	Þveglar í stöð eru á rafmagnsrás sem er í forgangi og er með vararafal ef til aflskorts kemur
c	Sjálfvirkt stýrikerfi fyrir gangsetningu þvegla og stöðvun starfrækslu, förgun notaðrar sýru og áfyllingu með nýrri sýru

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 139. Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá bræðslu fullunninna málmvara við hreinsun er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Lokaður bræðsluofn með undirþrýstingi
b	Viðeigandi hýsing, aflokanir og föngunarhettur með skilvirku útsogi/skilvirkri loftræstingu

1.6.1.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 140. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá allri rykmyndandi starfsemi, s.s. mulningi, síun, blöndun, bræðslu, brennslu, glæðingu, þurrkun og hreinsun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Pokasía	Á e.t.v. ekki við fyrir afloft sem inniheldur mikið magn af rokgjörnu seleni

	Tækni ([1])	Nothæfi
b	Votþvegill ásamt rafstöðuskilju sem gerir það kleift að endurheimta selen	Á einungis við um afloft sem inniheldur rokgjarnt selen (t.d. doré-málmframleiðsla)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 39. *Tafla 39*

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá allri rykmyndandi starfsemi, s.s. mulningi, síun, blöndun, bræðslu, brennslu, glæðingu, þurrkun og hreinsun

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	2–5

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.1.3. *Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X)*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 141. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn, sem felur í sér uppleysingu/útskolun með saltpéturssýru, er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni ([1])
a	Basískur þvegill með vítissóda
b	Þvegill með oxunarefnum (t.d. súrefni, vetnisperoxíð) og afoxunarefnum (t.d. saltpéturssýra, þvagefni) fyrir þau ílát í vinnslu málma úr vatnslausn sem geta gefið frá sér mikinn styrk köfnunarefnisoxíðs. Er oft notuð ásamt bestu, fáanlegu tækni 141a.

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 40.

Tafla 40

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn sem felur í sér uppleysingu/útskolun með saltpéturssýru

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NOX)	70–150

([1]) Sem klukkustundarmeðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.1.4. *Losun brennisteinstvíoxíðs*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 142. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá bræðslu við doré-málmframleiðslu, þ.m.t. tengdri brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Kalkinnsprautun ásamt pokasíu	Á almennt við
b	Votþvegill	Nothæfi getur verið takmarkað í eftirfarandi tilvikum: — mjög mikið afloftsstreymi (vegna verulegs magns af úrgangi og skólpi sem myndast) — á þurrum svæðum (vegna þess mikla vatnsmagns sem þörf er á og þarfar fyrir hreinsun skólps)

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 41.

Tafla 41

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (aðra en þá sem er beint til brennisteinssýruversins) frá bræðslustarfsemi við doré-málmframleiðslu, þ.m.t. tengdri brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	50–480

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 143. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn, þ.m.t. tengd brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi, er besta, fáanlega tækni að nota votþvegil.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 42.

Tafla 42

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn, þ.m.t. tengd brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	50–100

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.1.5. *Losun vetnisklóríðs (HCl)og klórgass (Cl_2)*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 144. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og klórgass (Cl_2) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn, þ.m.t. tengd brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi, er besta, fáanlega tækni að nota basískan þvegil.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 43.

Tafla 43

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og klórgass (Cl_2) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn, þ.m.t. tengd brennslu-, glæðingar- og þurrkunarstarfsemi

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Vetnisklóríð (HCl)	≤ 5–10
Klórgas (Cl_2)	0,5–2

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.1.6. *Losun ammoníaks (NH_3)*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 145. Í því skyni að draga úr losun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn þar sem ammoníak eða ammóníumklóríð er notað er besta, fáanlega tækni að nota votþvegil með brennisteinssýru.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 44.

Tafla 44

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft frá vinnslu málma úr vatnslausn þar sem ammoníak eða ammóníumklóríð er notað

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ammoníak (NH_3)	1–3

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.1.7. *Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 146. Í því skyni að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá þurrkunarstarfsemi þar sem hráefnin innihalda lífræn efnasambönd, halógen eða önnur forefni fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana, frá brennslustarfsemi og frá glæðingarstarfsemi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Eftirbrennari eða endurnýtandi varmaoxari ([1])
b	Inndæling á ásogsefni ásamt skilvirku ryksöfnunarkerfi ([1])
c	Brennslu- eða vinnsluskilyrði bestuð til að hreinsa losun lífrænna efnasambanda ([1])
d	Forðast skal notkun á útblásturskerfum, sem safna upp miklu ryki, fyrir hitastig > 250 °C ([1])
e	Snöggkæling ([1])
f	Varmaeyðing á fjölklóruðum díbensódíoxínum/-fúrönum í bræðsluofninum við hátt hitastig (> 850 °C)
g	Súrefnisinndæling er notuð á efra svæði bræðsluofnsins
h	Innra brennarakerfi ([1])

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 45.

Tafla 45

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá þurrkunarstarfsemi þar sem hráefnin innihalda lífræn efnasambönd, halógen eða önnur forefni fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana, frá brennslustarfsemi og frá glæðingarstarfsemi

Mæliþáttur	BAT-AEL (ng I-TEQ/Nm^3) ([1])
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön	≤ 0,1

([1]) Sem meðaltal á a.m.k. sex klst. sýnatökutímabili.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.6.2. **Verndun jarðvegs og grunnvatns**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 147. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun jarðvegs og grunnvatns er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Notkun á þéttlokuðum frárennsliskerfum
b	Notkun á tönkum með tvöfalt byrði eða staðsetning innan þolinna varnarveggja
c	Ógegndræp og sýruþolin gólf eru notuð
d	Sjálfvirk vökvaskilastýring í hvarfaílátum

1.6.3. **Myndun skólps**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 148. Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Notaðir/endurheimtir hreinsivökvar og aðrir hvarfmiðlar til vinnslu málma úr vatnslausn eru endurunnir í útskolun og annarri hreinsunarstarfsemi
b	Lausnir úr útskolunar-, útdráttar- og útfellingarstarfsemi eru endurunnar

1.6.4. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 149. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem sendur er til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslunni eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslunni, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Vinnsla
a	Málminnihald er endurheimt úr gjalli, síuryki og leifum úr votrykskiljukerfi	Doré-framleiðsla
b	Selen, sem er safnað úr aflofti úr votrykskiljukerfum sem inniheldur rokgjarnt selen, er endurunnið	
c	Silfur er endurheimt úr notaðri raflausn og notuðum eðjuþvottalausnum	Silfur er hreinsað með rafgreiningu
d	Málmar eru endurheimtir úr leifum frá skíringu raflausna (t.d. silfursement, leifar sem grundvallast á koparkarbónati)	
e	Gull er endurheimt úr raflausn, eðju og lausnum úr gullútskolunarferlum	Gull er hreinsað með rafgreiningu
f	Málmar eru endurheimtir úr notuðum forskautum	Silfur eða gull er hreinsað með rafgreiningu
g	Málmar úr platínuflokki eru endurheimtir úr lausnum sem eru auðgaðar málmum úr platínuflokki	
h	Málmar eru endurheimtir úr meðhöndlun á vökvum úr endanlegri vinnslu	Öll vinnsla

1.7. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á JÁRNBLENDI

1.7.1. **Orka**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 150. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að endurheimta orku úr kolsýringsauðugu útblásturslofti sem verður til í lokuðum kafljósbogaofni eða í lokaðri rykvinnslu með rafgasi með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Gufuketill og hverflar eru notuð til að endurheimta orkuna sem útblástursloftið inniheldur og framleiða rafmagn	Nothæfi getur takmarkast vegna orkuverðs og orkustefnu aðildarríkis
b	Bein notkun á útblásturslofti sem eldsneyti innan vinnslunnar (t.d. til að þurrka hráefni, forhita áfyllingarefni, glæða, hita deiglur)	Á einungis við ef eftirspurn eftir vinnsluvarma er fyrir hendi
c	Útblástursloft er notað sem eldsneyti í nálægum stöðvum	Á einungis við ef fjárhagslega hagkvæm eftirspurn eftir þessari tegund eldsneytis er fyrir hendi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 151. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að endurheimta orku úr heitu útblásturslofti sem verður til í hálflokuðum kafljósbogaofni með því að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Hitari fyrir frárennslisvatn og hverflar eru notuð til að endurheimta orkuna sem útblástursloftið inniheldur og framleiða rafmagn	Nothæfi getur takmarkast vegna orkuverðs og orkustefnu aðildarríkis
b	Hitari fyrir frárennslisvatn er notaður til að framleiða heitt vatn	Á einungis við ef fjárhagslega hagkvæm eftirspurn er fyrir hendi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 152. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að endurheimta orku úr útblásturslofti sem verður til í opnum kafljósbogaofni með framleiðslu á heitu vatni.

Nothæfi

Á einungis við ef fjárhagslega hagkvæm eftirspurn eftir heitu vatni er fyrir hendi

1.7.2. **Losun út í andrúmsloft**

1.7.2.1. *Dreifð ryklosun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 153. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr og safna dreifðri losun í andrúmsloft frá aftöppun og steypingu er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Notkun á hettukerfi	Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru fer nothæfi eftir innbyrðis afstöðu á stöð
b	Forðast skal að steypa með því að nota járnblendi í fljótandi formi	Á einungis við ef neytandinn (þ.e. stálframleiðandinn) er samþættur járnblendis-framleiðandanum

1.7.2.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 154. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá geymslu, meðhöndlun og flutningi fastra efna og frá formeðhöndlunarstarfsemi, s.s. mælingu, blöndun og fituhreinsun, og frá aftöppun, steypingu og pökkun er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 46.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 155. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá mulningi, kögglun og glæðingu er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu eða pokasíu ásamt annarri tækni.

Nothæfi

Nothæfi pokasíu getur verið takmarkað ef um er að ræða lágan umhverfishita (–20 °C til –40 °C) og mikinn raka í afloftinu sem og af öryggisástæðum við mulning á kalsíumkísli (CaSi), (þ.e. sprengifimi).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 46.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 156. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá opnum eða hálflokuðum kafljósbogaofni er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 46.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 157. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá lokuðum kafljósbogaofni eða í lokaðri rykvinnslu með rafgasi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Votþvegill ásamt rafstöðuskilju	Á almennt við
b	Pokasía	Á almennt við nema öryggisvandi sé fyrir hendi í tengslum við innihald kolsýrings (CO) og vetnis (H_2) í útblásturslofttegundunum

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 46.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 158. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá deiglu með eldföstum fóðringum til framleiðslu á mólýbdenjárni og vanadíumjárni er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 46.

Tafla 46

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá járnblendiframleiðslu

Mæliþáttur	Vinnsla	BAT-AEL (mg/Nm^3)
Ryk	— Geymsla, meðhöndlun og flutningur fastra efna — Formeðhöndlunarstarfsemi s.s. mæling, blöndun og fituhreinsun — Aftöppun, steyping og pökkun	2–5 ([1])
	Mulningur, kögglun og glæðing	2–5 ([2]) ([3])
	Opinn eða hálflokaður kafljósbogaofn	2–5 ([2]) ([4]) ([5])
	— Lokaður kafljósbogaofn eða lokuð rykvinnsla með rafgasi — Deigla með eldföstum fóðringum til framleiðslu á mólýbdenjárni og vanadíumjárni	2–5 ([2])

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([3]) Efri hluti styrkbilsins getur verið allt að 10 mg/Nm3 í tilvikum þar sem ekki er hægt að nota pokasíu.
([4]) Efri hluti styrkbilsins getur verið allt að 15 mg/Nm3 vegna framleiðslu á járnmangani (FeMn), kísilmangani (SiMn) og kalsíumsílikoni (CaSi) vegna þess að rykið er klístrað (t.d. vegna ídrægnigetu sinnar eða efnafræðilegra eiginleika) sem hefur áhrif á skilvirkni pokasíunnar.
([5]) Búist er við að ryklosun sé nálægt neðra styrkbili þegar losun málma er yfir eftirfarandi gildum: 1 mg/Nm3 fyrir blý, 0,05 mg/Nm3 fyrir kadmíum, 0,05 mg/Nm3 fyrir fjórgilt króm, 0,05 mg/Nm3 fyrir þallíum.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.7.2.3. *Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 159. Í því skyni að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá bræðsluofni til framleiðslu á járnblendi er besta, fáanlega tækni að dæla inn áseygum efnum og nota rafstöðuskilju og/eða pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 47.

Tafla 47

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana í andrúmsloft frá bræðsluofni til framleiðslu á járnblendi

Mæliþáttur	BAT-AEL (ng I-TEQ/Nm^3)
Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön	≤ 0,05171

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.7.2.4. *Losun fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og lífrænna efnasambanda*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 160. Í því skyni að draga úr losun fjölhringa, arómatískra vetniskolefna og lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá fituhreinsun títansvarfs í hverfiofnum er besta, fáanlega tækni að nota varmaoxara.

1.7.3. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 161. Í því skyni að draga úr magni gjalls, sem sent er til förgunar, er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun gjalls eða, ef það er ekki hægt, gjallendurvinnslu, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Notkun á gjalli í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	Á einungis við um gjall úr framleiðslu á kolefnisauðugu krómjárni (FeCr) og kísilmangani (SiMn), gjall úr endurheimt málmblendis úr leifum frá stálverum og stöðluðu úrgangsgjalli úr framleiðslu á járnmangani (FeMn) og járnmóbýldeni (FeMo)
b	Notkun á gjalli sem sandblásturssandi	Á einungis við um gjall úr framleiðslu á kolefnisauðugu krómjárni (FeCr)
c	Notkun á gjalli í eldfast steypuefni (e. *refractory castable*)	Á einungis við um gjall úr framleiðslu á kolefnisauðugu krómjárni (FeCr)
d	Notkun á gjalli í bræðsluferlinu	Á einungis við um gjall úr framleiðslu á kalsíumkísli
e	Notkun á gjalli sem hráefni til framleiðslu á mangankísli eða til annarrar málmvinnslu	Á einungis við um auðugt gjall (inniheldur mikið af manganoxíði (MnO) úr framleiðslu á járnmangani (FeMn)

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 162. Í því skyni að draga úr magni síuryks og eðju sem er sent til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun síuryks og eðju eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu síuryks og eðju, þ.m.t. einhver af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi ([1])
a	Notkun á síuryki í bræðsluferlinu	Á einungis við um síuryk úr framleiðslu á krómjárni (FeCr) og járnmóbýldeni (FeMo)
b	Notkun á síuryki við framleiðslu á ryðfríu stáli	Á einungis við um síuryk frá mulnings- og sáldunaraðgerðum við framleiðslu á kolefnisauðugu krómjárni (FeCr)
c	Notkun á síuryki og eðju sem hreinsuðu málmgrýtishráefni	Á einungis við um síuryk og eðju úr hreinsun aflofts í brennslu á móbýldeni (Mo)

	Tækni	Nothæfi ([1])
d	Notkun á síuryki í öðrum iðnaði	Á einungis við um framleiðslu á járnmangani (FeMn), kísilmangani (SiMn), nikkeljárni (FeNi), járnmóbýldeni (FeMo) og járnvanadíumi (FeV)
e	Notkun á örkísli sem aukefni í sementsiðnaðinum	Á einungis við um örkísil úr framleiðslu á kísiljárni (FeSi) og sílikoni (Si)
f	Notkun á síuryki og eðju í sinkiðnaðinum	Á einungis við um ryk úr bræðsluofnum og eðju úr votþveglum úr endurheimt málmblendis úr leifum frá stálverum

([1]) Ekki er hægt að endurnýta eða endurvinna mjög mengað ryk og eðju. Endurnotkun og endurvinnsla getur einnig takmarkast af uppsöfnunarvandamálum (t.d. gæti endurnotkun á ryki úr framleiðslu á krómjárni (FeCr) leitt til uppsöfnunar á sinki (Zn) í bræðsluofninum).

1.8. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á NIKKELI OG/EÐA KÓBALTI

1.8.1. **Orka**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 163. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Notkun á súrefnisauðguðu lofti í bræðsluofna og súrefnismálmbræðsluofna
b	Notkun á endurnýtingarsuðukötlum
c	Brunaloftið, sem verður til í bræðsluofninum, er notað innan vinnslunnar (t.d. þurrkun)
d	Notkun á varmaskiptum

1.8.2. **Losun út í andrúmsloft**

1.8.2.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 164. Í því skyni að draga úr dreifðri ryklosun í andrúmsloft frá hleðslu bræðsluofns er besta, fáanlega tækni að nota lokuð færibandakerfi.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 165. Í því skyni að draga úr dreifði losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu er besta, fáanlega tækni að nota kvikmálmsrennur með yfirbreiðslu og hettu, sem eru tengdar við hreinsunarkerfi.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 166. Í því skyni að draga úr dreifðri losun ryks frá umbreytingarferlum er besta, fáanlega tækni að halda starfrækslu við undirþrýsting og nota föngunarhettur sem eru tengdar við hreinsunarkerfi.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 167. Í því skyni að draga úr dreifðri losun vegna útskolunar með loftþrýstingi eða með þrýstingi er besta, fáanlega tækni að nota báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni
a	Þéttlokaðir eða lokaðir hvarftankar, botnsfallsílát og þrýstingsgufusæfar/-ker
b	Súrefni eða klór er notað í stað lofts á útskolunarstigum

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 168. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá leysisútdráttarhreinsun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni
a	Notkun á blandara með litla eða mikla hvirfilmyndun í leysisblöndu/vatnskennda blöndu
b	Notkun á yfirbreiðslum fyrir blandara og skilju
C	Notkun á alveg þéttlokuðum tönkum sem eru tengdir við hreinsunarkerfi

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 169. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá raflausnarmálmvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Klórgasi er safnað og það endurnotað	Á einungis við um raflausnarmálmvinnslu sem grundvallast á klóríði
b	Notkun á pólýstýrenkúlum til að þekja kerin	Á almennt við
c	Notkun á freyðiefnum til að þekja kerin með stöðugu lagi af froðu	Á einungis við um raflausnarmálmvinnslu sem grundvallast á súlfati

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 170. Í því skyni að draga úr dreifðri losun frá vetnisafoxunarferlinu við framleiðslu á nikkeldufti og nikkelkubbum (þrýstingsferlum) er besta, fáanlega tækni að nota þéttlokaðan eða lokaðan hvarftank, botnfallsílát og þrýstingsgufusæfi/-ílát, duftfæriband og vörusíló.

1.8.2.2. *Ryklosun beint í tiltekinn farveg*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 171. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá meðhöndlun og geymslu hráefna, ferlum við formeðhöndlun efniviðar (s.s. undirbúningur málmgrýtis og þurrkun málmgrýtis/hreinsaðs málmgrýtis), áfyllingu bræðsluofna, bræðslu, umbreytingu, varmahreinsun og framleiðslu á nikkeldufti og kubbum er besta, fáanlega tækni við vinnslu á málmgrýti sem inniheldur súlfíð að nota pokasíu eða sambland af rafstöðuskilju og pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 48.

Tafla 48

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá meðhöndlun og geymslu hráefna, ferlum við formeðhöndlun efniviðar (s.s. undirbúningur málmgrýtis og þurrkun málmgrýtis/hreinsaðs málmgrýtis), áfyllingu bræðsluofna, bræðslu, umbreytingu, varmahreinsun og framleiðslu á nikkeldufti og kubbum við vinnslu á málmgrýti sem inniheldur súlfíð

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	2–5

([1]) Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.8.2.3. *Losun nikkels og klórs*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 172. Í því skyni að draga úr losun nikkels og klórs í andrúmsloft vegna útskolunarferla með loftþrýstingi eða með þrýstingi er besta, fáanlega tækni að nota votþvegil.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 49.

Tafla 49

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun nikkels og klórs í andrúmsloft vegna útskolunarferla með loftþrýstingi eða með þrýstingi

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Nikkel (Ni)	≤ 1
Klórgas (Cl_2)	≤ 1

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 173. Í því skyni að draga úr losun nikkels í andrúmsloft frá hreinsunarferli nikkelmatts þar sem járnklóríð með klór er notað er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 50.

Tafla 50

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun nikkels í andrúmsloft frá hreinsunarferli nikkelmatts þar sem járnklóríð með klór er notað

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Nikkel (Ni)	≤ 1

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.8.2.4. *Losun brennisteinstvíoxíðs*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 174. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft (annarri en þeirri sem er beint til brennisteinssýruversins) frá bræðslu og umbreytingu er besta, fáanlega tækni við vinnslu á málmgrýti sem inniheldur súlfíð að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])
a	Kalkinnsprautun og þar á eftir pokasía
b	Votþvegill

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

1.8.2.5. *Losun ammoníaks (NH_3)*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 175. Í því skyni að draga úr losun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft frá framleiðslu á nikkeldufti og kubbum er besta, fáanlega tækni að nota votþvegil.

1.8.3. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 176. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem sendur er til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslunni eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslunni, þ.m.t. með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Notkun á kornaða gjallinu, sem verður til í rafknúnum ljósbogaofni (notaður í bræðslu), sem slípiefni eða byggingarefni	Nothæfi er háð málminnihaldi gjallsins
b	Notkun á ryki úr aflofti, sem er endurheimt úr rafknúnum ljósbogaofni (notaður í bræðslu), sem hráefni til sinkframleiðslu	Á almennt við
c	Notkun á mattkornun ryks úr aflofti, sem er endurheimt úr rafknúnum ljósbogaofni (notaður í bræðslu), sem hráefni fyrir nikkelhreinsunarstöð/-endurbræðslu	Á almennt við
d	Notkun á brennisteinsleifunum, sem fást eftir síun matts í útskolun sem grundvallast á klóri, sem hráefni til framleiðslu á brennisteinssýru	Á almennt við
e	Notkun á járnleifunum, sem fást eftir útskolun sem grundvallast á súlfati, sem mötun í nikkelbræðsluna	Nothæfi er háð málminnihaldi úrgangsins
f	Notkun á sinkkarbónatleifum, sem fást úr leysisútdráttarhreinsun, sem hráefni í sinkframleiðslu	Nothæfi er háð málminnihaldi úrgangsins

	Tækni	Nothæfi
g	Notkun á koparleifum, sem fást eftir útskolun sem grundvallast á súlfat- og klórútskolun, sem hráefni til koparframleiðslu	Á almennt við

1.9. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á KOLEFNI OG/EÐA GRAFÍTI

1.9.1. **Losun út í andrúmsloft**

1.9.1.1. *Dreifð losun*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 177. Í því skyni að draga úr dreifðri losun fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá geymslu, meðhöndlun og flutningi fljótandi biks er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni
a	Lofti frá geymslutanki fljótandi biks er beint aftur í tankinn
b	Þétting með ytri og/eða innri kælingu með loft- og/eða vatnskerfum (t.d. kæliturnar) og þar á eftir síunartækni (ásogsþveglar eða rafstöðuskilja)
c	Afloft, sem safnað hefur verið saman, er safnað og það flutt í hreinsunarkerfi (þurrþvegill eða varmaoxari/endurnýtandi varmaoxari) sem eru tiltæk á öðrum stigum vinnslunnar (t.d. blöndun og mótun eða bökun)

1.9.1.2. *Losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 178. Í því skyni að draga úr losun ryks í andrúmsloft frá geymslu, meðhöndlun og flutningi á koksi og biki og vélrænni vinnslu (s.s. mölun) og umbreytingu í grafít (e. *graphitising*) og vinnslu í vélum er besta, fáanlega tækni að nota pokasíu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 51.

Tafla 51

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) í andrúmsloft frá geymslu, meðhöndlun og flutningi á koksi og biki og vélrænni vinnslu (s.s. mölun) og umbreytingu í grafít og vinnslu í vélum

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	2–5
BaP	≤ 0,01([2])

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Einungis er búist við BaP-ögnum ef verið er að vinna bik í föstu formi.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 179. Í því skyni að draga úr losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá framleiðslu á „grænu“ deigi og „grænum“ mótum (e. *green shape*) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni ([1])
a	Þurrþvegill sem notar koks sem áseygt efni og með eða án forkælingar, þar á eftir pokasía
b	Kokssía
c	Endurnýtandi varmaoxari
d	Varmaoxari

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 52.

Tafla 52

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) í andrúmsloft frá framleiðslu á „grænu“ deigi og „grænum“ mótum

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1)
Ryk	2–10 (2)
BaP	0,001–0,01

(1) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á þurrþvegli sem notar koks sem áseygt efni og þar á eftir pokasíu Efri hluti styrkbilsins tengist notkun á varmaoxara.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 180. Í því skyni að draga úr losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá bökun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni (1)	Nothæfi
a	Rafstöðuskilja ásamt varmaoxunarþrepi (t.d. endurnýtandi varmaoxari) þegar búist er við mjög rokgjörnum efnasamböndum.	Á almennt við
b	Endurnýtandi varmaoxari ásamt formeðhöndlun (t.d. rafstöðuskilju) ef um er að ræða mikið rykinnihald í útblástursloftinu	Á almennt við
c	Varmaoxari	Á ekki við um hringofna (e. *ring furnace*) í samfelldum rekstri

(1) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 53.

Tafla 53

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) í andrúmsloft frá bökun og endurbökun

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) (1)
Ryk	2–10 (2)
BaP	0,005–0,015 (3) (4)

(1) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
(2) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á samsetningu af rafstöðuskilju og endurnýtandi varmaoxara. Efri hluti styrkbilsins tengist notkun á varmaoxara.
(3) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á varmaoxara. Efri hluti styrkbilsins tengist notkun á samsetningu af rafstöðuskilju og endurnýtandi varmaoxara.
(4) Að því er varðar bakskautsframleiðslu er efri hluti styrkbilsins 0,05 mg/Nm3.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 181. Í því skyni að draga úr losun ryks og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í andrúmsloft frá gegndreypingu er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni (1)
a	Þurrþvegill og þar á eftir pokasía

	Tækni ([1])
b	Kokssía
c	Varmaoxari

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 54.

Tafla 54

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og BaP (sem mælikvarði á fjölhringa, arómatísk vetniskolefni) í andrúmsloft frá gegndreypingu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1])
Ryk	2–10
BaP	0,001–0,01

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.9.1.3. *Losun brennisteinstvíoxíðs*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 182. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft þegar brennisteini er bætt við í vinnslunni er besta, fáanlega tækni að nota þurr- og/eða votþvegil.

1.9.1.4. *Losun lífrænna efnasambanda*

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 183. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda í andrúmsloft, þ.m.t. fenól og formaldehýð frá gegndreypingarstiginu þar sem sérstök gegndreypingarefni, s.s. resín og lífbrjótanlegir leysar, eru notuð, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni ([1])
a	Endurnýtandi varmaoxari ásamt rafstöðuskilju fyrir blöndunar-, bökunar- og gegndreypingarstigin
b	Lífsíur og/eða lífþveglar fyrir gegndreypingarstigið þar sem sérstök gegndreypingarefni, s.s. resín og lífbrjótanlegir leysar, eru notuð

([1]) Lýsing á tækninni er gefin í lið 1.10.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 55.

Tafla 55

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá blöndun, bökun og gegndreypingu

Mæliþáttur	BAT-AEL (mg/Nm^3) ([1]) ([2])
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	≤ 10–40

([1]) Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á rafstöðuskilju ásamt endurnýtandi varmaoxara. Efri hluti styrkbilsins tengist notkun á lífsíu og lífþvegli.

Tengdri vöktun er lýst í BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 10.

1.9.2. **Úrgangur**

BESTA FÁANLEGA TÆKNI 184. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun á leifum úr vinnslu eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu á leifum úr vinnslu, þ.m.t. með endurnotkun eða endurvinnslu á kolefnum og öðrum leifum úr framleiðsluferlunum innan vinnslunnar eða í öðrum ytri ferlum.

1.10. LÝSING Á TÆKNI

1.10.1. **Losun út í andrúmsloft**

Tækniaðferðirnar, sem er lýst hér á eftir, eru skráðar eftir helsta mengunarefni eða -efnum sem þeim er ætlað að hreinsa

1.10.1.1. *Ryklosun*

Tækni	Lýsing
Pokasía	Pokasíur, oft nefndar dúksíur, eru búnar til úr gropnu efni, ofnu eða þæfðu, sem lofttegundir streyma í gegn um til að fjarlægja agnir. Notkun á pokasíu útheimtir val á efni sem hentar eiginleikum afloftsins og hámarksganghita
Rafstöðuskilja	Rafstöðuskiljur starfa þannig að agnir er hlaðnar og skildar að undir áhrifum rafsviðs. Þær geta starfað við margvísleg skilyrði. Í þurri rafstöðuskilju er efnið, sem safnað hefur verið saman, fjarlægt á vélrænan hátt (t.d. með hristingi, titringi, þrýstilofti) en í rafstöðuskilju með vatnsgufu er því skolað burtu með hentugum vökva, yfirleitt vatni.
Votþvegill	Vothreinsun felur í sér að aðskilja ryk með því að blanda lofttegundum, sem koma inn, vandlega saman við vatn, yfirleitt ásamt því að fjarlægja grófar agnir með því að nota miðflóttakraft. Fjarlægðu ryki er safnað saman á botni þvegilsins. Einnig er hægt að fjarlægja efni s.s. brennisteinstvíoxíð (SO_2), ammoníak (NH_3), sum rokgjörn, lífræn efnasambönd og þungmálma

1.10.1.2. *Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X)*

Tækni	Lýsing
Köfnunarefnisoxíðsrýr brennari	Köfnunarefnisoxíðssrýrir brennarar draga úr myndun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) með því að lækka toppgildi logahitastigsins, seinka en ljúka brennslunni og auka hitayfirfærsluna (aukin eðlisgeislun logans). Sérlega köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar fela í sér þrepaskiptingu með brennslu (loft/eldsneyti) og endurhringrás brunalofts.
Súrefniseldsneytisbrennari	Tæknin felur í sér að skipta út brunalofti fyrir súrefni og þar af leiðandi myndast ekki/dregur úr myndun heitra köfnunarefnisoxíða (NOX) úr köfnunarefni sem fer inn í bræðsluofninn. Köfnunarefnisinnihald sem eftir er í bræðsluofninum fer eftir hreinleika súrefnisins sem gefið er, gæðum eldsneytis og hugsanlegu innstreymi lofts
Endurhringrás brunalofts	Þetta felur í sér endurinndælingu á brunalofti frá bræðsluofninum í logann til að draga úr súrefnisinnihaldi og þ.a.l. hitastigi logans. Notkun á sérstökum brennurum byggist á innri hringrás brunalofttegunda sem kæla neðsta hlut loganna og draga úr súrefnisinnihaldi í heitasta hluta loganna

1.10.1.3. *Losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2), vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF)*

Tækni	Lýsing
Þurr eða hálfþurr þvegill	Þurrt duft eða sviflausn/lausn úr basískum hvarfmiðli (t.d. kalk eða natríumbíkarbónat) er sett í afloftsstrauminn og dreift um hann. Efniviðurinn hvarfast við súrar, loftkenndar gastegundir (t.d. brennisteinstvíoxíð (SO_2)) og myndar fast efni sem er fjarlægt með síun (pokasía eða rafstöðuskilja). Notkun efnahvarfsturns bætir skilvirkni hreinsunarkerfisins við fjarlægingu. Ásog getur einnig náðst með því að nota þvegla með fylltum beði (t.d. kokssíu). Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru tengist afkastagetan vinnslubreytum s.s. hitastigi (lágm. 60 °C) rakainnihaldi, snertingartíma, gassveiflum og getu ryksíunarkerfisins (t.d. pokasíu) til að fást við viðbótar rykálag

Tækni	Lýsing
Votþvegill	Í vothreinsunarferli leysast loftkennd efnasambönd upp í hreinsilausn (t.d. basískri lausn sem inniheldur kalk, natríumhýdroxíð (NaOH) eða vetnisperoxíð (H_2O_2)). Afloftið er mettað með vatni neðan við votþvegilinn og droparnir eru skildir að áður en afloftinu er sleppt. Vökvinn, sem myndast í kjölfarið, er meðhöndlaður frekar með skólphreinsun og óleysanlegu efni er safnað saman með botnfellingu eða síun. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru getur þessi tækni útheimt umtalsvert, tiltækt rými
Notkun á brennisteinsrýru eldsneyti	Jarðgas eða brennisteinsrýrt eldsneyti er notað til að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) og brennisteinsþríoxíðs (SO_3) frá oxun brennisteins í eldsneytinu meðan á bruna stendur
Ísogs-/afsogskerfi sem grundvallast á pólýeter	Leysir sem grundvallast á pólýetra er notaður til að frásoga brennisteinstvíoxíð (SO_2) á valvísan hátt úr útblásturslofttegundunum. Síðan er frásogað brennisteinstvíoxíð (SO_2) strípað í annarri súlu og leysirinn endurnýjaður að fullu. Strípaða brennisteinstvíoxíðið (SO_2) er notað til að framleiða fljótandi brennisteinstvíoxíð eða brennisteinssýru

1.10.1.4. *Losun kvikasilfurs*

Tækni	Lýsing
Ásog virkra kolefna	Þetta ferli byggist á ásogi kvikasilfurs á virk kolefni. Þegar yfirborðið hefur ásogað eins mikið og það getur er áseyga innihaldið afsogað, sem hluti af endurnýjun áseyga efnisins
Ásog selens	Þetta ferli byggist á notkun á selenhúðuðum kúlum í fylltum beði. Rautt myndlaust selen hvarfast við kvikasilfur í gasinu og myndar kvikasilfursselen (HgSe) Síðan er sían meðhöndluð til að endurnýja selenið.

1.10.1.5. *Losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (VOC), fjölhringa, arómatískra vetniskolefna (PAH) og fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana (PCDD/F)*

Tækni	Lýsing
Eftirbrennari eða varmaoxari	Brennslukerfi þar sem mengunarefni í útblástursloftstraumnum hvarfast við súrefni í hitastýrðu umhverfi til að mynda oxunarhvarf
Endurnýtandi varmaoxari	Brennslukerfi þar sem notað er endurnýjunarferli til að nýta varmaorkuna í lofttegunda-og kolefnasamböndum með því að nota eldfasta stuðningsbeði Nota þarf rörakerfi til að breyta stefnunni á loftstreyminu til að hreinsa beðinn. Hann er einnig þekktur sem endurnýtandi eftirbrennari
Hvatandi varmaoxari	Brennslukerfi þar sem niðurbrot fer fram á yfirborði málmhvata við lægri hitastig, alla jafna frá 350 °C til 400 °C. Hann er einnig þekktur sem hvatandi eftirbrennari
Lífsía	Hún samanstendur af beði með lífrænu eða hvarftregu efni þar sem mengunarefni úr afloftsstraumum eru oxuð á lífrænan hátt með örverum
Lífþvegill	Hann samanstendur af vothreinsun lofttegunda (ísog) og lífniðurbroti, hreinsivatnið inniheldur stofn örvera sem henta til að oxa skaðlega efnisþætti lofttegundanna
Valið á hráefnunum og mötuninni fer eftir því hvaða bræðsluofn og hreinsun-artækni eru notuð	Hráefnin eru valin þannig að bræðsluofninn og hreinsunarkerfið, sem er notað til að ná tilskilinni hreinsunarafkastagetu, geti meðhöndlað mengunarefnin sem eru í mötuninni á tilhlýðilegan hátt.

Tækni	Lýsing
Brennsluskilyrði eru bestuð til að draga úr losun lífrænna efnasambanda	Góð blanda af lofti eða súrefni og kolefnisinnihaldi, stýring á hitastigi lofttegundanna og viðstöðutíma við háan hita til að oxa lífrænt kolefni sem fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön samanstanda af. Þetta getur einnig falið í sér notkun á auðguðu lofti eða hreinu súrefni
Notkun á áfyllingarkerfi fyrir hálflokaða bræðsluofna til að bæta hráefni við í litlu magni	Hráefni er bætt við í litlum skömmtum í hálflokaða bræðsluofna til að minnka kælingaráhrif á ofninn við hleðslu. Þetta viðheldur hærra gashitastigi og kemur í veg fyrir að fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön myndist aftur
Innra brennarakerfi	Útblásturslofti er beint gegnum loga brennarans og lífræna kolefninu er breytt í koltvísýring (CO_2) með súrefni
Forðast skal notkun á útblásturskerfum, sem safna upp miklu ryki, við hitastig > 250 °C	Ryk, sem er fyrir hendi við hitastig yfir 250 °C, stuðlar að nýmyndun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana
Inndæling á ásogsefni ásamt skilvirku ryksöfnunarkerfi	Fjölklóruð díbensódíoxín/-fúrön geta ásogast á ryk og þar af leiðandi er hægt að draga úr losun með því að nota skilvirkt ryksíunarkerfi. Notkun á sérstöku ásogsefni stuðlar að þessu ferli og dregur úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana
Snöggkæling	Komið er í veg fyrir nýmyndun fjölklóraðra díbensódíoxína/-fúrana með hraðkælingu lofttegunda frá 400 °C til 200 °C

1.10.2. **Losun út í vatn**

Tækni	Lýsingar
Efnaútfelling	Umbreyting uppleystra mengunarefna í óleysanlegt efnasamband með því að bæta við efnafræðilegum felliefnum. Fastar útfellingar sem myndast eru síðan aðskildar með botnfellingu, fleytingu eða síun. Ef nauðsyn krefur má fylgja þessu eftir með örsíun eða himnusíun. Dæmigerð íðefni sem eru notuð til útfellingar málma eru kalk, natríumhýdroxíð og natríumsúlfíð.
Botnfelling	Aðskilnaður á svifögnum og svifefni með botnfellingu vegna þyngdaraflsins.
Fleyting	Aðskilnaður á föstum eða fljótandi ögnum úr skólpi með því að festa þær við litlar gasbólur, yfirleitt loft Fleytnar agnir safnast saman við vatnsyfirborðið og er safnað saman með skúmsleifum
Síun	Föst efni eru aðskilin frá skólpvatni með því að sía þau gegnum gropið efni. Sandur er það síuefni sem algengast er að nota
Örsíun	Síunarferli þar sem himnur með opstærð sem nemur u.þ.b. 10 μm eru notaðar sem síuefni
Síun með virkum kolefnum	Síunarferli þar sem virk kolefni eru notuð sem síuefni
Himnusíun	Himnuferli þar sem mismunaþrýstingi er beitt milli hólfa, sem eru aðskilin með himnu, og það veldur því að vatnið flæðir úr þykkari lausninni yfir í þá þynnri

1.10.3. **Annað**

Tækni	Lýsingar
Móðueyðir	Móðueyðar eru síubúnaður sem fjarlægir meðsogaða vökvadropa úr loftstraumi. Þeir samanstanda af ofnu efni úr málm- eða plastvírum með mjög sérstökum yfirborðsfleti. Vegna skriðþunga lenda litlir dropar, sem eru fyrir hendi í loftstraumnum, á vírnum og renna saman í stærri dropa
Miðflóttaaflskerfi	Miðflóttaaflskerfi nota tregðu til að fjarlægja dropa úr afloftsstraumum með miðflóttaafli
Styrkt sogkerfi	Kerfi sem eru hönnuð til að breyta afkastagetu útsogsviftu eftir því hver uppruni reyksins er en hann breytist eftir hleðslu- bræðslu- og aftöppunarlotum. Sjálfvirkri stýringu á hraða brennarans við hleðslu er einnig beitt til að tryggja lágmarksloftstreymi við starfrækslu þegar hurðin stendur opin
Skiljun svarfs	Skiljun er vélræn aðferð til að aðskilja olíu frá svarfi. Til að auka hraða botnfellingarferlisins er miðflóttaafli beitt á svarfið og olían skilur sig frá
Þurrkun svarfs	Í svarfþurrkunarferli er notuð snúningstromla með óbeinni hitun. Til að fjarlægja olíuna fer hitasundrunarferli fram við hitastig á bilinu 300 °C til 400 °C
Þétt ofnhurð eða ofnhurðaþéttar	Ofnhurðin er hönnuð til að falla þétt að til að koma í veg fyrir að dreifð losun sleppi út og til að viðhalda yfirþrýstingi inni í bræðsluofninum á bræðslustiginu

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/872 **2018/EES/7/64**

frá 22. maí 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

2) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hefði bætt einum eftirlitsaðila á skrána yfir eftirlitsaðila sem lýðveldið Kórea viðurkennir.

3) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

4) „Abcert AG“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í öllum þriðju löndum sem það var viðurkennt fyrir og ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

5) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Agricert — Certificação de Produtos Alimentares LDA“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Agricert — Certificação de Produtos Alimentares LDA“ fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Angóla og Saó Tóme og Prinsípe.

6) „Argencert SA“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

7) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bioagricert S.r.l.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Malasíu og Singapúr og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar fyrir Kína til vöruflokka B og E.

8) „CCOF Certification Services“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um þá ósk sína að afturkalla viðurkenningu sína fyrir vöruflokk F að því er varðar Mexíkó. Því ætti það ekki að vera lengur á skrá fyrir þann flokk fyrir það land í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

9) „Certisys“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu. Að auki hefur framkvæmdastjórnin tekið við og athugað beiðni frá „Certisys“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

10) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Control Union Certifications“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka viðurkenningu hennar fyrir Angóla, Belarús (Hvíta-Rússland), Chad, Djibútí, Eritreu, Fiji, Kósovó ([1]), Líberíu og Níger til vöruflokka A, D, E og F og fyrir Lýðstjórnarlýðveldið Kongó og Madagaskar til vöruflokka A, E og F.

11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Egyptalands, að rýmka viðurkenningu hennar fyrir Mónakó til vöruflokks C og viðurkenningu hennar fyrir Bosníu og Hersegóvínu til vöruflokka E og F.

12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, C og D til Indónesíu.

13) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IMOcert Latinoamérica Ltda.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Argentínu, Costa Rica, Gvæjana og Hondúras. Ennfremur er réttlætanlegt að rýmka viðurkenningu „IMOcert Latinoamérica Ltda“ fyrir Belís, Bólivíu, Brasilíu, Chile (Síle), Colombiu, Kúbu, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, El Salvador, Gvatemala, Haítí, Mexíkó, Níkaragva, Panama, Paragvæ, Perú, Úrúgvæ og Venesúela til vöruflokks B.

14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „LACON GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Bosníu og Hersegóvínu, Chile (Síle), Kúbu, Eþíópíu og Makedóníu (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu) og að því er varðar vöruflokka A og D til Dóminíska lýðveldisins, Kenya, Svasílands og Zimbabwe.

15) „ÖkoP Zertifizierungs GmbH“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að fyrirtækið hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í þriðja landinu sem það hafði hlotið viðurkenningu fyrir. Því ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Valsts SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs““ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Valsts SIA“ fyrir vöruflokka A, B, D, E og F að því er varðar Rússland og Úkraínu.

17) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1842 ([2]), er að finna nýja fyrirmynd að útdrætti úr skoðunarvottorði vegna innflutnings á lífrænum vörum samkvæmt rafræna vottunarkerfinu sem vísað er til í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Í fjórðu undirgrein, áður fimmtu undirgrein, 2. mgr. 14. gr. er ennþá vísað í reit 15 í útdrættinum í stað reits 14. Þar að auki er fyrir mistök vísað í 33. gr. í stað 34. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([3]) í reit 14 í útdrættinum og í samsvarandi athugasemd í VI. viðauka. Þessar villur ber að leiðrétta.

18) Því ætti að breyta og leiðrétta III., IV. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

19) Fyrir skýrleika sakir ættu leiðréttingar á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að gilda frá þeim degi sem viðkomandi breytingar með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1842 koma til framkvæmda.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

([1]) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovó.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar rafrænt skoðunarvottorð fyrir innfluttar lífrænar vörur og aðra tiltekna þætti og reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar kröfur um rotvarðar eða unnar lífrænar vörur og sendingu upplýsinga (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 19).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað fjórðu undirgreinar í 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„Þegar viðtakandi tekur við framleiðslulotu skal hann fylla út reit 14 á upprunalegum útdrætti skoðunarvottorðsins til að votta að viðtaka hennar hafi farið fram í samræmi við 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.“

2) Ákvæði VI. viðauka eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 19. apríl 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Í 5. lið III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, í færslunni sem varðar Lýðveldið Kóreu, bætist eftirfarandi lína við:

„KR-ORG-023	Control Union Korea	www.controlunion.co.kr“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Færslan sem varðar „Abcert AG“ falli brott.

2) Á eftir færslunni sem varðar „**Agreco R.F. Göderz GmbH**“ bætist við eftirfarandi ný færsla:

„„Agricert — Certificação de Produtos Alimentares LDA“

1. Heimilisfang: Rua Alfredo Mirante, 1, R/c Esq., 7350-154 Elvas, Portúgal

2. Veffang: www.agricert.pt

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AO-BIO-172	Angóla	x	—	—	x	—	—
ST-BIO-172	Saó Tóme og Prinsípe	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.“

3) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „**Argencert SA**“ komi eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Bouchard 644 6 piso ‘A’, C1106ABJ, Buenos Aires, Argentína“

4) Í færslunni sem varðar „**Bioagricert S.r.l.**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„MY-BIO-132	Malasía	X	—	—	X	x	—“
„SG-BIO-132	Singapúr	x	—	—	x	x	—“

b) Í línunni sem varðar Kína bætist krossmerki við í dálkum B og E.

5) Í færslunni sem varðar „**CCOF Certification Services**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Mexíkó, falli krossmerkið í dálki F brott.

6) Færslunni sem varðar „**Certisys**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Avenue de l'Escrime/Schermlaan 85, 1150 Bruxelles/Brussel, Belgía“

b) Í 3. lið bætist eftirfarandi lína við í röð eftir kenninúmeri:

„CD-BIO-128	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	x	—	—	x	—	—“

7) Færslunni sem varðar „**Control Union Certifications**“ er breytt sem hér segir:

a) Í línunum sem varða Angóla, Belarús (Hvíta-Rússland), Chad, Djibútí, Eritreu, Fiji, Kósovó, Líberíu og Níger bætist krossmerki við í dálkum A, D, E og F.

b) Í línunum sem varða Lýðstjórnarlýðveldið Kongó og Madagaskar bætist krossmerki við í dálkum A, E og F.

8) Í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við í röð eftir kenninúmeri:

„EG-BIO-154	Egyptaland	x	x	—	x	—	—“

b) Í línunni sem varðar Bosníu og Hersegóvínu bætist krossmerki við í dálkum E og F.

c) Í línunni sem varðar Mónakó bætist krossmerki við í dálki C.

9) Í 3. lið í færslunni sem varðar „**Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)**“ bætist eftirfarandi lína við í röð eftir kenninúmeri:

„ID-BIO-144	Indónesía	x	—	x	x	—	—“

10) Í færslunni sem varðar „**IMOcert Latinoamérica Ltda.**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„AR-BIO-123	Argentína	x	x	—	x	—	—“
„CR-BIO-123	Costa Rica	x	x	—	x	—	—“
„GY-BIO-123	Gvæjana	x	x	—	x	—	—“
„HN-BIO-123	Hondúras	x	x	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Belís, Bólivíu, Brasilíu, Chile (Síle), Colombiu, Kúbu, Dómíníska lýðveldið, Ekvador, El Salvador, Gvatemala, Haítí, Mexíkó, Níkaragva, Panama, Paragvæ, Perú, Úrúgvæ og Venesúela bætist krossmerki við í dálki B.

c) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun.“

11) Í færslunni sem varðar „**LACON GmbH**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„BA-BIO-134	Bosnía og Hersegóvína	x	x	—	x	—	—“
„CL-BIO-134	Chile (Síle)	x	x	—	x	—	—“
„CU-BIO-134	Kúba	x	x		x	—	—“
„DO-BIO-134	Dómíníska lýðveldið	x	—	—	x	—	—“

„ET-BIO-134	Eþíópía	x	x	—	x	—	—“
„KE-BIO-134	Kenya	x	—	—	x	—	—“
„MK-BIO-134	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	x	—	x	—	—“
„SZ-BIO-134	Svasíland	x	—	—	x	—	—“
„ZW-BIO-134	Zimbabwe	x	—	—	x	—	—“

12) Færslan sem varðar „**ÖkoP Zertifizierungs GmbH**“ falli brott.

13) Eftirfarandi ný færsla bætist við:

„Valsts SIA „Sertifikācijas un testēšanas centrs“

1. Heimilisfang: Dārza iela 12, Priekuļi, Priekuļu pagasts, Priekuļu novads, LV–4126, Lettland
2. Veffang: www.stc.lv
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
RU-BIO-173	Rússland	x	x	—	x	x	x
UA-BIO-173	Úkraína	x	x	—	x	x	x

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.“

———

III. VIÐAUKI

Í stað tilvísunar í „33. gr.“ í reit 14 í útdrættinum og í athugasemdinni sem varðar reit 14 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 komi tilvísun í „34. gr.“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1503 **2018/EES/7/65**

frá 25. ágúst 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir ökumannskort (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum ([1]), einkum 5. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 165/2014 er farið fram á að aðildarríkin samtengi rafrænar landsskrár sínar yfir ökumannskort með því að nota TACHOnet-kerfið.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/68 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir ökumannskort með því að nota TACHOnet-kerfið.

3) Unnt er að tengjast TACHOnet-kerfinu annaðhvort með beinum hætti með því að nota samevrópska fjarvirkniþjónustu milli stjórnsýslustofnana („Testa“) eða með óbeinum hætti fyrir tilstilli aðildarríkis sem er þegar tengt við Testa. Óbeinar tengingar hafa að jafnaði verið samþykktar tvíhliða með samningum milli fulltrúa þeirra eininga sem í hlut eiga á landsvísu, án afskipta framkvæmdastjórnarinnar. Til að koma í veg fyrir að tengingin gæti verið misnotuð og til að tryggja að kerfið virki rétt ætti framkvæmdastjórnin hins vegar, sem ábyrgðarmaður TACHOnet-kerfisins, að fá tilskildar upplýsingar, sem berast tímanlega, um áhuga landsyfirvalds á að tengjast við TACHOnet-kerfið.

4) Til viðbótar við aðildarríkin hafa þriðju lönd í raun aðgang að TACHOnet-kerfinu. Framkvæmdastjórnin ætti því að tryggja að þriðju lönd uppfylli sömu skuldbindingar og aðildarríkin að því er varðar TACHOnet-kerfið.

5) Gera ætti minniháttar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 í því skyni að fjalla um eftirfarandi þætti af meiri nákvæmni og á skýrari hátt: verklagsreglur um tengingu við TACHOnet-kerfið, forprófanir, sem gera á, og afleiðingar þess ef niðurstöður þeirra teljast ekki fullnægjandi, innihald tiltekinna XML-skilaboða, ákvörðun aukningaraðferðarinnar, sem aðildarríkin eiga að fylgja ef kerfisbilun verður, og þann tíma sem unnt er að geyma persónuupplýsingar í skrám miðlæga netaldsins.

6) Nýja útgáfan af TACHOnet-kerfinu mun gilda frá 2. mars 2018. Til að gera kleift að gera tilteknar undirbúningsráðstafanir ættu ákvæðin, sem varða tengingu þriðju landa, forprófanir og óbeinan aðgang, þó að gilda frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi k-, l- og m-liður bætist við 2. gr.:

„k) „samevrópsk fjarvirkniþjónusta milli stjórnsýslustofnana (Testa)“: vettvangur fyrir samtengingu fjarskipta að því er varðar örugg upplýsingaskipti milli opinberra stjórnsýslustofnana í Sambandinu,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/68 frá 21. janúar 2016 um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir ökumannskort (Stjtíð. ESB L 15, 22.1.2016, bls. 51).

l) „beinn aðgangur að TACHOnet-kerfinu“: tenging rafrænnar landsskrár við TACHOnet-kerfið með því að nota Testa-tengingu sem aðildarríki, sem hýsir skrána, annast,

m) „óbeinn aðgangur að TACHOnet-kerfinu“: tenging rafrænnar landsskrár við TACHOnet-kerfið með því að nota Testa-tengingu sem aðildarríkið, sem ekki hýsir skrána, annast.“

2) Eftirfarandi 3. gr. a og 3. gr. b bætist við:

„3. gr. a

Tenging þriðju landa

Með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar er þriðju löndum heimilt að tengja rafrænar skrár sínar við TACHOnet-kerfið ef þau uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

3. gr. b

Forprófanir

Tengja skal rafrænar landsskrár við TACHOnet-kerfið á beinan eða óbeinan hátt þegar lokið hefur verið við að gera fullnægjandi prófanir á tengingu, samþættingu og afköstum í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar og undir eftirliti hennar.

Ef niðurstöður forprófana teljast ekki fullnægjandi er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundið hlé á prófunarfasanum. Prófanirnar skulu hefjast á ný um leið og ábyrgt landsyfirvald hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að nauðsynlegar tæknilegar umbætur hafi verið samþykktar á landsvísu sem gerir kleift að gera fullnægjandi forprófanir.

Hámarkstímalengd forprófana skal vera sex mánuðir.“

3) Eftirfarandi 5. gr. a bætist við:

„5. gr. a

Óbeinn aðgangur að TACHOnet-kerfinu

1. Landsyfirvald, sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu, skal leggja eftirfarandi gögn fyrir framkvæmdastjórnina:

a) bréf, undirritað af fulltrúa landsyfirvalds, þar sem farið er fram á það við framkvæmdastjórnina að hún hefji prófunarfasann til að veita óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu,

b) umsókn um óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu á því sniði sem sett er fram í IX. viðauka,

c) tvíhliða samning milli landsyfirvaldsins, sem óskar eftir óbeinum aðgangi, og landsyfirvaldsins, sem veitir aðgang með því að nota Testa-tengingu sína, undirritaður af fulltrúum beggja landsyfirvalda.

2. Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gögnin, sem um getur í 1. mgr., hafa verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin fara fram á það við hlutaðeigandi landsyfirvald að það leggi fram nauðsynlegar tækniupplýsingar svo hægt sé að hefja forprófanirnar sem um getur í 3. gr. b.

3. Óbeinn aðgangur að TACHOnet-kerfinu skal ekki veittur fyrr en kröfunum, sem settar eru fram í 1. og 2. mgr., hefur verið fullnægt.“

4) Ákvæðum I., II., III., VI., VII. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæði IX. viðauki bætist við, eins og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 2. mars 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., VI., VII. og VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað annarrar málsgreinar í lið 1.1 komi eftirfarandi:

„Öllum TACHOnet-skilaboðum skal beint um miðlæga netaldið.“,

b) í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Ekki skal geyma gögn í miðlæga netaldinu lengur en í sex mánuði, að undanskildum þeim skráningar-, tölfræði- og beiningargögnum sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

c) Í stað liðar 2.6.1 komi eftirfarandi:

„2.6.1 Aðgerðin, sem lýtur að umsjón með tengiliðum, skal gera hverju aðildarríki kleift að stjórna tengiliðaupplýsingum varðandi flokka hlutaðeigandi aðildarríkis sem taka til stefnumótunar, viðskipta, reksturs og tækni og er það á ábyrgð lögbærra yfirvalda í hverju aðildarríki að viðhalda tengiliðaupplýsingum sínum. Hægt skal vera að skoða tengiliðaupplýsingar annarra aðildarríkja en ekki breyta þeim.“,

d) liður 2.6.2 falli brott.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 1.3 komi eftirfarandi:

„1.3. Breyting á stöðu korts (e. *Modify Card Status*): gerir aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, kleift, með því að nota „Beiðni um breytingu á stöðu korts“ (e. *Modify Card Status Request*), að tilkynna aðildarríkinu, sem svarar beiðninni, að staða korts, sem það gaf út, hafi breyst. Aðildarríkið, sem svarar beiðninni, skal svara „Beiðni um breytingu á stöðu korts“ með því að senda „Svar við breytingu á stöðu korts“ (e. *Modify Card Status Response*) um leið og skráin hefur verið uppfærð eða tilkynningunni hefur verið hafnað og gefa upplýsingar um niðurstöður uppfærslunnar og um núverandi stöðu kortsins (samkvæmt skránni yfir ökuritakort). Þetta svar skal sent eigi síðar en 10 almanaksdögum eftir að beiðnin um tilkynningu hefur verið send. „Beiðni um breytingu á stöðu korts“ eða „Svar við breytingu á stöðu korts“ skal ávallt staðfest með því að senda „Staðfestingu á breyttri stöðu korts“ (e. *Modify Card Status Acknowledgement*).“,

b) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Staða korts, sem tilgreind er í viðbætinum við þennan viðauka, skal ekki notuð til að ákvarða hvort ökumannskort sé gilt til aksturs. Þegar aðildarríki sendir beiðni til skrár aðildarríkisins, sem gefur út kortið, með því að beita CCS- eða CIC-aðgerðinni skal svarið innihalda sérstaka reitinn „gilt til aksturs“ (e. *valid for driving*). Stjórnsýslumeðferð hvers ríkis skal vera þannig að CCS- eða CIC-svör innihaldi alltaf viðeigandi gildi í reitnum „gilt til aksturs“.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 2.3 komi eftirfarandi:

„2.3. Landskerfin skulu geta sent, tekið á móti og unnið úr öllum skilaboðum sem samsvara þeim aðgerðum sem settar eru fram í II. viðauka.“,

b) í stað viðbætisins komi eftirfarandi:

„Viðbætir

Lágmarkskröfur um innihald XML-skilaboða

Sameiginlegur haus		Skyldubundið
Útgáfa (e. *version*)	Opinber útgáfa XML-forskriftanna skal tilgreind í nafnarýminu, sem skilgreint er í XSD-hluta skilaboðanna, og í eigindinni *útgáfa* í haus allra XML-skilaboða. Útgáfunúmerið („n.m“) skal skilgreint sem fast gildi í hverri útgáfu skrárinnar með skilgreiningunni á XML-gerðarlýsingunni (xsd).	Já

Sameiginlegur haus		Skyldubundið
Prófunarauðkenni (e. *Test Identifier*)	Valkvætt auðkenni til prófunar. Upphafsaðili prófunarinnar skal fylla út auðkennið og allir þátttakendur í verkflæðinu skulu framsenda/senda til baka sama auðkennið. Við hefðbundna vinnslu skal litið fram hjá því og ef það er fyrir hendi skal það ekki notað.	Nei
Tækniauðkenni (e. *Technical Identifier*)	Einstakt auðkenni (e. *Universally Unique Identifier* (UUID)) sem auðkennir sérhver skilaboð. Sendandinn skal búa til einstakt auðkenni og fylla út þessa eigind. Þessi gögn skulu ekki notuð í neinum viðskiptalegum tilgangi.	Já
Verkflæðisauðkenni (e. *Workflow Identifier*)	Verkflæðisauðkennið er einstakt auðkenni og skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, búa það til. Þetta auðkenni skal notað í öllum skilaboðum til að tryggja samsvörun í verkflæðinu.	Já
Tímasetning sendingar (e. *Sent at*)	Dag- og tímasetning (á alheimstímasniði) þegar skilaboðin voru send.	Já
Tímalokun (e. *Timeout*)	Þessi eigind með dag- og tímasetningu (á alheimstímasniði) er valkvæð. Miðlæga netaldið skal aðeins setja þetta gildi fyrir framsendar beiðnir og reiknast gildið á grundvelli þeirrar dagsetningar/tímasetningar þegar netaldið tók við upphaflegri beiðni. Þetta skal upplýsa aðildarríkið, sem svarar beiðninni, um það hvenær tímalokun verði beitt á beiðni. Þessa gildis er hvorki krafist í upphaflegum beiðnum, sem eru sendar til netaldsins, né heldur í öllum svarskilaboðum.	Nei
Frá	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkisins, sem sendir skilaboðin, eða „ESB“.	Já
Til	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkisins, sem skilaboðin eru send til, eða „ESB“.	Já

Beiðni um athugun á útgefnum kortum (e. *Check Issued Cards Request*)		Skyldubundið
Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn ökumanns.	Já
Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn ökumanns.	Nei
Fæðingardagur og -ár (e. *Date of Birth*)	Fæðingardagur og -ár ökumanns.	Já
Fæðingarstaður (e. *Place of Birth*)	Fæðingarstaður ökumanns.	Nei
Númer ökuskírteinis (e. *Driving Licence Number*)	Númer ökuskírteinis ökumanns.	Nei
Útgáfuland ökuskírteinis (e. *Driving Licence Issuing Country*)	Landið sem gaf út ökuskírteini ökumannsins.	Nei

Svar við beiðni um athugun á útgefnum kortum (e. *Check Issued Cards Response*)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði svarsins.	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Útskýring á stöðulýsingunni.	Nei
Leitarfyrirkomulag (e. *Search Mechanism*)	Fannst kortið með NYSIIS-leit eða sérsniðinni leit?	Já
Upplýsingar um ökumenn sem finnast (e. Found Driver Details)		Já, ef ökumaður finnst
Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn allra ökumanna sem finnast.	Já
Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn allra ökumanna sem finnast.	Nei
Fæðingardagur og -ár (e. *Date of Birth*)	Fæðingardagur og -ár allra ökumanna sem finnast.	Já
Fæðingarstaður (e. *Place of Birth*)	Fæðingarstaður allra ökumanna sem finnast.	Nei
Kortaupplýsingar (e. Card Details)		Já, ef ökumaður finnst
Kortnúmer (e. *Card Number*)	Númer korts sem finnst.	Já
Staða korts (e. *Card Status*)	Staða korts sem finnst.	Já
Gilt til aksturs (e. *Valid for Driving*)	Fundið kort er gilt/ekki gilt til aksturs.	Já
Útgáfuyfirvald korts (e. *Card Issuing Authority*)	Heiti yfirvaldsins sem gaf út kortið sem finnst.	Já
Fyrsti gildisdagur korts (e. *Card Start of Validity Date*)	Fyrsti gildisdagur korts sem finnst.	Já
Fyrningardagsetning korts (e. *Card Expiry Date*)	Dagurinn sem kort sem finnst fellur úr gildi.	Já
Dagurinn sem stöðu korts var breytt (e. *Card Status Modified Date*)	Dagurinn sem stöðu korts sem finnst var síðast breytt.	Já
Tímabundið kort (e. *Temporary Card*)	Kortið sem finnst er tímabundið kort.	Nei
Upplýsingar um ökuskírteini (e. Driving Licence Details)		Já, ef ökumannskort finnst
Númer ökuskírteinis (e. *Driving Licence Number*)	Númer fundins ökuskírteinis ökumanns.	Já

Beiðni um athugun á útgefnum kortum (e. *Check Issued Cards Request*)		Skyldubundið
Útgáfuland ökuskírteinis (e. *Driving Licence Issuing Country*)	Landið sem gaf út fundið ökuskírteini ökumanns.	Já
Staða ökuskírteinis (e. *Driving Licence Status*)	Staða fundins ökuskírteinis ökumanns.	Nei
Útgáfudagur ökuskírteinis (e. *Driving Licence Issuing Date*)	Útgáfudagur fundins ökuskírteinis ökumanns.	Nei
Fyrningardagsetning ökuskírteinis (e. *Driving Licence Expiry Date*)	Dagurinn sem fundið ökuskírteini ökumanns fellur úr gildi.	Nei
Upplýsingar um verkstæðiskort (e. Workshop Card Details)		Já, ef verkstæðiskort finnst
Heiti verkstæðis (e. *Workshop name*)	Heiti verkstæðisins sem fundið verkstæðiskort er gefið út fyrir.	Já
Heimilisfang verkstæðis (e. *Workshop address*)	Heiti verkstæðisins sem fundið verkstæðiskort er gefið út fyrir.	Já
Beiðni um athugun á stöðu korts (e. *Check Card Status Request*)		Skyldubundið
Kortnúmer (e. *Card Number*)	Númer kortsins sem óskað er eftir upplýsingum um.	Já

Svar við beiðni um athugun á stöðu korts (e. *Check Card Status Response*)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði svarsins.	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Útskýring á stöðulýsingunni.	Nei
Upplýsingar um kortið, sem beiðnin á við um (e. Requested Card Details)		Já, ef kortið, sem beiðnin á við um, finnst
Kortnúmer (e. *Card number*)	Númer kortsins sem beiðnin á við um.	Já
Staða korts (e. *Card Status*)	Staðan á kortinu sem beiðnin á við um.	Já
Gilt til aksturs (e. *Valid for Driving*)	Kortið, sem beiðnin á við um, er gilt/ekki gilt til aksturs.	Já
Útgáfuyfirvald korts (e. *Card Issuing Authority*)	Heiti yfirvaldsins sem gaf út kortið sem beiðnin á við um.	Já
Fyrsti gildisdagur korts (e. *Card Start of Validity Date*)	Fyrsti gildisdagur kortsins sem beiðnin á við um.	Já
Fyrningardagsetning korts (e. *Card Expiry Date*)	Dagurinn þegar kortið, sem beiðnin á við um, fellur úr gildi.	Já

Svar við beiðni um athugun á stöðu korts (e. *Check Card Status Response*)		Skyldubundið
Dagurinn sem stöðu korts var breytt (e. *Card Status Modified Date*)	Dagurinn sem stöðu kortsins, sem beiðnin á við um, var síðast breytt.	Já
Tímabundið kort (e. *Temporary Card*)	Kortið, sem beiðnin á við um, er tímabundið kort.	Nei
Upplýsingar um verkstæðiskort (e. Workshop Card Details)		Já, ef verkstæðiskort finnst
Heiti verkstæðis (e. *Workshop Name*)	Heiti verkstæðisins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Heimilisfang verkstæðis (e. *Workshop Address*)	Heimilisfang verkstæðisins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Upplýsingar um korthafa (e. Card Holder Details)		
Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei
Fæðingardagur og -ár (e. *Date of Birth*)	Fæðingardagur og -ár ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Fæðingarstaður (e. *Place of Birth*)	Fæðingarstaður ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei
Upplýsingar um ökuskírteini (e. Driving Licence Details)		Já, ef ökumannskort finnst
Númer ökuskírteinis (e. *Driving Licence Number*)	Númer ökuskírteinis ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Útgáfuland ökuskírteinis (e. *Driving Licence Issuing Country*)	Útgáfuland ökuskírteinis ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Staða ökuskírteinis (e. *Driving Licence Status*)	Staða ökuskírteinis ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei
Útgáfudagur ökuskírteinis (e. *Driving Licence Issuing Date*)	Útgáfudagur ökuskírteinis ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei
Fyrningardagsetning ökuskírteinis (e. *Driving Licence Expiry Date*)	Dagurinn þegar ökuskírteini ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir fellur úr gildi.	Nei

Beiðni um breytingu á stöðu korts (e. *Modify Card Status Request*)		Skyldubundið
Kortnúmer (e. *Card Number*)	Númer kortsins sem er með breytta stöðu.	Já
Ný staða kortsins (e. *New Card Status*)	Staða kortsins eftir breytingu.	Já
Dagurinn sem stöðu korts var breytt (e. *Card Status Modified Date*)	Dag- og tímasetning þegar stöðu kortsins var breytt.	Já

Beiðni um breytingu á stöðu korts (e. *Modify Card Status Request*)		Skyldubundið
Tilkynnt af (e. Declared by)		
Yfirvald (e. *Authority*)	Heiti yfirvaldsins sem breytti stöðu kortsins.	Já
Heimilisfang yfirvalds (e. *Authority address*)	Heimilisfang yfirvaldsins sem breytti stöðu kortsins.	Já
Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn einstaklingsins sem breytti stöðu kortsins.	Nei
Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn einstaklingsins sem breytti stöðu kortsins.	Nei
Símanúmer (e. *Phone number*)	Símanúmer einstaklingsins sem breytti stöðu kortsins.	Nei
Tölvupóstur (e. *Email*)	Tölvupóstfang einstaklingsins sem breytti stöðu kortsins.	Nei

Staðfesting breytingar á stöðu korts (e. *Modify Card Status Acknowledgement*)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði staðfestingarinnar.	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Útskýring á stöðulýsingunni.	Nei
Tegund staðfestingar (e. *Acknowledgement type*)	Tegund staðfestingar: vegna beiðni eða svars.	Já

Svar við breytingu á stöðu korts (e. *Modify Card Status Response*)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði svarsins.	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Útskýring á stöðulýsingunni.	Nei
Kortnúmer (e. *Card Number*)	Númer ökumannskortsins sem beiðnin á við um.	Já
Staða korts (e. *Card Status*)	Staða kortsins, sem beiðnin á við um, eins og hún er tilgreind í skránni yfir ökuritakort.	Já

Beiðni varðandi kort sem gefið er út á grundvelli ökuskírteinis (e. *Issued Card Driving Licence Request*)		Skyldubundið
Kortnúmer (e. *Card Number*)	Númer kortsins sem hefur verið gefið út.	Já
Númer ökuskírteinis (e. *Driving Licence Number*)	Númer erlenda ökuskírteinisins sem notað var til að sækja um ökumannskortið.	Já
Kenninafn (e. *Family Name*)	Kenninafn ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Eiginnafn (e. *First Name*)	Eiginnafn ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei
Fæðingardagur og -ár (e. *Date of Birth*)	Fæðingardagur og -ár ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Já
Fæðingarstaður (e. *Place of Birth*)	Fæðingarstaður ökumannsins sem kortið var gefið út fyrir.	Nei

Beiðni varðandi kort sem gefið er út á grundvelli ökuskírteinis (e. *Issued Card Driving Licence Request*)		Skyldubundið
Stöðukóði (e. *Status Code*)	Stöðukóði svarsins.	Já
Stöðuboð (e. *Status Message*)	Útskýring á stöðulýsingunni.	Nei“.

4) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liða 1.4-1.8 komi eftirfarandi:

„1.4. Þau skulu svara a.m.k. 98% beiðna, sem sendar eru til þeirra í einum almanaksmánuði, og geta svarað sex skilaboðum á sekúndu.

1.5. Þegar send eru CIC-, CCS- og ICDL-svör og MCS-staðfestingar, í samræmi við VIII. viðauka, skal beiðnum svarað innan 10 sekúndna.

Samanlagður biðtími vegna beiðni (tíminn sem beiðandi þarf að bíða eftir svari) skal ekki vera lengri en 20 sekúndur.

1.6. MCS-svör skulu send innan 10 almanaksdaga eftir að MCS-beiðnin var send.

1.7. Landskerfin skulu ekki senda fleiri en tvær beiðnir á sekúndu til TACHOnet-netaldsins.

1.8. Öll landskerfi skulu geta leyst hugsanleg tæknileg vandamál í miðlæga netaldinu eða í landskerfum annarra aðildarríkja. Þessi vandamál eru eftirfarandi en einskorðast þó ekki við þau:

a) tenging við miðlæga netaldið rofnar,

b) ekkert svar berst við beiðni,

c) móttaka svara eftir tímalokun skilaboða,

d) móttaka óumbeðinna skilaboða,

e) móttaka ógildra skilaboða.“

b) Liður 1.9 falli brott.

c) Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 2.2:

„Aukningaraðferðinni skal lýst nánar ef framkvæmdastjórnin óskar eftir því.“

5) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrirsögn viðaukans:

„Þessi viðauki veitir nánari upplýsingar um skráningar-, tölfræði- og beiningargögn sem safnast í miðlæga netaldið en ekki hjá aðildarríkjunum.“,

b) í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Ekki skal geyma persónuupplýsingar lengur en sex mánuði í skránum að viðskiptum loknum. Tölfræðilegar upplýsingar og nafnlausar beiningarupplýsingar skulu geymdar í ótakmarkaðan tíma.“,

c) í stað inngangsorðanna í 4. lið komi eftirfarandi:

„Tölfræðigögnin sem notuð eru til skýrslugjafar geta m.a. innihaldið upplýsingar um:“.

6) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 1.3 komi eftirfarandi:

„1.3. Þegar umsækjandi um ökumannskort er handhafi ökuskírteinis, sem er gefið út í aðildarríkinu þar sem umsóknin er lögð fram, skal það aðildarríki athuga hvort ICDL-tilkynningin hafi áður verið skráð í landsskrá þess. Þessi athugun skal gerð með því að leita í tilkynningunum, fyrst eftir númeri ökuskírteinis og síðan eftir NYSIIS-lyklum og fæðingardegi og -ári. Ef tilkynning finnst skal aðildarríkið annaðhvort framkvæma sértæka CIC- eða CCS-leit sem beint er til þess aðildarríkis sem sendi ICDL-tilkynninguna.“,

b) í stað liðar 1.6 komi eftirfarandi:

„1.6. Aðildarríki geta valið að skrá ekki í landsskrár sínar þær ICDL-tilkynningar sem þeim berast í samræmi við liði 1.3, 1.4 og 1.5. Í því tilviki skulu þau framkvæma almenna CIC-leit fyrir allar umsóknir sem mótteknar eru.“,

c) í stað a-liðar í lið 2.1 komi eftirfarandi:

„a) athuga raunverulega stöðu kortsins með því að senda CCS-beiðni til útgáfuaðildarríkisins; ef númer kortsins er ekki þekkt skal senda sértæka CIC-beiðni í staðinn,“

d) í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

„3.2. Þegar staða ökumannskortsins hefur verið athuguð og það telst gilt, svo skipta megi því út, skal lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem umsóknin hefur verið lögð fram senda MCS-tilkynningu til útgáfuaðildarríkisins með því að nota TACHOnet-kerfið.“

———

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi IX. viðauki bætist við:

„IX. VIÐAUKI

Umsókn um óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu

[Stytt heiti þess landsyfirvalds sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu] frá [heiti þess lands sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu] hefur skrifað undir samning við [stytt heiti þess landsyfirvalds sem veitir óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu] í því skyni að fá óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu fyrir tilstilli [heiti þess lands sem veitir óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu].

Samningurinn, þar sem [heiti þess lands sem veitir óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu] veitir [heiti þess lands sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu] óbeinan aðgang að TACHOnet-kerfinu, fylgir með þessari umsókn.

Eftirfarandi upplýsingar eru veittar:

a) landsyfirvaldið sem ber ábyrgð á aðgangi að TACHOnet-kerfinu í [heiti þess lands sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu],

b) tengiliður fyrir TACHOnet-kerfið hjá [landsyfirvaldinu sem um getur í a-lið] (heiti, hlutverk, tölvupóstfang, símanúmer og póstfang),

c) heiti og hlutverk annarra ábyrgra eininga með tilliti til TACHOnet-kerfisins,

d) tengiliðir ábyrgra eininga sem um getur í c-lið (heiti, hlutverk, tölvupóstfang, símanúmer).

Undirskrift

[Fulltrúi þess landsyfirvalds sem óskar eftir óbeinum aðgangi að TACHOnet-kerfinu]“.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1499 **2018/EES/7/66**

frá 2. júní 2017

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Prófunaraðferð fyrir létt ökutæki, sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]), er ný, lögboðin prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun léttra ökutækja sem mun, frá og með 1. september 2017, koma í stað nýju, evrópsku akstursloturnar (NEDC), sem nú er notuð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Þess er vænst að með WLTP-prófunaraðferðinni fáist gildi fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun sem endurspegla betur raunverulegar akstursaðstæður.

2) Til að taka tillit til mismunandi losunargilda koltvísýrings, sem mæld eru með NEDC-prófunaraðferðinni, sem nú er í gildi, og nýju WLTP-prófunaraðferðinni, hefur nýrri aðferð verið komið á fót til að sýna fylgni þessara gilda samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 ([4]).

3) Nota skal fylgniaðferðina á meðan innleiðing WLTP-prófunaraðferðarinnar stendur yfir, fram til ársloka 2020, til að tryggja að hægt sé að sannprófa að framleiðendur fari að markmiðum um losun koltvísýrings á grundvelli NEDC-losunargilda á því tímabili. Af þessum sökum ættu markmið um sértæka losun koltvísýrings, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, að gilda frá og með almanaksárinu 2021.

4) Árið 2020 skal koltvísýringslosun allra nýrra, skráðra ökutækja ákvörðuð samkvæmt NEDC-aðferðinni sem og WLTP-aðferðinni í samræmi við fylgniaðferðina. Með því að vakta þessi koltvísýringsgildi ættu traust gagnamengi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 219, 25.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. L 175, 7.7.2017, bls. 679).

að vera aðgengileg til þess að bera saman losunargildin sem hljótast af prófunaraðferðunum tveimur. Þessi gagnamengi ættu að gera það kleift að ákvarða markmið um sértæka losun, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, sem eru álíka ströng og þau markmið sem ákvörðuð eru með vísun í NEDC-mælingar, í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011.

5) Til að setja framleiðanda markmið um sértæka losun fyrir árið 2021 ætti að nota meðaltal koltvísýringslosunar samkvæmt WLTP-aðferðinni fyrir ný, létt atvinnuökutæki, sem skráð verða árið 2020, sem viðmiðunargildi. Ákvarða ætti markmiðið um sértæka losun annaðhvort með því að auka eða minnka þetta viðmiðunargildi í hlutfalli við árangur framleiðandans við að uppfylla markmið sín, sem byggð eru á NEDC, fyrir árið 2020.

6) Taka ætti tillit til árlegra breytinga í meðalmassa í flota hvers framleiðanda til að tryggja að markmiðin um sértæka losun, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, haldist samanburðarhæf.

7) Bæta ætti við fjölda nýrra breytna við þau ítarlegu gögn sem vakta skal í kjölfar innleiðingar WLTP-prófunaraðferðarinnar. Samkvæmt WLTP-prófunaraðferðinni skal reikna losunargildi koltvísýrings með tilliti til sértækrar uppsetningar hvers ökutækis. Til að tryggja að hægt sé að auðkenna ökutækin og að bæði framleiðendur og framkvæmdastjórnin geti sannprófað gögnin á skilvirkan hátt er við hæfi að vöktunin byggist á verksmiðjunúmerum ökutækja.

8) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 3., 4. og 5. liður bætist við I. viðauka:

„3. Viðmiðunarmarkmið framleiðanda um sértæka losun fyrir árið 2021 skal reiknað sem hér segir:

$$\text{Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun samkvæmt WLTP} - \text{aðferðinni} = \text{WLTP}_{CO_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020\text{target}}}{\text{NEDC}_{CO_2}}\right)$$

Þar sem:

WLTP_{CO_2} er meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings árið 2020, sem ákvarðað er í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (*), án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 12. gr. þessarar reglugerðar,

NEDC_{CO_2} er meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings árið 2020, sem ákvarðað er í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 (**), án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 12. gr. þessarar reglugerðar,

$\text{NEDC}_{2020\text{target}}$ er markmið um sértæka losun fyrir árið 2020, reiknað út í samræmi við c-lið 1. liðar þessa viðauka.

4. Frá og með árinu 2021 skal markmið framleiðanda um sértæka losun reiknað sem hér segir:
Markmið um sértæka losun = $\text{WLTP}_{\text{reference target}} + a\,[(M_{ø} - M_0) - (M_{ø2020} - M_{0,2020})]$

Þar sem:

$WLTP_{referencetarget}$ er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun fyrir árið 2021, sem reiknað er í samræmi við 3. lið,

a sjá skilgreiningu í c-lið 1. liðar,

$M_{ø}$ er meðaltal massa (M), eins og skilgreint er í 1. lið, nýrra skráðra léttra atvinnuökutækja á viðkomandi markári í kílóum (kg),

M_0 sjá skilgreiningu í c-lið 1. liðar,

$M_{ø2020}$ er meðaltal massa (M), eins og skilgreint er í 1. lið, nýrra skráðra léttra atvinnuökutækja árið 2020 í kílóum (kg),

$M_{0,2020}$ er M_0-gildið sem er í gildi fyrir viðmiðunarárið 2020.

5. Fyrir framleiðanda, sem hefur fengið undanþágu að því er varðar tiltekið markmið um sértæka losun, sem byggist á NEDC-aðferðinni, fyrir árið 2021, skal undanþágumarkmiðið sem byggist á WLTP-aðferðinni, reiknað sem hér segir:

$$Undanþágumarkmið_{2021} = WLTP_{CO_2} \cdot \frac{NEDC_{2021\ target}}{NEDC_{CO_2}}$$

Þar sem:

WLTP_{CO_2} er WLTP_{CO_2}, eins og það er skilgreint í 3. lið,

NEDC_{CO_2} er NEDC_{CO_2}, eins og það er skilgreint í 3. lið,

$\text{NEDC}_{2021\text{target}}$ er markmið um sértæka losun fyrir árið 2021, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar skv. 11. gr. þessarar reglugerðar.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í lið 1.1 í A-hluta eru gerðar eftirfarandi breytingar:

i. fyrsta undirlið er breytt sem hér segir:

— eftirfarandi orð bætast við í g- og n- lið:

„(NEDC og WLTP)“,

— eftirfarandi liðir bætist við:

„p) WLTP-prófunarmassa,

q) fráviks- og sannprófunarþætti sem um getur í lið 3.2.8 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152,

r) verksmiðjunúmer ökutækjahóps sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.0 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.“,

ii. eftirfarandi undirliður bætist við:

„Fyrir almanaksárið 2017 er valkvætt að tilkynna um þau gögn sem um getur í g-lið varðandi losunargildi koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni og í n-lið varðandi sparnað vegna vistvænnar nýsköpunar samkvæmt WLTP-aðferðinni, sem og þau gögn sem um getur í p- og r-lið.

Frá og með almanaksárinu 2018 skulu aðildarríkin, í samræmi við 8. gr., veita framkvæmdastjórninni aðgang að þeim breytum, sem taldar eru upp í þessum lið, eins og tilgreint er í sniðinu í 2. þætti C-hluta þessa viðauka.“,

b) í 2. þætti C-hluta eru eftirfarandi breytingar gerðar á töflunni með fyrirsögninni „ Ítarleg vöktunargögn — skráning á einu ökutæki“:

i. í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g)	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) NEDC-gildi
	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) WLTP-gildi (frá 2018)“,

ii. í stað n-liðar komi eftirfarandi:

„n)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt NEDC-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar (frá 2018)“,

iii. eftirfarandi p-, q- og r-liðir bætast við á eftir o-lið:

„p)	WLTP-prófunarmassi
q)	Frávikstuðull De (þar sem við á)
	Sannprófunarstuðull (þar sem við á)
r)	Verksmiðjunúmer ökutækjahóps.“,

iv. annar málsliður athugasemdar 1 falli brott.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1502 **2018/EES/7/67**

frá 2. júní 2017

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr. og annarri undirgrein 7. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Prófunaraðferð fyrir létt ökutæki, sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]), er ný, lögboðin prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun léttra ökutækja sem mun, frá og með 1. september 2017, koma í stað nýju, evrópsku akstursloturnar (NEDC), sem nú er notuð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Þess er vænst að með WLTP-prófunaraðferðinni fáist gildi fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun sem endurspegla betur raunverulegar akstursaðstæður.

2) Til að taka tillit til mismunandi losunargilda koltvísýrings, sem mæld eru með NEDC-prófunaraðferðinni, sem nú er í gildi, og nýju WLTP-prófunaraðferðinni, hefur nýrri aðferð verið komið á fót til að sýna fylgni þessara gilda samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 ([4]).

3) Nota skal fylgniaðferðina á meðan innleiðing WLTP-prófunaraðferðarinnar stendur yfir, fram til ársloka 2020, til að tryggja að hægt sé að sannprófa að framleiðendur fari að markmiðum um losun koltvísýrings á grundvelli NEDC-losunargilda á því tímabili. Af þessum sökum ættu markmið um sértæka losun koltvísýrings, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, að gilda frá og með almanaksárinu 2021.

4) Árið 2020 skal koltvísýringslosun allra nýrra, skráðra ökutækja ákvörðuð samkvæmt NEDC-aðferðinni sem og WLTP-aðferðinni í samræmi við fylgniaðferðina. Með því að vakta þessi koltvísýringsgildi ættu traust gagnamengi að vera aðgengileg til þess að bera saman losunargildin sem hljótast af prófunaraðferðunum tveimur. Þessi gagnamengi ættu að gera það kleift að ákvarða markmið um sértæka losun, sem byggjast á WLTP-aðferðinni, sem eru álíka ströng og þau markmið sem ákvörðuð eru með vísun í NEDC-mælingar, í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í 7. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009.

5) Til að setja framleiðanda markmið um sértæka losun fyrir árið 2021 ætti að nota meðaltal koltvísýringslosunar samkvæmt WLTP-aðferðinni fyrir ný ökutæki, sem skráð verða árið 2020, sem viðmiðunargildi. Ákvarða ætti markmiðið um sértæka losun annaðhvort með því að auka eða minnka þetta viðmiðunargildi í hlutfalli við árangur framleiðandans við að uppfylla markmið sín, sem byggð eru á NEDC, fyrir árið 2020.

6) Taka ætti tillit til árlegra breytinga í meðalmassa í flota hvers framleiðanda til að tryggja að markmiðin um sértæka losun, sem byggð eru á WLTP-aðferðinni, haldist samanburðarhæf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. L 175, 7.7.2017, bls. 679).

7) Bæta ætti við fjölda nýrra breytna við þau ítarlegu gögn sem vakta skal í kjölfar innleiðingar WLTP-prófunaraðferðarinnar. Samkvæmt WLTP-prófunaraðferðinni skal reikna losunargildi koltvísýrings með tilliti til sértækrar uppsetningar hvers ökutækis. Til að tryggja að hægt sé að auðkenna ökutækin og að bæði framleiðendur og framkvæmdastjórnin geti sannprófað gögnin á skilvirkan hátt er við hæfi að vöktunin byggist á verksmiðjunúmerum ökutækja.

8) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 3., 4. og 5. liður bætist við I. viðauka:

„3. Viðmiðunarmarkmið framleiðanda um sértæka losun fyrir árið 2021 skal reiknað sem hér segir:

$$\text{Viðmiðunarmarkmið um sértæka losun samkvæmt WLTP} - \text{aðferðinni} = \text{WLTP}_{CO_2} \cdot \left(\frac{\text{NEDC}_{2020\text{target}}}{\text{NEDC}_{CO_2}}\right)$$

Þar sem:

$WLTP_{CO_2}$	er meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings árið 2020, sem er ákvarðað í samræmi við XXI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (*) og reiknað í samræmi við sjötta undirlið í annarri málsgrein 4. gr. þessarar reglugerðar, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 5. gr. a og 12. gr. þessarar reglugerðar,
NEDC_{CO_2}	er meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings árið 2020, sem er ákvarðað í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 (**) og reiknað í samræmi við sjötta undirlið í annarri málsgrein 4. gr. þessarar reglugerðar, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 5. gr. a og 12. gr. þessarar reglugerðar,
$\text{NEDC}_{2020\text{target}}$	er markmið um sértæka losun fyrir árið 2020, reiknað út í samræmi við c-lið 1. liðar þessa viðauka.

4. Frá og með 2021 skal markmið framleiðanda um sértæka losun reiknað sem hér segir:
Markmið um sértæka losun = $\text{WLTP}_{\text{reference target}}$ + a [(Mø – M_0) – ($M_{ø2020}$ – $M_{0,2020}$)]

Þar sem:

$WLTP_{reference\ target}$	er viðmiðunarmarkmiðið um sértæka losun fyrir árið 2021, sem reiknað er í samræmi við 3. lið,
a	sjá skilgreiningu í c-lið 1. liðar,
Mø	er meðaltal massa (M), eins og skilgreint er í 1. lið, nýrra skráðra ökutækja á markárinu í kílóum (kg),
M_0	í samræmi við skilgreininguna í 1. lið,
$Mø_{2020}$	er meðaltal massa (M), eins og skilgreint er í 1. lið, nýrra skráðra ökutækja árið 2020 í kílóum (kg),
$M_{0,2020}$	er viðeigandi M_0-gildi fyrir viðmiðunarárið 2020.

5. Fyrir framleiðanda, sem hefur fengið undanþágu að því er varðar tiltekið markmið um sértæka losun, sem byggist á NEDC-aðferðinni, fyrir árið 2021, skal undanþágumarkmiðið, sem byggist á WLTP-aðferðinni, reiknað sem hér segir:

$$\text{Undanþágumarkmið}_{2021} = \text{WLTP}_{CO_2} \cdot \frac{\text{NEDC}_{2021\ \text{target}}}{\text{NEDC}_{CO_2}}$$

Þar sem:

WLTP_{CO_2}	í samræmi við skilgreininguna í 3. lið,
NEDC_{CO_2}	í samræmi við skilgreininguna í 3. lið,
$\text{NEDC}_{2021\text{target}}$	er markmið um sértæka losun fyrir árið 2021, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar skv. 11. gr. þessarar reglugerðar.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu, fyrir hvert almanaksár, skrá eftirfarandi ítarleg gögn fyrir hverja nýja fólksbifreið, sem er skráð á yfirráðasvæði þeirra:

a) framleiðanda,

b) gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess,

c) gerð, afbrigði og útfærslu (eftir atvikum),

d) tegund og verslunarheiti,

e) flokk viðurkenndrar ökutækjagerðar,

f) heildarfjölda nýrra skráninga,

g) massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs,

h) sértæka losun koltvísýrings (NEDC og WLTP),

i) grunnflöt: hjólhaf, sporvídd stýriáss og sporvídd hins ássins,

j) tegund eldsneytis og eldsneytisham,

k) slagrými hreyfils,

l) raforkunotkun,

m) kóða fyrir nýsköpunartækni eða hóp nýsköpunartækni og skerðingu á koltvísýringslosun vegna þeirrar tækni (NEDC og WLTP),

n) hámarksnettóafl,

o) verksmiðjunúmer ökutækis,

p) WLTP-prófunarmassa,

q) fráviks- og sannprófunarþætti, sem getið er um í lið 3.2.8 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153,

r) flokk skráðs ökutækis.

Fyrir almanaksárið 2017 er þó valkvætt að tilkynna um þau gögn sem um getur í g-lið varðandi losunargildi koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni og í l-lið varðandi sparnað vegna vistvænnar nýsköpunar samkvæmt WLTP-aðferðinni, sem og þau gögn sem um getur í n-, o- og r-lið

Frá og með almanaksárinu 2018 skulu aðildarríkin, í samræmi við 8. gr., veita framkvæmdastjórninni aðgang að þeim breytum, sem taldar eru upp í þessum lið, eins og tilgreint er í sniðinu í 2. þætti C-hluta.

Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar sem getið er í f-lið, aðgengilegar fyrir almanaksárin 2017 og 2018.“,

b) í stað C-hluta komi eftirfarandi:

„C-HLUTI — Snið fyrir sendingu gagna

Fyrir hvert ár skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. og 3. lið A-hluta, á eftirfarandi sniði:

1. þáttur — Samantekin vöktunargögn

Aðildarríki ([1])	
Ár	
Gagnagjafi	

Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem eru háðar EB-gerðarviðurkenningu	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem hafa hlotið einstaka viðurkenningu	
Heildarfjöldi nýrra skráninga á nýjum fólksbifreiðum sem eru með landsbundna viðurkenningu fyrir litlar framleiðsluraðir	

([1]) ISO 3166 alfa-2-kóðar, að undanskildu Grikklandi og Stóra-Bretlandi þar sem notaðir eru kóðarnir „EL“ annars vegar og „UK“ hins vegar.

2. þáttur — Ítarleg vöktunargögn — skráning á einu ökutæki

Tilvísun í 1. lið í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki
a)	Heiti framleiðanda – Staðlað ESB-heiti
	Heiti framleiðanda, yfirlýsing framleiðanda upprunalegs búnaðar
	Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis ([1])
b)	Gerðarviðurkenningarnúmer ásamt rýmkunarnúmeri þess
c)	Gerð
	Afbrigði
	Útfærsla
d)	Tegund og verslunarheiti
e)	Flokkur viðurkenndrar ökutækisgerðar
f)	Heildarfjöldi nýrra skráninga (fyrir árin 2017 og 2018)
g)	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs
h)	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) NEDC-gildi
	Sértæk losun koltvísýrings (blandaður akstur) WLTP-gildi (frá 2019)
i)	Hjólhaf
	Sporvídd stýriáss (Ás 1)
	Sporvídd hins ássins (Ás 2)
j)	Tegund eldsneytis
	Eldsneytishamur
k)	Slagrými hreyfils (cm^3)
l)	Raforkunotkun (Wh/km)
m)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt NEDC-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar
	Heildarsparnaður í losun koltvísýrings samkvæmt WLTP-aðferðinni vegna vistvænnar nýsköpunar (frá 2019)

Tilvísun í 1. lið í A-hluta	Ítarleg gögn fyrir hvert skráð ökutæki
n)	Hámarksnettóafl
o)	Verksmiðjunúmer ökutækis (frá 2019)
p)	WLTP-prófunarmassi (frá 2019)
q)	Frávikstuðull De (þar sem við á)
	Sannprófunarstuðull (þar sem við á)
r)	Flokkur skráðs ökutækis

([1]) Ef um er að ræða landsbundnar viðurkenningar fyrir litlar framleiðsluraðir (NSS) eða einstakar viðurkenningar (IVA), skal skrá heiti framleiðandans í dálknum „Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis“ en í dálknum „Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti“ skal tilgreina annað hvort af eftirfarandi: „AA-NSS“ eða „AA-IVA“ eftir því sem við á.“